


**skoðun 22**

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Úlpur & yfirhafnir
Bleika slaufan





Nýr bæklingur er kominn út
TIGER
Kringlunni • Smáralind • Laugavegi • Akureyri
www.tiger.is






# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
6. október 2011
233. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Sjóbirtingi sleppt

*Öllum veiddum sjóbirtingi í Eldvatni í Meðallandi er sleppt.*

**veiði 58**

## Listin að binda í hárið

*Þekktir feður takast á við þá flóknu þraut að flétta.*

**allt 2**



## Daníel sá besti í sumar

*Fyrirliði Stjörnunnar er leikmaður ársins hjá Fréttablaðinu.*

**sport 56**

## veðrið í dag




**NOKKUÐ BJART** sunnan- og vestanlands en minnkandi rigning eða slydda norðan og austan til. Dregur úr vindi þegar líður á daginn. Hiti á bilinu 1 til 9 stig.

**VEÐUR 4**

# Minni skattafrádráttur mun draga úr lífeyrissparnaði

**Lækkun frádráttar vegna viðbótarlífeyrissparnaðar dregur úr sparnaði og örvar neyslu. Nauðsyn á niðurskurðartímum segir stjórnarþingmaður. Leiðir til tvísköttunar og sendir röng skilaboð segja lífeyrissjóðirnir.**

**EFNAHAGSMÁL** Lífeyrissjóðir munu ráðleggja sjóðsfélögum að lækka viðbótarlífeyrissparnað sinn í tvö prósent af launum, nái breytingar sem lagðar eru til í fjárlagafrumvarpinu fram að ganga. Að öðrum kosti verði þeir fyrir tvísköttun, þar sem útgreiðslur úr sjóðunum eru einnig skattlagðar.

Skattafrádráttur vegna viðbótarlífeyrissparnaðar mun miða við tveggja prósenta framlag á árinu 2012 í stað fjögurra prósenta nú, samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012. Þetta mun afla 1,4 milljarða króna í viðbótartekjur.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, segir að þessi aðgerð sendi röng skilaboð. Sjóðurinn muni bregðast við með því að ráðleggja sjóðsfélögum að lækka fjögurra prósenta framlag í tvö prósent til að koma í veg fyrir tvísköttun. Trauðla muni sambærileg upphæð skila sér í þær sparnaðarleiðir og sparnaður almennings til lengri tíma því minnka.

„Við eigum ekki að minnka sparnað, það er einmitt það sem hefur vantað hjá okkur,“ segir Gunnar. Hann bendir á að lífeyrisárin séu að meðaltali fjórðungur af fullorðinsárum einstaklinga og mikill sparnaður hafi minnkað eftir hrun. „Getan til að greiða lífeyri hefur minnkað og það er á svona tímum sem á að hvetja til sparnaðar.“ Rúm fjörutíu prósent sjóðsfélaga greiða fjögur prósent í viðbótarlífeyrissparnað hjá Almenna.

> **12,8 milljarðar**
>
> Alls létu 82.462 skattgreiðendur draga af sér viðbótarlífeyri á árinu 2011, ýmist 2 eða 4 prósent. Við það lækkaði skattstofninn um 12,8 milljarða. Ríkissjóður hyggst auka tekjur sínar um 1,4 milljarða með breytingunum.

Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við HR, segir að fólk eigi tvímælalaust að lækka hlutfallið niður í tvö prósent og komast undan skattheimtu, nái lagabreytingin fram að ganga. Þetta muni því draga úr inngreiðslum í lífeyrissjóði en auka ráðstöfunartekjur fólks að sama skapi.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis, segir að ekki sé ráðlegt að ívilna of mikið í skattkerfinu vegna viðbótarsparnaðar á óvissu- og samdráttartímum.

„Þetta er tími þar sem stór hluti heimila þarf á tekjum sínum að halda og hagkerfið í heild á neyslu og fjárfestingu til að örva atvinnusköpun og efnahagsstarfsemina. Það eru slík sjónarmið sem mæla með því að draga úr skattaívilnunum vegna séreignarsparnaðar, en skattaívilnanir verða eftir sem áður nokkrar.“ **- kóp**



**BLEIKUR HEIMAKLETTUR** Bleik ljós má víða sjá þessa dagana til stuðnings bleiku slaufunni, átaki Krabbameinsfélags Íslands. Í Vestmannaeyjum er Heimaklettur baðaður bleiku ljósi og meðal annarra bleikra kennileita má nefna Höfðatorg í Reykjavík, álverið í Reyðarfirði og Húsavíkurkirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Hera Hilmarsdóttir í London:

## Fékk hlutverk í Önnu Karenínu

**FÓLK** Hera Hilmarsdóttir leikur í stórmyndinni Önnu Karenínu, sem skartar stórleikurunum Jude Law og Keiru Knightley í stærstu hlutverkunum. Leikstjóri er Joe Wright, en hann gerði meðal annars Atonement og Pride & Prejudice.



HERA HILMARSDÓTTIR

Hera er nýútskrifuð frá London Academy of Music and Dramatic Arts, eða LAMDA, og er komin með umboðsmann þar ytra. Þar að auki leikur hún stórt hlutverk í nýrri sjónvarpsþáttaröð sem verður sýnd í Bandaríkjunum, Bretlandi, Kanada og Þýskalandi. **- fgg /** **sjá síðu 62**


Smáralind
10 ára
Ekki missa af afmælisriti Smáralindar sem fylgir Fréttablaðinu í dag.





Samningar til þriggja ára tókust milli Icelandair og flugfreyja í gærkvöldi:

## Verkfalli hefur verið afstýrt í bili

**KJARAMÁL** Flugfreyjufélag Íslands og Icelandair skrifuðu undir nýjan kjarasamning til þriggja ára í gærkvöldi.

Um leið var boðuðu verkfalli sem hefjast átti tíunda og ellefta þessa mánaðar, frestað fram yfir atkvæðagreiðslu.

Flugfreyjur höfnuðu samningi í síðustu viku, en Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir í samtali við Fréttablaðið að ánægjulegt sé að nú hafi verið samið við allt starfsfólk félagsins.



GUÐJÓN ARNGRÍMSSON

Ekki náðist í formann Flugfreyjufélagsins í gær.

Frestun verkfallsins er einnig léttir fyrir ferðaþjónustuaðila að sögn Ernu Hauksdóttur, framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar.

„Það er mikið í húfi þar sem stórir atburðir eru á næstunni, líkt og Airwaves. Það er óskaplega vont þegar truflun verður á flugi og margt getur farið í súginn, þannig að það er gott að þetta sé komið á hreint.“ **- þj**




Debenhams 10 ára
Sjá tilboð í Smáralindarblaði sem fylgir Fréttablaðinu í dag.
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR




## SPURNING DAGSINS



*Ólafur, ætlar þú að veita Bankasýslunni ærlega ráðningu?*

„Þeir hafa sennilega ekki áhuga á ráðningu.“

Ólafur Örn Ingólfsson hagfræðingur er ósáttur við ráðningu Páls Magnússonar í starf forstjóra Bankasýslu ríkisins og ætlar ekki að láta kyrrt liggja.

Ályktun sem fordæmdi ofbeldi stjórnvalda í Sýrlandi slegin af í öryggisráði SÞ:

# Æf vegna neitunar Kína og Rússlands

**WASHINGTON, AP** Vesturveldin gagnrýndu Kína og Rússland harkalega í gær eftir að ríkin tvö höfðu deginum áður beitt neitunarvaldi í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna (SÞ) gegn ályktun þar sem ofbeldi sýrlenskra stjórnvalda gegn uppreisnaröflum var fordæmt.

Í marga mánuði hafa liðsmenn Bashars al-Assad forseta barið niður mótmæli gegn stjórnvöldum og er talið að um 2.700 manns hafi látið lífið í þeim aðgerðum.

Franski utanríkisráðherrann Alain Juppé sagði að þetta væri „sorglegur dagur fyrir almenning í Sýrlandi“ og aðrir evrópskir starfsbræður hans tóku undir það sjónarmið. Susan Rice, sendiherra Bandaríkjanna hjá SÞ, gekk skrefi lengra og sagði að neitun Kína og Rússlands væri hneyksli.

„Hinir hugrökku borgarar Sýrlands sjá nú greinilega hverjir í þessu ráði styðja þrá þeirra eftir frelsi og mannréttindum – og hverjir gera það ekki.“

Ályktunin hafði verið útvötnuð talsvert þar sem allar þvingunaraðgerðir voru teknar út til að þjónkast Kína og Rússlandi. Allt kom þó fyrir ekki. **- þj**



**Á MÓTI** Kínverjar og Rússar beittu neitunarvaldi gegn ályktun um ástandið í Sýrlandi. Vesturveldin eru afar ósátt við það. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrrum Seðlabankatoppur:

## AGS gagnlegur blóraböggull

**EFNAHAGSMÁL Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur verið gagnlegur blóraböggull fyrir íslenska stjórnmálamenn frá bankahruni og þannig létt af þeim þrýstingi frá kjósendum. Svo segir í grein sem Tryggvi Pálsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, skrifar á Vísi í dag.**



TRYGGVI PÁLSSON

**Segir Tryggvi að stjórnmálamenn hafi frá hruni þurft að koma fjármálakerfinu og fyrirtækjunum til bjargar á undan heimilum en sú forgangsröðun hafi verið þvert á vilja kjósenda. „Við þessar aðstæður getur verið gagnlegt að vísa til þess agavalds sem AGS þarf að beita.“**

**Grein Tryggva er sú fyrsta í greinaröð sem birtast mun í október í tilefni þess að tvö ár eru liðin frá efnahagshruninu. - sh**

Drengir í miklum meirihluta:

## Fjórðungur fær sérkennslu

**MENNTAMÁL** Ríflega fjórðungur allra grunnskólanema, 25,6 prósent, naut sérkennslu eða stuðnings á síðasta skólaári. Nemendum í þeirri stöðu fjölgaði um 229 milli ára, eða rúmlega tvö prósent.

Þetta er hæsta hlutfall nemenda í sérkennslu frá upphafi gagnasöfnunar Hagstofu Íslands um sérkennslu skólaárið 2004 til 2005.

Af þeim 10.883 nemendum sem njóta stuðnings eru rúmlega 61 prósent drengir og tæp 39 prósent stúlkur. Hlutfallsega njóta flestir stuðnings í 5. bekk, sem er sami árgangur og naut mestrar sérkennslu árið áður, þá í 4. bekk. **- sh**

# Reynst erfitt að fá kort til líffæragjafar

**Maður sem vildi gefa líffæri kom að lokuðum dyrum hjá Landlæknisembættinu þar sem líffæragjafakort voru uppurin. Landlæknir segir fleiri kort væntanleg en bendir á að hægt sé að prenta þau út af netinu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Mér finnst það alveg furðulegt að fólk eigi að þurfa að betla af því að gefa úr sér hjartað,“ segir Guðmundur Arason, kenndur við Fönn, sem hefur undanfarið reynt að nálgast líffæragjafakort frá Landlæknisembættinu en ekki haft erindi sem erfiði.

„Fyrir löngu ákváðum við hjónakornin að ef það væri hægt að nota eitthvað úr okkur myndum við gefa það. Við sendum línu um það til Landlæknis og fengum þau svör að það væri hið besta mál. Síðan hefur liðið langur tími og ég hef ekkert heyrt frá þeim. Það sem okkur hefur hins vegar vantað er kort sem gefur til kynna að við viljum vera líffæragjafar. Ef ég lendi í slysi er ekkert til staðar sem gefur þetta til kynna.“

> Mér finnst það alveg furðulegt að fólk eigi að þurfa að betla eftir því að gefa úr sér hjartað
>
> **GUÐMUNDUR ARASON**

Guðmundur segist hafa haft samband við Landlæknisembættið aftur. Þá hafi komið í ljós að líffæragjafakort væru ekki fáanleg þar sem birgðir hefðu klárast. Þá fékk hann ekki svar við því hvenær kortin yrðu fáanleg á ný og þegar hann bað um að vera látinn vita þegar kortin yrðu fáanleg var þeirri bón neitað.

Fleiri hafa haft samband við Fréttablaðið vegna sömu vandræða.



**GUÐMUNDUR ARASON** Bíður óþreyjufullur eftir korti frá Landlæknisembættinu sem gefur til kynna að hann vilji vera líffæragjafi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Geir Gunnlaugsson landlæknir segir að fyrirkomulag kortanna hafi verið í endurskoðun upp á síðkastið en von sé á nýjum kortum. „Nú er fyrirkomulagið þannig að kortið er hluti af bæklingi sem við höfum gefið út um líffæragjöf, en þá hafa áhugasamir klippt kortið út og geymt í veski sínu,“ segir Geir. „Bæklingurinn hefur hins vegar ekki verið til um hríð hjá okkur þar sem hann er í endurskoðun en hann verður prentaður mjög fljótlega.“

Geir segir að á meðan bæklingurinn sé ekki til hjá embættinu sé hægt að prenta hann út af heimasíðu embættisins. Því geti fólk séð um þetta sjálft þar til nýr bæklingur komi. „Við munum núna fara inn á heimasíðuna og vekja athygli á þessum möguleika. Það er víst svona sem blaðamenn geta haft jákvæð áhrif,“ segir Geir.

**magnusl@frettabladid.is**

Íslenskur kennari í Svíþjóð:

## Í veikindafrí vegna eineltis

**SVÍÞJÓÐ** Íslenskur handavinnukennari við Gustavslundsskolan í Växjö í Svíþjóð er kominn í veikindafrí vegna eineltis nemenda, að því er greint er frá á vef sænska ríkisútvarpsins, Sveriges Radio.

Handavinnukennarinn, Kjartan Sæmundsson, segir í viðtali við útvarpið að nemendur hafi hæðst að framburði hans, hermt eftir honum og áreitt hann. Ástandið var orðið þannig að nær allir nemendur í öllum árgöngum stríddu honum.

Rektor skólans segir að rætt hafi verið við nemendur og Íslendingnum boðið námskeið í sænsku. Kjartan segir ekkert hafa verið gert til að stöðva eineltið. Fulltrúi sænska kennarasambandsins, Johan Runesson, segir rektor geta gripið inn í þegar kennari leggur kennara í einelti en ekki þegar nemendur áreita kennara. Þetta þurfi að ræða. **- ibs**



**UNDIR EFTIRLITI** Veðurstofan fylgist gaumgæfilega með þróun mála í Kötlu.

Jarðhræringar í Kötlu:

## Enginn frekari órói eftir skjálfta

**NÁTTÚRA Snarpasta skjálftahrina um árabil gekk yfir í Mýrdalsjökli í fyrrinótt. Sterkasti skjálftinn mældist 3,4 á Richterkvarða, en hrinurnar voru í norðaustanverðri Kötluöskjunni, rétt sunnan við Austmannsbungu.**

**Skjálftunum fækkaði með gærdeginum og enginn frekari órói fylgdi þeim. - þj**




Vetur genginn í garð nyrðra þar sem snjóaði í byggð og fjallvegir tepptust:

# Alhvít jörð víða á Norðurlandi

**VEÐUR** Margir Norðlendingar vöknuðu við alhvíta jörð í byggð í gær þar sem fyrsti vetrarsnjórinn lá yfir öllu.

Ryðja þurfti fjallvegi, þar sem víða var jafnvel ófært. Snjóþekja og hálkublettir voru víða á vegum allt austur í Mývatnssveit í gærkvöldi.

Útlit er fyrir áframhaldandi slyddu á Norður- og Norðausturlandi, sérstaklega til fjalla.

Eins og við var að búast tók yngsta kynslóðin snjónum fagnandi, eins og sést á meðfylgjandi mynd sem var tekin á Akureyri í gær. **- þj**



**VETRARRÍKI** Þótt Vetur konungur hafi gert vart við sig fyrir norðan með tilheyrandi kulda undi Rúnar Frosti sér vel í snjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/HJALTI

# SP–Fjármögnun og Avant sameinast Landsbankanum



*Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans er til húsa í Sigtúni 42.*

***Landsbankinn þinn** er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.*

**Í dag verða** fjármögnunarfyrirtækin SP–Fjármögnun hf. og Avant hf. sameinuð Landsbankanum. Tilgangur samrunans er fyrst og fremst að einfalda rekstur og bjóða viðskiptavinum upp á aukið vöruframboð og góða þjónustu.

### Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans

Fyrirtækin tvö verða sameinuð á nýju sviði innan Landsbankans sem ber heitið Bíla- og tækjafjármögnun. SP–Fjármögnun hefur verið eitt stærsta fyrirtæki landsins á þessu sviði og þegar við bætist starfsemi Avant mun það styrkja hið nýja svið verulega. Aðsetur sviðsins verður í Sigtúni 42 í Reykjavík og þar mun traustur hópur starfsmanna veita viðskiptavinum öfluga og góða þjónustu.

### Áhersla á þjónustu

Mikil áhersla er lögð á að viðskiptavinir finni fyrst og fremst fyrir þessum breytingum í formi víðtækari þjónustu og breiðara vöruframboðs.

Landsbankinn tekur við öllum réttindum og skyldum Avant hf. og SP–Fjármögnunar hf. Með þessu mun Landsbankinn fá tækifæri til að styrkja stöðu sína á fjármögnunarmarkaði og styðja við þá þjónustu sem fyrir er í bankanum.

Allar nánari upplýsingar veitir Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í síma 569 2000, á landsbankinn.is og í Sigtúni 42.



*Bílasamningar verða nú hluti af þjónustuframboði Landsbankans.*

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 05.10.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,29 | 118,85 |
| Sterlingspund | 183,16 | 184,06 |
| Evra | 157,98 | 158,86 |
| Dönsk króna | 21,223 | 21,347 |
| Norsk króna | 20,214 | 20,334 |
| Sænsk króna | 17,341 | 17,443 |
| Japanskt jen | 1,542 | 1,551 |
| SDR | 183,81 | 184,91 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,0346

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrri umræða um staðgöngumæðrun fór fram á þinginu í gær:

# Staðgöngumæðrun í nefnd

**ALÞINGI** Þingsályktunartillaga um staðgöngumæðrun var rædd í fyrra skipti á Alþingi í gær. 23 þingmenn standa að baki tillögunni. Var málinu vísað til velferðarnefndar þingsins að lokinni umræðunni.



**RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR**

Ragnheiður Elín Árnadóttir, fyrsti flutningsmaður, hvatti þingmenn til þess að taka þátt í umræðum í þinginu. Flestir þeirra þingmanna sem tóku til máls lýstu yfir stuðningi sínum við tillöguna. Ragnheiður Elín og Ragnheiður Ríkarðsdóttir minntust báðar á að tveir hópar hefðu orðið eftir og mætt misrétti í þessum málum. Annars vegar konur sem gætu ekki gengið með börn og hins vegar samkynhneigðir karlmenn.

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, sem var flutningsmaður þegar tillagan var lögð fram fyrst, lýsti yfir efasemdum sínum um málið. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, lýsti einnig yfir efasemdum sínum um málið. Hún, Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, og Davíð Stefánsson, þingmaður VG, sögðust öll frekar geta stutt tillögu um myndun starfshóps sem myndi skoða álitamálin betur. Einnig sögðu bæði Davíð og Þór að vegur á milli staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni og í hagnaðarskyni væri stuttur. - þeb

Haqqani afneitar morði:

# Segir sér boðið í ríkisstjórnina

**PAKISTAN, AP** Siraj Haqqani, leiðtogi Haqqani-samtakanna í Pakistan og Afganistan, segir ekkert hæft í því að samtökin hafi staðið að baki morðinu á Burhanuddin Rabbani, fyrrverandi forseta Afganistans, í síðasta mánuði.

Hann fullyrti enn fremur að bandarísk stjórnvöld hefðu óskað eftir því að hann tæki að sér ráðherraembætti í ríkisstjórn Afganistans.

Haqqani-samtökin eru talin hafa staðið að baki fjölmörgum hryðjuverkum. - gb



**DAVID CAMERON** Forsætisráðherra Bretlands á flokksþingi Íhaldsflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varar við nýrri kreppu:

# Stendur við niðurskurðinn

**BRETLAND, AP David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, segir að skuldavandi evruríkjanna ógni nú efnahagslífi heimsins ekki síður en lánsfjárkreppan árið 2008.**

**Í ræðu sinni á lokadegi flokksþings Íhaldsflokksins í gær hét hann því að fylgja eftir út í ystu æsar ströngum aðhaldsaðgerðum stjórnarinnar.**

**„Við erum hægt en örugglega að leggja grunn að betri framtíð. En aðalatriðið er að þetta virkar ekki nema við höldum það út,“ sagði Cameron.** - gb

# Loka barnaníðssíðum í kjölfar ábendinga

**Um 99 prósentum þeirra vefsíðna sem tilkynntar hafa verið til Barnaheillar og hafa reynst innihalda barnaníð hefur verið lokað. Þetta segir aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra, en þangað berast allar ábendingarnar.**

**LÖGREGLUMÁL** Nær öllum vefsíðum sem tilkynntar hafa verið til Samtakanna Barnaheillar og innihalda kynferðisofbeldi gegn börnum hefur verið lokað með samstarfi embættis ríkislögreglustjóra og erlendra lögregluembætta.

Þetta segir Hjálmar Björgvinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra. Í fyrradag var tekinn í notkun endurbættur ábendingahnappur hjá Barnaheill, þar sem almenningur getur tilkynnt um vefsíður sem hugsanlega innihalda barnaníð. Vefslóðin inn á hnappinn er www.barnaheill.is.

„Ábending sem berst Barnaheill berst sjálfkrafa til embættisins,“ útskýrir Hjálmar ferli máls. „Viðkomandi vefslóð er skoðuð og athugað hvað sé í raun og veru á bak við hana. Stundum er innihaldið augljóst þegar í upphafi, en stundum þarf að kafa inn í vefsíðuna til að sjá hvað er þar í gangi. Ef reynist vera um að ræða kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum er leitað eftir því hvaðan síðan er upprunnin. Sem betur fer reynast síðurnar í öllum tilvikum vera vistaðar erlendis. Þá er haft samband við viðkomandi lögregluyfirvöld í gegnum Interpol og þau taka þá málið yfir og gera sínar ráðstafanir.“

Spurður hversu miklum árangri ábendingahnappurinn skili þegar upp er staðið segir Hjálmar að í 99 prósentum tilvika sé vefsíðum með ólöglegu efni lokað. Stundum sé þegar búið að loka þessum síðum þegar íslenska lögreglan geri starfsbræðrum sínum erlendis viðvart, því þá hafi aðrir orðið fyrri til og gert viðvart um þær.



**BARNANÍÐ** Lögreglan hvetur foreldra til að fylgjast með netnotkun barna sinna, meðal annars til þess að koma í veg fyrir að þau sendi upplýsingar um sig til óprúttinna aðila. NORDICPHOTOS/AFP

„Ísland hefur sem betur fer verið hreint hvað þetta varðar fram til þessa. Embættið hefir sérstaklega litið til þess hvort einhver hér heima sé að vista slíka síðu en það hefur ekki reynst vera. Ella yrði mál af því tagi sent viðkomandi lögregluembætti til frekari rannsóknar.“

Hjálmar segir ekki framhjá því litið að allstór hópur fólks í heiminum selji aðgang að lokuðum vefsíðum sem innihalda barnaníð eða illa fengnar myndir af börnum.

„Það er því nauðsynlegt að foreldrar og forráðamenn barna séu á varðbergi og vel meðvitaðir um hvað þau eru að gera á netinu, þar á meðal hvort reynt sé að lokka þau til að senda einhverjum upplýsingar um sig og myndir af sér.“

Hjálmar undirstrikar að ábendingarnar hafi fyrst og fremst skilað því að aðgengi fólks að þessum markaði sé lokað, auk þess sem þær hafi ríkt forvarnargildi.

jss@frettabladid.is

Samgöngumál í Danmörku:

# Deila um brýr milli landshluta

**DANMÖRK Skiptar skoðanir eru nú í Danmörku um framtíðarskipulag vegasamgangna milli landshluta.**

**Sem stendur liggur leiðin milli Sjálands og Jótlands í gegnum eyjuna Fjón, þar sem brýr eru yfir Litlabelti og Stórabelti.**

**Síðustu misseri hafa hins vegar gerst sífellt háværari þær raddir sem kalla eftir nýrri brú yfir Kattegat, beint frá odda Sjálands yfir til Mols í nágrenni Árósa.**

**Á það vilja sveitarstjórnarmenn á Fjóni ekki heyra minnst og má því búast við miklum deilum áður en ríkisstjórnin samþykkir nýja samgönguáætlun.** - þj



**KÓKAÍN** Lögreglan lagði hald á hálft kíló af kókaíni.

Karlmaður í farbanni:

# Tóku um hálft kíló af kókaíni

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir karlmenn og ein kona voru handtekin í lok síðustu viku í aðgerðum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem tengdar eru fíkniefnaviðskiptum. Samtals var lagt hald á um hálft kíló af kókaíni.

Einn fimmmenninganna er erlendur karlmaður á fimmtugsaldri og var hann úrskurðaður í farbann til 28. október. Hinum var sleppt eftir yfirheyrslur. Rannsókn málsins heldur áfram, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni. - jss

## NEYTENDAMÁL

### Innkalla Lúxusíspinna

Kjörís hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, ákveðið að innkalla tímabundið Lúxus-súkkulaðiíspinna þar sem ofnæmis- og óþolsvaldar eru ekki nægjanlega vel merktir á umbúðum vörunnar. Þeir sem eiga vöruna og eru viðkvæmir fyrir sojaafurðum eru beðnir um að farga henni eða skila til framleiðanda gegn endurgreiðslu.






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HAUSTLEGT** verður veðrið næstu daga með lægðagangi en hæglætisveðri á milli lægða. Það dregur úr vindi í dag og verður nokkuð bjart sunnan- og vestanlands en víða á landinu á morgun. Annað kvöld vex vindur með úrkomu sunnan og vestan til.



Á MORGUN
Hæg breytileg átt víðast hvar á landinu.

LAUGARDAGUR
Strekkingsvindur eða hvassviðri um tíma.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 17° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 18° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 13° |
| París | 17° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

F·E·B KYNNIR

# FAGRABERG




GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR FYRIR ELDRI BORGARA

## Hólaberg 84, Reykjavík

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni kynnir byggingu 49 þjónustuíbúða að Hólabergi 84 í Reykjavík. Íbúðirnar verða tengdar við Menningarmiðstöðina Gerðuberg þar sem mikið og öflugt félagslíf er fyrir eldri borgara. Að auki er bókasafn staðsett í Gerðubergi sem og mötuneyti.

Í nánasta umhverfi Gerðubergs er heilsugæsla, tannlæknastofa, bakarí, Fella- og Hólakirkja auk þess sem Breiðholtslaug er hinum megin götunnar.



Húsið stendur að Hólabergi 84, mitt á milli menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs og Fella- og Hólakirkju.



Samspil birtu, gróðurs og setbekkja gefur rýminu keim af göngugötu.



Innigangur með léttri gleryfirbyggingu veitir skjól og hleypir birtu inn í rýmið á öllum hæðum.



Stutt er í gönguleiðir í Víðidalnum ásamt því að öll helsta þjónusta er í göngufæri við íbúðirnar.

byr fasteignasala

Söluaðili: Byr fasteignasala
Sími: 483 5800 - www.byrfasteign.is

SS VERKTAKI

Byggingaraðili:
Sveinbjörn Sigurðsson hf.

www.fagraberg.is

**KJÖRKASSINN**



*Fylgdist þú með stefnuræðu forsætisráðherra á mánudag?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 33% |
| NEI | 67% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ferð þú á rjúpnaveiðar í vetur?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Hyggjast fá útlendinga á þá skoðun að Íslandsferðir séu eftirsóknarverður lífsstíll:

# Stefnt að stemningu hjá almenningi

**FERÐAMÁL** Reykjavíkurborg ætlar að leggja samtals 120 milljónir króna á þremur árum í átakið Ísland – allt árið, sem á að styrkja ímynd landsins sem áfangastaðar ferðamanna árið um kring.

Ísland – allt árið er samstarfsverkefni ríkisins, Reykjavíkurborgar og hagsmunaaðila. Ríkið hefur skuldbundið sig til að leggja fram 300 milljónir króna á ári næstu þrjú árin með því skilyrði að jafn há upphæð komi frá samstarfsaðilum. Þannig er gert ráð fyrir því að 600 milljónir króna fari árlega í kynningarverkefnið og samtals 1.800 milljónir áður en yfir lýkur að þremur árum liðnum.

Átakinu er ætlað að jafna árstíðarsveiflu í komu erlendra ferðamanna. Byggt verður á starfi Inspired by Iceland. Auk borgarinnar og iðnaðarráðuneytisins eru þeir aðilar sem nú þegar taka þátt í verkefninu Icelandair, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök verslunar og þjónustu, ISAVIA og Íslandsstofa.

„Verkefnið á að skapa stemningu meðal íslensks almennings sem stuðlar að þeirri ímynd að Ísland sé gott heim að sækja árið um kring. Höfðað verður til þess að Íslandsferð samræmist eftirsóknarverðum lífsstíl og sé minnisverð upplifun,“ segir í greinargerð sem lögð var fyrir borgarráð.

- gar



**EYJAFJALLAJÖKULL** Mikið fé hefur verið lagt í að rétta við ímynd Íslands og Íslendinga eftir hrun fjármálakerfisins og truflandi öskufall frá eldstöðvum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


2 fyrir 1

Tyrkland

9. október

Frá kr. 54.900

**Einstakt tækifæri vegna forfalla - Síðasta ferðin til Tyrklands í ár**

Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Tyrklands 9. október 10 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu á frábærum kjörum. Þú nýtur þjónustu fararstjóra Heimsferða allan tímann.

**Verð kr. 54.900**

Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 9. október í 10 nætur. Netverð á mann. Aðeins 8 sæti í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.

**Gisting frá kr. 17.800** m.v. 2 í studio íbúð. Netverð á mann í 10 nætur.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.






**Ein á dag** þetta gamla góða í nýjum umbúðum

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS
Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN



HÓPKAUP.IS Í DAG

FLUG TIL EÐA FRÁ KAUPMANNAHÖFN Í NÓVEMBER

14.900 kr. GILDIR 24 TÍMA

| Verð | Afsláttur | Afsláttur í kr. |
|---|---|---|
| ~~18.327~~ kr. | 19% | 3.427 kr. |

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið




Flug til eða frá Kaupmannahöfn með Iceland Express í nóvember á aðeins 14.900 kr. með öllum sköttum og kostnaði (kostar 18.327 kr.).

HÓPKAUP
í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 111531


# Landsbankatoppar varpa ábyrgð á aðra

**Æðstráðendurnir þrír úr Landsbankanum sem slitastjórn hefur dregið fyrir dóm vegna meintra afglapa vísa allir ábyrgð á einhvern annan. Tjónið sem þeir eru sagðir hafa valdið með tveimur ákvörðunum nemur 27,7 milljörðum króna.**

**VIÐSKIPTI** Fyrrverandi bankastjórar Landsbankans og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs hafna allir tugmilljarða skaðabótaskyldu sem slitastjórn telur að hvíli á þeim vegna afglapa á síðustu rekstrardögum bankans. Allir vísa þeir ábyrgð á gjörningunum sem um ræðir frá sér og á aðra.

Slitastjórn Landsbankans hefur höfðað tvö mál til innheimtu skaðabóta, annars vegar á hendur bankastjórunum Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni og hins vegar á hendur þeim báðum og Elínu Sigfúsdóttur, sem var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs bankans. Málin voru þingfest í síðustu viku.



**ÓSAMMÁLA** Halldór J. Kristjánsson telur að Sigurjón hafi borið ábyrgð á ákvörðunum sem um ræðir. Sigurjón segir undirmenn sína hafa séð um allt saman. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

### Hinum banka Björgólfsfeðga lánað

Í fyrra málinu hljóðar krafan upp á 11,5 milljarða og er til komin vegna nítján milljarða lánveitingar til Straums í byrjun október 2008, örfáum dögum fyrir bankahrun. Straumur var í meirihlutaeigu Björgólfsfeðga eins og Landsbankinn.

Að sögn þeirra sem um málið véluðu átti lánið að standa straum af kaupum Straums á nokkrum dótturfélögum Landsbankans, en af þeim kaupum varð þó aldrei því Straumur rifti þeim 10. október. Lánið hafði þá þegar verið veitt og þegar upp var staðið innheimtust ekki nema 39 prósent af því.

Eftir stendur 11,5 milljarða tap af lánveitingunni, sem slitastjórnin telur bankastjórana ábyrga fyrir með því að lána svo mikið fé út úr banka sem vitað var að stóð á brauðfótum vegna fjármálakreppunnar.

### Björgólfsfeðgar kallaðir fyrir dóminn

Auk þeirra þriggja sem stefnt er hefur slitastjórnin áskilið sér rétt til að taka skýrslur af samtals fimmtán manns í málunum tveimur.

Meðal þeirra eru feðgarnir **Björgólfur Guðmundsson** og **Björgólfur Thor Björgólfsson**, aðaleigendur Landsbankans.

Aðrir fulltrúar í bankaráðinu eru einnig kallaðir fyrir: **Kjartan Gunnarsson**, **Andri Sveinsson**, **Þorgeir Baldursson** og **Svafa Grönfeldt**.

Þá eru hæstráðendur Straums á þessum tíma kallaðir til vitnis, forstjórinn **William Fall** og framkvæmdastjórinn **Óttar Pálsson**.

Hinir sjö voru allir starfsmenn Landsbankans, nema Birgir Már Ragnarsson, sem var starfsmaður Novator og stjórnarmaður í Straumi.

### Treystu orðum Hreiðars Más

Krafan í seinna málinu er 16,2 milljarðar, til komin vegna 18,4 milljarða skuldar Fjárfestingarfélagsins Grettis sem féll í gjalddaga 10. júní 2008. Á láninu var bankaábyrgð hjá Kaupþingi í Lúxemborg sem gilti til 26. júní sama ár.

Greiðslu var aldrei krafist á ábyrgðinni í Lúxemborg heldur lánið framlengt mánuði síðar gegn óformlegu vilyrði Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings, um að Kaupþing ytra mundi einnig framlengja ábyrgðina.

Það varð aldrei, Grettir fór í þrot og talið er að heimtur af láninu verði í allra hæsta lagi tíu prósent – líklega mun minni.

Telur slitastjórn að það hafi verið augljóst gáleysi af hálfu þremenninganna að reiða sig á óformlegar umræður um framlengingu tryggingarinnar. „Góður og gegn bankamaður innheimtir ábyrgð sem sett hefur verið til tryggingar á skuldum félags sem er í vanskilum ef ekki er komin formlega rétt staðfesting á framlengingu ábyrgðarinnar áður en hin eldri fellur úr gildi,“ segir í stefnunni.

Tjónið sem slitastjórnin telur þau Sigurjón, Halldór og Elínu hafa valdið með því að ganga ekki eftir ábyrgðinni í Lúxemborg er því hóflega metið á 16,2 milljarða.

### Benda öll á aðra

Enginn þremenninganna gengst hins vegar við ábyrgð, að því er fram kemur í stefnunum tveimur.

Hvað fyrra málið varðar segir Halldór að umsjón með útlánamálum hafi verið hjá Sigurjóni og hann hafi einfaldlega treyst því að rétt hafi verið staðið að lánveitingunni til Straums.

Sigurjón segir á móti að það hafi verið fjöldi starfsmanna í bankanum sem hafi átt að sjá til þess að samningar væru efndir og hann beri ekki húsbóndaábyrgð á störfum þeirra.

Í síðara málinu vísar Elín allri ábyrgð á Sigurjón, sem hafi haft málið á sínu borði, og Halldór bendir á það, eins og í fyrra málinu, að útlánamál hafi verið á verksviði Sigurjóns.

Halldór kveðst hafa treyst því að starfsmenn sem hefðu haft málið á sinni könnu myndu gæta að því að innheimta ábyrgðina í Lúxemborg og hann hafi ekki samþykkt að það yrði ekki gert. Sigurjón ber við nákvæmlega því sama og í hinu málinu – að undirmenn hans hafi átt að höndla málið.



ELÍN SIGFÚSDÓTTIR

„Þar sem stefndu hafa ekki fallist á greiðsluskyldu og enginn þeirra hefur viðurkennt að hafa tekið ákvörðun um að innheimta ekki bankatryggingu og/eða bera ábyrgð á þeirri ákvörðun er stefnandi knúinn til að höfða mál þetta á hendur þeim öllum,“ segir í stefnu slitastjórnarinnar.

stigur@frettabladid.is




## HÆGELDUÐ NAUTASTEIK MEÐ EKTA BERNAISE fyrir 4
*að hætti Rikku*

1 kg nautalund
1 msk olía
sjávarsalt og nýmalaður pipar

Hitið ofninn í 70°C. Hitið olíuna á pönnu og brúnið kjötið á öllum hliðum. Leggið á pappírsklædda plötu og bakið í 3 klst. eða þar til að kjarnhitinn hefur náð 55°C. Hitið gasgrillið (má líka nota grillið í ofninum) og steikið kjötið í 2-3 mínútur á hvorri hlið eða þar til að kjarnhiti hefur náð 60°C. Leggið kjötið á álpappír og kryddið með sjávarsalti og nýmöluðum pipar og lokið. Hvílið kjötið í 15 mínútur áður en að það er skorið. Gott er að bera réttinn fram með bökuðum kartöflum og fersku salati.

BERNAISE SÓSA
350 g smjör
4 eggjarauður
2 msk hvítvínsedik
1/2 msk sterkt sinnep
karrý á hnífsoddi
cayenne pipar á hnífsoddi
1/4 nautakraftskubbur
1/2 msk þurrkað estragon
sjávarsalt og nýmalaður pipar

Bræðið smjörið í potti við vægan hita. Setjið eggjarauðurnar í pott ásamt ediki, sinnepi, karrý og cayenne pipar og þeytið vel yfir vatnsbaði þar til að blandan verður ljós og létt. Gætið þess að eggjarauðurnar hlaupi ekki. Leggið pottinn á vinnuborðið og hellið smjörinu smám saman við og hrærið vel á milli. Þegar 1/3 af smjörinu er kominn saman við blönduna er kjötkraftskubbi og estragoni bætt við og síðan haldið áfram að bæta smjörinu smám saman við þar til að það er uppurið. Kryddið til með salti og pipar.




**Heill kjúklingur**
ferskur




**Kjúklingavængir**
ferskir




**Ungnauta piparsteik**




**Lambalæri Hagkaups**
kryddlegið

Sælkeraborð HAGKAUPS Kringlunni







## Sælkeraborðið Kringlunni

Fjölbreytt og girnilegt úrval af ostum og sælkeravörum

























**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
24 Hagkaup

Gildir til 9. október á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað heitir fjármálaráðherra Grikklands?

2 Hver var ráðinn nýr forstjóri Bankasýslu ríkisins?

3 Hver er höfundur bókarinnar Bli Björk?

SVÖR

1. Evangelos Venizelos. 2. Páll Magnússon, bæjarritari í Kópavogi. 3. Mette Karlsvik.

Segja viljayfirlýsingu frá 2008 ekki sýna hug stjórnvalda til ábyrgðar:

# Telja neyðarlögin hygla Íslendingum

**EFNAHAGSMÁL** Íslensk stjórnvöld mótmæla því að neyðarlögin hafi hyglað innlendum innstæðueigendum gömlu bankana umfram þá erlendu. Þetta kemur fram í svari stjórnvalda við rökstuddu áliti ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, vegna Icesave, sem Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, skrifar undir.

Stjórnvöld telja neyðarlögin þvert á móti hafa tryggt Bretum og Hollendingum tæplega 200 milljörðum króna hærri fjárhæð upp í kröfur sínar en ella hefði orðið. Í svarinu ítreka stjórnvöld því að viljayfirlýsing ríkisstjórnar Geirs Haarde frá 11. október 2008 hafi ekki haft lagalegan grunn. Í henni var Tryggingarsjóður innstæðueigenda sagður myndu tryggja lágmarksupphæð reikninganna samkvæmt evrópsku tryggingatilskipuninni. Ýmsir ráðherrar, meðal annars Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, hafa vitnað í hana sem viðurkenningu á ábyrgð Íslendinga.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Gerð er grein fyrir upplýsingum sem komið hafa fram í undirbúningi ESB að nýrri innistæðutilskipun.

Trygve Mellvang-Berg, upplýsingafulltrúi ESA, staðfestir að bréfið hafi borist stofnuninni. Það verði gaumgæft áður en ákvörðun um næstu skref verði tekin. - kóp

Mikið hráefni til fiskvinnslu:

## Innflutningur jókst um 87%

**SJÁVARÚTVEGUR** Íslendingar fluttu inn 87 prósentum meira hráefni til fiskvinnslu 2010 en árið áður, tæplega 81 þúsund tonn samanborið við um 44 þúsund tonn árið 2009. Verðmæti þess var 8,2 milljarðar í fyrra, sem var tæpum tveimur milljörðum meira en árið áður.

Þetta kemur fram í ritinu Innflutt hráefni til fiskvinnslu 2010, sem Hagstofa Íslands gefur út. Þar segir að 2010 hafi minna verið flutt inn til dæmis af þorski, ufsa og síld en árið áður, en meira af loðnu, makríl, rækju og fleiru. - sh



ÁLFTANES Í samkomulagi við lánardrottna felst að Álftanes eignast sundlaug og íþróttahús bæjarins, en byggingarnar hafa reynst sveitarfélaginu þungur baggi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkomulag um afskriftir:

## Álftanes sameinist öðru sveitarfélagi

**STJÓRNSÝSLA** Samkomulag hefur náðst við lánardrottna Álftanesbæjar um afskriftir skulda upp á um fjóra milljarða króna. Þá mun Álftanes fá milljarð króna úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næstu þremur árum með því skilyrði að það sameinist öðru sveitarfélagi. Fréttastofa Ríkisútvarpsins greindi frá þessu í kvöldfréttum í gær.

Ákvörðun um framlag jöfnunarsjóðs var tekin af ríkisstjórninni og er hluti af aðgerðum til að bregðast við erfiðri skuldastöðu sveitarfélagsins.

Viðræður standa nú yfir um sameiningu Álftaness og Garðabæjar. - mþl

# Samruni Vodafone og Tals stöðvaður

**Samkeppniseftirlitið hefur ógilt ráðgerðan samruna Vodafone og Tals. Telur eftirlitið að samruninn myndi leiða til verulega aukinnar fákeppni á fjarskiptamarkaði. Upplýsingafulltrúi Vodafone segir þetta engin áhrif hafa á fyrirtækið.**

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur ógilt samruna símafyrirtækjanna Vodafone og Tals sem tilkynnt var um í maí. Telur eftirlitið að samruni fyrirtækjanna myndi leiði til verulega aukinnar samþjöppunar og fákeppni á fjarskiptamarkaði.



HRANNAR PÉTURSSON

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, segir að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins muni á engan hátt hafa áhrif á viðskiptavini fyrirtækisins. Ráðgerður samruni hafi á engan hátt verið forsenda fyrir rekstrar- og þjónustuáætlunum fyrirtækisins. Þá segir hann að samþætting hafi ekki verið hafin á starfsemi fyrirtækjanna.

„Alveg frá byrjun lögðum við áherslu á að það yrði ekkert gert eða undirbúið fyrr en niðurstaða Samkeppniseftirlitsins lægi fyrir. Þetta mun því í sjálfu sér engu breyta því sem við erum að gera,“ segir Hrannar.

Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins segir að Tal sé auk Símans og Vodafone eina fyrirtækið sem veiti heildarfjarskiptaþjónustu á smásölumarkaði. Án íhlutunar yrði staðan því sú að einungis Síminn og Vodafone myndu bjóða heildstæða fjarskiptaþjónustu til heimila. Þá telur eftirlitið tillögur Vodafone og Tals um skilyrði fyrir samrunanum ófullnægjandi.

Í maí var tilkynnt um fyrirhuguð kaup Fjárfestingasjóðsins Auðar 1 og Kjartans Arnar Ólafsson fjárfestis á 10 prósenta hlut í Vodafone. Tal er í eigu Kjartans og Auðar 1 og skyldu kaupin greidd með eignarhluta þeirra í Tali. Samkomulagið um kaupin var gert með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og þar sem það var ekki veitt, verður því ekki af viðskiptunum.

magnusl@frettabladid.is




VODAFONE Tal mun áfram veita Símanum og Vodafone samkeppni í kjölfar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins. Þessi þrjú fyrirtæki eru þau einu hér á landi sem bjóða heildstæða fjarskiptaþjónustu til heimila. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

31 milljón bóka í hillurnar:

## Kaupa bækur en lesa ekki

**DANMÖRK** **Alls seldist 31 milljón bóka í Danmörku í fyrra eða svipaður fjöldi og Danir fengu að láni hjá bókasöfnum. Þetta eru um 11,5 bækur á hvern Dana. Þá er ekki með talinn sá fjöldi bóka sem Danir fá lánaðar hjá fjölskyldu og vinum eða kaupa á fornbókasölum.**

**En þótt bókahillurnar fyllist les hver fullorðinn Dani aðeins rétt rúmlega sjö bækur á ári. Þetta eru niðurstöður könnunar sem samtök bóksala og útgefenda hafa látið gera og greint er frá í tímaritinu Samvirke. Ein af ástæðunum fyrir meiri bókakaupum er aukið framboð bóka í stórmörkuðum, að sögn Lars Esbjerg, lektors við Árósaháskóla.** - ibs

HAPPDRÆTTI

### Vann18 milljónir

Íslendingur vann 18 milljónir í Víkingalottói í gær þar sem hann fékk fimm réttar og bónustölu að auki. Þrír Norðmenn skiptu með sér aðalvinningnum og fékk hver um 57 milljónir.

DÓMSMÁL

### Ökuþór laug til nafns

Ríkissaksóknari hefur ákært mann fyrir að aka ítrekað langt umfram leyfðan hámarkshraða, auk þess sem hann var sviptur ökurétti. Það laug hann til nafns við skýrslutöku.





Urðarapótek er í viðskiptum hjá okkur

**Guðrún Pálsdóttir** stofnaði Urðarapótek og keppir við þá stóru á markaðnum með áherslu á góð kjör og betri þjónustu. Við þekkjum slíkar aðstæður mjög vel. **Þess vegna er Urðarapótek í viðskiptum hjá okkur.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

Fíton/SÍA




ENNEMM / SÍA / NM48482



**FEÐGAR Á BJÓRHÁTÍÐ** Snáðinn í leðurbuxunum hefur meiri áhuga á Parísarhjólinu í München en bjórnum sem flýtur þar í stríðum straumum þessa dagana. NORDICPHOTOS/AFP

Fékk Nóbelsverðlaun fyrir byltingarkenndar hugmyndir um efnisheiminn:

# Sýndi fram á hið ómögulega

**SVÍÞJÓÐ** Ísraelski vísindamaðurinn David Schechtman fær Nóbelsverðlaunin í efnafræði fyrir að hafa bylt hugmyndum efnafræðinga um föst efni.



DAVID SCHECHTMAN

Það var árið 1982, þegar Schechtman starfaði að rannsóknum í Bandaríkjunum, sem hann uppgötvaði nýja efnagerð, svonefnda hálfkristalla, sem vísindamenn höfðu áður talið að gætu ekki verið til.

Hann var þá að rannsaka blöndu af áli og mangani í rafeindasmásjá og tók eftir því að frumeindir röðuðust í munstur sem áttu ekki að vera möguleg samkvæmt kenningum efnavísindanna.

Kristallar eru þeirrar gerðar að þeir raðast í munstur sem endurtaka sig reglulega, en þessi munstur voru svipuð kristöllum að því undanskildu að þau endurtóku sig ekki.

Hann ályktaði sem svo að þarna hlytu vísindin að hafa rangt fyrir sér. Það tók hins vegar langan tíma fyrir hann að sannfæra aðra vísindamenn, sem svöruðu honum fyrst með háðsglósum og hættu að taka mark á honum.

Smám saman viku þó háðsglósurnar fyrir almennri viðurkenningu, sem nú hefur náð hámarki í Nóbelsverðlaununum.

„Það sem ég hef lært á þessu er að góður vísindamaður er auðmjúkur hlustandi sem aldrei er hundrað prósent viss um það sem stendur í fræðibókunum," sagði Schechtman, sem nú er orðinn sjötugur og býr í Ísrael. - gb

Ný ríkisstjórn í Danmörku:

# Konur í minnihluta stjórnar

**DANMÖRK Nýr forsætisráðherra Danmerkur, Helle Thorning-Schmidt, hafði vonast til þess að helmingur ráðherra ríkisstjórnar hennar yrði konur. Staðreyndin er hins vegar sú að aðeins níu konur eru í hópi ráðherranna 23.**

**Sósíalíski þjóðarflokkurinn útnefndi þrjár konur og þrjá karla í embætti en Jafnaðarmenn fimm konur og sex karla. Leiðtogi Róttæka flokksins, Margrethe Vestager, er eina konan af fimm ráðherrum síns flokks, sem er þó með kynjakvóta á stefnuskránni.** - ibs




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

**Listaverkið** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 6.10. Kl. 19:30 1. aukasýn. U | Fim 13.10. Kl. 19:30 1. sér. U | Fös 21.10. Kl. 19:30 3. sér. Ö |
| Fös 7.10. Kl. 19:30 5. sýn. U | Fös 14.10. Kl. 19:30 9. sýn. Ö | Lau 22.10. Kl. 16:00 12. sýn. Ö |
| Fös 7.10. Kl. 22:00 2. au. Ö | Fös 14.10. Kl. 22:00 3. au. U | Lau 22.10. Kl. 19:30 13. sýn. U |
| Lau 8.10. Kl. 16:00 6. sýn. Ö | Lau 15.10. Kl. 16:00 10. sýn. U | Sun 23.10. Kl. 19:30 14. sýn. Ö |
| Lau 8.10. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Lau 15.10. Kl. 19:30 11. sýn. U | Lau 29.10. Kl. 16:00 15. sýn. |
| Sun 9.10. Kl. 19:30 8. sýn. U | Fim 20.10. Kl. 19:30 2. sér. U | Lau 29.10. Kl. 19:30 16. sýn. Ö |

**Svartur hundur prestsins** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 6.10. Kl. 19:30 1. au. U | Lau 15.10. Kl. 19:30 13. sýn. U | Lau 29.10. Kl. 19:30 17. sýn. |
| Fös 7.10. Kl. 19:30 9. sýn. U | Fim 20.10. Kl. 19:30 3. auks. U | Fim 3.11. Kl. 19:30 18. sýn. |
| Lau 8.10. Kl. 19:30 10. sýn. Ö | Fös 21.10. Kl. 19:30 14. sýn. Ö | Mið 9.11. Kl. 19:30 19. sýn. |
| Sun 9.10. Kl. 19:30 11. sýn. U | Lau 22.10. Kl. 19:30 15. sýn. | |
| Fim 13.10. Kl. 19:30 2. auks. U | Fim 27.10. Kl. 19:30 4. auks. Ö | |
| Fös 14.10. Kl. 19:30 12. sýn. U | Fös 28.10. Kl. 19:30 16. sýn. | |

**Hreinsun** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 27.10. Kl. 19:30 Frums. U | Lau 12.11. Kl. 19:30 5. sýn. Ö | Fim 24.11. Kl. 19:30 9. sýn. U |
| Fös 28.10. Kl. 19:30 2. sýn. Ö | Sun 13.11. Kl. 19:30 6. sýn. Ö | Fös 25.11. Kl. 19:30 10. sýn. Ö |
| Fös 4.11. Kl. 19:30 3. sýn. Ö | Lau 19.11. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Fös 2.12. Kl. 19:30 11. sýn. |
| Lau 5.11. Kl. 19:30 4. sýn. Ö | Sun 20.11. Kl. 19:30 8. sýn. Ö | Lau 3.12. Kl. 19:30 12. sýn. |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

Sun 9.10. Kl. 14:00 37. sýn. | Sun 16.10. Kl. 14:00 38. sýn.

**Sögustund - Hlini kóngsson** (Kúlan)

Lau 8.10. Kl. 13:30 | Lau 8.10. Kl. 15:00

**Hvílíkt snilldarverk er maðurinn** (Þjóðleikhúskjallarinn)

Fös 7.10. Kl. 19:30 2. sýn. | Lau 8.10. Kl. 19:30 3. sýn. | Fös 14.10. Kl. 19:30 4. sýn.

**Judy Garland** (Þjóðleikhúskjallarinn)

Sun 16.10. Kl. 21:00 Frums. | Fös 21.10. Kl. 22:00 2. sýn. U | Lau 22.10. Kl. 22:00 3. sýn.

**Uppnám** (Þjóðleikhúskjallarinn)

Fim 6.10. Kl. 22:00 6. sýn. | Lau 15.10. Kl. 22:00 7. sýn. | Lau 29.10. Kl. 22:00 8. sýn.

33% LÆGRA MIÐAVERÐ MEÐ LEIKHÚSKORTI

Sími í miðasölu 551 1200


Lögreglumenn í kjarabaráttu:

# Sænskar löggur í kröfugöngu

**SVÍÞJÓÐ Sænskir lögreglumenn ætla að safnast saman í Stokkhólmi, Gautaborg og víðar í Svíþjóð í dag til þess að leggja áherslu á launakröfur sínar.**

**Í aðsendri grein á vef Svenska Dagbladet lýsa nokkrir lögreglumenn yfir óánægju með laun lögreglumanna. Segja þeir það óviðunandi að lögreglumaður í Stokkhólmi fái 15 til 17 þúsund sænskar krónur eftir skatt í mánaðarlaun, jafngildi um 260 til 295 þúsund íslenskra króna.**

**Lögreglumennirnir segja stjórnmálamenn og kjósendur þurfa að ákveða hvers konar lögreglumenn þeir vilji hafa í framtíðinni.** - ibs

## DÓMSMÁL

### Bílþjófar fyrir dóm

Fjórir menn um tvítugt hafa verið ákærðir fyrir að stela bíl á Akureyri í júní síðastliðnum. Tveir þeirra sem óku bílnum voru undir áhrifum áfengis.

## KJARAMÁL

### Félagsráðgjafar samþykktu

Félagsráðgjafar hafa samþykkt kjarasamning við Reykjavíkurborg. 86,21 prósent þeirra sem tóku þátt í atkvæðagreiðslu um málið samþykkti samninginn.



**KINDUR** Á þriðja tug lambshræja og sjö kindahræ blöstu við augum dýralæknis, sem var í eftirlitsferð á býlinu Stórhóli sumarið 2009. Fyrra málið var höfðað í kjölfarið.

# Vilja svipta ábúanda leyfi til búfjárhalds

**Starfshópur innan Samtaka lífrænna neytenda hefur sent áskorun til yfirvalda þess efnis að öllum ráðum verði beitt til að stöðva illa meðferð fjár á Stórhóli.**

**DÓMSMÁL** Starfshópur innan Samtaka lífrænna neytenda hefur sent áskorun til yfirvalda og eftirlitsaðila um að fara að lögum og beita öllum tiltækum úrræðum til að stöðva og koma í framtíðinni í veg fyrir langvarandi illa meðferð búfjár á bænum Stórhóli í Álftafirði sem og hjá öðrum, sem grunaðir eru um eða hafa orðið uppvísir að illri meðferð dýra.

Dómsmál á hendur ábúendum Stórhóls var tekið fyrir í Héraðsdómi Austurlands í gær, en þeir hafa verið ákærðir fyrir vanhirðu sauðfjár, eins og Fréttablaðið hefur greint frá.

Þetta er í annað sinn sem ábúandinn á Stórhóli er ákærður fyrir sömu sakir. Í desember árið 2009 lauk fyrra málinu með dómssátt og ákvað ákæruvaldið að sekta bóndann um áttatíu þúsund krónur.

Starfshópurinn minnir á tilgang laga um dýravernd og búfjárhald og undirstrikar að hann virði ákvæði laga um sjálfstæði og hlutleysi dómstóla. „Við leyfum okkur engu að síður og af marggefnu tilefni ýmissa dómstóla, sem beitt hafa refsiviðurlögum ... vegna alvarlegra brota á lögum um dýravernd, að beina því sérstaklega til Héraðsdóms Austurlands að sjónarmiðum um tilgang og markmið framangreindra laga um hagsmunagæslu dýra verði beitt þegar dómstóllinn tekur ákvörðun um það hvort viðkomandi ábúendum verði bannað að halda búfé eins og krafist mun vera í nýlegri ákæru lögreglustjórans á Eskifirði gagnvart ábúanda," segir í áskoruninni.

Starfshópurinn segir gögn í málinu hafa sýnt fram á að ábúendur hafa á umliðnum árum ítrekað þverbrotið fyrrnefnda löggjöf og „jafnframt orðið berir að skelfilegri meðferð búfjár, sem valdið hefur varnarlausum dýrunum miklu og langvarandi kvalræði. ... Af verknaðarlýsingum og fjölda gagna, sem varða slæma meðferð búfjár á umræddum stað síðastliðin 11 ár er ekki hægt að draga aðra ályktun en að um stórfelld og ítrekuð brot hafi verið að ræða hjá sakborningum og því hljóti lagaskilyrði að vera uppfyllt til að svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds," segir enn fremur.

Loks bendir hópurinn á að þrátt fyrir brotin njóti ábúendur óskertra opinberra styrkja til búrekstursins. Þannig séu skattgreiðendur látnir, á óbeinan hátt, styðja við og stuðla að áframhaldandi illri og siðlausri meðferð búfjárins. jss@frettabladid.is

## Úr ákæru lögreglustjórans á Eskifirði

Ábúandinn á Stórhóli er meðal annars ákærður fyrir að „halda of margt fé í fjárhúsum á bænum, en þar töldust vera 764 ær á húsum þó einungis væri húsakostur fyrir 684 ær.

Fyrir að ... hafa gefið ánum of lítið hey eða af lélegum gæðum, með þeim afleiðingum að hluti fjárins var vanfóðraður. Enn fremur að hafa látið hjá líða að reyna lækningu eða aflífa veika og slasaða gripi á bænum er í ljós kom að lamb var með stóran skurð á kviði og annað heltekið liðabólgu ..."

Fyrir að „... hafa vanrækt að tryggja góðan aðbúnað, umhirðu og fóðrun um 70 sauðfjár ... með þeim afleiðingum að aflífa varð sex ær vegna ástands þeirra ..."






**HAUSTFERÐ** Tölur Ferðamálastofu sýna mikla fjölgun erlendra ferðamanna milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Yfir 50.000 ferðamenn fóru frá landinu í september:

# Ferðamenn þegar jafn margir og í fyrra

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ferðamálastofa hefur staðfest að 51.576 erlendir ferðamenn fóru frá landinu í september síðastliðnum, tæplega ellefu þúsund fleiri en í sama mánuði í fyrra. Um er að ræða langfjölmennasta septembermánuð frá upphafi mælinga. Um 62 þúsund fleiri ferðamenn hafa komið til landsins frá áramótum í samanburði við sama tímabil í fyrra, þegar brottfarir voru 385 þúsund talsins.

Gestum frá Norður-Ameríku fjölgar verulega milli ára, um 42,8 prósent. Mið- og Suður-Evrópubúum fjölgar um 27,4 prósent og Norðurlandabúum um 22,5 prósent. Bretum fjölgar talsvert minna, um 11,8 prósent. Af einstaka þjóðernum voru flestir ferðamenn í september frá Bandaríkjunum, Þýskalandi og Noregi.

Það sem af er ári hafa 458 þúsund erlendir ferðamenn farið frá landinu, jafnmargir og allt árið 2010. Aukningin nemur 18,9 prósentum á milli ára.

Frá áramótum hafa 260.201 þúsund Íslendingar farið utan, nítján prósentum fleiri en á sama tímabili í fyrra, þegar brottfarir mældust tæplega 219 þúsund. - shá

Dæmdir ofbeldismenn tvísaga um ástæður árásar:

# Lífshættuleg árás vegna fíkniefna

**DÓMSMÁL** Tveir menn hafa verið dæmdir í tólf og fjögurra mánaða fangelsi fyrir líkamsárás og til að greiða fórnarlambinu 600 þúsund krónur. Níu mánuðir af þyngri refsingunni eru skilorðsbundnir.

Mennirnir tveir brutust inn til fórnarlambsins. Annar þeirra tók húsráðandann kverkataki. Hinn maðurinn gekk síðan í skrokk á honum og veitti honum áverka, suma hverja lífshættulega. Hann rifbeinsbrotnaði og lunga hans féll saman, auk fleiri meiðsla.

Í dómi Héraðsdóms Reykjaness kemur fram að árásarmönnunum tveimur bar ekki saman um ástæðu þess að þeir fóru heim til mannsins og benti hvor á hinn. Annar árásarmaðurinn sagði að hinn hefði ráðist á manninn vegna fíkniefnadeilna. Handrukkarar hefðu mætt á heimili þess síðargreinda eftir að fórnarlambið hefði stolið frá honum fíkniefnum og komið honum í skuld.




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Kvað upp dóminn yfir mönnunum tveimur.

Sá árásarmannanna sem átti að hafa orðið fyrir fíkniefnastuldinum kvað félaga sinn hafa ráðist á fórnarlambið vegna kvennamála. Um var að ræða konu sem annar árásarmaðurinn hafði búið með og átti barn með, en bjó þegar þarna var komið sögu með hinum árásarmanninum og átti von á barni með honum. - jss


## Til sölu eignir úr þrotabúi.

Til sölu er vörulager úr þrotabúi T-14 ehf, en félagið rak hjólbarðaverkstæði, hjólbarðasólningu og framleiðslu á öryggishellum o.fl. úr gúmmíi.

Um er að ræða töluvert magn af hjólbörðum, slöngum, felgum, keðjum, gúmmíhellum, hráefni til sólningar o.fl. Lagerinn er staðsettur bæði á Akureyri og í Reykjavík og er gert ráð fyrir að hann verði afhentur þar sem hann er nú og kaupandi fjarlægi hann þaðan á sinn kostnað sem fyrst. Til greina kemur að selja sitt í hvoru lagi þann hluta sem er á hvorum stað.

Skriflegum tilboðum skal skilað til undirritaðs í síðasta lagi **fimmtudaginn 13. október 2011.** Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Upplýsingar veitir undirritaður í síma 462-5919.

Arnar Sigfússon hdl
Glerárgötu 36
pósthólf 311 603 Akureyri






**MEÐ BYSSU GEGNUM KINN** Þessi ungi Taílendingur tekur þátt í trúarhátíð, þar sem tíðkast að fólk valdi sjálfu sér sársauka til að hreinsa sál sína. NORDICPHOTOS/AFP

Hópur innlendra og erlendra fjárfesta átti hagstæðasta tilboðið:

# Arion banki selur B.M. Vallá

**VIÐSKIPTI** Arion banki hefur selt steypu- og byggingarvörufyrirtækið B.M. Vallá ehf. til BMV Holdings, sem er í eigu erlendra og innlendra fjárfesta. Þetta kom fram í tilkynningu frá Arion banka í gær en þar var ekki tekið fram hvert kaupverðið var.

Í tilkynningunni kom einnig fram að BMV Holding hefði átt hagstæðasta tilboðið og samningar hefðu nú verið undirritaðir. Þeir eru gerðir með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

B.M. Vallá hefur verið rekið um áratugaskeið. Arion banki tók félagið hins vegar yfir eftir að það varð gjaldþrota í maí í fyrra. Þá voru skuldir fyrirtækisins um 10 milljarðar.

Eigendur BMV Holding eru ýmis félög tengd framkvæmdum, steypu- og jarðefnavinnslu. Þau eru Norcem á Íslandi ehf. sem rekur Sementsverksmiðjuna á Akranesi, Björgun ehf., Jarðefnaiðnaður ehf., Suðurhraun ehf., Hlér ehf., Harðbakur ehf. og Suðurverk hf.

Í tilkynningunni segir að markmið nýrra eigenda B.M. Vallár sé að „viðhalda leiðandi stöðu félagsins á íslenskum byggingamarkaði“. - þj



**SELT** B.M. Vallá hefur lengi verið í fararbroddi á steypu- og byggingamarkaði. Salan á fyrirtækinu er enn háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Reglugerð um tæknifrjóvganir:

# Áfram niðurgreiddar út árið

**HEILBRIGÐISMÁL** Niðurgreiðsla á tæknifrjóvgunum verður óbreytt út árið, samkvæmt nýrri reglugerð velferðarráðherra. Sjúkratryggingar Íslands munu þannig endurgreiða hluta kostnaðar við tæknifrjóvgunarmeðferðir. Skilyrðin verða þau sömu; þar sem ekki á barn saman fær 40 prósent endurgreidd af fyrstu meðferð og 65 prósent af annarri til fjórðu meðferð. Þar sem á eitt barn saman fær 15 prósenta endurgreiðslu á fyrstu til fjórðu meðferð. Reglugerðin gildir til 31. desember. - þeb



**SKILAÐ** Namibísk stjórnvöld óskuðu eftir því að hauskúpunum yrði skilað árið 2008, en talsverðan tíma tók að rekja uppruna þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjóðverjar skila hauskúpum:

# Vildu sýna mun á kynþáttum

**ÞÝSKALAND, AP** **Stjórnendur Charité-háskólasjúkrahússins í Berlín hafa skilað fulltrúum ættbálka frá Namibíu hauskúpum 20 Namibíubúa sem fluttar voru til Þýskalands á árunum 1904 til 1908, þegar landið var þýsk nýlenda.**

**Höfuð fólksins voru varðveitt í formalíni og rannsökuð af mannfræðingum sem reyndu að sýna fram á mun á kynþáttum fólks eftir höfuðlagi þess. Síðar var kjöt og skinn fjarlægt þar til hauskúpurnar stóðu berar eftir.**

**„Við iðrumst sannarlega glæpa sem voru framdir á þessum tíma,“ sagði Karl Max Einhäupl, stjórnarformaður Charité, við afhendinguna.** - bj

Fjórir ungir menn ákærðir:

# Stálu munum úr níu bílum

**DÓMSMÁL** Fjórir karlmenn um og innan við tvítugt hafa verið ákærðir fyrir þjófnaði og fjársvik. Þeim er gefið að sök að hafa brotist inn í beltagröfu og stolið úr henni ýmsu lauslegu.

Þrír mannanna eru svo ákærðir fyrir að hafa brotist inn í níu bíla sem stóðu á bílastæði við Akureyrarflugvöll í apríl á síðasta ári. Þar létu þeir einig greipar sópa.

Loks eru þeir ákærðir fyrir fjársvik með því að stela bensíni. - jss

# Bylting í geimvísindum

**Ný stjörnustöð, sem byggir á byltingarkenndri tækni til að taka myndir í geimnum, var formlega tekin í notkun á dögunum. Mörg þúsund vísindamenn bíða þess að nýta sjónaukann við fjölbreyttar rannsóknir.**

**VÍSINDI** Flóknasta stjörnustöð á jörðu niðri, ALMA, var tekin formlega í notkun á dögunum. Mörg þúsund vísindamenn frá öllum heimshornum hafa keppst um að vera meðal þeirra fyrstu sem fá tækifæri til að kanna dimmustu, köldustu, fjarlægustu og best földu svæði alheims með sjónaukanum.

„Þetta eru merk tímamót í sögu stjarnvísinda,“ segir Sævar Helgi Bragason, ritstjóri Stjörnufræðivefsins sem gerir viðburðinum ítarleg skil. „Með tilkomu þessa óvenjulega risasjónauka er nýtt skeið að hefjast. Nú getum við í fyrsta sinn skyggnst inn í köldustu gas- og rykský í geimnum og skoðað myndun stjarna og sólkerfa í meiri smáatriðum en nokkru sinni fyrr. Segja má að nýr gluggi sé að opnast að alheiminum með ALMA. Leitin að uppruna okkar er hafin fyrir alvöru.“

Stöðin stendur á hrjóstrugri og afskekktri sléttu í Atacama-eyðimörkinni í Síle, nánar tiltekið á Chajnantor-sléttunni í Andesfjöllum. Fyrstu níu mælingamánuðina getur ALMA aðeins sinnt um það bil hundrað verkefnum. Áhugasamir stjörnufræðingar um allan heim lögðu hins vegar inn óskir um meira en 900 mælingar. Er það nífalt meira en sjónaukinn ræður við og metfjöldi umsókna um tíma í nokkurn sjónauka. Þau verkefni sem komust í gegnum nálaraugað voru valin út frá vísindalegu mikilvægi, fjölbreytni og hvernig þau uppfylla helstu vísindalegu markmið ALMA.

ALMA verður enn í smíðum á meðan fyrstu mælingar fara fram. Öll ný loftnet sem bætast við röðina verða tengd saman með ljósleiðara. Gögn frá hverju loftneti eru sett saman í eina stóra mynd með einni öflugustu ofurtölvu heims, sem var sérsmíðuð fyrir ALMA og getur framkvæmt 17.000 milljónir útreikninga á sekúndu.

Í kringum árið 2013 verður ALMA allt að sextán kílómetra breið röð 66 hárnákvæmra loftneta sem saman mynda einn risasjónauka. svavar@frettabladid.is



**FYRSTA MYNDIN** Hér sjást tvær vetrarbrautir sem nefnast Loftnetið og eru í 70 milljóna ljósára fjarlægð í stjörnumerkinu Hrafninum. MYND/ALMA (ESO/NAOJ/NRAO)/NASA/ESA HUBBLE SPACE TELESCOPE

## Loftnet vinna saman sem risasjónauki



**ALMA TEKUR Á SIG MYND** 66 loftnet mynda einn risasjónauka. MYND/ALMA (ESO/NAOJ/NRAO)/W. GARNIER (ALMA)

ALMA er alþjóðlegt samstarfsverkefni Evrópu (ESO), Norður-Ameríku, Austur-Asíu og Síle um smíði stærsta stjörnusjónauka heims. Kostnaður við verkefnið nemur meira en einum milljarði dala, um 118 milljörðum íslenskra króna. Sjónaukinn verður tekinn í fulla notkun árið 2013. Í fréttatilkynningu frá ESO (European Southern Observatory, stjörnustöð Evrópulanda á suðurhveli) kemur fram að skammstöfunin ALMA stendur fyrir Atacama Large Millimeter/submillimeter Array.

ALMA er gerólík sjónaukum sem sjá sýnilegt og innrautt ljós. ALMA er röð samtengdra loftneta sem vinna saman sem einn risasjónauki. Þess vegna eru ljósmyndir ALMA harla ólíkar dæmigerðum ljósmyndum af alheiminum.

ALMA er röð 66 tólf og sjö metra útvarpssjónauka sem greina ljós sem hefur um það bil þúsund sinnum lengri bylgjulengd en sýnilegt ljós, svokallaða millimetra og hálfsmillimetra geislun. Stjörnufræðingar geta notað þessar löngu bylgjulengdir ljóss til að rannsaka köldustu og fjarlægustu fyrirbærin frá árdögum alheims. *heimild: stjornufraedi.is/eso.org*


Á DEKKJAHÓTELI N1 BÝÐST ÞÉR AÐ GEYMA SUMARDEKKIN GEGN VÆGU GJALDI

VETRARDEKK Á FRÁBÆRU VERÐI

FJÖGUR DEKK, VINNA OG VENTLAR ERU INNIFALIN Í ÖLLUM TILBOÐUNUM*



VR. A97 3100 175/65 R 14 FULLT VERÐ: 62.835 KR. TILBOÐ: 44.900 KR.

VR. A97 3101 185/65 R 14 FULLT VERÐ: 68.035 KR. TILBOÐ: 49.900 KR.

VR. A97 3102 185/65 R 15 FULLT VERÐ: 71.235 KR. TILBOÐ: 51.900 KR.

VR. A97 3103 195/65 R 15 FULLT VERÐ: 73.235 KR. TILBOÐ: 54.900 KR.

VR. A97 3104 205/55 R 16 FULLT VERÐ: 86.940 KR. TILBOÐ: 64.900 KR.

VR. A97 3105 225/45 R 17 FULLT VERÐ: 102.460 KR. TILBOÐ: 72.900 KR.

*Tilboðin fást aðeins á hjólbarðaverkstæðum N1 á meðan birgðir endast. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA N1:
Fellsmúli 440 1322 | Ægisíða 440 1320 | Bíldshöfði 440 1318 | Réttarháls 440 1326 | Stórihjalli 440 1342 | Dalbraut Akranesi 440 1394
Langitangi Mosfellsbæ 440 1378 | Reykjavíkurvegur Hafnarfirði 440 1374 | Grænásbraut Reykjanesbæ 440 1372

WWW.DEKK.IS N1 Meira í leiðinni

# CLINIQUE BONUS




## Clinique dagar í Hagkaup 6. - 12. október.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 4.900 kr. eða meira dagana 6.-12. október.*

- Take The Day Off Augnfarðahreinsir 50 ml
- Liquid Facial Soap Mild 30 ml
- Superdefense SPF 25 Rakakrem 15 ml
- All About Eyes augnkrem 7 ml
- High Impact Maskara 3.5 ml
- High Impact Varalitur 3.8 g

*Meðan birgðir endast.




## NÝTT

Við vitum vel hvernig hægt er að fegra fólk á ljósmyndum með dálítilli tölvukunnáttu.

Sama hugmyndin býr að baki nýja Repairwear Laser Focus farðanum. Þessi farði er sérhannaður til að mýkja línur og milda misfellur, sest ekki í hrukkur né skerpir drætti. Áhrifin eru þau að með tímanum verður húðin sléttari, mýkri og yngri ásýndum.

CLINIQUE
GÓÐ GJÖF

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# AFMÆLIS DAGSKRÁ


Leikhópurinn Lotta
Laugardag & sunnudag


Friðrik og Jógvan
Fimmtudag kl. 19.30


Páll Óskar
Föstudag kl. 17.30

## Fimmtudagur 6. október
**opið 11-21**

| | |
|---|---|
| 16.00 - 21.00 | Hetjur Valhallar<br>- leikur |
| 17.00 - 18.30 | Hljómsveitin Púgó<br>- lifandi tónlist, nemendur úr FÍH |
| 17.30 | Töframaður |
| 18.00 | Dansskóli Jóns Péturs og Köru<br>- breikdans |
| 19.30 | Friðrik Ómar og Jógvan |
| 20.00 - 20.30 | Hljómsveitin Púgó<br>- lifandi tónlist, nemendur úr FÍH |

**Samsýning listamanna frá Gallerí List**

## Föstudagur 7. október
**opið 11-19**

| | |
|---|---|
| 16.00-19.00 | Hetjur Valhallar<br>- leikur |
| 16.30 - 17.30 | Sirkus Ísland |
| 17.30 - 18.00 | Páll Óskar |
| 18.30 | DansFlokkur DanceCenter Reykjavík |

**Gordjöss föstudagur**




## Laugardagur 8. október
**opið 11-18**

| | |
|---|---|
| 11.00 - 18.00 | Hetjur Valhallar<br>- leikur |
| 12.00 - 15.00 | Opið hús í Smárabíó<br>- Solla stirða, Steindinn okkar o.fl. |
| 13.00 | Töframaður |
| 13.30 | Dansskóli Jóns Péturs og Köru<br>- samkvæmisdansar |
| 14.00 - 15.00 | Leikhópurinn Lotta<br>Grísirnir þrír, Hans klaufi og drottningin úr Mjallhvíti - myndataka |
| 14.00 - 17.00 | Andlitsmálning<br>- fyrir yngstu kynslóðina |
| 15.00 | Gerpla<br>- meistara- og unglingaflokkar kvenna í hópfimleikum sýna listir sínar |
| 15.30 - 16.00 | Upplestur<br>Höfundar barna- og unglingabóka lesa upp úr verkum sínum |
| 16.00 | Jón Jónsson |
| 17.00 | DansFlokkur DanceCenter Reykjavík |

**Frábær afmælistilboð fyrir alla fjölskylduna**

## Sunnudagur 9. október
**opið 13-18**

| | |
|---|---|
| 13.00 - 18.00 | Hetjur Valhallar<br>- leikur |
| 13.30 | Matti og Eyþór Ingi |
| 14.00 - 15.00 | Afmæliskaka, Svali og kaffi* |
| 14.00 - 17.00 | Andlitsmálning<br>- fyrir yngstu kynslóðina |
| 15.00 - 16.00 | Leikhópurinn Lotta<br>Grísirnir þrír, Hans klaufi og drottningin úr Mjallhvíti - myndataka |
| 15.30 - 16.00 | Upplestur<br>Höfundar barna- og unglingabóka lesa upp úr verkum sínum |
| 16.00 - 17.00 | Sirkus Ísland |
| 16.30 | DansFlokkur DanceCenter Reykjavík |

* á meðan birgðir endast

## Mánudagur 10. október
**opið 10.10-22.10**

| | |
|---|---|
| 16.00 - 22.10 | Hetjur Valhallar<br>- leikur |
| 17.00 - 18.30 | Hljómsveitin Púgó<br>- lifandi tónlist, nemendur úr FÍH |
| 17.30 - 18.30 | Sirkus Ísland |
| 18.00 | Kór Kársnesskóla<br>- 10 ára stúlkur |
| 18.30 | Dansskóli Jóns Péturs og Köru<br>- samkvæmisdansar |
| 20.00 | Ingó Veðurguð |
| 20.00 - 21.15 | Hljómsveitin Púgó<br>- lifandi tónlist, nemendur úr FÍH |
| 21.00 | Skólakór Kársness |

**Afmæliskaffi sunnudag kl. 14-15**



Smáralind

# 10 ára

Við bjóðum alla hjartanlega velkomna í fimm daga afmælisveislu. Fjölbreytt skemmtidagskrá og frábær afmælistilboð fyrir alla fjölskylduna.

**Láttu sjá þig í afmæli ársins!**



Nánari upplýsingar í afmælisriti Smáralindar og á smaralind.is

Velkomin í afmæli 6.-10. október

Smáralind

smaralind.is

**Verslanir opnar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18

ENNEMM / SÍA / NM48467

# neytendur
hagur heimilanna

**82 PRÓSENT** hafa fersk ýsuflök hækkað um frá árinu 2000. Þá kostaði kílóið 791 krónu, en kostaði 1.443 í ágúst síðastliðnum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ vel þrifin gleraugu

*Að þrífa gleraugu*



Ein ódýr og umhverfisvæn leið til að halda gleraugum hreinum er að nota dagblað til að heinsa glerið. Einnig er gott að strjúka yfir glugga og spegla með krumpuðum dagblöðum þar sem prentsvertan eykur gljáann.

■ **Bílar**

## Alla nýja bíla á að ryðverja segir dönsk tæknistofnun



FDM, systurfélag FÍB, Félags íslenskra bifreiðaeigenda, vísar á bug kenningu bílaumboða um að sérstök nýryðvörn sé óþörf og jafnvel til bölvunar. Frá þessu er greint á vefsíðu FÍB þar sem segir jafnframt að það sé mat tæknistofnunarinnar Teknologisk Institut að ryðverja eigi alla nýja bíla áður en þeir eru teknir í notkun. Fyrsta ryðvörnin innsigli og verji þá staði í bílnum sem ekki voru ryðvarðir af hendi verksmiðjunnar. Lögð er áhersla á að ryðverja strax ódýrustu bílana því að minnst sé lagt í ryðvarnir þeirra.



■ **Verðupplýsingar**

## Veitingastöðum skylt að upplýsa um magn í glösum

Veitingastöðum er skylt að hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr og jafnframt að tilgreina magn við verðupplýsingar um drykkjarföng. Frá þessu er greint í nýju tölublaði Neytendasamtakanna sem vitna í Neytendastofu. Veitingastaðir eiga sem sagt alltaf að upplýsa hversu mikið magn er í gos-, bjór- og vínglösum. Bent er á að algengasta glasastærðin sé 18,75 cl eða einn fjórði úr flösku. Veitingastaðir geti hins vegar sjálfir ákveðið glasastærðina en verða þá að gefa upp magn vökvans sem hellt er í glasið.

Vetrargallinn má ekki hindra hreyfingar við leik:

# Góð ráð við kaup á útigalla fyrir börn

Mikilvægt er að vetrargalli hindri ekki hreyfingar barnsins við leik og að hægt sé að klæða barnið í aukapeysu undir gallann ef kalt er úti. Þess vegna þarf ekki bara að gæta þess að efnið sé mjúkt samtímis sem það er slitsterkt heldur einnig að gallinn þrengi hvergi að.

Ef keyptur er galli við vöxt þyrfti hins vegar að vera hægt að þrengja hann á ákveðnum stöðum svo að hann komi ekki í veg fyrir að barnið geti leikið sér eðlilega. Best er að taka barnið með í verslunina til þess að máta galla þar sem stærðir geta verið mismunandi eftir framleiðendum.

Auðveldara er fyrir barnið að klæða sig í og úr gallanum ef rennilásinn er langur. Það er kostur ef efnið í gallanum er látið falla yfir rennilásinn. Það hlífir gegn vætu og vindi.

Viðbótarefni að aftan hlífir bæði við leik og einangrar.



**VIÐ LEIK UM VETUR** Vetrargallinn má ekki hindra hreyfingar við leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gott er ef hægt er að taka hettuna af. Samkvæmt reglum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eiga ekki að vera reimar í hettu eða hálsmáli í barnafötum undir stærð 134 þar sem slíkt getur leitt til slysa.

Skoðið hvort setja megi gallann í þurrkara. Gætið þess að fóðrið sé fast í gallanum þannig að það fylgi ekki með þegar barnið klæðir sig úr honum. **- ibs**



**ÍBÚÐARHÚSNÆÐI** Dæmi eru um að tryggingafélög hækki iðgjöld fljótt aftur eftir að hafa veitt afslátt fyrsta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Lækkuðu iðgjöldin um tugi þúsunda króna

**Með svokallaðri Tryggingavakt, sem er ný þjónusta samnefnds fyrirtækis, er leitað tilboða hjá að minnsta kosti þremur tryggingafélögum fyrir viðskiptavini. Dæmi er um að iðgjöld hafi lækkað úr 220 þúsundum króna í 115 þúsund krónur með þessari þjónustu, að sögn Hákonar Hákonarsonar, eiganda fyrirtækisins.**

„Það kom til okkar kona um daginn sem greiddi 220 þúsund krónur hjá sínu vátryggingafélagi fyrir bíl, innbú og fasteignatryggingu. Eftir að hafa farið yfir tryggingaþörf hennar og leitað tilboða buðum við henni tryggingu upp á 130 þúsund krónur. Þegar hún sagði upp tryggingunum hjá gamla félaginu gerði það henni tilboð upp á 115 þúsund krónur sem hún tók. Hún sparar sér 105 þúsund krónur á ári með þessu,“ greinir Hákon frá.

Hann segir Tryggingavaktina hafa verið stofnaða fyrr í haust. „Munurinn á henni og tryggingafélögunum er sá að hún gætir fyrst og fremst hagsmuna viðskiptavinarins.

> Algengt er að iðgjöld viðskiptavina hafi lækkað um 30 til 70 þúsund krónur á ári með okkar þjónustu
>
> 
>
> HÁKON HÁKONARSON TRYGGINGAVAKTINNI

Tryggingavaktin er útfærð þjónusta frá Tryggingum og ráðgjöf sem hefur starfað í níu ár og er með 40 þúsund viðskiptavini. Algengt er að iðgjöld viðskiptavina hafi lækkað um 30 til 70 þúsund krónur á ári með okkar þjónustu en við höfum hins vegar verið bundin þóknunarsamningum við ákveðin félög. Með því að auka þjónustuna og bjóða það sem við köllum Tryggingavakt, sem kostar viðskiptavininn 10 þúsund krónur á ári, leitum við tilboða hjá að minnsta kosti þremur tryggingafélögum og í sumum tilfellum hjá öllum.“

Hákon bendir á að það hafi aldrei gerst að sama vátryggingafélag hafi alltaf verið með lægstu iðgjöldin ár eftir ár. Þess vegna sé mikilvægt að láta endurmeta iðgjöldin og tryggingaþörfina á hverju ári til þess að fá lægstu iðgjöldin hverju sinni.

Auk þessarar þjónustu gætir Tryggingavaktin réttar viðskiptavina gagnvart vátryggingafélagi verði þeir fyrir tjóni. „Ef menn lenda í tjóni þá aðstoðum við þá við að fylla út tjónaskýrslu. Það eru mýmörg tjón sem ekki hafa fengist bætt vegna þess að ekki kom allt fram í tjónaskýrslu í upphafi. Oft líður fólki eins og það hafi gert eitthvað af sér þegar það kemur til tryggingafélags til þess að fá tjón bætt. Hjá okkur snýst þetta um að fá aðstoð við að fá tjónið bætt og þess vegna hvetjum við fólk til þess að leita fyrst til okkar ef tjón verður,“ tekur Hákon fram.

Hann bætir því við að þeir sem kaupi þjónustu Tryggingavaktarinnar og þurfi aðstoð lögfræðings fái alltaf fyrsta tímann frían hjá lögfræðingi í hvaða máli sem er.

**ibs@frettabladid.is**



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

# Lúxustilboð til Akureyrar

## – flug og gisting á nýju hóteli

HVORT SEM ÞÚ VILT DÚNDRANDI HELGARSKEMMTUN EÐA ÞÆGILEGA TILBREYTINGU, ÚTIVIST EÐA HVÍLD, ÞÁ STENDUR ÞÉR TIL BOÐA AÐ TAKA FLUGIÐ NORÐUR TIL AKUREYRAR OG GISTA Á NÝJU, GLÆSILEGU HÓTELI, ICELANDAIR HÓTEL AKUREYRI.







VERÐ FRÁ **25.400 kr.**

Flug og gisting í eina nótt með morgunverði á Icelandair Hótel Akureyri.

**Tilboðið gildir frá 1. okt. til 31. des. 2011**

### ICELANDAIR HÓTEL AKUREYRI

- Á besta stað í miðbænum
- Hugguleg og vel búin herbergi
- Glæsilegur veitingastaður og bar
- Upphituð skíðageymsla með sérinngangi fyrir vetrargesti
- Fallegur vetrargarður með stórri verönd þar sem er notalegt að setjast niður og slaka á
- Aðeins 2 mín. gangur í Sundlaug Akureyrar

Bókaðu núna hjá hópadeild Flugfélags Íslands í síma **570 3075** eða á netfanginu **hopadeild@flugfelag.is**

→ Bókaðu flugið tímanlega á **flugfelag.is**

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**330** **PUNKTAR** eru skuldatryggingaálag ríkissjóðs sem hefur farið hækkandi síðustu vikur

Ráðstefna AGS og íslenskra stjórnvalda í Hörpu:

## Ráðstefna um Ísland



PAUL KRUGMAN

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) og íslensk stjórnvöld munu í sameiningu standa fyrir ráðstefnu í Hörpu 27. október næstkomandi. Rætt verður um efnahagsbatann hér á landi og þau viðfangsefni sem enn bíða úrlausnar. Ráðstefnan fer fram undir heitinu Ísland á batavegi: Lærdómar og verkefni fram undan.

Á ráðstefnunni munu koma saman íslenskir og erlendir ráðamenn, fræðimenn og fulltrúar félagasamtaka. Meðal helstu ræðumanna verða Nóbelsverðlaunahafinn Paul Krugman og hinir kunnu alþjóðahagfræðingar Willem Buiter og Simon Johnson.

„Íslendingar hafa sýnt staðfestu og seiglu við að hrinda í framkvæmd flóknum stefnumálum við erfiðar aðstæður,“ sagði Nemat Shafik, aðstoðarframkvæmdastjóri AGS, í tilefni af ráðstefnunni. „Allir hlutaðeigandi geta dregið lærdóm af þessari reynslu, þar á meðal AGS. Þess vegna er mér sérstök ánægja að sjóðurinn skuli standa að þessari ráðstefnu.“

Þá segist hún vera sannfærð um að sá hópur sérfræðinga sem munu koma saman í Reykjavík eigi eftir að hjálpa sjóðnum við að draga ályktanir sem komi stjórnvöldum víða um heim, hagfræðingum og sjóðnum sjálfum að gagni.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra mun setja ráðstefnuna en auk hennar munu Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra halda erindi.

- mþl



**ÁNÆGÐIR ÖLDUNGADEILDARÞINGMENN** Repúblikaninn Jeff Sessions og demókratinn Chuck Schumer eru sammála. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skoða að refsa eigi Kínverjum fyrir lággengisstefnu:

## Kínverjar hóta Bandaríkjunum viðskiptastríði

**BANDARÍKIN** Kínversk stjórnvöld hafa brugðist ókvæða við lagafrumvarpi sem öldungadeild Bandaríkjaþings hefur samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða að taka á dagskrá. Frumvarpið felur í sér heimild til stjórnvalda til að refsa ríkjum sem vísvitandi halda gengi gjaldmiðils síns niðri.

Frumvarpinu er augljóslega beint fyrst og fremst gegn kínverskum stjórnvöldum, sem árum saman hafa haldið gengi júansins mjög lágu – sem kemur sér vel fyrir kínverskan útflutning og kínverska ríkissjóðinn en illa fyrir Bandaríkin og önnur lönd, sem fá litlar tekjur af viðskiptum við Kína. Kínversk stjórnvöld telja hagvexti sínum ógnað verði frumvarpið samþykkt, og hafa komið harðorðum mótmælum á framfæri. „Þetta gæti leitt af sér viðskiptastríð, sem við viljum ekki,“ segir í yfirlýsingu frá kínverska seðlabankanum.

Nokkuð öruggt þykir að öldungadeild Bandaríkjanna samþykki frumvarpið undir lok vikunnar, en óvissa er um afdrif þess í fulltrúadeildinni. Á síðasta ári samþykkti fulltrúadeildin, þegar demókratar höfðu þar meirihluta, sams konar frumvarp, en nú hafa repúblikanar, sem eru komnir með meirihluta í deildinni, lýst yfir efasemdum. Ekki síst vegna þess að þeir telja afleiðingarnar geta orðið óútreiknanlegar.

- gb



**MÓTMÆLIN Á GRIKKLANDI** Meðan Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og ráðamenn Evrópusambandsins spá í lausnir mótmæla Grikkir harðlega niðurskurði heima fyrir. NORDICPHOTOS/AFP

# Nauðsynlegt að efla neyðarsjóð ESB

**Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þrýstir á Evrópusambandsríkin að fara nýjar leiðir til bjargar skuldugum evruríkjum. AGS hyggst samt ekki grípa inn í á mörkuðum til að verja Ítalíu og Spán falli. ESB íhugar endurfjármögnun banka.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Antonio Borges, yfirmaður Evrópudeildar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, segir nauðsynlegt að neyðarsjóður ESB verði efldur til muna og honum verði heimilað að leita fleiri úrræða en til þessa.

Hann dró hins vegar til baka yfirlýsingar sínar, frá því fyrr í gær, um að AGS geti gripið inn í á verðbréfamörkuðum til að koma í veg fyrir að stór hagkerfi á borð við Ítalíu og Spán riði til falls í kreppunni.

„Við höfum yfir margvíslegum úrræðum að ráða sem hægt væri að grípa til í þeim tilgangi að endurvekja trú á þessi ríki,“ sagði Borges á ráðstefnu í Brussel í gær, en lagði mikla áherslu á að ESB verði nú að grípa til ráða sem duga.

Sjóðurinn hefur til þessa lagt nærri 80 milljarða evra, eða nærri 13.000 milljarða króna, fram til björgunaraðgerða á evrusvæðinu, en það er nærri þriðjungur þess heildarfjármagns sem notað er til aðstoðar Grikklandi, Írlandi og Portúgal.

Sjóðurinn hefur hins vegar ekki blandað sér í viðskipti á mörkuðum, þótt bæði hafi Seðlabanki Evrópusambandsins gert það undanfarið og einnig muni neyðarsjóður ESB grípa til slíkra aðgerða á næstu mánuðum.

Sívaxandi ótti við greiðsluþrot Grikklands með keðjuverkunum til annarra evruríkja, jafnvel Ítalíu og Spánar, hefur grafið mjög undan tiltrú á evrunni.

„Í þessari stöðu er ekki hægt að útiloka möguleikann á því að efnahagslífið taki stefnuna niður á við, og að önnur kreppa geti orðið,“ sagði Borges.

Auk þess gaf Olli Rehn, efnahagsmálastjóri framkvæmdastjórnar ESB, í skyn í viðtali við Financial Times í gær að endurfjármögnun banka sé nú í skoðun á vettvangi Evrópusambandsins.

Angela Merkel Þýskalandskanslari tók undir þetta, en hún hefur til þessa staðið hart á móti því að fé verði lagt úr ríkissjóðum Evrópusambandsins til að styrkja bankana.

Allt þetta varð til þess að í gær urðu nokkrar verðhækkanir á mörkuðum, sem höfðu verið í niðursveiflu eftir fréttir dagsins á undan þegar fjármálaráðherrar ESB frestuðu ákvörðunum um frekari aðstoð til Grikklands eftir að Grikkir játuðu að þeir myndu ekki ná því markmiði, að koma fjárlagahalla landsins niður í 7,5 prósent á þessu ári.

gudsteinn@frettabladid.is


Afmælistilboð 6.-9. október

ILVA einfaldlega betri kostur

**ASKIM** sófi. Grár
Verð áður: 69.900,-
**Verð nú: 52.000,-**



ASKIM. NÝTT 2½ sæta sófi. L188 cm. Grár úr 100% bómull.
Verð 69.900,- NÚ 52.000,-
Auka áklæði selt sér: Blátt, rautt eða ljósgrátt. Verð 19.900,- Nú 14.900,-

Áklæði:

30% afsláttur af COATHANGER



COATHANGER herðatré.4stk
Verð 795,- NÚ 545,-

FRÍ KAKA ILVA kaffi
Súkkulaðikaka og kaffi/djús í boði ILVA, laugardag og sunnudag



sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30
www.ILVA.is

shop online


THE BODY SHOP
Vinsælar vörutegundir
með 30% afslætti
dagana 6.-10. okt.
30% afsláttur
Dekurvörur með ólífuolíu
Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með ólífuolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali
Verð nú: 2775 kr.
Verð áður: 3970 kr.
30% afsláttur
Dekurvörur með kókosolíu
Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali
Verð nú: 2775 kr.
Verð áður: 3970 kr.
30% afsláttur
Dekurvörur með smjörtrésmauki
Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með smjörtrésmauki, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali
Verð nú: 2775 kr.
Verð áður: 3970 kr.
30% afsláttur
Andlitsvörur með þaraseyði
Þrjár vörutegundir saman: Hreinsimjólk (200ml), andlitsvatn (200ml) og dagkrem (50ml) – allt saman vörutegundir sem innihalda þaraseyði og eru sérstaklega ætlaðar feitri húð
Verð nú: 3315 kr.
Verð áður: 4740 kr.
30% afsláttur
Fyrir eiginmanninum
Tvær vörutegundir saman: "Of a man"-hár og -sturtusápa (200ml) og "Of a man"-svitalyktareyðir (75ml)
Verð nú: 2260 kr.
Verð áður: 3230 kr.
30% afsláttur
Handa unnustanum
Tvær vörutegundir saman: "White musk sport"-hár og -sturtusápa (200ml) og sams konar svitalyktareyðir (75ml)
Verð nú: 2260 kr.
Verð áður: 3230 kr.
30% afsláttur
E-vítamín fyrir andlitið
Þrjár vörutegundir saman: E-vítamín dagkremið sívinsæla (50ml), andlitsvatn (200ml) og hreinsimjólk með E-vítamíni (200ml). Þessar vörutegundir henta öllum húðgerðum
Verð nú: 3195 kr.
Verð áður: 4570 kr.
Andlitsfarði og andlitsfarðabursti
Tvær vörutegundir saman: Rakagefandi andlitsfarði (þ.e. „Moisture foundation") og sérstakur andlits-farðabursti með silkimjúkum nælonhárum
Verð nú: 3275 kr.
Verð áður: 4680 kr.
30% afsláttur
Allranauðsynlegasti augnfarðinn
Tvær vörutegundir saman: Svartur „Super volume"-augnháralitur og blautur, svartur augnlínupenni
Verð nú: 2460 kr.
Verð áður: 3520 kr.
30% afsláttur
THE BODY SHOP ®
SMÁRALIND, KRINGLUNNI, GLERÁRTORGI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 564 6552

Betri notaðir bílar

# Þér er boðið í bílaveislu!

**Og þú mátt taka alla sem þú þekkir með þér.**




**Bílaveisla Toyota Kópavogi hefst í dag á Nýbýlaveginum og við erum í veisluskapi til klukkan 19.00 í kvöld.**

**Gríptu tækifærið því nú er planið troðfullt af betri notuðum úrvalsbílum á frábæru verði.**
**Þessir bílar staldra stutt við!!**

**Kaffi, kökur og heitt kakó.**

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070
toyotakopavogi.is
info@toyota.is

Afgreiðslutímar um helgina:
Fimmtudag: 09.00 til 19.00
Föstudag: 09.00 til 19.00
Laugardag: 11.00 til 16.00

ergo

TOYOTA

2010



**Yaris Terra 1,0**

**Verðdæmi:** 1.790.000 kr.
**Mánaðargreiðsla*:** 25.789 kr. (72 mán.)

2009



**Yaris Sol MM 1,33**

**Verðdæmi:** 1.750.000 kr.
**Mánaðargreiðsla*:** 30.111 kr. (60 mán.)

2010



**Auris Terra 1,33**

**Verðdæmi:** 2.300.000 kr.
**Mánaðargreiðsla*:** 34.195 kr. (72 mán.)

2009



**Auris Sol MM**

**Verðdæmi:** 2.790.000 kr.
**Mánaðargreiðsla*:** 47.809 kr. (60 mán.)

2009



**Corolla Terra 1,4**

**Verðdæmi:** 2.190.000 kr.
**Mánaðargreiðsla*:** 37.598 kr. (60 mán.)

2009



**Corolla Dísil MM**

**Verðdæmi:** 2.660.000 kr.
**Mánaðargreiðsla*:** 45.596 kr. (60 mán.)

2010



**Avensis SD Sol 6 gíra**

**Verðdæmi:** 3.550.000 kr.
**Mánaðargreiðsla*:** 52.612 kr. (72 mán.)

2010



**Avensis WG Sol sjsk.**

**Verðdæmi:** 3.960.000 kr.
**Mánaðargreiðsla*:** 58.653 kr. (72 mán.)

2010



**Avensis SD Sol sjsk.**

**Verðdæmi:** 3.750.000 kr.
**Mánaðargreiðsla*:** 55.558 kr. (72 mán.)

2010



**Verso Terra 1,6**

**Verðdæmi:** 2.870.000 kr.
**Mánaðargreiðsla*:** 42.593 kr. (72 mán.)

2010



**RAV4 2,0 sjsk.**

**Verðdæmi:** 4.490.000 kr.
**Mánaðargreiðsla*:** 66.461 kr. (72 mán.)

2007



**Land Cruiser 120 GX 8 manna**

**Verðdæmi:** 5.480.000 kr.

*Miðað við bílasamning Ergo. Nánari upplýsingar og forsendur bílasamninga á ergo.is
Myndirnar eru dæmi um bíla af sömu tegund og eru í textanum.

Grænt bílalán frá Ergo, engin lántökugjöld, sjá nánar á ergo.is

80% – 80% lánshlutfall hjá Ergo, sjá nánar á ergo.is

Ú – Úrvalsbíll
1. árs viðbótarábyrgð ofl.
sjá nánar á toyotakopavogi.is

P – Frítt að leggja í gjaldskyld stæði í Reykjavík

5 – Toyotabílar frá 2010 og yngri eru í fimm ára verksmiðjuábyrgð

G – Gæðabíll
3 mánaða viðbótarábyrgð ofl.
sjá nánar á toyotakopavogi.is

Today
Tomorrow
Toyota

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fyrirtæki sem heyrir undir landbúnaðarráðherrann sækir um ólýðræðislegar fémútur.

## Innantómt píp

Fréttablaðið sagði frá því í gær að Matvælarannsóknir Íslands (Matís), opinbert hlutafélag sem heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, hefði sótt um 300 milljónir króna í svokallaðan IPA-styrk frá Evrópusambandinu. Peningarnir eru ætlaðir til tækjakaupa þannig að Matís geti framkvæmt ýmsar lögbundnar mælingar í þágu matvælaöryggis.

Ný matvælalöggjöf, sem er hluti EES-samningsins, tekur gildi um næstu mánaðamót og það er til að geta uppfyllt skilyrði hennar sem Matís sækir um styrkinn.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Styrkumsóknin er óneitanlega athyglisverð í ljósi þess að Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra, sem fer með hundrað prósenta eignarhlut ríkisins í Matís, hafði látið það boð út ganga að stofnanir sem heyrðu undir landbúnaðarráðuneytið ættu að láta það ógert að sækja um IPA-styrki. Ráðherra talaði raunar alls ekki fallega um þessa styrki, kallaði þá andlýðræðislega og „fémútur" á Búnaðarþingi í vor.

Fréttablaðið fékk að vita að ráðherrann hefði fundað með forsvarsmönnum Matís vegna styrkumsóknarinnar. Þeir sem voru á fundinum vildu hins vegar lítið tala um hann. Sumir af stjórnarmönnum Matís voru jafnvel á því að hann hefði alls ekki farið fram. Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi ráðherrans, staðfesti þó að lokum að fundurinn hefði verið haldinn. Hann segist alls ekki hafa upplifað það svo að ráðherrann hafi á fundinum veitt forsvarsmönnum Matís ákúrur vegna umsóknarinnar.

Jón Bjarnason setur sig með öðrum orðum ekki upp á móti því að Matís, sem heyrir undir hann, sæki um IPA-styrkinn. Enda væri það svolítið skrýtið ef ráðherrann færi að reyna að þvælast fyrir því að fyrirtækið gæti uppfyllt skilyrði laga sem hann mælti fyrir sjálfur á Alþingi í fyrravor.

Það væri líka sérkennilegt ef sá maður á Íslandi sem mest og oftast talar um matvælaöryggi (að Haraldi Benediktssyni kannski undanskildum) væri á móti því að gera Matís kleift að sinna þeirri lögbundnu skyldu sinni að mæla til dæmis skordýraeitur og varnarefni í matvælum.

Sömuleiðis hefði það verið furðulegt að ráðherrann hefði sett sig upp á móti þessari styrkumsókn Matís, í ljósi þess að fyrirtækið og forverar þess, rannsóknastofnanir á vegum ríkisins, hafa fengið hundruð milljóna króna í styrki frá Evrópusambandinu frá því að EES-samningurinn tók gildi. Matís sótti á síðasta ári um 25 slíka.

Andstöðuleysi Jóns Bjarnasonar við styrkumsókn Matís afhjúpar hins vegar tal hans um vondu múturnar frá ESB sem innantómt og hræsnisfullt píp. Sem er undirstrikað enn frekar af þeirri staðreynd að sjálfur stýrði Jón einu sinni ríkisstofnun sem sótti um og fékk drjúga ESB-styrki, nefnilega Háskólanum á Hólum. En þá hétu þeir auðvitað ekki mútur.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tilvistarheimspekin

Alþingismönnum er stundum legið á hálsi fyrir tilgangslítið hjal um fánýta hluti. Ekki skal lagt mat á það hér en í gær var þó heimspekin í hávegum höfð í ræðustól þings. Í umræðum um staðgöngumæðrun kaus Pétur H. Blöndal að beina málinu inn á lendur heimspekinnar, varaði reyndar við því að slíkt væri í vændum. Hann spurði Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur að því hvorn kostinn hún heldur kysi: að vera til og þekkja ekki uppruna sinn, eða vera ekki til og þekkja upprunann í þaula. Ekki stóð á svarinu, því Sigríður Inga taldi víst að þar sem hún væri til, veldi hún frekar fyrri kostinn. Cogito, ergo sum.



### Tilfinningaheimspekin

Ekki voru allir á tilvistarlegu nótunum í umræðunum, en óhætt er að segja að tilfinningar hafi dropið af hverju orði sumra þingmanna. Þannig voru rök Kristjáns L. Möller fyrir heimilun staðgöngumæðra þau að hann ætti sér enga ósk heitari en þá að allir fengju að upplifa það að fjórtán mánaða barnabarn segði hæ afi, vinkaði og kyssti bless. Nú þarf Kristján bara að setja lög um málið og tryggja þessi mannréttindi.



### Hagsmunaheimspekin

Hagsmunasamtök heimilanna neita að vera með í sérfræðingahópi forsætisráðuneytisins. Ástæðan er sú að þeim finnst um leikrit að ræða, því ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða samtakanna í fyrri hópum. Einnig virðist nokkur kergja með það að forsætisráðherra tilkynnti um nýja hópinn og þátttöku samtakanna að þeim forspurðum. Hagsmunum hverra þjónar það að taka ekki þátt í öllum mögulegum úrlausnum á efnahagsvandanum? Varla heimilanna. kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ásættanlegur farvegur


Trúmál



Bjarni Karlsson

prestur og varaborgarfulltrúi


Nú hefur borgarráð ályktað í hinu langdregna og sérstaka máli er varðar samskipti reykvískra skóla við trú- og lífsskoðanafélög. Það góða er að niðurstaðan felur í sér samráðsferli sem skuli fara fram. Þar með er viðurkennt að það þurfi að ræða þessi mál betur á breiðum faglegum og félagslegum grundvelli.

Eins ber að fagna því að nú eru reglurnar settar af borgarráði sjálfu en ekki af mannréttindaráði, og málefninu vísað til Skóla- og frístundasviðs þar sem það á betur heima, um leið og mannréttindaráð hefur sínu mikilvæga eftirlitshlutverki að gegna.

Reglurnar sem nú hafa verið samþykktar bera ekki með sér þóttann og andúðina sem upphaflegur texti mannréttindaráðs fól í sér og margt hefur verið fært til betri vegar. Reiknað er með prestum sem fagmönnum í hópi annarra fagmanna í tengslum við sorgarúrvinnslu. Gert er ráð fyrir því að sóknarkirkjur standi áfram við hlið annarra félaga sem bjóða börnum hollar tómstundir í skólahverfinu er kemur að kynningarmálum. Ekki er lagt bann við ferðum fermingarbarna með kirkjum sínum og fleira gott mætti nefna. Auk þess er áfram í textanum sú klára afstaða sem enginn deilir um að skólinn sé ekki vettvangur trúboðs og að allir sem hann heimsækja geri það á forsendum skólans.

Þrennt þarf að ræða í samráðsferlinu að minni hyggju:

Viljum við samnýta skólahúsnæði úti í hverfunum með íþróttafélögum, skátum og tónskólum en hafna samvinnu við sóknarkirkjur á því sviði eins og gert er ráð fyrir í nýju reglunum?

Viljum við hafna þeirri menningargjöf sem Gídeonmenn hafa fært 10 ára börnum í meira en 60 ár með því að afhenda Nýja testamentið eða eigum við að finna tilboði þeirra hæfilegan farveg á forsendum skólans?

Viljum við banna börnum þátttöku í helgisiðum og athöfnum er þau heimsækja sóknarkirkjuna í hverfinu sínu? Hvernig líður okkur með það að banna barni að signa sig eða segja Faðirvorið sem því hefur verið kennt?

Í þessu öllu þarf að gæta hófs og það er hlutverk okkar sem samfélags.

Með afgreiðslu málsins hefur borgarráð sýnt ábyrgð sem lýðkjörið yfirvald og vísað þessu umdeilda máli í ásættanlegan farveg þar sem upplýst og vönduð umræða getur átt sér stað. Markmið okkar er að umfaðma fjölbreytileika mannlífsins í einingu. Lausnin mun finnast í röklegu samtali, faglegu samráði og gagnkvæmri háttvísi.

# Í hvert sinn…

Kjaramál

Ragnheiður Davíðsdóttir
háskólanemi og fyrrum lögreglumaður



Í hvert sinn sem ég lít í spegil sé ég að nefið á mér er svolítið skakkt. Það eru afleiðingar sparks í andlitið frá bílþjóf sem ég var að handtaka fyrir 30 árum. Í hvert sinn sem ég finn blóðlykt minnir það mig á öll tilfellin sem ég kom að þar sem fólk hafði svipt sig lífi með því að skjóta sig í andlitið eða skera sig á púls. Í hvert sinn sem ég sé ákveðna tegund af barnastígvélum minnir það mig á fyrsta banaslysið sem ég kom að í umferðinni. Þá hafði 7 ára drengur orðið fyrir bíl. Hann var í Nokia-stígvélum, rétt eins og sonur minn átti sem þá var á sama aldri. Í hvert sinn sem ég sé fyrrverandi félaga mína að störfum á slysavettvangi set ég mig í þeirra spor.

### Mannlegur harmleikur

Þessar hugsanir, ásamt öðrum sem ekki eru prenthæfar, renna í gegnum huga minn þegar ég heyri lögreglumenn tala um starfið sitt; lögreglustarfið sem ég sinnti um níu ára skeið á árum áður. Sú lífsreynsla markaði líf mitt til frambúðar. Í starfinu sá ég skelfilegustu hliðar mannlífsins; hliðar sem sjaldnast snúa að almenningi né rata í fjölmiðlana. Ég sá mannlega eymd í sinni hræðilegustu mynd. Ég kom að ótal sjálfsvígum, dauðsföllum, umferðarslysum og heimilisofbeldi, upplifði harm og reiði foreldra barna sem höfðu verið misnotuð, ungs fólks sem hafði verið nauðgað og svo mætti lengi telja. Verst af öllu var þó ekki blóðið eða skelfileg aðkoma, heldur hinn mannlegi harmleikur sem við urðum að taka þátt í – hvort sem okkur líkaði betur eða verr. Foreldrar sem komu að unglingnum sem fallið hafði fyrir eigin hendi, móðirin sem hljóp öskrandi út af heimili sínu þegar hún heyrði ískrandi hemlahljóðið og sá barnið sitt litla liggja í malbikinu og skelfingu lostin börn sem urðu vitni að því þegar pabbi var að misþyrma móður þeirra. Grátur þessa fólks fylgdi mér inn í svefninn þegar ég kom heim.

### Kvíðahnútur

Enn þann dag í dag rifja ég upp skelfilegar aðstæður úr lögreglustarfinu þegar ég hlusta á fréttir og heyri ákveðin heimilisföng, ákveðin nöfn eða ek framhjá ákveðnum stöðum í Reykjavík eða úti á þjóðvegunum. Það sem þar gerðist er geymt en ekki gleymt. Nú hefur önnur kynslóð tekið við kyndlinum í lögreglunni. Synir og dætur vinkvenna minna klæðast nú lögreglubúningi og þurfa að takast á við þau hættulegu verkefni sem starfið felur í sér; mun hættulegri aðstæður en ég kynntist í starfi – og þótti nóg um. Enn fæ ég kvíðahnút í magann þegar ég heyri af lögreglumanni sem orðið hefur fyrir árás eða slasaðist í starfi. Gæti það hafa verið einn af mínum tryggu vinum af vaktinni minni gömlu eða börn vinkvenna minna? Ennþá fyllist ég óhug þegar ég heyri í sírenum og sé blá ljós lögreglubílanna. Allt þetta, sem ég og allir núverandi og fyrrverandi lögreglumenn hafa upplifað og þurfa að lifa með, á skilyrðislaust að meta að verðleikum. Lögreglumenn eiga ekki að þurfa að standa í launabaráttu – það sjá það allir hve starf þeirra er hættulegt og um leið mikilvægt. Ég hvet ríkisvaldið til þess að finna leið til þess að leiðrétta launakjör lögreglumanna í eitt skipti fyrir öll. Við viljum eiga vel búna, vel þjálfaða og stolta lögreglumenn sem ekki þurfa að lepja dauðann úr skel.

# Kína og heimurinn

Í DAG

Jón Ormur Halldórsson
dósent



Við lifum kaflaskil í sögu mannkyns. Síðustu fimm hundruð árin hafa einkennst af víðtæku forræði Vesturlanda í efnahagslífi, stjórnmálum og menningu heimsins. Nú hefur aldalöng þróun snúist við og það fjarar ört undan sérstakri stöðu Vesturlanda í heiminum. Menn hafa helst komið auga á þetta í tengslum við aukið mikilvægi Kína í efnahagslífi jarðarinnar. Það er þó aðeins einn hluti málsins. En lítum til hans.

### Sterkara

Kínverska hagkerfið er í senn sterkara og veikara en algengar sögur af því gefa til kynna. Það er sterkara í þeim skilningi að umfang þess og áhrif eru meiri en flestum virðist ljóst. Kína verður brátt stærsta hagkerfi heimsins. Það vex í hverri einustu viku um sem nemur öllu íslenska hagkerfinu. Umfangið og vöxturinn sjást t.d á því að Kínverjar nota álíka mikið af steypu og allir aðrir jarðarbúar til samans. Svipaða sögu má segja um málma eins og kopar og stál sem skýrir sókn Kína í námur sem nú eru helst á vegum fárra vestrænna fyrirtækja. Óshólmar Perlufljóts og borgirnar niður með Yangtze mynda þungamiðju heimsframleiðslu í hverri iðngreininni af annarri. Afgangur af viðskiptum við umheiminn er slíkur að varasjóðir landsins eru yfir þrjú þúsund milljarðar dollara. Sett í samhengi við jarðakaup á Íslandi, þá er þetta nóg til að kaupa allt ræktað land tveggja af stærstu löndum heimsins, Bandaríkjanna og Kanada. Í ár vex kínverska hagkerfið um sem nemur samanlögðum hagkerfum Portúgals og Grikklands. Þetta mun halda áfram. Hinar 650 milljónir borgarbúa í Kína hafa tengst hagkerfi heimsins. Til sveita bíða 700 milljónir.

### Veikara

En Kínverjar eru ekki að kaupa heiminn. Erlendar fjárfestingar þeirra eru fremur litlar og oftast tengdar markmiðum um samkeppnishæfni iðnaðar heima fyrir. Tvær staðreyndir um kínversk fyrirtæki segja nokkra sögu. Önnur er að þótt heimili manna séu full af varningi frá Kína eru kínversk vörumerki óþekkt. Heimurinn hefur flutt framleiðslu til Kína en mest af hagnaði í viðskiptum verður ekki til í framleiðslu heldur á sitt hvorum enda langrar keðju frá hugmynd og hönnun til neytenda. Annað er óljóst eignarhald á fyrirtækjum í Kína. Oft er um að ræða samsuðu ríkisstofnana, borgarstjórna, kommúnistaflokksins, forstjóra og einkaaðila. Menn þurfa ekki að vita mikið um viðskipti til að sjá hættur í þessu. Eitt er að peningum er dælt úr bönkum í verkefni sem njóta stuðnings pólitískra aðila en gagnast einkaaðilum sem eru þó ábyrgðarlausir. Risið hafa borgarhverfi og jafnvel borgir þar sem enginn maður býr og stór landflæmi eru þakin af dauðadæmdum verksmiðjum. Spilling í landinu er slík að hún grefur ekki aðeins undan valdi og getu stjórnvalda heldur stendur hún þróun hagkerfisins sífellt meira fyrir þrifum.

### Flóknara

Umræða um Kína er oft í fjötrum hugtaka eins og einræðis, flokksveldis og kommúnisma. Gallinn við þessi hugtök er sá að þau skýra ekki vel það sem gerist í landinu þessi árin. Stjórnmál í Kína eru óraflókin barátta á milli ólíkra hagsmuna, hugmynda og hópa innan stjórnkerfis sem er eitt hið flóknasta á jörðinni. Stærðin er ein skýring. Það væru fleiri þingmenn í Kína en kjósendur á Íslandi ef sama hlutfall væri á milli þings og þjóðar þar og hér. Kínverskir ráðherrar væru þá vel yfir fjörutíu þúsund talsins. Tölurnar eru eins og grín en setja umfang Kína í samhengi. Tal um flokk og stjórnvöld í Kína eins og samstæðar heildir eða einfalda gerendur sem fylgjast með öllu kviku og eiga nákvæmar áætlanir um framtíðina er oft fjarri veruleikanum. Þetta leiðir til misskilnings á kínverskum innanlandsmálum og á samskiptum kínverskra aðila við umheiminn. Hið nýríka, risastóra, lokaða og torskilda Kína er frjór jarðvegur fyrir samsæriskenningar sem lýsa þó sjaldnast veruleika.

### Hættur af stórveldi

Tvær hættur sjást hins vegar af uppgangi Kína. Önnur snýr að pólitísku forræði í Asíu frá Persaflóa til Kyrrahafs. Kína hefur sýnt mikla gætni í utanríkismálum. Nálæg ríki hafa notið uppgangsins og vaxið ört. En nú má greina hættumerki. Stefna Kína gagnvart öðrum Asíuríkjum hefur harðnað. Ríki fá sífellt skýrari skilaboð um að velja á milli Kína og Bandaríkjanna. Tæknin sem herinn þróar nú helst segir líka óþægilega sögu. Þetta er eitt upphaf að komandi kerfisbreytingum í alþjóðamálum. Hin hættan er af áhrifum vaxtar í Kína á lífríki jarðar. Landið notar nú meiri orku en Bandaríkin og mengar lífkerfi heimsins meira en öll Evrópa. Neysla Vesturlanda er ekki lengur stærsta áhyggjuefnið í umhverfismálum, vöxtur Asíu hefur tekið þar við, Indlands ekki síður en Kína.

### Stærra en Kína

Kína mun glíma við risavaxinn vanda í stjórnmálum og hagstjórn á næstu árum. Þau vandræði verða á meðal stærstu heimsfrétta þótt ekki sé illa spáð um niðurstöður. Kína verður mikilvægasta ríki heimsins á þessari öld en það er þó aðeins hluti þeirra kaflaskila í sögunni sem nefnd voru hér í upphafi því fleiri lönd utan okkar heimshluta eflast nú mjög að völdum og áhrifum.

FATASKÁPADAGAR
25% afsláttur af fataskápum í október



Tilboð 106.650,-
Fullt verð 142.200,-



Tilboð 74.550,-
Fullt verð 99.400,-



Tilboð 95.850,-
Fullt verð 127.800,-


Tilboð 39.150,-
Fullt verð 52.200,-


Tilboð 39.150,-
Fullt verð 52.200,-



Tilboð 49.900,-
Fullt verð 66.900,-

Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is

ÞRÍHNÚKAGÍGUR



ÍSLENSKA SIA.IS ÞRÍ 56624 10/11





HUGMYNDA SAMKEPPNI

UM AÐSTÖÐU OG AÐGENGI VIÐ ÞRÍHNÚKAGÍG

Þríhnúkar ehf. efna til opinnar hugmyndasamkeppni um starfsemi og aðstöðu í og við Þríhnúkagíg. Meginmarkmið með samkeppninni er að fá hugmyndir um starfsemi, aðstöðu, fræðslu og viðburði fyrir ferðamenn sem styrki upplifun þeirra af þessu ótrúlega náttúrufyrirbæri.

Hugmyndasamkeppnin er opin öllum en sérstaklega er óskað eftir hugmyndum frá þeim sem hafa sérþekkingu og reynslu af sambærilegum verkefnum, t.d. „hönnuðum“ upplifana, sýningahönnuðum, sérfræðingum um ferðamennsku o.fl.

Nánari upplýsingar eru í samkeppnisgögnum á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar á slóðinni **www.vso.is** frá og með fimmtudeginum 6. október nk.

**Hugmyndum skal skilað** í móttöku VSÓ Ráðgjafar, Borgartúni 20, 105 Reykjavík, fyrir kl. 14:00 fimmtudaginn 10. nóvember 2011.



*Þríhnúkar ehf. vinna að undirbúningi að bættu aðgengi fyrir ferðamenn að gíghvelfingu Þríhnúkagígs, norðvestur af Bláfjallasvæðinu, með það að markmiði að úr verði ferðamannastaður á heimsvísu.*





Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
BYLGJAN 25 ÁRA 989
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00


# Ofbeldi á Alþingi?

Stjórnmál




**Gunnar Bragi Sveinsson**
þingmaður Framsóknarflokksins


Ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar hefur tekist eitt ágætlega og það er að draga alþingi í svaðið með sér þegar kemur að umræðunni um óstjórn og vanhæfni ríkisstjórnarinnar. Þessir aðilar bera meiri ábyrgð en margir aðrir á því hvernig umræðan og álit almennings er á alþingi. Því er gjarnan haldið fram af þessum aðilum að stjórnarandstaðan blaðri og þvaðri út í eitt til þess eins að taka mál „í gíslingu“. Sumir ættu reyndar að eyða meiri tíma í þinginu því það yrði mjög upplýsandi fyrir viðkomandi.

Í áranna rás hafa ákveðin mál orðið til þess að stjórnarandstaðan hefur beitt lýðræðislegum rétti sínum til að tala mikið og lengi til að fá málum breytt. Frá fyrri tíð má nefna umdeild fjölmiðlalög og breytingar á ríkisútvarpinu en nýleg dæmi eru lög um stjórnarráðið og Icesave. Þingsköp gera ráð fyrir að við aðra umræðu lagafrumvarpa sé hægt að tala aftur og aftur, þó í takmarkaðan tíma í senn. Þegar núverandi forsætisráðherra setti Íslandsmet, talaði í a.m.k. 10 klukkustundir, var þetta öðruvísi því þá mátti tala samfellt meðan viðkomandi stóð uppi. Það gerði Jóhanna Sigurðardóttir 1998 í umræðu um húsnæðismál. Það er hins vegar afar fátítt að þingmál séu mikið rædd, því í langflestum tilfellum er búið að ná samstöðu um málið.

Þeir sem gagnrýna stjórnarandstöðuna fyrir umræðuna um stjórnarráðið og Icesave eru flestir þeirrar skoðunar að samþykkja ætti hvoru tveggja. Nýverið voru þingmenn að ræða þessi mál í útvarpsþætti á Bylgjunni og var talað um „ofbeldi“ af hálfu 20 þingmanna. Ekki veit ég hvort ég er einn af þessum ofbeldisþingmönnum en ég er afar stoltur af hverri ræðu er ég flutti í Icesave-málinu þar sem okkur „ofbeldisþingmönnunum“ tókst að koma í veg fyrir að þjóðin yrði dæmd til þrældóms í þágu erlendra kröfuhafa. Stjórnarráðsmálið var aðför að alþingi en um þingið eiga þingmenn að standa vörð. Margir muna eftir aðferðum forsætisráðherra þegar tryggja þurfti meirihluta fyrir umsókninni að Evrópusambandinu, þegar þingmenn voru teknir á „eintal“.

Það er reyndar ótrúleg fylgni milli þeirra sem tala um „ofbeldi“ stjórnarandstöðunnar og þeirra sem tala um lýðræði og frjálslyndi og vilja ganga í Evrópusambandið. Það mætti halda að þetta þrennt sé óaðskiljanlegt. Er það virkilega þannig að skilyrði fyrir því að vera frjálslyndur lýðræðissinni sé að vilja ganga í Evrópusambandið og samþykkja allt sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur dettur í hug?

Nú er ég einn af þeim sem vildu og vil enn leyfa þjóðinni að kjósa um hvort hefja ætti viðræður við Evrópusambandið. Ég vildi líka og vil enn að þjóðin hafi síðasta orðið ef eitthvað kemur út úr viðræðum. Hinir sjálfskipuðu frjálslyndu lýðræðissinnar hafa hins vegar ekki svarað því hvers vegna þjóðin var ekki spurð í upphafi.

Ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar á þingi hafa brugðist og eiga þeir að axla ábyrgð á þess að draga alþingi með sér í svaðið.

# Kraftmikil uppgjöf Jafnréttisráðs

Jafnrétti




**Helga Guðrún Jónasdóttir**
formaður Kvenréttindafélags Íslands og fulltrúi í Jafnréttisráði


Fanney Gunnarsdóttir, fv. formaður Jafnréttisráðs, spyr hvort sú ákvörðun að afhenda jafnréttisviðurkenningu aðeins annað hvert ár sé til marks um uppgjöf hjá ráðinu (Fbl. 30.09. sl). Fanney spyr hvort Jafnréttisráð og velferðarráðherra telji að staða jafnréttismála sé það góð að árleg jafnréttisviðurkenning sé óþörf. Sjálf segist Fanney frekar vilja sjá ráðið draga fram gjallarhornið og ná eyrum landsmanna í stað þess að gefa svona eftir og hopa.

Mig langar í allri vinsemd og virðingu að benda Fanneyju á að það gæti vafist dálítið fyrir okkur hinum hvernig standa beri að þessari kraftmiklu framsókn sem hún boðar ef breyttar áherslur jafngilda að hennar mati uppgjöf. Ekki verður annað skilið á Fanneyju en að verkefnin framundan séu bæði ærin og brýn. Þar er ég henni hjartanlega sammála. Að svo sé komið, þrátt fyrir áratuga baráttu og streð, hlýtur að vera til marks um að gera megi betur. Með hliðsjón af því langar mig að spyrja Fanneyju: Er árangurinn sem við höfum náð að undanförnu svo afgerandi að endurskoðun eða endurmat á aðferðum eigi ekki rétt á sér? Hvaða árangri hefur árleg veiting jafnréttisviðurkenningar Jafnréttisráðs skilað á undanförnum áratug og er gefið að veiting annað hvert ár dragi úr gildi hennar?

Það er leitt að sjá hvernig jafnréttisbaráttunni og Jafnréttisráði er beitt fyrir flokkspólitískt dægurþras. Fátt hefur drepið kröftum baráttunnar jafn mikið á dreif og flokkslínur og ósamstaða um forgangsverkefni. Bráðnauðsynlegt er að við komum þessum mikilvæga málaflokki sem fyrst upp úr hjólförum pólitíska skotgrafahernaðarins.

Þar sem Fanney situr ekki fundi Jafnréttisráðs kann henni að vera ókunnugt um tildrög málsins, en með þessari breyttu tilhögun er ráðið að leitast við að styrkja rannsóknarverkefni á sviði kynjajafnréttis á háskólastigi. Ætla má að sátt ríki að mestu leyti um

> Að svo sé komið, þrátt fyrir áratuga baráttu og streð, hlýtur að vera til marks um að gera megi betur.

markmið jafnréttisbaráttunnar, en hver er raunveruleg staða kynjanna í íslensku samfélagi og með hvaða móti er best að takast á við kynjamisrétti? Er það ekki svo að þeim mun betur sem okkur tekst að kortleggja stöðu mála, þeim mun meiri árangurs getum við vænst?

Nú efast ég ekki um að Fanney styðji jafnréttissókn kvenna af heilum hug. Það er ég sannfærð um að hún geri og hér hlýtur því að vera um leiðan misskilning að ræða sem ég vona að hafi verið leiðréttur hér. Sé einhver uppgjöf í gangi hjá Jafnréttisráði, þá er það kraftmikil uppgjöf á þeim boltum sem eru á lofti í jafnréttisbaráttunni, sem mun vonandi verða til þess að við hittum betur í mark.



ÚTILÍF
NJÓTTU ÞESS AÐ VERA ÚTI
DIDRIKSONS. FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR.
MIKIÐ ÚRVAL AF DIDRIKSONS ÚLPUM FYRIR DÖMUR OG HERRA.
VERÐ: 29.990 KR.
EXPEDITION PARKA DÖMUÚLPA
Stærðir: 36-46
Litir: Rauð, Svört
VERÐ: 22.990 KR.
ISABELLE PARKA DÖMUÚLPA
Stærðir: 36–46
Litir: Svört, Rauð, Blá
VERÐ: 24.990 KR.
CELESTE PARKA DÖMUÚLPA
Stærðir: 36–44
Litir: Svört, Dökkgræn
TILBOÐ: 18.990 KR.
DIANE DÖMUÚLPA
Stærðir: 36–44
Litir: Svört, Rauð, Grá, Blá
Almennt verð: 23.990 kr.
VERÐ: 34.990 KR.
FROST PARKA HERRAÚLPA
Stærðir: S-3XL
Litir: Svört, Dökkgræn
TILBOÐ: 18.990 KR.
GILBERT HERRAÚLPA
Stærðir: S-3XL
Litir: Svört, Dökkgræn
Almennt verð: 24.990 kr.
VERÐ: 24.990 KR.
MATTHEW HERRAÚLPA
Stærðir: S-2XL
Litir: Blá
VERÐ: 19.990 KR.
COLBY HERRAÚLPA
Stærðir: S-2XL
Litir: Rauð, Svört
Tilboð gilda til 10. okt. 2011.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# Valdmörk forseta – efnið eða andinn

**Hlutverk forseta**

Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra og þingmaður



Í ræðu við setningu Alþingis sl. laugardag ræddi forseti Íslands tillögur stjórnlagaráðs. Um tillögur ráðsins sem varða forseta Íslands sagði hann: „tillögur, sem efla umsvif forsetans á vettvangi stjórnkerfisins, færa embættinu aukna ábyrgð.“ Ummæli forsetans í ræðunni um þessi efni hafa vakið viðbrögð. „Oftúlkun“, er haft eftir sumum. „Misskilningur“, segja aðrir. „Ekki í anda tillagnanna“, er fullyrt. Nú þekki ég ekki andann – bara efnið. Lítum því á orðin ein í texta tillagnanna og berum saman við tilvitnanir í ræðu forseta.

„Tillögurnar … færa embættinu aukna ábyrgð“, segir forseti. Þessi texti finnst hvergi hjá stjórnlagaráði. Ekki heldur texti um hið gagnstæða. Því verðum við að bera saman textann í ræðu forseta um tilfærð dæmi og textann í tillögum stjórnlagaráðs. Dæmi sanna ekki – en þau skýra.

### Óbreyttur málskotsréttur

Forseti segir: „Stjórnlagaráð leggur til að málskotsréttur forseta, sem kveðið er á um í 26. gr. núverandi stjórnarskrár, verði áfram óbreyttur“. Í 60. gr. frumvarps stjórnlaganefndar segir í upphafi 2. mgr.: „Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar“. Umhugsunarfrestur forseta er hér styttur frá núverandi ákvæðum en synjunarréttur hans hvergi takmarkaður. Ég fæ ekki séð að forseti oftúlki né mistúlki orðanna hljóðan. Túlkun hans styðst við efni máls.

### Ný valdsvið forseta

Forseti segir: „Þá þarf forseti að samþykkja val á dómurum og ríkissaksóknara og geta aðeins tveir þriðju hlutar Alþingis hnekkt ákvörðun forseta“. Hér er nýtt verkefni falið forseta. Í 3. mgr. 96. gr. í tillögum stjórnlagaráðs segir um þetta: „Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 hlutum atkvæða til að hún taki gildi.“ Ómögulegt er annað en að segja að túlkun forseta styðjist hér nákvæmlega við orðanna hljóðan.

Forseti segir: „Sérstakur fulltrúi forsetans skal og gegna formennsku í nefnd sem metur hæfni umsækjenda um önnur embætti og gerir tillögur um þau.“ Hér er líka nýtt verkefni falið forseta. Um þetta eru ákvæði í 96. gr. frumvarps stjórnarskrárnefndar. Þar er mælt svo fyrir um að sérstök nefnd skuli gera tillögur til ráðherra um skipan embættismanna. „Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar“ segir þar orðrétt. Ekkert í textanum hindrar að forseti geti tiltekið í skipan sinni að formaðurinn skuli starfa í samvinnu við hann – sem fulltrúi forseta í nefndinni. Ég fæ því ómögulega séð að hér misfari forseti með efnið.

### Óbundinn við tillögugerð

Þá segir forseti: „Hlutverk forseta við myndun ríkisstjórna tekur einnig mikilvægum breytingum; verður mun sjálfstæðara. Í stað þess að formenn stjórnmálaflokka móti valkosti forsetans eins og tíðkast hefur frá lýðveldisstofnun myndi forseti sjálfur hafa frumkvæði að viðræðum við einstaka þingmenn og þingflokka. Hann gerir síðan tillögur til Alþingis um forsætisráðherra og er þá ekki bundinn af því að velja þingmann til þessa embættis. Verði fyrsta tillaga forsetans ekki samþykkt hefur hann að nýju viðræður við þingmenn og þingflokka.“

> Hér er beinlínis verið að leggja fram uppskrift að átökum forseta og þjóðþings. Uppskrift að því hvernig slíkt gæti orðið.

Í gildandi stjórnarskrá eru engin fyrirmæli um hvernig forseti eigi að standa að stjórnarmyndunartilraunum enda talar forseti í ræðu sinni hér að framan um þau vinnubrögð sem TÍÐKAST HAFA. Frá þeirri hefð á nú að víkja samkvæmt frásögn forseta. Ný vinnubrögð á að innleiða. Og hver eru þau?

Um það eru ákvæði í 90. gr. í frumvarpi stjórnarskrárnefndar. Þar segir í upphafi 2. mgr.: „Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra“. Hvað merkir þessi setning? Hún hlýtur að merkja að það sé alfarið á forræði forseta við hvaða aðila á Alþingi Íslendinga forseti ráðfærir sig – hvort heldur sem er við einstaka þingmenn eða einstaka þingflokka – og líka um hvað. Á forseti að kalla heila þingflokka á sinn fund eða bara t.d. formenn þeirra? Það er á hans valdi. Og um hvað á hann að ráðfæra sig við þá? Því ræður hann. Honum ber t.d. engin skylda til þess að ráðfæra sig við þá um hugsanlegt forsætisráðherraefni, né að miða tillögugerð sína til Alþingis við einhvern eða einhverja þá einstaklinga, sem í ljós hefði komið að einhverjir þingflokkar eða einhverjir þingmenn í viðræðuteymi hans legðu til. Forseti hefur því algerlega óbundnar hendur og getur lagt til við þingið hvaða forsætisráðherraefni sem honum hugkvæmist jafnt utan sem innan þings nákvæmlega eins og forseti segir í þingsetningarræðunni. Ekkert í texta tillagna stjórnlagaráðs mælir gegn því. Um andann í tillögum stjórnlagaráðs ræði ég ekki. Sé hann ekki í textanum.

Hvað svo ef forseti gerir slíka tillögu samkvæmt eigin höfði og þingið ekki samþykkir tillöguna. Um það segir stjórnlagaráðið að þá „gerir forseti Íslands (aðra – innskot) tillögu með sama hætti“. MEÐ SAMA HÆTTI!

Ekki þá heldur er forseti bundinn af neinum ráðleggingum um tillögugerð sína – þarf ekki einu sinni að spyrja – en getur valið að gera tillögu um hvern þann einstakling sem honum hugnast. Og tíminn líður … Uppskrift að átökum

Í 3. mgr. umræddrar 90. gr. í frumvarpi stjórnlaganefndar segir svo: „Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna (frá kosningum – innskot) skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga.“ Tíu vikna fortakslaus frestur!

Það var og. Engir tímafrestir eru hins vegar gefnir um tillögugerð forseta. Því er honum í lófa lagið – ef hann svo kysi – að miða tillögugerð sína til Alþingis um nýjan forsætisráðherra landsins við að harla lítill eða jafnvel enginn tími yrði eftir til umþóttunar ef ekki yrði gengið að tillögum hans. Þá kæmi til nýrra kosninga! Í þriðju atrennu – ef til kæmi – getur forseti svo gert sína þriðju tillögu en þá geta þingmenn og þingflokkar einnig komið fram með sínar tillögur um forsætisráðherraefni þingsins – en aldrei fyrr. Hér er beinlínis verið að leggja fram uppskrift að átökum forseta og þjóðþings. Uppskrift að því hvernig slíkt gæti orðið.

Nú ætla ég engum getum að leiða að því hvort hér er meðvitað verið að auka völd forseta Íslands, skerða þau eða halda í jafnvægi. Læt öðrum það eftir. Ég segi einfaldlega að verið sé að fela forseta mörg ný verkefni og að ég fæ ekki séð neinar brotalamir á tilvitnuðum orðum forseta Íslands í þingsetningarræðu hans og á texta í frumvarpi stjórnlagaráðs. Efnið er þar í fullu samræmi við orð forseta – en um andann kann ég ekki að dæma. Þekki enda hvorki jarðanda né loftanda og er hvorki spíritisti né miðill.

RÝMINGARSALA Á NOTUÐUM OG NÝJUM FERÐAVÖGNUM!



HOBBY 560 UFe Excellent árg. 2010
Verð áður kr. 4.470.000
Tilboðsverð kr. 3.740.000



HOBBY 540 UL Prestige árg. 2011
Verð áður kr. 3.990.000
Tilboðsverð kr. 3.790.000



DESEO Family árg. 2011
Verð áður kr. 2.990.000
Tilboðsverð kr. 2.590.000



KNAUS Sport 450 FS árg. 2011
Verð áður kr. 3.495.000
Tilboðsverð kr. 3.295.000



Chalet AlphineA hús árg. 2007
Verð áður kr. 2.250.000
Tilboðsverð kr. 1.800.000



Palomino Colt árg. 2003
Verð áður kr. 1.050.000
Tilboðsverð kr. 800.000



Palomino Yearling árg. 2007
Verð áður kr. 1.700.000
Tilboðsverð kr. 1.400.000



Fleetwood Cheyenne árg. 2006
Verð áður kr. 1.690.000
Tilboðsverð kr. 1.500.000



Combi Camp Venezia árg. 2006
Verð áður kr. 650.000
Tilboðsverð kr. 540.000



Combi Camp Venezia árg. 2007
Verð áður kr. 690.000
Tilboðsverð kr. 590.000



Combi Camp Venezia árg. 2008
Verð áður kr. 790.000
Tilboðsverð kr. 690.000



Combi Camp Venezia árg. 2008
Verð áður kr. 790.000
Tilboðsverð kr. 690.000

Opið laugardag 12 til 16

VÍKUR VERK

VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS

www.husa.is

# *Allt fínt fyrir jólin*

**öll innimáning 25% afsláttur***




10 ltr.
**7.118,-**
~~9.490,-~~

VIÐ MÆLUM MEÐ

SVANURINN
fyrir umhverfið og heilsuna

**Jotun er umhverfisvæn málning**
Jotaproff er frábær veggmálning á herbergi og stofur.
Þekur mjög vel. Gljástig 7.
Með því að velja Svansmerkta málningu stuðlar þú að betra umhverfi og bættri heilsu fyrir þig og þína
7119866-74

# Núna er rétti tíminn til að mála



**Álstigi 3.3 m**
Einfaldur tólf þrep.
5078950

**7.695,-**
~~10.995,-~~

VIÐ MÆLUM MEÐ

**12.995,-**
~~17.955,-~~

VIÐ MÆLUM MEÐ

**Stigi/trappa**
2x8 þrep.
5078860

**öll innimáning 25% afsláttur***




10 ltr.
**6.446,-**
~~8.595,-~~

VIÐ MÆLUM MEÐ

SVANURINN
fyrir umhverfið og heilsuna

**Jotaplast loftamálning**
Gæða plastmálning á loft.
Gljástig 2.
7119808




1 ltr.
**2.246,-**
~~2.995,-~~

VIÐ MÆLUM MEÐ

SVANURINN
fyrir umhverfið og heilsuna

**25% afsláttur***

**Jotun Panellakk**
1 ltr. Lyktarlítið, fæst í glæru og hvítu, einnig hægt að blanda aðra liti.
7118501

**ANZA spartlspaðar 25% afsláttur***

ANZA



**Spartlspaðar**
Anza, gæða spartlspaðar.
7009770-78



**649**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Rúllusett og bakki**
10 cm.
7014812

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíkl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

KAUPLÁN **0%** VAXTALAUST LÁN
*Nánar á husa.is*

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Afsláttur gildir ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".**
**enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.**

**HÚSASMIÐJAN**

# Ekkert TAX FREE bara GOTT VERÐ

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarks

Kapalkefli 15 mtr
**4.290**

15 metra rafmagnssnúra
**2.995**

Kapalkefli 10 mtr
**2.990**

Rafmagnshitablásari 2Kw
**1.999**

SHA-3901
Loftljós flúor rakaþ.
1x18w 67,5x11,2cm
**2.865,-**

SHA-3901A
Loftljós flúor rakaþ.
2x18w 67,5x16,6cm
**3.395,-**

SHA-3902A
Loftljós flúor rakaþ.
2x36w 128x16,6cm
**5.595**

MARC-LEO1
Leo hillueining.
75x30x135cm.
4 hillur
**4.395,-**

10 metra rafmagnsnúra
**2.290**

Ljósahundur 60W
**2.190**

SHA-2625
Vinnuljóskastari
Rone 28W m. innst.
blár
**5.995**

SHA-0203
Vinnuljóskastari
500W m handf 1,8m
snúra
**2.195**

SHA-0206
Vinnuljóskastari 500W
á telescop fæti
**4.295**

SHA--SHI-218T
Vinnuljós m. tenglum
**7.900**

Rafmagnshita-
blásari 3Kw 1 fasa
**7.990**

Vinnuljós m/flúor peru 8W
**1.590**

10" **995**
12" kr. **1.195**
14" kr. **1.595**
16,5" kr. **1.795**
18,5" kr. **1.995**
21" kr. **2.195**
23,5" kr. **2.495**
26,5" kr. **2.795**

26W Vandað svart ál útiljós
36x17cm m/sparperu
**3.990**

Verkfærakista
með hjólum 20,5"
**1.998**

Ljósaperur
í úrvali,
frábært
verð!

Deka Tjöru og Olíuhreinsir 4 lítrar
**1.550**

Rúðuvökvi -18°C, 4 lítrar
**540**

Rúðuskafa
**390**

NAPOLI hitastýrt
baðkarssturtusett
**35.900**

KAI Granít
bílskúrsflís 33x33 cm
**1.975** pr. m²

Handklæðaofn
50x80 boginn, króm
**14.890**

DREGLAR Breidd: 66 cm
Verð pr. lengdarmeter
**1.495,-**

KRANAR OG
HITASTILLAR FRÁ
Danfoss

MIKIÐ ÚRVAL
ÞILOFNA

EURONORM
EN 442

VitrA
QUALITY
Grand Scandinavia m. setu
**25.900**

MEIJ-2029
Verkfærakista
á hjólum 24"
**4.995**

Sturtuhreinsir 0,5L
**1.395**

Stálvaskur 87x49 cm 1.2mm
**29.990**

Reginox Stálvaskur 85x48 cm
**14.900**

HAAS-6205 Skolvaskur
**9.900**

OVA handlaug 45x35 cm
**3.900**

CERAVID WC- Kassi
hnappur og seta.
Þýsk gæðavara.
**38.900**

Fúgu hreinsir 500ml
**1.295**

Öflugur stíflueyðir
**1.195**

NAPOLI hitastýrð
blöndunartæki
f. baðkar
**12.900**

6 mm Hert
öryggisgler

Sturtuklefi 80x80x195cm
með botni, vatnslás og botnventli
**39.900**
STURTUSETT FYLGIR

Einnig fánlegur í 90x90x195cm SAMA VERÐ
Fæst einnig í rúnnaðri útfærslu

MILAN sturtuhorn
80x80 cm með botni
**22.900**

Stálvaskur 43x76 cm **6.990**

Stálvaskur ø 38 cm
**5.990**

ADELL sturtusett
**2.595**



FYRIR ALLA – ALLTAF
verði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!
1400W
360 min/lit/klst
Þolir 50C heitt vatn
5 metra barki
Sápubox
Black&Decker
háþrýstidæla 110 bar
15.900,-
Rafhlöðuborvél, HDA2544
18V
17.900,-
Rafmagnsborvél,
HDA 310 850w
11.990,-
NOVA TWISTER 4,8V
Skrúfvél og skrúfbitar
1.790,-
Verkfærasett
5 hlutir
295 kr.
Ryk/blautsuga
15 lítrar HKV 1000w
18.900,-
Slípirokkur
HDA 436 1050w
7.490,-
DURATOOL
Rafhlöðuborvél 18V
2.990,-
Flísasög 800w,
sagar 52 cm
17.990 kr.
LED Bílavasaljós
1.999
Súper lím
249
Brotblaðshnífur 18mm
295
Voltech 4 stk
AA alcaline rafhlöður
270
Bómullarbolir
1.299
Mako sterkir ruslapokar
120 lítrar 10stk
390
50 metra fiber málband
1.990
Mako fægiskófla & handkústur
490
Truper topplyklasett
3.990
TIA-JM-3340
Bílaþvottakústur
1.795,-
Meister ruslapokar
120 lítrar 25 stk
999
Framlengingarskaft
fyrir rúllur
295
Flísjakki með hettu
kr. 6.450
Úlpa með hettu + flíspeysu
kr. 12.990
Vinnbuxur
9.990
Clou vinnuhanskar
399
Pretul lukt
790
Áltrappa 4 þrep
4.990
Ath. margar stærðir
Áltrappa 5 þrep
5.990
Ath. margar stærðir
Deka Pro 4. Loft og
veggjamálning. 10 lítrar
5.390
Deka Pro 10
Innimálning. 10 lítrar
5.995
Aqua 25 innimálning á böð
4 lítrar
3.995
COL-73003 Gólflakk 3 L
3.795
Veggspartl medium
3 lítrar
1.595
Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. 1 liter
1.595
Deka festifrauð
750 ml
985
LF Veggspartl
0,5 lítrar
765
Deka Límkýtti
300ml
790
Bakki, grind og 2 stk
12cm málningarrúllur
395
DekaCryl 7
Innimálning. 10 lítrar
5.490
25cm Málningar-
rúlla og grind
525
Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Suðurnes Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Húsavík Garðarsbraut 50. Opið virka daga kl. 8-18
Vestmannaeyjar Flatir 29. Opið virka daga kl. 8-18
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



71 **BRITT EKLAND** leikkona er 71 árs.

*„Hinn fullkomni maður er ekki til. Það er auðveldara að finna sér góðan eiginmann.“*

## Merkisatburðir

1659 Hollenskt kaupskip sekkur í höfninni í Flatey á Breiðafirði.
1863 Stofnað er félag til að byggja sjúkrahús í Reykjavík. Konur safna fyrir sjúkrahúsinu, sem tekur til starfa við Aðalstræti árið 1866.
1895 Vígt er samkomuhús Hjálpræðishersins í Reykjavík. Húsið er gamli spítalinn við Aðalstræti.
1919 Lög sett um stofnun Hæstaréttar á Íslandi. Hann tekur til starfa um miðjan febrúar 1920.
1942 Húsmæðrakennaraskóli Íslands tekur til starfa undir stjórn Helgu Sigurðardóttur.
1961 Minnst er hálfrar aldar afmælis Háskóla Íslands og er Háskólabíó vígt við það tækifæri. Þar var lengi stærsta bíótjald í Evrópu, um 200 fermetrar.



*Eiginmaður minn og faðir okkar,*

**Ólafur Pálsson**
verkfræðingur,
Brekkugerði 4,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 4. október.

**Anna Sigríður Björnsdóttir**
**Björn Ólafsson**
**Sigríður Ólafsdóttir**
**Marta Ólafsdóttir**
**Unnur Ólafsdóttir**
**Páll Ólafsson**
**Kjartan Ólafsson**
**Sveinn Ólafsson**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Björnsdóttir Blöndal**
frá Siglufirði,

andaðist að morgni 28. september á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 7. október kl. 13.00.

**Ólöf Birna Blöndal** — **Sveinn Þórarinsson**
**Jósep Ó. Blöndal** — **Erla Harðardóttir**
**Ásbjörn Ó. Blöndal** — **Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Sigurður Ó. Blöndal** — **Linda Björk Guðmundsdóttir**
**Guðrún Ó. Blöndal** — **Friðrik Jón Arngrímsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sverrir Sigurðsson Svavarsson**
Suðurgötu 18b, Sauðárkróki,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 27. september 2011. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 8. október n.k. kl. 11.00.

**Sigrún G. Halldórsdóttir**
**Magnús Sverrisson** — **Ásta P. Ragnarsdóttir**
**Jóhann M. Sverrisson** — **Leidy Karen Steinsdóttir**
**Halldóra Ragna Einarsdóttir** — **Gunnlaugur Eiðsson**
**Gísli Arnar Elínarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


**ÞETTA GERÐIST:** 6. OKTÓBER 1979

## Páfinn í Hvíta húsinu



Á þessum degi árið 1979 varð Jóhannes Páll páfi II fyrstur páfa til að stíga fæti inn í Hvíta húsið í Washington. Fundur hins 39. forseta og 264. rómverska páfa vakti nokkra athygli en í tvö hundruð ára sögu Bandaríkjanna höfðu fáir stjórnmálamenn viljað láta bendla sig við kaþólsku kirkjuna opinberlega.

Um fjörutíu þúsund manns komu saman til að berja páfann augum þegar hann hélt messu fyrir um þúsund presta við dómkirkju St. Matthews áður en hann hélt til Hvíta hússins þar sem hann dvaldi síðasta daginn af ferðalagi sínu um sex bandarískar borgir. Carter forseti ávarpaði páfann á móðurmáli hans, pólsku. Þá biðluðu þeir til heimsins um kjarnorkuafvopnun og aukna hjálp til þróunarlanda. Athöfnin fór friðsamlega fram en hálfum tíma fyrir heimsókn páfa var maður handtekinn sem hafði í fórum sínum þrjár byssur og hníf.

Páfinn hitti Carter forseta á ný ári síðar og það ár bauð hann Elísabetu Englandsdrottningu velkomna í Vatíkanið. Árið 1998 hafði Jóhannes Páll páfi annar heimsótt yfir hundrað lönd og farið hringinn í kringum hnöttinn 27 sinnum.

LANDSSÖFNUN Í BEINNI ÚTSENDINGU: FYRIR VIÐGERÐUM Á SEM-HÚSINU

# Mikilvægt svo íbúum líði vel

Á morgun, föstudaginn 7. október, mun Stöð 2 vera með beina söfnunarútsendingu frá Listasafni Íslands í samstarfi við SEM samtökin, Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra. Safnað verður fyrir viðgerðum á húsnæði sem þjóðin gaf SEM samtökunum árið 1989 í söfnunarútsendingu sem jafnframt var sú fyrsta í sjónvarpssögunni hérlendis. Nauðsynlegar viðgerðir á húsinu eru orðnar aðkallandi en það liggur undir skemmdum. Áhugahópur um bætta umferðarmenningu tekur þátt í söfnuninni en meðlimir hópsins stóðu að söfnuninni árið 1989.

„Þegar ég slasaðist árið 1980 bjó ég á Grenivík og starfaði sem sjómaður,“ segir Víðir Þorsteinsson en afleiðingar umferðarslyss fyrir Víði voru þær að hann lamaðist fyrir neðan brjóstkassa. Víðir starfar sem hugbúnaðarsérfræðingur hjá HugurAx og hefur gert í 30 ár. Hann var fyrsti íbúi húsnæðisins að Sléttuvegi 3 og starfaði um tíma sem formaður SEM.

„Eftir að hafa dvalið á Borgarspítalann fór ég á Grensásdeild þar sem ég var í endurhæfingu í eitt og hálft ár. Þá flutti ég aftur á Grenivík en var aðeins í mánuð. Það kom fljótt í ljós að það var ómögulegt fyrir mig að vera þar því aðgengið var ekki til staðar og mikill snjór.“ Þegar Víðir kom í bæinn fékk hann pláss í húsnæði Sjálfsbjargar, í 10 fermetra herbergi, þar sem hann dvaldi í átta ár. Þar kynntist hann eiginkonu sinni en hún bjó sjálf á Fálkagötu. Þá voru aðstæður þannig að Víðir fékk hjálp lögreglunnar við að heimsækja hana, sem bar hann upp á aðra hæð þar sem hún bjó. „Ég var góðkunningi lögreglunnar,“ segir Víðir og brosir. Þegar Víðir fékk íbúð í SEM-húsinu fluttu þau hjónin inn ásamt þá tveggja ára syni sínum, Friðjóni Víðissyni.

„Við fluttum inn árið 1991, um leið og þeir hleyptu okkur inn. Þetta breytti öllu. Strákurinn okkar fékk sitt eigið herbergi í þriggja herbergja íbúð. Ég var heppinn og hef alltaf getað unnið og eftir tíu ár vorum við búin að ná að safna okkur fyrir eigin húsnæði. Það eru ekki allir það heppnir að geta unnið eftir mænuskaða og íbúar hússins þurfa á því að halda að húsnæðið sé lagfært.“



**ILLA FARIÐ** „Skemmdir komu fljótlega í ljós og það fór strax að vera kostnaður við að laga svalir og annað. Eftir að ég flutti í burtu og kom í heimsókn eftir dálítinn tíma fékk ég algert sjokk við að sjá hvað húsið var illa farið og nokkrar íbúðir hreinlega óíbúðarhæfar,“ segir Víðir Þorsteinsson, fyrsti íbúi SEM-hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Víðir segir andrúmsloftið hafa verið afar gott í húsnæðinu og öll aðstaða létt fjölskyldunni lífið sem og öðrum íbúum hússins. Hins vegar komu gallar á húsnæðinu sjálfu fljótt í ljós. „Skemmdir komu fljótlega í ljós og það fór strax að vera kostnaður við að laga svalir og annað. Eftir að ég flutti í burtu og kom í heimsókn eftir dálítinn tíma fékk ég algert sjokk yfir að sjá hvað húsið var illa farið og nokkrar íbúðir hreinlega óíbúðarhæfar.“

Þeir sem lenda í alvarlegum slysum og hljóta mænuskaða búa sjaldnast í húsnæði sem hentar hjólastólum. „Maður veit aldrei hvað gerist. SEM samtökin eru ein af fáum samtökum þar sem við vonumst eftir að fá sem fæsta meðlimi í en það veit enginn hvað gerist hjá manni sjálfum eða fjölskyldumeðlimum. Áður fyrr voru þetta bara umferðarslys en sumir íbúar SEM hússins hafa lent í hestaslysi, skíðaslysum og slasast í sundlaugum þótt flestir séu lamaðir eftir umferðarslys.

Þarna er frábær aðstaða svo sem bílskýli með aðgengi beint í lyftu en það þarf að gera húsið þannig að íbúum líði vel í því.“

Víðir skorar á þá sem lent hafa í slysum og lamast að hafa samband við SEM samtökin sem séu boðin og búin til að létta undir með fólki og svara spurningum og aðstoða.

Í útsendingu föstudagskvöldsins geta landsmenn hringt beint inn í söfnunina eða gefið ákveðna upphæð með því að hringja í símanúmer og verður þá tiltekin upphæð skuldfærð á símreikning viðkomandi. juliam@frettabladid.is

# Sindri hlaut verðlaun Tómasar

Sindri Freysson hlaut í gær Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir ljóðahandritið Í klóm dalalæðunnar. Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík, afhenti Sindra verðlaunin við hátíðlega athöfn í Höfða.

Í umsögn dómnefndar segir meðal annars að Í klóm dalalæðunnar sé „full af sprengikrafti hugmynda, sjónarhorna og myndmáls, en hún stígur ekki fram með þann kraft sem skjöld sinn heldur leyfir honum að lifa á bakvið orðin. Þaðan kemur hin mikla vigt bókarinnar – í því hversu ríkulega lesandinn sjálfur fær að seilast í skilninginn upp á eigin spýtur.“ Alls bárust 52 handrit að þessu sinni en í Í dómefnd sátu Davíð Stefánsson, Bragi Ólafsson og Ingibjörg Haraldsdóttir.

Í verðlaun hlýtur Sindri 600 þúsund krónur en Í klóm dalalæðunnar kom út á bók á vegum Veraldar í gær.

Sindri Freysson er fæddur árið 1970. Fyrsta skáldsaga hans, Augun í bænum, kom út 1998, en einnig liggja eftir hann verk á borð við Flóttann og Sögu mæðra minna. Sindri sendi síðast frá sér Ljóðveldið Ísland, þar sem hann túlkaði sögu íslenska lýðveldisins frá upphafi til hrunsins í ljóðformi.



**VERÐLAUNAHAFI** Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, afhenti Sindra Freyssyni Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundsssonar.

# STÓRVIRKI

## SEM BRÝTUR BLAÐ Í MENNINGARSÖGU ÍSLANDS




*Íslensk listasaga er fimm binda verk sem spannar tímabilið frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar.*

UM 1400 SÍÐUR | Á ANNAÐ ÞÚSUND LITLJÓSMYNDIR | VÖNDUÐ OG GLÆSILEG ÚTGÁFA

*Verkið er gefið út í samstarfi við Listasafn Íslands.*
*Í tilefni útgáfunnar stendur safnið að yfirlitssýningunni ÞÁ OG NÚ.*

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND

# Töfrandi tónlist í tákni og tónum

Félag heyrnarlausra heldur tónleika fyrir heyrandi og heyrnarlausa í Langholtskirkju í kvöld klukkan 20. Eru tónleikarnir haldnir í tilefni af viðurkenningu íslenska táknmálsins til jafns við íslenska tungu.

Tónleikarnir bera yfirskriftina Töfrar tónlistar á táknmáli en þar er tónlistarflutningur landsþekktra tónlistarmanna einnig útfærður og fluttur á táknmáli. Samflutningurinn gefur texta tónlistarinnar nýjar víddir en tónlist, flutt á táknmáli er falleg tjáning á innihaldi textans og saman myndast einstök upplifun almennings á tónlistinni og hvernig heyrnarlausir upplifa fallegan flutning með tjáningu táknmálsins. Meðal þekktra tónlistarmanna sem koma fram eru Gunnar Þórðarson, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Egill Ólafsson, Páll Rósinkranz og Ellen Kristjáns ásamt fleirum.

Miða má nálgast á www.midi.is. - sg



# Hjúkrunarfræðingar í Írak

Þrír íslenskir hjúkrunarfræðingar eru nú við störf í Írak á vegum Rauða kross Íslands. Nýverið hóf Hólmfríður Garðarsdóttir, hjúkrunarfræðingur Rauða kross Íslands, störf á vegum Rauða krossins í Kúrdahéruðum í Írak. Auk Hólmfríðar eru Áslaug Arnoldsdóttir og Magna Björk Ólafsdóttir við verkefni í Írak á vegum Rauða krossins.

Hólmfríður er einn reynslumesti sendifulltrúi Rauða kross Íslands. Hún hefur meðal annars starfað á vegum Rauða krossins í Afganistan, Bosníu-Hersegovínu, Tansaníu, Norður-Kóreu, Súdan, Íran, Indónesíu, Mósambík og Malaví. Hún hefur meistaragráðu í lýðheilsu í þróunarlöndum.

Meginverkefni Hólmfríðar í Írak verður að fylgjast með frumheilsugæslu á svæðinu ásamt því að heimsækja fangelsi og huga að velferð fanga.

Á síðasta ári heimsóttu starfsmenn Alþjóða Rauða krossins 23.000 fanga í haldi yfirvalda í Írak og 3.500 í haldi stjórnvalda í Kúrdahéruðum. Þá hefur Rauði krossinn þjálfað hundruð lækna og hjúkrunarfræðinga í landinu.



**Á FÆÐINGARDEILD Í ÍRAK** Hólmfríður Garðarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, mun fylgjast með frumheilsugæslu ásamt því að heimsækja fangelsi og huga að velferð fanga.




SEEDS-sjálfboðaliðar raða sér upp með fánann á Degi án ofbeldis.

# Fáninn minnir á ár sjálfboðaliðans

Í tilefni af ári sjálfboðaliðans standa meðlimir Alliance, alþjóðlegra regnhlífarsamtaka um sjálfboðaþjónustu, fyrir farandfána sem gengur milli 38 sjálfboðaliðasamtaka í 26 mismunandi löndum í Evrópu, Ameríku, Asíu og Afríku. Þetta er gert til þess að fagna framlagi sjálfboðaliðaþjónustu samfélaga, hópa fólks og einstaklinga.

Undanfarið hafa sjálfboðaliðasamtökin SEEDS verið með fánann og tekið þátt í ýmsum verkefnum. Til dæmis var fáninn á lofti á degi án ofbeldis 2. október. Þá gáfu SEEDS-sjálfboðaliðar heitt kakó og aðstoðuðu við skipulagningu þegar fjöldi fólks kom saman til að mynda mannlegt friðarmerki með blysum.

Fáninn var sendur af stað frá Jerevan í Armeníu í mars og mun ferðast til landa sem eru meðlimir Alliance í Evrópu, Ameríku, Asíu og Afríku. Frá Íslandi mun fáninn fara til Tyrklands en ferðinni lýkur í Bretlandi í nóvember.

SEEDS leggur áherslu á þá miklu vinnu sem sjálfboðaliðar samtakanna leggja til hér á landi en samtökin taka á móti um 1.000 manns frá ýmsum löndum í 100 mismunandi verkefni víðs vegar um landið sem öll snúast um umhverfis- eða menningarmál á einn eða annan hátt. Þeim sem vilja kynna sér betur sjálfboðaverkefni SEEDS er bent á heimasíðuna www.seeds.is.

# Aríur eftir Beethoven og Händel

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna næstkomandi sunnudag, 9. október, verður flutt tónlist eftir Beethoven og Händel. Á tónleikunum kveður sér hljóðs ný söngkona, Valdís G. Gregory, og syngur aríur eftir Beethoven og Händel. Efnisskráin er römmuð inn með Coriolan-forleiknum eftir Beethoven, forleiknum að óperunni Júlíus Cesar og Vatnasvítu nr. 2 eftir Händel. Stjórnandi á tónleikunum er Oliver Kentish.

Þetta eru fyrstu tónleikar 22. starfsárs hljómsveitarinnar en hún hefur starfað óslitið síðan 1990. Tónleikarnir eru haldnir í Seltjarnarneskirkju og hefjast klukkan 17.

Aðgangseyrir er 2.000 krónur, afsláttarverð er 1.000 krónur fyrir nemendur og eldri borgara, frítt fyrir börn.



Sinfóníuhljómsveit áhugamanna er að hefja 22. starfsár sitt.



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þuríður Ólafsdóttir**
Garðabæ,

sem lést á heimili sínu 25. september, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju föstudaginn 7. október kl. 15.

**Magnús Guðjónsson**
**Guðjón Magnússon**
**Ólafur Magnússon** **Tamara Suturina**
**Jóhann Magnússon** **Kristín Björg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Bróðir minn og mágur,*

**Ingi Jóhann Marinósson**
Álfaskeiði 64, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala Hafnarfirði 16. september sl. Að ósk hins látna hefur útförin farið fram í kyrrþey. Við sendum starfsfólki St. Jósefsspítala alúðar þakkir fyrir einstaka umönnun og einnig þeim sem með heimsóknum og vinsemd aðstoðuðu hann í veikindum hans.

**Erla Eiríksdóttir, Sigurður Hallgrímsson.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og sambýliskona,*

**Theódóra G. Gunnarsdótttir**

lést á Landspítala Fossvogi að morgni þriðjudags 4. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Gunnar Georg Smith** **Ingibjörg Jensdóttir**
**Ásbjörn Ketill Ólafsson**
**Guðný Ósk Ólafsdóttir** **Kristinn Kristinsson**
**Kjartan Þór Ólafsson**
**Sigrún Sif Kristjánsdóttir** **Helgi Alexander Sigurðarson**
**Gunnar Loftsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María J. Jakobsdóttir**
Víðivangi 12, Hafnarfirði,

sem lést að heimili sínu sunnudaginn 2. október, verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 11. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Fríkirkjunnar í Hafnarfirði, sjá nánar á frikirkja.is

**Jóhann G. Bergþórsson** **Arnbjörg G. Björgvinsdóttir**
**Kristján G. Bergþórsson** **Sóley Örnólfsdóttir**
**Bergþóra M. Bergþórsdóttir** **Björn Sveinsson**
**Steindóra Bergþórsdóttir** **Sæmundur Stefánsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



*Okkar ástkæri*

**Jónatan Sigurðsson**
frá Hólmavík,
Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést föstudaginn 30. september á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 10. október kl. 13.00.

**Vilborg Birgisdóttir** **Unnsteinn Marvinsson**
**Eygló Birgisdóttir** **Auðunn Leifsson**
**Sigurbjörg Birgisdóttir** **Arnar Tryggvason**
**Steinlaug Birgisdóttir** **Gunnar Kristjánsson**
**Guðrún Birgisdóttir** **Eyjólfur Ólafsson**
**og aðrir aðstandendur.**



*Innilegar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**dr. Sigríðar Þóru Valgeirsdóttur**

**Ingólfur Hjörleifsson**
**Sigríður Hjörleifsdóttir og Kristján G. Sveinsson**
**Dagmar Vala Hjörleifsdóttir og Halldór Jónsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, bróðir og mágur,*

**Jón Lárusson**
Brekkubyggð 35, Garðabæ,

sem lést 30. september á líknardeild Landspítala Kópavogi, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju Garðabæ föstudaginn 7. október kl. 13.

**Sigríður Guðjónsdóttir**
**Hrefna Lárusdóttir Kvaran** **Ragnar G. Kvaran**
**Anna Margrét Lárusdóttir** **Jónas Hallgrímsson**



**Fyrirsæta sýnir framúrstefnulegan klæðnað** úr smiðju indverska hönnuðarins Manish Arora í París. Múnderingin er hluti af næstu vor- og sumarlínu Paco Rabanne.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457


STÆKKAR ÞIG UM NÚMER !!



teg 42026 - rosa flottur í B C skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur

*MISTY er á ferð um landið, núna erum við á HÚSAVÍK hjá Önnu Rúnu í síma 895-6771 og á HÖFN hjá Hóffy í síma 861-6445, sjá nánar auglýsingu í staðarblöðum.*



Eirberg



Æfingaboltar

Bjóðum gott úrval æfingabolta í mörgum stærðum.
Henta vel í margskonar æfingar.

Verð frá: 2.980 kr.

sissel

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is





ÁTT ÞÚ ERFITT MEÐ AÐ FINNA ÞÉR BUXUR SEM PASSA VEL?

Erum með frábært úrval af klæðilegum buxum í stærðum 34-46.

Verð 13.990 kr.

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook


Gísli Ásgeirsson, þýðandi og hlaupari með meiru, hleypur í bleikum bol með rauðan höfuðbúnað.

# *Hlaupagalli sem fer ekki framhjá neinum*



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Langflestir félaga minna eru í álíka skærum jökkum og ég er í til að bílstjórar sjái okkur og ef við hnígum niður einhvers staðar úti í móa. Svartklæddur er maður eins og hvern annar steinn. Við verðum að vera sýnilegir,“ segir Gísli Ásgeirsson þýðandi, sem kemur víða við í heimi íþrótta. Svo eitthvað sé nefnt hefur hann verið ritari Félags maraþonhlaupara frá upphafi, æfir með og situr í stjórn Þríþrautardeildar Sundfélags Hafnarfjarðar og er meðlimur í Hjólreiðafélaginu Bjarti, Félagi 100 km hlaupara og ungmennafélagi. „Ég er úti um allt vegna þess að þetta er eitt af mörgum áhugamálum mínum.“

Hlaupagallinn hans Gísla fer ekki framhjá neinum, en auk þess sem hann er meðvitaður um sýnileikann er hann nýtinn, lærði það ungur í sveitinni að láta hlutina endast. Dýjamosagrænn vindjakkinn hans, af óþekktum uppruna, er kominn til ára sinna eins og allt hans hlaupadót en það þjónar tilgangi sínum.

;FRAMHALD | 3


Notalegir svefnsófar og hægindastólar

Ný sending

12 mánaða vaxtalausar greiðslur



Frá 269.900,-





Íslenski svefnsófinn
329.900.-



169.900.-



Lyftustóll
frá 129.900.-



Tiboð 3+2 sett
259.870.-



59.900,-

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**Óhætt** er að segja að rómantíkin hafi svifið yfir vötnum þegar vor- og sumarlína Valentino var sýnd í Parísarborg í vikunni. Klassískar pífur og blúndur voru áberandi í bland við blómamynstur og ljúfa liti.



# Feður með fima fingur

**Tækniskólinn stendur fyrir námskeiði um helgina þar sem feðrum er kennt að binda í hárið á dætrunum. En er virkilega þörf á? Fréttablaðið kannaði hversu vel að sér pabbar eru í þessum framandi fræðum.**

## Æfingin skapar meistarann

Sverrir Þór Sverrisson, betur þekktur sem Sveppi, þarf oft að leysa flókin verkefni. Hann virtist þó ekki eiga í teljanlegum vandræðum með að flétta dóttur sína, hana Þórdísi Kötlu 8 ára.

„Þetta var kannski ekkert sérstaklega vel gert þar sem þetta hefur verið svolítið í verkahring móðurinnar. Mér veitti greinilega ekkert af smá æfingu. Maður verður að taka viljann fyrir verkið. Annars er bara best að kenna börnunum þetta sjálfum snemma. Þá þarf maður ekki að standa í því að búa til fléttur alla daga,“ sagði hann léttur í lund en sú stutta skemmti sér konunglega yfir öllu saman.



Feðgin á góðri stundu.



Hér fléttar Óskar Sigrúnu. Hann segir mæður oftast sjá um hár dætra sinna en að feður hafi jafngott og gaman af því, enda notaleg samverustund sem fylgi fléttingum. Í baksýn er Júlía. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fléttaði hesta í sveitinni

Óskar Jónasson kvikmyndagerðarmaður var sex ára þegar hann var fyrst sendur sumarlangt í sveit og eyddi þar næstu tíu sumrum.

„Í sveitinni lærði ég fléttur af stórum krakkahópi sem fléttaði bæði föx og tögl hestanna á bænum,“ segir Óskar þar sem hann fléttar í fyrsta sinn dæturnar Júlíu 8 ára og Sigrúnu á sjötta afmælisdegi hennar.

„Stelpurnar eru svo hársárar að ég hef látið eiga sig að grúska í hári þeirra. Nú kemur í ljós að ég hef engu gleymt og útkoman bara ágæt,“ segir hann ánægður og dæturnar einnig með pabba sinn.

„Mig langar að geta fléttað betur því vinur minn er afar klár í hári og greiðir dætrum sínum í bak og fyrir með föstum fléttum og fleiru sem mér þykir öfundsvert,“ segir Óskar og leggur lokahönd á gamladags, fallegar fléttur sem hann batt saman út frá tagli.

„Sem einstæður faðir þarf ég að vera húsbóndi og húsmóðir og kunna ýmislegt fyrir mér. Fléttur eru margslungnar eins og ég komst að þegar ég myndskreytti barnabókina okkar Evu Maríu, en þá þurfti ég að biðja Matthildi dóttur okkar að flétta sig og skoðaði fléttuna með nákvæmni til að finna út stærðfræðina í munstrinu. Síðan horfi ég mikið á fléttaðar konur.“ *- þlg*

## Takmarkið er að læra að gera fastafléttu

Gunnar Hansson leikari hefur langa reynslu í hárgreiðslu dætra sinna og segir takmarkið að ná því að gera fastafléttu.

„Ég á dóttur sem er að verða átján ára og er mikill fullkomnunarsinni,“ segir Gunnar. „Þegar hún var lítil hikaði hún ekki við að rífa teygjuna úr ef henni líkaði ekki útkoman. Og ég mátti gjöra svo vel að byrja upp á nýtt. Oft þurfti margar tilraunir og þetta reyndi mikið á þolinmæðina. En ég lærði af þessu og var orðinn bara nokkuð góður hárgreiðslumaður.“

Yngri dóttirin, Emilía Álfsól, er þriggja ára og ekki orðin það síðhærð að hægt sé að flétta, en Gunnar segir ekki síður vandasamt að greiða svona stutt hár. „Ég kann ekki alveg nógu vel á þessa sídd. En þetta er að koma og ég er spenntur að fá að spreyta mig aftur á hárgreiðslunni.“ *- fsb*



Ekki er síður vandasamt að greiða stutt hár segir Gunnar. Emilía Álfsól lætur sér fátt um finnast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Kynning - auglýsing**

# Gamlar gersemar fyrir þemapartí og tískudrósir

**Fatamarkaður Spúútnik á Laugavegi 118 hefur til sölu notaðan tískufatnað á frábæru verði. Þar finnur þú búning fyrir þemaveisluna eða grefur upp gamlar gersemar líkt og á erlendum flóamarkaði.**

Fatamarkaðurinn var opnaður í desember á síðasta ári í kjallara á Laugavegi 118 og hefur fengið góðar móttökur frá upphafi. Agnes Björt Andradóttir, sem situr vaktina í Fatamarkaði Spúútnik, segist finna fyrir mikilli ánægju meðal viðskiptavina.

„Margir koma til mín og segja að það hafi vantað verslun með ódýr föt fyrir þemapartí, þemaböll og aðrar slíkar samkomur. Aðrir gleðjast yfir því að geta fundið notaðan tískufatnað á verði sem þekkist ekki nema á flóamörkuðum.“

Breiður hópur viðskiptavina sækir verslunina, útlendingar jafnt sem Íslendingar og fólk á öllum aldri.

„Við höfum líka eitthvað fyrir alla. Við erum með diskókjóla, jólavesti, kúrekastígvél og bara föt frá öllum tímabilum á góðu verði. Ekkert kostar yfir 5.000 krónum, allir kjólar eru á 3.000 krónur, töskur á 1.500 krónur, bakpokar á 2.000 krónur, hlýjar vetrarpeysur á 2.500 krónur og vesti á 500 krónur.“

Góður andi ríkir í versluninni og gleðst fólk þegar það kemur inn í þennan ævintýralega kjallara á móti Hlemmi.

„Þú sérð í augunum á fólkinu að það er að koma inn í einhverja fjársjóðskistu,“ segir Agnes og bætir við að fólk gleymi sér í versluninni og margir missi af strætó. Það er ekki að furða enda mikið úrval fatnaðar fyrir bæði kynin. Agnes getur þess að sérstök deild fyrir karlmenn sé í versluninni og er stefnt á að stækka hana á næstunni.

Aðstandendur kvikmynda og leiksýninga hafa tekið búningamarkaðnum fagnandi. Einnig hafa komið hingað stórir hópar í leit að búningum fyrir þemaböll í skólum svo sem hiphop-böll og diskóböll.

„Hið þekkta 85‘ ball í Menntaskólanum í Sund er á næsta leiti og við erum sko með nóg af fötum í þeim anda, bæði fyrir vikuna og ballið.“

Nýjar vörur eru settar fram daglega á þennan litskrúðuga fatamarkað sem er opinn alla daga nema sunnudaga frá klukkan 12 til 18.



Agnes veitir fólki iðulega hjálp við að setja saman búning fyrir ýmis þemapartí og böll. MYND/STEFÁN



Notaður tískufatnaður á frábæru verði er til sölu í þessum ævintýralega kjallara á móti Hlemmi.



Framhald af forsíðu

„Svörtu hnébuxurnar eru 20 ára gamlar, keyptar á útsölu í Kaupfélagi Hafnarfjarðar, og eiga að endast í 20 ár í viðbót. Einu sinni voru þær síðar en svo klippti ég af þeim. Eftir það töldust þær tískuslys í nokkrar vikur en svo jafnaði nærsamfélag mitt sig á þeim. Öðru hverju verð ég þó var við óhug samborgara minna, sem eru viðkvæmir fyrir útliti annarra. Höfuðbúnaður er þá rautt sorgarband merkt föllnum banka, til minningar um hrunið. Af því er oft táknrænn óþefur. Almennt hleyp ég í „dry-fit“ peysum merktum Félagi maraþonhlaupara og á margar slíkar, sem allar eru eldri en 10 ára. Þær eiga að duga þar til íþróttaferli mínum lýkur eftir 44 ár. Þá stendur til að fara í golfið.“

Í bleika bolnum leynist hugsjón. Bæði vill Gísli hefja litinn aftur til vegs og virðingar þar sem hann hafi sett niður undanfarið en einnig er tilgangurinn að leggja áherslu á jafnréttisleg gildi hlaupa, þar sem femínismi í verki ræður ríkjum. Í Skokkhópi Garðabæjar, sem Gísli þjálfar, er núna fullkomið jafnvægi milli kynja.

„Um langhlaup og femínisma má annars lesa á vefsetrinu knuz.is, þar sem ég tjái mig reglulega,“ segir Gísli, sem auk þess að skrifa þar þýðir meðal annars skýrslur, sértækt fræðsluefni, kvikmyndir og þætti fyrir sjónvarp. Knuzið varð til í kjölfar þess að félagi Gísla og annarra penna á vefsíðunni, Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson, lést í sumar, en hann hafði skrifað bloggfærslur, meðal annars um femínisma, frá árinu 2003.

„Ég lít á mig sem femínista og get ekki verið annað bara vegna þess að mér finnst það heilbrigð skynsemi. Mér finnst að jafnrétti hafi ekki verið náð og vil leggja mitt af mörkum, þótt lítið sé, til þess að það náist. Þar legg ég karla og konur að jöfnu því ef við eigum að fúnkera í þessu samfélagi verða allir að láta sér lynda. Og að líða misrétti og óréttlæti í nærsamfélagi sínu og fjær er einfaldlega rangt. Þarna viljum við halda uppi málefnalegri umræðu um efni sem hafa kannski ekki fengið nógu mikla umfjöllun í fjölmiðlum og ég hef heyrt það á mörgum að þetta er kærkomin viðbót í flóruna.“

Að lokum má geta þess að á myndina vantar mittisveski, sem er algengt á hlaupurum. „Í því má til dæmis hafa orkugel, vaselín, farsíma, veski og gyllinæðarkrem, sem er ákaflega gott að bera á bólgnar hásinar,“ segir Gísli.

*juliam@frettabladid.is*



„Svörtu hnébuxurnar eru 20 ára gamlar, keyptar á útsölu í Kaupfélagi Hafnarfjarðar, og eiga að endast í 20 ár í viðbót. Einu sinni voru þær síðar en svo klippti ég af þeim,“ segir Gísli Ásgeirsson.


# Fyrir árshátíðina

Ótrúlegt úrval af glæsilegum árshátíðarkjólum stærðir 36-48



FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

# FLOTTIR GÆÐALEÐURSKÓR
## Á FÍNU VERÐI



SOFT WALK
H.breidd • st. 3 1/2-7 ½



TAMARIS
st. 37 - 42



JENNY BY ARA
st. 3 ½ - 7 ½



JENNY BY ARA
st. 3 ½ - 7 ½



JENNY BY ARA - H-breidd
st. 3 ½ - 7 ½



JENNY BY ARA - H-breidd
st. 3 ½ - 7 ½



JENNY BY ARA - H-breidd
st. 3 ½ - 7 ½



JENNY BY ARA - H-breidd
st. 3 ½ - 7 ½

EUROSKO
SKÓHÖLLIN
Firði Hafnarfirði S: 555-4420

WAREHOUSE

KÁPUR
20%
AFSLÁTTUR
6. - 10. OKT.



Warehouse Debenhams
Warehouse Kringlunni

Finndu okkur á facebook

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir



Japanski hönnuðurinn **Yoshiyuki Miyamar** á heiðurinn að þessu vægast sagt sérkennilega höfuðfati sem minnir einna helst á afskorin blóm. Það er hluti af væntanlegri línu frá **Issey Miyake.**

www.france24.com


YFIRHAFNAR-DAGAR!
15% afsláttur



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770



NÝKOMNAR Í ÚRVALI ÚLPUR OG KÁPUR
DÚN - OG VATTKÁPUR 50% afsl.



TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16
NÆG BÍLASTÆÐI
www.topphusid.is


# Vík Prjóns í Búdapest

**Selshamur og skegghúfa frá Vík Prjónsdóttur eru meðal muna sem valdir voru til sýninga á Budapest Design Week sem stendur nú yfir.**

Alls sýna 85 hönnuðir frá 29 Evrópulöndum vörur sínar á Budapest Design Week sem fer nú fram í áttunda sinn en á sýningunni má sjá húsgögn, ljós og vöruhönnun

Þær vörur sem valdar voru á sýninguna byggja meðal annars á þjóðsögum, gamalgrónu handverki og staðbundinni framleiðslu. Vík Prjónsdóttir hannar vörur sínar í samvinnu við prjónastofuna í Vík í Mýrdal og hefur vakið athygli á sýningunni fyrir skemmtilega nálgun. Meðal annars má lesa um sýninguna á blog.artsthread.com.



Selshamur frá Vík Prjónsdóttur vekur athygli í Ungverjalandi.

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice



# Hlátur hjá Gaultier en depurð hjá Dior

Þrátt fyrir stríð og alheimsböl í efnahagsmálum þá er haldin tískuvika í París. Ekki dugir það þó til að eyða krónískri depurð Frakka og stemningin var misjöfn eftir því hjá hverjum litið var inn. Hjá Balenciaga lá meira að segja við stórslysi fyrir tískusýninguna þar sem bekkir, ætlaðir gestum, hrundu rétt fyrir sýningu. Til að taka enga áhættu með það stjörnuflóð sem mætt var á sýninguna stóðu allir upp. Frekar fyndið þegar VIP-gestirnir eru vanir að sitja sem fastast á fremsta bekk. Annars má það segja af hönnun Nicolas Ghesquière, sem hefur í þrettán ár endurlífgað hið gamla tískuhús Balenciaga, að hún er ekki eins pönkuð og ögrandi og undanfarið (kreppan?). Buxur eru háar í mittið sem hentar konum með frjálsleg form betur og jakkar með ýktum öxlum. Mikið um ferskjubleikt og lavenderblátt. Allar línur eru mjög í anda arkitektúrtísku Balenciaga. Jean-Paul Gaultier virtist í góðu skapi og kannski ánægður yfir að vera laus frá Hermès en hann hannar nú eingöngu fyrir sitt eigið tískuhús. Ekki oft sem fyrirsæturnar brosa og hlæja en þær virtust vera kátar, klæddar í helstu uppfinningar Gaultiers í gegnum tíðina eins og „trenchinn“ og korselettið og í stað munsturs í efninu voru þau prentuð á bera húðina, líkt og húðflúr. Nýjungin eru nærföt. Stíllinn mjög Parísarlegur eftir stríð og gestir eins og baksviðs að fylgjast með öllu. Hver fyrirsæta með númer og engin tónlist.

Hjá Dior er enn beðið eftir nýjum hönnuði eftir brottrekstur Johns Galliano í mars og héldu margir að á tískuviku myndi loksins Marc Jacobs taka við og biðu yfirlýsingarinnar á sýningu Diors – en ekkert gerðist. Eins og á hátískusýningu vetrarins í júlí var það starfsfólk vinnustofu Diors sem hannaði, án listræns stjórnanda. Í júlí var þetta hálfmisheppnað því engin heildarmynd var á hönnuninni. Að þessu sinni mátti sjá heildarmynd en það voru gamlar lummur sem voru sýndar eins og „bar“-kjóllinn frægi, gerður af Christian sjálfum á sjötta áratugnum sem var í ýmsum útgáfum. Skrýtið að salan í búðum Diors virðist þó ekkert dofna, án hönnuðar. Í það minnsta fóru rússneskar konur að vanda með bílfarma af loðfeldum til Moskvu frá Cannes í sumar úr Diorbúðinni. Galliano með blýantinn, eða ekki, breytti þar engu. Spurning hvort stjörnukerfið í tískuheiminum, þar sem einstaklingur, helst karlkyns og oft í slúðurdálkunum, er við stjórn, sé aðeins misskilningur?

*bergb75@free.fr*


STÆKKUNAR-GLERSLAMPAR



Amma mús handavinnuhús
Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511-3388
Opið mán-fös 9-18, lau 11-15



HAUST Í SKARTHÚSINU
**Ný sending af loðtreflum.**
Einnig mikið úrval af hringtreflum, höttum og vettlingum
**Mikið úrval af nýjum skartgripum**
- flott fyrir árshátíðina.



SKARTHÚSIÐ
LAUGAVEGI 44
SÍMI 562 24 66
Erum á Facebook





Fallega Jólaskeiðin frá Ernu
Verð 16.500,-
ERNA
Skipholti 3, s.552 0775, erna.is



Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



**Ferðalandafræði:** Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

Leiðbeinendur eru: Kjartan Trausti Sigurðsson, Pétur Björnsson, Jóhanna Kristjónsdóttir, Höskuldur Frímannsson, Magnús Björnsson, Pétur Óli Pétursson, Bjarni Randver Sigurvinsson, Sr. Bragi Skúlason.

Ferðamálaskóli Íslands
Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466





Börnin leika í barnahorninu og fá fríán rúmfatnað fyrir dúkkuna

Krakkadagar
25-40% afsláttur af allri barnavöru fram á laugardag
sendum frítt
www.lindesign.is
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



Allt fyrir gel og akrílneglur á góðu verði!
Frábær tilboð!
NAIL CREATION



UVA 4 Peru lampi
7.517 kr



Naglabor
11.170 kr



S.Gunnbjörnsson ehf. Iðnbúð 8, 210 Garðabær

# Bleika slaufan



## ÁRVEKNIS- OG FJÁRÖFLUNARÁTAK KRABBAMEINSFÉLAGSINS















# Við hjálpum þeim – og þær hjálpa okkur

● Tvær íslenskar konur fóru á eigin vegum til Suður-Afríku til að hitta konurnar sem framleiða slaufuna sem nú er verið að selja.

Bleika slaufan, sem seld er nú í október, var að þessu sinni framleidd í Suður-Afríku, í svonefndum Zulufadder-þorpum. Hver slaufa er einstök, handgerð úr perlum. Tvær íslenskar konur, Elísabet Haraldsdóttir og Margrét Jónsdóttir, buðust til að fara á eigin kostnað þessa löngu leið til að fylgjast með framleiðslunni fyrir Krabbameinsfélagið.

„Það eru norsk hjálparsamtök sem styðja þorpin, en um tvö þúsund norskar fjölskyldur leggja fram fé mánaðarlega. Þetta eru nokkur fámenn þorp eða húsaþyrpingar," segir Elísabet og Margrét bætir við: „ Á þessu svæði hefur alnæmi gengið sem faraldur og í raun vantar heila kynslóð. Þarna eru eldri konur sem annast barnabörnin sín og munaðarlaus börn, sum alnæmissmituð."





Elísabet Haraldsdóttir fylgist með framleiðslu slaufunnar. Til hægri er mynd af Margréti Jónsdóttur ásamt einni af „ömmunum" í Zulufadder-þorpi.

### PERLUÐU SLAUFUR Í LEIRKOFUM

„Ein kona er jafnvel með níu til tólf börn, sem hún veitir skjól og heldur heimili fyrir þau. Aðstæðurnar eru vægast sagt mjög erfiðar. Flestar hafa hvorki rafmagn né rennandi vatn," segir Margrét. „Sumrin eru mjög heit en veturnir geta orðið kaldir og þá veita litlir leirkofar ekki mikið skjól. Fólkið á ekki nógu góðan skjólfatnað, margir eiga ekki skó, og hafa kannski bara lítil teppi til að breiða yfir sig um nætur. Fólkið sefur á strámottum á gólfinu. Húsin eru illa farin og leka. En á flestum stöðum er mjög snyrtilegt og sópað umhverfis húsin. Mjög fáir karlmenn eru til staðar, þeir eru látnir, eða hafa látið sig hverfa."

„Hjálparsamtökin reka leikskóla og félagsheimili og leggja mikla áherslu á að skjólstæðingar þeirra, börnin, hljóti menntun til að geta framfleytt sér seinna," segir Elísabet. Yfirbyggingin er mjög lítil, skrifstofan er í bílskúr en einnig eru þau með þvottahús og geymslu fyrir fatnað."

Nú eru Zulufadder-samtökin byrjuð á atvinnuskapandi verkefnum fyrir konurnar. Perlusaumur er séreinkenni Zulu-kvenna. Ein kona fór á milli staða og sá um að slaufurnar væru rétt unnar. Síðan var tekið á móti slaufunum í litlu húsi. „Hver kona framleiddi 200 slaufur og þegar búið var að fara yfir slaufurnar og meta þær fengu þær strax milliliðalaust greitt fyrir í peningum. Síðan héldu þær áfram og perluðu næstu 200 slaufur og þannig koll af kolli. Í fyrsta sinn gátu þær keypt sér eitthvað, svo sem hænsn eða geitur til að geta brauðfætt börnin sín," segir Elísabet.

### KONURNAR GRÉTU AF GLEÐI

En hvers vegna fóru þessar íslensku konur alla leið til Afríku? „Þegar ég frétti að Krabbameinsfélagið væri að láta framleiða slaufurnar í Suður-Afríku fannst mér eins og það væri verið að kalla á mig," segir Margrét. „Ásgerður Hauksdóttir, móðir mín, greindist með krabbamein 35 ára gömul og lést fimm árum síðar eftir harða baráttu. Í minningu hennar gerðist ég sjálfboðaliði fyrir Krabbameinsfélagið og lagði af stað í þessa ferð." Elísabet, frænka Margrétar, fór með henni og vissu þær í raun ekkert við hverju þær ættu að búast en eru báðar sammála um að þessi ferð hafi verið mikil lífsreynsla sem muni aldrei gleymast.

„Það var einstakt hvað var stutt í gleðina þrátt fyrir þær hörmungar sem konurnar höfðu mátt þola," segir Elísabet. „Sumar höfðu misst öll börnin sín, eiginmann, tengdabörn og systkini. Þær reyndu að halda fjölskyldunum saman og voru þakklátar fyrir þá aðstoð sem þeim var veitt. Það skipti þær gríðarlega miklu máli að fá vinnu við þetta."

Margrét og Elísabet heimsóttu fjölmörg Zulufadder-þorp og sáu hvernig konurnar komu saman til að vinna slaufuna. Þá sátu þær á gólfinu í leirkofanum, með börnin að leik í kring um sig, þær spjölluðu, sungu og gerðu að gamni sínu. „Það var sérstaklega ánægjulegt að finna þakklæti og gleði kvennanna. Þær hreinlega grétu af gleði þegar þær vissu að við vorum komnar að heimsækja þær frá landinu sem var að kaupa af þeim allar þessar slaufur. Það breytir þeirra sjálfsmynd og var mjög gefandi að finna hina einlægu gleði og þakklæti þeirra til Íslendinga. Það má segja að við hjálpum þeim og að þær hjálpi okkur," segja Margrét og Elísabet að lokum.

**Rætt við Ragnheiði Haraldsdóttur, forstjóra Krabbameinsfélags Íslands**

# Yfirlýsing um stuðning við gott málefni

*Ragnheiður, getur þú sagt okkur hvað bleika slaufan er í þínum huga?*

Hún er tákn um baráttu og samstöðu, um að við viljum leggjast á eitt til að ná framförum og árangri varðandi málefni sem snertir okkur öll. Í útliti má segja að hún sé tákn hins kvenlega en hún er þó skartgripur sem fjölmargir karlmenn bera með miklu stolti. Það að bera slaufuna er í raun óorðuð yfirlýsing um að við viljum leggja eitthvað af mörkum – gera gagn.

*Hvers vegna er slaufan búin til í Suður-Afríku?*

Hugmyndina fengum við frá norska krabbameinsfélaginu en það lét perla 10.000 svona slaufur í fyrra. Við hjá Krabbameinsfélagi Íslands erum þó öllu stórtækari og bjartsýn á örlæti landans og létum perla 50.000 slaufur. Okkur finnst slaufan bæði mjög falleg og vel gerð og svo er auðvitað ánægjulegt að geta haft góð áhrif á líf fjölda barna og kvenna í neyð.

*En getið þið verið viss um að konurnar njóti góðs af vinnu sinni?*

Sannast sagna höfðum við af þessu töluverðar áhyggjur þegar leið á vorið, því að við höfum öll heyrt miður falleg dæmi af barnaþrælkun, spillingu og þess háttar. Við vorum því mjög þakklát þegar tveir sjálfboðaliðar tóku þá ákvörðun að fara til að kanna málið af eigin raun. Í stuttu máli var niðurstaða þeirra sú að það væri geysilega vel að verki staðið og umbunin kæmist beint til kvennanna. Við öndum sannarlega léttar!



**Ragnheiður Haraldsdóttir**
**forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.**

*Allt þetta bleika! Til hvers eiginlega?*

Bleiki mánuðurinn, október, er áberandi um allan heim. Við erum annars vegar að safna fyrir starfsemi Krabbameinsfélagsins og hins vegar erum við að vekja athygli á og minna á krabbamein hjá konum, því í mörgum tilvikum getur árvekni skipt miklu máli. Bleika slaufan er aðeins einn liður í þessu en bæði einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir styðja við bakið á okkur með margvíslegum hætti þennan mánuð.

*Hvernig nýtið þið síðan það fjármagn sem safnast?*

Með svipuðum hætti og undanfarin ár: Við styrkjum þá starfsemi sem er á okkar vegum, svo sem krabbameinsleit, skráningu meina, forvarnir, ráðgjöf og þjónustuskrifstofur og byggjum hana upp þannig að við náum árangri. Að auki erum við staðráðin í að setja hluta af söfnunarfénu í sjóð til að kaupa tæki til að greina HPV-smit hjá konum. Ef við hefðum yfir slíku tæki að ráða gætum við ákvarðað betur en nú hvort frumubreytingar eru alvarlegar eða ekki, fækkað komum kvenna í eftirlitsskoðanir, fækkað leghálsspeglunum og jafnvel keiluskurðum. Það er tvímælalaust framtíðin.


**BLEIKA SLAUFAN**
**Krabbameinsfélagið**
Skógarhlíð 8 | 105 Reykjavík |
Ritstjórn: 540 1900 |
Fax: 540 1910 | **www.krabb.is**
Opnunartími móttöku 8.30-16.
*Október 2011*
Ritstjóri: **Laila Sæunn Pétursdóttir**
Ábyrgðarmaður: **Ragnheiður Haraldsdóttir**
Umbrot: **Fréttablaðið**
Prentun: **Ísafoldarprentsmiðja**
Upplag: **90.000**


## ENN MÁ GERA BETUR

Við hvetjum alla Íslendinga til að leggja baráttunni gegn krabbameinum kvenna lið nú í október. Við bendum á að ár hvert greinast krabbamein hjá á sjöunda hundrað íslenskum konum, þar af greinast nær 200 með brjóstakrabbamein. Dánartíðni hefur farið lækkandi og lífshorfur og lífsgæði batnað. Enn má þó gera betur. Krabbameinsfélagið sinnir þekkingaröflun og þekkingarþróun, forvörnum, meðal annars leit að krabbameinum á byrjunarstigi, veitir ráðgjöf og stuðning og beitir sér fyrir hagsmunum og réttindum sjúklinga. Við tvinnum saman árvekni og fjáröflunarátak í þessum mánuði og treystum á stuðning þinn.

**STJÓRN KRABBAMEINSFÉLAGS ÍSLANDS**



**Sigríður Snæbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur** formaður

**Jakob Jóhannsson læknir** varaformaður

**Sigurður P. Sigmundsson viðskiptafræðingur** gjaldkeri

**Þóra Hrönn Njálsdóttir sölufulltrúi** ritari

**Friðrik Vagn Guðjónsson læknir** meðstjórnandi

**Nanna Friðriksdóttir hjúkrunarfræðingur** meðstjórnandi

**Stefán Eiríksson lögreglustjóri** meðstjórnandi

# VIÐ UPPSKERUM BETRA LÍF

Við hvetjum alla landsmenn til að kaupa Bleiku slaufuna og leggja þannig sitt af mörkum til árvekni- og fjáröflunarátaks Krabbameinsfélags Íslands. Starfsemi félagsins hefur skipt sköpum í baráttunni við erfiðan sjúkdóm, glætt vonir um sigur og fært þúsundum Íslendinga betra líf.

**Sölufélag garðyrkjumanna er stoltur styrktaraðili Krabbameinsfélags Íslands.**

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 56640 10/11 - Ljósmyndir: Hari



ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

**islenskt.is**

GUÐBJARTUR HANNESSON, VELFERÐARRÁÐHERRA

## Sókn gegn krabbameinum



Margir tengja októbermánuð við bleiku slaufuna, árveknis- og fjáröflunarátak Krabbameinsfélags Íslands. Með átakinu hefur skapast hefð í íslensku samfélagi þar sem fjölmargar byggingar eru baðaðar bleikum bjarma og þorri manna ber bleiku slaufuna eða skartar bleikum klæðnaði.

Um leið og átakið lífgar upp á tilveruna minnir það okkur á alvöruna sem liggur að baki, en á hverju ári greinast á Íslandi hátt í sjö hundruð konur með krabbamein. Flestar greinast með brjóstakrabbamein eða nær tvö hundruð og þar á eftir kemur lungnakrabbamein sem er nú mannskæðasta krabbameinið bæði hjá konum og körlum hér á landi.

Margt hefur áunnist í baráttunni gegn krabbameinum á þeim sextíu árum sem liðin eru frá stofnun Krabbameinsfélags Íslands og hafa lífshorfur sjúklinga batnað til muna og lífsgæði aukist. Þá hefur meðferð fleygt fram og forvarnir skilað árangri. Viss tímamót verða nú í haust þegar bólusetning gegn leghálskrabbameini hefst og verður hún hér eftir hluti af almennri bólusetningu stúlkna.

Í tilefni af alþjóðakrabbameinsdeginum 4. febrúar síðastliðinn lagði ég áherslu á að ekkert yrði gefið eftir í baráttunni við þennan vágest og greindi frá þeirri ákvörðun að ráðast í gerð sérstakrar áætlunar um aðgerðir og markmið í baráttunni við krabbamein, líkt og margar aðrar þjóðir hafa gert. Nú í sumar hófst undirbúningsvinna að verkinu í velferðarráðuneytinu. Stefnumörkuninni er ætlað að standa vörð um þá góðu þjónustu sem hefur verið í boði og um leið gera enn betur í forvörnum og í meðferð og stuðningi við sjúklinga og aðstandendur.

Unnið verður áfram að áætluninni í velferðarráðuneytinu á næstu mánuðum, í náinni samvinnu við heilbrigðisstarfsfólk, sjúklingasamtök, vísindamenn og aðra þá sem láta sig málið varða. Vonir eru bundnar við að með þessu móti sé hægt að draga fram mikilvægustu viðfangsefnin á þessu sviði og skila okkur áfram í sókn okkar gegn krabbameinum.

## TAKTU DAGINN FRÁ

Fjölmargir atburðir verða í október á vegum Krabbameinsfélags Íslands og aðildarfélaga þess. Hér má sjá nokkra en einnig bendum við á www.krabb.is til að fylgjast með dagskránni og skráningu á á viðburði.

| | |
|---|---|
| **1.-15. október** | Sala á Bleiku slaufunni um land allt. |
| **6. október** | Sushi-námskeið í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. |
| **6.-28. október** | Fræðsla til fyrirtækja. |
| **7. október** | Bleiki dagurinn. Landsmenn hvattir til að klæðast bleiku þennan dag. |
| **8. október** | Fræðsla og ráðgjöf í Kringlunni. |
| **11. október** | Samvera með ekkjum og ekklum í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. |
| **12. október** | Hádegisfyrirlestur í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Norbert Müller-Opp hjúkrunarfræðingur fjallar um húmor. |
| **15. október** | Samhjálp kvenna með kynningu í Kringlunni. |
| **18. október** | Málþing um brjóstakrabbamein í Arion banka. |
| **22. október** | Fræðsla og ráðgjöf í Smáralind. |
| **26. október** | Hádegisfyrirlestur í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Margrét Bárðardóttir sálfræðingur fjallar um veikindi og vellíðan, frá streitu til sáttar. |
| **26. október** | Bleikt kvennaboð í Hofi Akureyri. |
| **27. október** | Bleikt kvennaboð í Hörpu í Reykjavík. |



Turninn á Höfðatorgi er lýstur upp með bleiku lit í októbermánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bleikt er litur október

● Sex konur sem eiga það sameiginlegt að hafa barist við krabbamein fengu afhentar fyrstu Bleiku slaufurnar í ár við hátíðlega athöfn í húsnæði Krabbameinsfélagsins. Þessar sex konur eru áberandi í árveknis- og fjáröflunarátakinu og segja frá reynslu sinni af krabbameini í myndböndum á www.bleikaslaufan.is og eru einnig í prentauglýsingum og vefborðum.

Á hverju ári velur Krabbameinsfélagið eina byggingu á höfuðborgarsvæðinu til að lýsa upp í tilefni átaksins og var efsta hæð turnsins í Höfðatorgi lýst bleiku ljósi að þessu sinni. Það voru Verkís og Exton sem studdu Krabbameinsfélagið við lýsinguna, sem og Eykt, eignarhaldsfélag Höfðatorgs. Ýmis mannvirki hafa einnig verið lýst um land allt og má m.a. nefna álverið við Reyðarfjörð og Húsavíkurkirkju en einnig náttúrufyrirbæri sem heitir því skemmtilega nafni Bleiksárfoss og er á Eskifirði. Einnig hafa fyrirtæki um allt land tekið sig til og lýst byggingar sínar upp í tilefni af árveknismánuðinum. Lýsingin og átakið minnir alla landsmenn á baráttuna gegn krabbameinum hjá konum.



Vigdís Finnbogadóttir með þeim sex konum sem fyrstar fengu afhentar Bleiku slaufuna í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bleika slaufan er í ár framleidd af konum í Zulufadderþorpum í Suður-Afríku og styrkti DHL Krabbameinsfélagið með flutningi slaufunnar til Íslands.

## Styrktar- og söluaðilar Bleiku slaufunnar 2011

**Aðalstyrktaraðilar Bleiku slaufunnar** 2011 eru Sölufélag garðyrkjumanna, Arion banki og Hreyfill-Bæjarleiðir. Bleika slaufan kostar aðeins 1.500 krónur og verður til sölu dagana 1.-15. október hjá eftirtöldum söluaðilum sem selja slaufuna án álagningar:

**Apótek:** Rima Apótek, Reykjavíkur Apótek, Lyfja, Garðsapótek, Lyfjaval, Lyfjaver, Lyf og heilsa, Lyfjaborg og Árbæjarapótek.

**Hjúkrunarheimili:** Hrafnista Laugarási, Hrafnista Hafnarfirði og Mörk hjúkrunarheimili.

**Verslanir og afgreiðslustöðvar:** Krabbameinsfélagið, Iða, Fríhöfnin, Garðheimar, Kvennadeild Rauða krossins, Blómahönnun, Misty, ITA gallery, Melabúðin, Frumherji, Olísstöðvar um land allt, Einar Farestveit, Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Miðbúðin, Heilsuhúsið, Eymundsson, Nóatún, Kjarval, Krónan, 11-11, Debenhams, Íslandspóstur, Hagkaup, aha.is, Blómabúðin Dögg, Leonard, Hrím, Radisson Blu 1919 hotel, Belladonna, Samkaup og blómabúðin Runni-Stúdíóblóm.

**Leigubifreiðar:** Hreyfill-Bæjarleiðir.

**Kaffihús:** Kaffitár og Te & kaffi.

**Á netinu:** www.krabb.is og www.aha.is

**Dreifingaraðilar:** Parlogis (sími 590 0200) og Krabbameinsfélagið (540 1900).


# TREO við höfuðverk

þegar hausinn segir búmm, búmm, búmm...




**Treo eru verkjastillandi freyðitöflur sem leystar eru upp í 1/2 glasi af vatni. Líkaminn tekur lyfið hraðar upp úr uppleystum freyðitöflum en úr hefðbundnum töflum sem gleyptar eru. Fæst án lyfseðils í næsta apóteki.**

Treo® freyðitöflur. 500 mg Asetýlsalisýlsýra og 50 mg koffein. Treo er verkjalyf sem fáanlegt er án lyfseðils og er notað við höfuðverk, mígreni, tannverk, tíðaverk, sótthita og lið- og vöðvaverkjum. Treo er ætlað til skammtímanotkunar. Fullorðnir: 1-2 freyðitöflur 1-3 sinnum á sólarhring. Börn: Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 7 ára. 7-14 ára: 1/2 freyðitafla 1-3 sinnum á sólarhring, mest 2-3 daga í senn. Freyðitöflurnar á að leysa upp í 1/2 glasi af vatni. Þeir sem eru yngri en 18 ára ættu ekki að nota Treo við sótthita án samráðs við lækni. Vegna mikils natríuminnihalds lyfsins hentar það ekki þeim, sem hafa háan blóðþrýsting, hjartabilun eðs skerta nýrnastarfsemi. Notist ekki samtímis blóðþynningarlyfjum. Ekki heldur ætlað sjúklingum með maga- og skeifugarnarsár, astma eða ofnæmi fyrir innihaldsefnum lyfsins. Þungaðar konur eiga ekki að taka inn lyfið nema í samráði við lækni. Algengustu aukaverkanir eru meltingaróþægindi. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, Garðabæ.






Starfsmenn ýmissa fyrirtækja tóku sig til á síðasta ári og héldu bleikan föstudag.

# Bleikur föstudagur

Október er mánuður bleiku slaufunnar og árveknisátaks gegn krabbameinum hjá konum. Til að sýna samstöðu í baráttunni gegn sjúkdómnum hvetur Krabbameinsfélagið landsmenn til að halda bleikan dag, föstudaginn 7. október 2011.

Á bleika deginum klæðist fólk bleiku, skreytir vinnustaði eða heimili með bleiku, borðar bleikar krásir og hvað eina annað sem því dettur í hug, allt til að sýna samstöðu í baráttunni gegn krabbameinum hjá konum. Bleiki dagurinn var haldinn í fyrsta sinn í fyrra og heppnaðist einstaklega vel. Skemmtileg stemning skapaðist á fjölmörgum vinnustöðum.

Krabbameinsfélagið hvetur fólk til að taka þátt og senda síðan myndir á markad@krabb.is til að setja inn á síðurnar www.krabb.is og www.facebook.com/bleikaslaufan

Föstudagurinn 7. október er dagurinn til að klæðast bleiku og sýna samstöðu í baráttunni gegn krabbameinum hjá konum!

# nicorette®

## fruitmint

### Mjúkt nikótínlyfjatyggigúmmí með ávaxta- og mintubragði




**Flestir upplifa fráhvarfseinkenni við að hætta að reykja.**

Það að hætta að reykja snýst að miklu leyti um að rjúfa nikótínfíknina, sem oft hefur staðið í mörg ár, og jafnframt að yfirvinna fráhvarfseinkenni sem fylgja í kjölfar þess að líkaminn fær ekki það nikótín sem hann er vanur að fá við reykingar.

Nicorette auðveldar reykingarfólki að venja sig af tóbaki með því að færa líkamanum nikótín í smáum skömmtun og draga þannig úr fráhvarfseinkennum og nikótínþörf.



nicorette® Auðveldar þér að hætta að reykja

nicorette nicotin™

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.



Jóhanna Gunnarsdóttir, Íris Björk Viðarsdóttir, Brynja Guðjónsdóttir, Helga Torfadóttir, Hulda Hjálmarsdóttir og Björg Júlíana Árnadóttir.

# Hversdagshetjurnar sex

● Sex konur voru valdar til að leika í auglýsingum Krabbameinsfélagsins fyrir Bleiku slaufuna. Þær segja frá reynslu sinni í myndskeiðum á vefnum www.bleikaslaufan.is og eru einnig á veggspjöldum, í blaðaauglýsingum og á vefborðum.

**Jóhanna Gunnarsdóttir:**

## MAÐUR ÞARF EKKI AÐ VERA EINN

Fyrir nokkrum árum greindist ég með frumubreytingar í leghálsi og átti í því í nokkur ár. Fyrir tveimur árum fékk ég boð um að mæta í krabbameinsleit og þá fundust tvö ber í öðru brjóstinu hjá mér. Eftir sýnatöku kom í ljós að þetta var illkynja æxli og hraðstækkandi og ég fór í aðgerð.

Þegar ég fékk fréttir um að ég væri komin með krabbamein brá mér en svo kom upp þetta keppnisskap og ég ákvað bara að kýla á þetta og klára það. Ég leyfði mér aldrei að hugsa eitt né neitt annað.

Stuðningur kom alls staðar að. Hann kom frá manninum mínum, börnunum mínum, fjölskyldu minni, vinnunni, yfirmanni í vinnu. Allir sýndu stuðning. Það var yndislegt að finna þennan kærleika.

Það eina sem ég sé eftir er að hafa ekki leitað fyrr aðstoðar hjá Samhjálp kvenna, Krabbameinsfélaginu og Ljósinu. Það er svo mikill stuðningur þegar maður hittir konur sem hafa upplifað eitthvað svipað. Sumt sem ég hafði verið að hugsa um og sagði ekki neinum var það sem aðrir voru líka að hugsa um og lentu í. Maður þarf ekki að vera einn.

Ef maður hefur hinn minnsta grun um að eitthvað sé að, í brjóstinu eða maganum eða bara eitthvað sem er ekki eðlilegt, verður maður að leita sér hjálpar og ekki hunsa skilaboð frá líkamanum.

**Íris Björk Viðarsdóttir:**

## KOMIN SEX MÁNUÐI Á LEIÐ

Ég vaknaði á gamlársdagsmorgun, komin sex mánuði á leið, og lá í blóði mínu. Maðurinn minn stökk upp og hringdi á sjúkrabíl. Síðan hófust rannsóknir og þá kom í ljós að þetta er illkynja æxli í ristli. Ég var skorin upp. Það þurftu að vera barnalæknar og fæðingarlæknar sem héldu leginu til hliðar á meðan skurðlæknar og þeirra aðstoðarmenn sáu um ristilinn. Og svo var barnið sett aftur inn og saumað fyrir.

Tíu dögum síðar komu niðurstöður um að þetta væri annars stigs krabbamein í ristli og ekki fannst neitt í eitlum. Að öllu jöfnu hefði ég farið í lyfjameðferð. Móðureðlið hjá mér var ofar skynsemismörkum, ég tók þá ákvörðun að fara ekki í lyfjagjöf. Mér létti í raun þegar ég tók þá ákvörðun. Síðan hafa liðið fjögur ár og þetta hefur gengið mjög vel.

Jákvæðasta augnablikið í mínum veikindum er að ég átti von á heilbrigðu barni og að krabbameinið var ekki búið að dreifa sér.

Ég fékk frábæran stuðning frá mínum nánustu ættingjum og vinum. Það umvöfðu mann allir. Maður var eiginlega bara setur í bómull og lifði eins og drottning.

Mig langar að benda konum sem greinast með krabbamein á að þetta er alls ekki dauðadómur, þetta getur gefið manni mjög margt jákvætt og marga punkta í reynslubankann. Og bara reyna að lifa heilbrigðu lífi, það getur verið forvörn því þá er maður fljótari að ná sér aftur. Þegar maður finnur fyrir einhverju eða einhverjum einkennum, þá er engin ástæða fyrir að bíða því að sá tími getur verið ansi dýrmætur.

Ég óska mér þess helst að geta lifað jákvæðu, hraustu og rólegu lífi.

**Brynja Guðjónsdóttir:**

## ÁKVAÐ AÐ VERA JÁKVÆÐ EINS OG POLLÝANNA

Ég greindist með krabbamein í lunga fyrir tæpu ári. Það gerðist þannig að ég var bara eitthvað að hnerra og það kom slím í lófann á mér. Ég fór í lungnamyndatöku og þá kom í ljós að það var æxli í vinstra lunga. Ég trúði því einhvern veginn allan tímann að þetta væri góðkynja en svo kom í ljós að þetta var krabbamein.

Mín fyrstu viðbrögð voru doði, ég var dofin og reið af því að ég hafði ekki reykt í eitt og hálft ár og fannst einhvern veginn að þetta gæti ekki verið að koma fyrir mig. Fljótlega breyttist svo þessi doði í ótta og vanlíðan og þá aðallega út af fólkinu mínu.

Það sem að bjargaði mér var að ég hitti aðra konu sem var búin að greinast með lungnakrabbamein og hún var búin að vera einkennalaus í fimm ár, þetta var sem sagt ekki dauðadómur.

Ég fór þá einhvern veginn á bleikt ský og ákvað að ég ætlaði að komast yfir þetta og vera jákvæð eins og Pollýanna. Mitt mottó er að horfa á björtu hliðarnar og sjá alltaf eitthvað jákvætt í öllu, alveg sama hversu svart það er. Jákvæðasta augnablikið var þegar ég vaknaði upp eftir aðgerðina. Fjölskyldan mín var öll hjá mér og ég trúði því og vissi að ég væri ekki með neitt mein lengur.

Ég var komin út á sjöunda degi eftir aðgerð og fór út að ganga. Lengdi svo alltaf göngutúrinn og var komin í ræktina eftir sex vikur og nú fer ég í ræktina á hverjum einasta degi. Allur þessi stuðningur sem ég hef fengið er alveg ómetanlegur. Fjölskyldan mín studdi mig rosalega vel og svo Krabbameinsfélagið en ég veit ekki alveg hvernig ég hefði komist af án þeirra og eins Ljóssins, sem ég notaði mikið.

Ekki hunsa einkennin, bara alls ekki. Mér finnst mikið atriði að vekja fólki til umhugsunar um það að allir geta fengið krabbamein og eins það að reykingar drepa. Ef ég væri Guð í einn dag þá myndi ég óska þess að allir hættu að reykja.

# ÚLPUR &YFIRHAFNIR

**Kynningarblað** Yfirhafnir og vinnuföt til að skýla sér með í vetur.



# Alhliða úlpur í útivistina

**Það verður engum kalt á íslenskum vetri í hlýjum, alltumvefjandi úlpum frá Ellingsen. Þar leynist undraland útivistarmanna með fjölbreyttu úrvali af vetrarúlpum fyrir allar aðstæður, ásamt öllu hinu sem þarf til að verða ekki kalt.**




Veturinn beinlínis kallar á mann út að leika í hlýju og flottu úlpunum frá Ellingsen. Kvenúlpan er sú nýjasta frá Columbia, barnaúlpan frá Didrikson og sjálfur klæðist Andri Rafn hágæða vetrarjakka frá Mountain Hardwear. MYND/VILHELM

Verslun Ellingsen státar af traustum, flottum og margreyndum merkjum í útivistarfatnaði, en þar ber hæst Columbia, Didrikson og það nýjasta, Mountain Hardwear, sem reynast mun vel við íslenskar aðstæður.

„Úlpurnar frá Columbia svíkja engan, hvort sem ætlunin er að komast þurr og heitur á milli staða eða stunda alhliða útivist við íslenskar aðstæður," segir Andri Rafn Sveinsson, sölumaður hjá Ellingsen. Andri Rafn er þrautþjálfaður björgunarsveitarmaður með áralanga reynslu af útivist við erfiðar aðstæður á íslenskum vetrum. Hann veit því hvaða úlpur duga þegar kólnar niður fyrir frostmark og tekur fram nýjasta kvenúlpu frá Columbia sem er dúnúlpa með 550-fill, en „fill power" er mælikvarði á rúmmál dúns miðað við þyngd.

„Í ysta lagi úlpunnar er ný tækni sem Columbia-menn kalla Omni Shield. Hún er kröftug vatnsvörn og varnar því að óhreinindi nái að smjúga inn í efnið og festast. Úlpan býr einnig yfir Omni Heat-tækni, en það er filma sett innan á úlpuna og svipar mjög til álpoka sem notaðir eru í neyð á fjöllum. Filman er samsett úr ótal litlum punktum sem gefa tuttugu prósent meiri hita en jafnframt greiða leið fyrir útöndun," upplýsir Andri Rafn um Lay"D"-úlpuna sem er einnig búin rennilásum í handarkrika sem opna má fyrir aukna öndun við áreynslu, vatnsvörðum rennilásum, vind- og snjóvörn í mitti og ermalíningu með þumalputtagati.

> **Margir fá sér Didrikson-úlpu eftir að hafa upplifað hversu vel þær reynast börnunum.**

„Þetta er töff úlpa með stórri hettu með loðkraga og hægt að taka hvort tveggja af, kragann af hettunni og hettuna af úlpunni. Þá eru vasar margir, stórir og góðir fyrir allt sem þarf, hvort sem það er sími, veski, GPS-tæki eða landakort," útskýrir Andri Rafn.

Í Ellingsen hafa sænsku útivistarvörurnar frá Didrikson margsannað sig við íslenskar aðstæður, enda gæðavara á hagstæðu verði.

„Barnaúlpurnar eru vinsælastar og standa sig það vel að foreldrar kaupa þær ár eftir ár. Margir enda með að kaupa sér sjálfir Didrikson-úlpu eftir að hafa upplifað af eigin raun hversu vel þær reynast börnunum," segir Andri Rafn og tekur fram tveggja laga Ralph Parka-síðúlpu með loðkraga, vind- og vatnsheldni upp á 2000 millimetra, 140g/m2 einangrun og vatnsheldum saumum.

„Ralph Parka er langvinsælasta barnaúlpan, en hana má taka saman í mitti og faldi til að halda hita betur inni. Við höku er mjúkt efni til verndar viðkvæmri húð gegn ertingu frá rennilás og vitaskuld má taka bæði hettu og loðkraga af. Í ermalíningu er teygjanlegt efni sem gefur enn betri vörn gegn kulda, og renndur vasi með snúrugöngum innan á úlpunni til að halda síma eða i-pod vel vörðu fyrir vatni og vindum," segir Andri Rafn um Ralph Parka sem kemur í stærðunum 130 til 170 og fæst svört og blá í strákasniði, en svört, rauð og fjólublá fyrir stelpur. Í haust hóf Ellingsen sölu á Mountain Hardwear-útivistarfatnaði, en merkið tryggir hámarks gæði fyrir þá allra kröfuhörðustu. Andri Rafn tekur fram Snowtastic, þriggja laga softshell-úlpu með áfastri hettu.

„Þessi jakki heldur manni þurrum upp og niður fjallið. Hann er útbúinn DryQ Elite sem er fyrsta vatnshelda öndunarefnið sem byrjar að anda um leið og varan er notuð. DryQ þarfnast því ekki raka til að virkja öndunareiginleika efnisins; það er engin bið – bara hámarks virkni. Svo er vatnsheldnin allt að 40.000 millimetrar, jafnvel eftir 500 þvotta samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda."

# Alhliða vinnuföt

**Verslunin Dynjandi, Skeifunni 3, er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í öryggisvörum og öryggisfatnaði. Þar er lögð áhersla á þægilegan og endingargóðan fatnað.**

Við bjóðum upp á allar tegundir vinnufatnaðar svo sem samfestinga, buxur, jakka, kuldagalla, vetrarúlpur og hlífðarbuxur. Við eigum föt sem henta bæði til vinnu og í frístundir, hvort sem um er að ræða inni eða úti,“ útskýrir Snorri Pálsson, sölumaður hjá Dynjanda.

Dynjandi hefur verið leiðandi fyrirtæki í öryggisvörum og öryggisfatnaði um árabil en fyrirtækið var stofnað árið 1954. Snorri segir mikla áherslu lagða á sterkar, þægilegar og endingargóðar vörur.

„Viðskiptavinir okkar koma úr öllum greinum og stéttum þjóðfélagsins. Við bjóðum mestmegnis upp á fatnað frá Sioen, Wenaas og Univern, norskum framleiðanda sem mikil og góð reynsla er komin á. Univern ProTec-fatnaðurinn hrindir til að mynda vatni mjög vel frá. Einnig bjóðum við upp á endurskinsfatnað úr ProTec-efni líka. Þá erum við með gott úrval af öðrum vinnufatnaði og frístundafatnaði fyrir nánast allar aðstæður. Einnig er á boðstólum hjá okkur bæði vinnufatnaður og kuldagallar á börn,“ segir Snorri.

„Univern hefur verið framarlega í hönnun á fatnaði bæði hvað varðar litasamsetningu og útlit. Þannig tel ég að vöruúrvalið sé mjög fjölbreytt svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi hjá okkur.“

Nánari upplýsingar er að finna á www.dynjandi.is



Snorri Pálsson segir úrvalið gott af vinnu- og frístundafatnaði hjá Dynjanda. MYND/VALLI



Áhersla er lögð á þægilegar og endingargóðar vörur.



Fatnaðurinn frá Univern er í skemmtilegum litasamsetningum.

## STJÖRNUM VERÐUR LÍKA KALT

Venjulega sjáum við þær í efnislitlum kjólum eða vel sniðnum jakkafötum á rauða dreglinum. Líkt og hjá öðrum kemur líka vetur og vont veður hjá stjörnunum í Hollywood og þá draga þær fram úlpurnar sínar. Flestar taka þær sig bara ljómandi vel út í hnausþykkum yfirhöfnunum enda líður fólki sjaldan betur en vel klæddu í kalsasömu veðri.



Rachel Bilson í afar gæðalegri dúnkápu.

Leikkonan Maria Menounos í hvítri dúnúlpu.

Hugh Jackman er myndarlegur, hverju sem hann klæðist.

Bradley Cooper í þykkum vaxjakka í London.



Ása Björk segir gott úrval kvenfatnaðar að finna í versluninni Hjá Hrafnhildi, þar á meðal kápur og yfirhafnir. MYND/VALLI



Létt og lipur kápa frá Lebek.

TUZZI leggur upp úr ýmsum smáatriðum og flottri hönnun.

Vönduð dúnúlpa frá Erich Fend.

# Eitthvað við allra hæfi

**Gott úrval vandaðra yfirhafna og kápa er á meðal þess sem er á boðstólum í versluninni Hjá Hrafnhildi.**

Hjá Hrafnhildi er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á vönduðum kvenfatnaði, þar á meðal yfirhöfnum og kápum í stærðum 36-52 ásamt úrvali af skóm og fylgihlutum. Verslunin var fyrst rekin á heimili Hrafnhildar Sigurðardóttur í Fossvogi en flutt í hentugra húsnæði að Engjateig 5 árið 1996. Fjórum árum síðar var verslunin stækkuð og er nú í 300 fermetra plássi á allri jarðhæðinni.

„Marga rekur líka í rogastans þegar þeir koma inn um dyrnar í fyrsta skipti vegna þess hversu stór verslunin er og úrvalið gríðarlegt,“ segir verslunarstjórinn Ása Björk Antoníusardóttir og getur þess að úrvalið hafi aukist þegar búðin var stækkuð. Auk þess að bjóða upp á gott úrval af kvenfatnaði fyrir öll tækifæri séu einnig á boðstólum ítalskir og þýskir skór sem hafi rækilega slegið í gegn.

Ása Björk tók við rekstrinum árið 2002 þegar Hrafnhildur móðir hennar féll skyndilega frá, aðeins fimmtug að aldri. Hún segir verslunina áfram rekna í hennar anda af fjölskyldunni. „Við leggjum ríka áherslu að veita jafn persónulega og góða þjónustu og hún var þekkt fyrir,“ upplýsir hún og segir hreinlega sé dekrað við viðskiptavinina.„Við teljum okkur geta gert öllum til hæfis. Gefum okkur góðan tíma í að aðstoða viðskiptavinina og verslum stundum inn erlendis með tiltekna kúnna í huga,“ nefnir Ása Björk.

En hvaða merki fást í búðinni? „Við erum með hágæða yfirhafnir, dúnúlpur og ullarkápur frá austurríska merkinu Erich Fend. Hinar geysivinsælu Geberdin kápur koma meðal annars frá því,“ bendir Ása. Hún nefnir líka úlpur og kápur frá þýska vörumerkinu TUZZI sem leggur mikið upp úr flottri hönnun og ýmsum smáatriðum. Frá öðru þýsku merki, Lebek, komi vandaðar yfirhafnir á góðu verði, úlpur með og án hettu og léttar og liprar ullarkápur. „Og er þá ekki allt upptalið,“ tekur Ása Björk fram og segir sjón vera sögu ríkari.

Hjá Hrafnhildi er höfð opin virka daga frá klukkan 10 - 18 og 10 til 16 laugardaga. Nánari upplýsingar á www.hjahrafnhildi.is.



Arnarhóll er ný úlpa en kunnugleg mörgum.



Snæfell, verðlaunajakki sem hentar við margvíslegar aðstæður.



Léttar, mjúkar og hlýjar eru þær úlpurnar í 66°Norður.



Tindur sækir smáatriði í fortíðina, svo sem sjóaralógó á ermi og leður á hettuböndunum.



Esja er góður kostur fyrir þá sem vilja hlýja flík sem ekki er með dúnfyllingu.



Laki heitir þessi dúnúlpa, sem er úr afar lipru efni.



Langjökull er mættur á svæðið með ullarblönduðu ytra byrði.

# Unnu alla stóru risana

**Allar útivistarvörur fyrirtækisins 66°Norður fyrir fullorðna heita eftir örnefnum á Íslandi. Nýjar yfirhafnir þar núna eru m.a. Snæfell, Laki, Tindur, Langjökull, Esja og Arnarhóll.**

Súperstjarnan okkar þessa dagana er Snæfell," segir Hjördís María Ólafsdóttir, verkefnastjóri 66°Norður, og sýnir vatnsheldan, ófóðraðan öndunarjakka, flík sem flokkast sem skel og hægt er að nota við ólíkar aðstæður. „Við höfum unnið tvenn mjög virt verðlaun fyrir Snæfellið á þessu ári, annars vegar Scandinavian Outdoor Award sem norrænu útivistarmerkin taka þátt í og hins vegar ISPO Outdoor Award sem eru ein virtustu útivistarfataverðlaun í Evrópu. Þar unnum við alla stóru risana á markaðinum og erum stolt af."

Jakkinn Snæfell er úr nýju efni sem heitir NeoShell. „Efnið er með mikla vatnsheldni (10.000 mm) en andar samt einstaklega vel og hefur marga af kostum svokallaðra softshell-jakka," segir Hjördís María og tekur fram að jakkinn sé með skjólgóðri hettu sem fylgi vel hreyfingum höfuðsins og hindri aldrei sýn.

„Við munum sérframleiða þennan jakka fyrir Slysavarnafélagið Landsbjörg í litum þess. Okkur finnst mikill heiður að Landsbjörg hafi valið Snæfell í sína vörulínu," segir hún og tekur fram að fjögurra ára hönnunar- og þróunarferli liggi að baki jakkanum. „Þetta er ekkert sem er hrist fram úr erminni – en vinnan og metnaðurinn skilar sér," segir hún og snýr sér að úlpunum.

Laki heitir ein glæný, stutt dúnúlpa með hettu og skinnkanti. Hún er úr mjúku og lipru efni, með 90/10 dúnblöndu sem þýðir að fyllingin í henni er 90% dúnn og 10% fjaðrir. „Þetta er þægileg úlpa í skólann og hvað sem er," segir Hjördís María sannfærandi. „Þegar maður er kominn í hana vill maður helst ekki fara úr henni, hún er svo mjúk."

Tindur heitir önnur ný dúnúlpa. Hún er aðeins meiri fjallaflík en Laki, úr þykkara efni og fyllt með gæsadúnblöndu og með snjóhlíf að innanverðu sem kemur í veg fyrir að snjór komist innanundir úlpuna. „Tindur er með klassísku dúnúlpusniði en með ákveðnum atriðum sem minna á fyrri tíð, hún er til dæmis með gamla sjóaralógóinu okkar og dragböndin í hettunni eru með leðurstillingu en ekki plastklemmu," útskýrir Hjördís María.

Langjökull er aðeins meiri innanbæjarflík en Tindur. Þetta eru hlýir, léttir og mjúkir hettulausir jakkar fyrir dömur og herra með fyllingu sem heitir PrimaLoft. „Primaloft er mjög sniðugt gerviefni, upphaflega hannað fyrir svefnpoka, þunnt en hlýtt og létt," lýsir Hjördís María. „Þetta er flík sem hægt er að nota allt frá því að ganga niður Laugaveginn í það að ganga á Hnúkinn. Við höfum verið með þessa jakka í léttu, glansandi efni í tvö ár og dömujakkarnir eru enn þannig en nú eru herrajakkarnir komnir í nýtt ullarblandað efni. Þeir eru til í tveimur litum, ljósgráum og svörtum en þeir klassísku eru dökkbláir og svartir."

Esja kemur næst til sögunnar. Esja er lík úlpu sem heitir Þórsmörk og margir eiga, nema hvað þessi er góður kostur fyrir þá sem hvorki vilja dún né skinn. „Einangrunin í Esju er gerviskinn, mjúkt, þægilegt og hlýtt. Við höfum notað það í húfur. Það er bæði í kantinum og hettunni á Esju," segir Hjördís María og tekur fram að úlpan sé væntanleg í verslanir fljótlega.

Úlpan Arnarhóll er hluti af línu sem heitir 66°N og byggð er á arfleifð fyrirtækisins. 66°Norður er í grunninn 85 ára gamalt fyrirtæki með góða sögu í gerð skjólfatnaðar. „Arnarhóll er endurgerð og ný útfærsla á úlpu sem var gríðarlega vinsæl fyrir 40 árum. Hún var með gæru en nýja útgáfan er með flís sem lítur út eins og gæra og hægt er að smella úr," segir Hjördís María.

Hún segir 66°Norður hafa fengið gamla VÍR-úlpu frá Veðurstofunni sem var þar í notkun og hafði verið í 40 ár. „Þeir sem lásu á mælana smeygðu sér alltaf í hana rétt á meðan þeir hlupu út. Við skiptum við þá og létum þá fá nýja og fína úlpu en notuðum þá gömlu við hönnunarferlið á þessari. Henni hefur verið mjög vel tekið og það er skemmtilegt."




„Við erum að fá inn mikið af nýjum vörum í verslanirnar og núna eru úlpurnar áberandi," segir Hjördís María. MYND/STEFÁN


Aldrei aftur kalt
Canada Goose hefur framleitt hágæða dúnúlpur í Kanada í meira en 50 ár.
Nýja línan er komin til Íslands. Aldrei flottari.
Útsölustaðir: Cintamani verslanirnar og Mohawks Kringlunni.
CANADA GOOSE
ARCTIC PROGRAM



MYND/SISSI

**Ég vaknaði á gamlársdagsmorgun, komin sex mánuði á leið, og lá í blóði mínu. Maðurinn minn stökk upp og hringdi á sjúkrabíl. Síðan hófust rannsóknir og þá kom í ljós að þetta er illkynja æxli í ristli. Ég var skorin upp. Það þurftu að vera barnalæknar og fæðingarlæknar sem héldu leginu til hliðar á meðan skurðlæknar og þeirra aðstoðarmenn sáu um ristilinn. Og svo var barnið sett aftur inn og saumað fyrir. Tíu dögum síðar komu niðurstöður um að þetta væri annars stigs krabbamein í ristli og ekki fannst neitt í eitlum. Að öllu jöfnu hefði ég farið í lyfjameðferð. Móðureðlið hjá mér var ofar skynsemismörkum, ég tók þá ákvörðun að fara ekki í lyfjagjöf.**

**Helga Torfadóttir:**

## ÞAÐ ER LÍF EFTIR MEÐFERÐ

Ég greindist með krabbamein í auga árið 2003. Það var meðhöndlað með geislum og gekk bara mjög vel. Svo liðu sjö ár og þá greindist ég með krabbamein í hálsinum. Það var skorið í burtu og síðan hófst lyfjameðferðin, sem var erfið, en ég notaði allt sem hægt var til að draga úr aukaverkunum. Það var mjög erfitt þegar hárið fór. En lífið hélt áfram. Ég reyndi að fara út með hundana mína og hreyfa mig.

Tilfinningin sem greip mig þegar ég greindist var náttúrulega að standa sig vel, það var bara ekkert annað í boði. Lífið allt fram undan og ég vissi að ég myndi komast í gegnum þetta en það kostaði náttúrulega blóð, svita og tár en ég er komin hérna í dag.

Það sem veitti mér mesta stuðninginn var fjölskyldan og bænin – ég vissi að það var verið að biðja fyrir mér í ýmsum bænahópum í kirkjum landsins. Ég hvet alla til að leita sér huggunar í bæninni því hjálpin kemur að ofan. Maðurinn minn veitti mér mjög mikinn stuðning. Ég fann styrkinn í Ljósinu þegar ég fór þangað og hvet alla, bæði konur og karla, að leita þangað.

Það var mikill léttir þegar ég fékk út úr myndatökunni núna í júní að sjúkdómurinn væri horfinn. Það var algjört æði svo ég fór út í sveit og keypti litla fjögurra daga gamla geit til að styrkja og gefa henni líf. Og ég er ofboðslega hamingjusöm með það. Dásamlegasta augnablikið í þessu ferli öllu saman er þegar ég varð loksins amma, búin að bíða í mörg ár og þá fæddist einn lítill yndislegur drengur.

Ég byggi mig upp á gönguferðum, borða hollan mat, sinni hundunum mínum, geng út um allt og geri allt sem mér þykir skemmtilegt. Og geymi ekkert til morguns sem ég get gert í dag. Mig langar að hvetja konur til að sinna sjálfum sér og hlusta á líkamann. Það er líf eftir meðferð. Stelpur: Verið bjartsýnar því lífið svo dýrmætt.

**Hulda Hjálmarsdóttir:**

## AFTUR ÚT Í LÍFIÐ

Ég var fimmtán ára gömul þegar ég greindist með bráðamergfrumuhvítblæði. Það er svolítið sérstök reynsla að lenda í því þegar maður er unglingur, á svona viðkvæmum aldri. Þetta er eins og manni sé bara kippt út úr lífi sínu. Ætlaði ég að gera það með hangandi haus eða með jákvæðu hugarfari og komast í gegnum þetta eins vel og ég gæti?

Það sem í raun tók við var hálft ár af spítalalífi. Þetta er spurning um líf eða dauða. Maður verður bara að berjast og vona að maður komist í gegnum þetta. Og það vildu allir hjálpa mér til að ná bata. Ég sinnti námi á spítalanum, náði að taka samræmdu prófin og komst inn í Menntaskólann við Hamrahlíð.

Stuðningur skiptir mjög miklu máli þegar maður lendir í svona erfiðleikum í lífinu. Á svona stundum sér maður hverjir eru vinir í raun, hverjir það eru sem standa með manni í gegnum súrt og sætt, gleði og sorg og allt. Vinkonur mínar voru alltaf að gera eitthvað fallegt fyrir mig. Þær sömdu fyrir mig lag, þær komu upp á spítala og sungu fyrir mig lagið. Það hjálpaði mér mikið að kynnast krökkum sem hafa gengið í gegnum sömu reynslu og ég.

Þetta snýst ekki bara um þann sem er lasinn. Það voru líka foreldrar mínir, bróðir minn og systir mín og allt fólkið í kringum mig sem þetta snerti. Þau voru öll að takast á við þetta saman.

Strax og ég hafði einhverja krafta byrjaði ég að liðka mig til og bara svona aðeins að reyna á mig, skref fyrir skref. Maður þurfti virkilega að trúa á sjálfan sig og vera þrautseigur og ekki missa trúna á að maður gæti náð sama krafti og áður. Ég þurfti að koma mér aftur út í lífið og fara aftur inn í mína venjulegu rútínu og hafa lífsþrótt til að takast á við lífið yfirhöfuð. Ég fer út að hlaupa, Ég syng og mér finnst það mjög gott fyrir líkama og sál, það nærir mig vel.

**Björg Júlíana Árnadóttir:**

## VERKEFNI SEM ÉG ÆTLAÐI AÐ LJÚKA VIÐ

Ég greindist með krabbamein í brjósti árið 2005 og gekk í gegnum mjög erfiða reynslu, ekki síst andlega, vegna þess að ég hafði fylgst vel með systur minni og systurdóttur sem báðar fengu krabbamein og létust í sömu vikunni þremur árum áður. Meðferðin sem slík var mjög erfið.

Í seinna skiptið sem ég fæ krabbamein, í fyrra, þá fæ ég krabbamein í vinstra brjóstið. Þá var ég hins vegar reynslunni ríkari og var miklu jákvæðari gagnvart veikindunum. Ég var sannfærð um að ég myndi lifa þetta af. Allt ferlið miðaði ég við að þetta væri verkefni sem ég tæki að mér og ég ætlaði að ljúka við. Ég ákvað að ganga á Esjuna, komast upp og horfa yfir og hugsa: Þetta gat ég.

Erfiðast er að meðtaka þessi skilaboð, að maður sé að greinast aftur með krabbamein, og að þurfa að segja aðstandendum frá því. Það er ómetanlegt að finna fyrir stuðningi nánustu ættingja og ekki síst vinkvennanna. Allir stóðu þétt við bakið á mér.

Til að byggja mig upp reyni ég að borða hollan mat. Ég stunda líkamsrækt í meiri mæli en ég gerði áður, syndi á morgnana og fer í gönguferðir – það hentar mér best.

Ég geng á fjöll, fer í ferðir með skemmtilegu fólki og ég mun reyna að lifa lífinu.

Það var ánægjulegt þegar samþykkt var að konur fengju að kaupa sér höfuðfatnað og láta húðflúra augabrúnir og augnlínu, en ég hafði barist fyrir að fá það í gegn. Nú finnst mér mikilvægt að berjast fyrir því að sett verði upp teymi inni á sjúkrahúsunum sem aðstoðar konur þegar þær eru að greinast með krabbamein og upplýsir þær um réttindi og allt annað sem hjálpar þeim í gegnum veikindin.

Ég vil benda öllum konum á það að fylgjast vel með líkama sínum og alls ekki að hunsa merki sem gætu bent til þess að krabbamein væru að taka sig einhvers staðar upp.

Lífsmóttóið hjá mér er að lifa lífinu skemmtilega og gera skemmtilega hluti. Lífið er svo stutt og það skiptir svo miklu máli að hafa gaman af lífinu.



● **VEL HEPPNUÐ ORLOFSHELGI AÐ EIÐUM** Dagana 26.-28. ágúst 2011 var krabbameinsgreindum og aðstandendum boðið að koma og taka þátt í orlofshelgi að Eiðum á vegum Krabbameinsfélags Austfjarða og Krabbameinsfélags Austurlands. Í Kirkjumiðstöð Austurland var boðið upp á fræðslu, svæðanudd, gönguferðir, helgistund, samveru og fleira og nutu þátttakendur helgarinnar svo sannarlega.



**Hluti af hópnum slakar á fyrir utan Kirkjumiðstöðina á Eiðum.**

Boðið hefur verið upp á orlofshelgi á Eiðum undanfarin fimm ár og síðustu tvö árin í samstarfi við Kraft, stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein. Kraftur hefur boðið félögum sínum að fljúga austur ásamt sínum nánasta vini eða maka og taka þannig þátt í dagskránni þeim að kostnaðarlausu. Fólk sem er í meðferð eða hefur nýlokið henni hefur verið boðið sérstaklega velkomið. Auk þess er þetta góð leið til að brjóta upp hversdagsleikann með sínum nánustu, enda um einstaklega fallegt og róandi umhverfi að ræða. Að hvíldarhelginni lokinni sagði einn þátttakandinn: „Takk fyrir mig. Þetta er ferð sem var endurnærandi á sál og líkama og yndislegt að vera fyrir austan."





**Katrín Jónsdóttir læknir er fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu.** MYND/ANTON

# Lífsnauðsyn að hreyfa sig

● Katrín Jónsdóttir læknir er fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu. Hún hefur í námi sínu og starfi kynnst gildi hreyfingar fyrir heilsuna, en á síðustu árum hafa verið birtar niðurstöður sífellt fleiri rannsókna sem sýna að heilbrigðir lífshættir bæta líðanina og draga úr líkum á ýmsum sjúkdómum, meðal annars krabbameinum.

*Hefur þú stundað íþróttir frá unga aldri?*

Já, ég byrjaði í fimleikum fimm ára gömul og svo í fótbolta átta ára.

*Skiptir það ekki miklu máli fyrir árangur í íþróttum að lifa heilbrigðu lífi?*

Jú, það skiptir heilmiklu máli. Að borða hollan og fjölbreyttan mat og fá nægan svefn eru mikilvægir þættir í að ná langt. Svo er að sjálfsögðu bannað að reykja!

*Hvað er æskilegt að fólk hreyfi sig mikið í hverri viku?*

Það er mjög gott að hreyfa sig daglega. Hvaða tegund hreyfingar, hversu mikil og hversu erfið hreyfingin á að vera fer eftir heilsu, aldri og markmiðum einstaklingsins. Það er til dæmis mikill munur á æskilegri hreyfingu fyrir afreksíþróttamann og manneskju með alvarlegan hjartasjúkdóm.

*En hvað segir þú um mataræðið?*

Það er mikilvægt að borða holla og fjölbreytta fæðu, en einnig þarf að passa upp á að borða hæfilega mikið. Afreksíþróttamaður þarf til dæmis að borða meira en manneskja sem hreyfir sig lítið. Það er ekki alltaf auðvelt að vita hvað er hollt og getur því stundum verið gott að tala við heimilislækninn sinn eða næringarráðgjafa og fá ráðleggingar.

*Er samband á milli hreyfingarleysis og hættu á krabbameini?*

Hreyfing er gríðarmikilvæg fyrir heilsuna. Rannsóknir hafa sýnt að með reglulegri hreyfingu er hægt að minnka líkur á fjölmörgum sjúkdómum, eins og til dæmis hjartasjúkdómum, offitu, sykursýki, stoðkerfisvandamálum, geðröskunum en einnig sumum tegunda krabbameina.

*Hvaða skilaboðum vilt þú koma á framfæri við fólk um gildi heilbrigðs lífs?*

Eins og ég sagði áðan er mikilvægt að hugsa um eigin heilsu með því að borða hollan mat, hreyfa sig reglulega, fá nægan svefn og forðast skaðvalda eins og reykingar. Hins vegar er mikilvægt að vera ekki of ýktur. Ef þú vilt taka þig á þarf að setja sér langtímamarkmið. Lífsstílsbreytingar eiga ekki að vera hraðar. Ég hef til dæmis allt of oft orðið vitni að því þegar fólk ætlar sér að léttast allt of hratt með fáránlegum matarkúr eða fer of geyst af stað með hreyfinguna og það fær fljótlega álagsmeiðsli. Hérna er þolinmæði lykilorð. Fagfólk eins og heimilislæknar, íþróttafræðingar og næringarráðgjafar geta verið til mikillar hjálpar.



**Jakob Jóhannsson er krabbameinslæknir með meistaragráðu í heilsuhagfræði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kostnaður vegna krabbameina á eftir að aukast

● Jakob Jóhannsson læknir segir að kostnaðurinn sé minni hér á landi en í hinum norrænu löndunum.

Síðastliðið vor kom út skýrsla á vegum Norræna krabbameinssambandsins (Nordic Cancer Union, NCU) þar sem gerð er tilraun til að bera saman kostnað norrænu þjóðanna af krabbameinum. Skýrslan er lýsandi, bæði hvað varðar kostnað af krabbameinum og um mismunandi skipulag þjóðanna.

Kostnaður á hvern þjóðfélagsþegn er gefinn upp í evrum. Meðferð við krabbameinum er dýrust í Noregi, 133 evrur, en hér á landi er hún næstódýrust eða 110 evrur. Það má því segja að Íslendingar hafi upp á töluvert að hlaupa hvað varðar að auka kostnað við meðferð krabbameina miðað við hin norrænu löndin, sérstaklega með tilliti til nýrra lyfja og nýrra tækja við geislameðferð. Þetta eru mikilvægar upplýsingar þar sem við berum okkur saman við þessi lönd þegar um meðferð sjúkdóma er að ræða.

Kostnaður af leit að brjóstakrabbameini er hæstur í Svíþjóð en næsthæstur hér á landi. Kostnaður vegna leitar að leghálskrabbameini er hæstur hér á landi. Samkvæmt skýrslunni standa Svíar og Íslendingar sig best í leitarstarfinu.

Opinber kostnaður af tekjumissi og örorku vegna krabbameina er minnstur á Íslandi eða 10 evrur. Hann er hæstur í Noregi eða 45 evrur. Hluti af skýringunni getur verið sá að vinnuveitendur hér á landi taki meiri þátt í þessum kostnaði en gert er í hinum löndunum.

Niðurstaðan er því sú að við stöndum okkur ágætlega hvað varðar þann kostnað sem þjóðfélagið hefur af krabbameinum. Einnig kemur berlega í ljós að mestur kostnaður af völdum krabbameina er vegna meðferðar en þar er kostnaðurinn samt næstlægstur hér á landi. Hins vegar er bent á það í skýrslunni að búast megi við því að kostnaður Norðurlandaþjóðanna vegna krabbameina eigi eftir að aukast á næstu árum og áratugum, meðal annars vegna vaxandi tíðni sjúkdómsins.

# Átta íbúðir fyrir fólk í meðferð

Fyrir tuttugu árum keyptu Krabbameinsfélagið og Rauði krossinn tvær íbúðir í Reykjavík fyrir fólk sem kom utan af landi og fór í meðferð við krabbameini. Þörfin var svo mikil að nú eru íbúðirnar orðnar átta, allar við Rauðarárstíg.

Steinunn Friðriksdóttir hefur séð um íbúðamálin fyrir Krabbameinsfélagið frá upphafi. „Þá áttu margir sjúklinganna að vísu ættingja í bænum en þeim fannst óþægilegt að setjast upp hjá þeim í langan tíma og hóteldvöl var of dýr," segir hún. „Það var því mikið framfaraspor þegar ákveðið var að kaupa fyrstu íbúðirnar og stuðningur Rauða krossins var ómetanlegur."

Sex íbúðanna eru eign Krabbameinsfélags Íslands og Rauða kross Íslands, ein er eign félagsins og Hússjóðs Öryrkjabandalagsins og ein eign félagsins og Styrktarsjóðs Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Allar íbúðirnar eru vel búnar húsgögnum og tækjum.



**Íbúðirnar á Rauðarárstígnum eru allar mjög vistlegar. Hér er Steinunn í einni þeirra.**

„Sjúklingarnir eru mjög þakklátir fyrir að geta dvalið í ró og næði í íbúðunum og oftast eru aðstandendurnir með," segir Steinunn. „Það skiptir miklu máli hvernig fólki líður í meðferðinni og að geta haft hjá sér einhvern sem manni þykir vænt um til að geta deilt með gleði og sorg."

Landspítalinn sér um rekstur íbúðanna og úthlutun þeirra. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 543 6800 eða 543 6801. Leigugjaldið er 1.600 krónur fyrir hvern dag. Mörg krabbameinsfélög á landsbyggðinni endurgreiða kostnað sjúklinganna.




www.bleikaslaufan.is

Styrktaraðilar

5 88 55 22

Arion banki

Söluaðilar

IÐA ehf, Fríhöfnin, Garðheimar, Kvennadeild Rauða Krossins, Blómahönnun, BSÍ, Misty, Te og Kaffi, Þín verslun, ITA gallery, Hreyfill, Melabúðin, Rima Apótek, Blómabúðin Ísblóm, Frumherji, Olís, Byko, Hrafnista Laugarás, Hrafnista Hafnarfirði, Reykjavíkur Apótek, Einar Farsveit, Byggt og búið, Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Heilsuhúsið, Lyfja, Garðsapótek, Eymundsson, Kaffitár, Krónan, 11-11, Nóatún, Kjarval, Lyfjaval, Debenhams, Íslandspóstur, Hagkaup, aha.is, Svartakaffi, Lyfjaver, Blómabúðin Dögg, Leonard, Lyfjaborg, Mörk hjúkrunarheimili, Árbæjarapótek, Hrím, Radisson Blu 1919 hotel, Belladonna, Samkaup (Úrval, Kaskó, Nettó, Strax), Lyf og heilsa, Stúdíóblóm-runni blómabúð, Garnabúð Gauja

# Handgerð silfurslaufa úr Hafnarfirði



Sigurður Ingi Bjarnason, gullsmiður hjá Sign í Hafnarfirði, hannar silfurútgáfu Bleiku slaufunnar sem Leonard selur í ár til ágóða fyrir Krabbameinsfélagið.

Ingi sér sjálfur um framleiðsluna þannig að hvert eintak er einstakt og fjöldinn þar af leiðandi takmarkaður. Slaufan verður aðeins seld í verslunum Leonard í Kringlunni, Smáralind, Lækjargötu og Leifsstöð.

Ingi í Sign segist hafa haft í huga að slaufan gæti nýst við sem flest tækifæri jafnframt því að vekja athygli á góðu málefni. Á slaufunni eru fimm bleikir steinar. „Þeir eiga að vera tákn vonarinnar um fimm einkennalaus ár, sem oft er miðað við þegar rætt er um að læknast af sjúkdómnum," segir Ingi. „Hrjúf áferð slaufunnar, þar sem kalt mætir heitu, er auk þess að kallast á við íslenska náttúru og aðstæður, skírskotun í þá erfiðleika, óvissu, sorg og auðvitað gleði, sem lífið getur boðið upp á."

Leonard mun einnig selja sérstaka útgáfu af bleikum leðurarmböndum frá Sif Jakbos, til ágóða fyrir Krabbameinsfélagið.



Ingi í Sign vinnur að gerð bleiku silfurslaufunnar.



Vigdís Finnbogadóttir fær hér afhenta Bleiku slaufuna. Vigdís greindist sjálf með brjóstakrabbamein árið 1977. MYND/VALLI

# Lífsreynslan styrkti mig

● Vigdís Finnbogadóttir greindist með brjóstakrabbamein árið 1977. Í bókinni Vigdís – kona verður forseti, sem kom út fyrir tveimur árum, segir hún frá því hvernig hún uppgötvaði meinið og fór í skurðaðgerð. Síðan segir hún:

Ég þurfti auðvitað að læra að lifa með þessu en það var samt líf og meira en margir höfðu fengið. Ég gat verið óendanlega þakklát fyrir það. Af því að ég lenti síðar í þessu embætti þá vita þetta allir og þá verð ég einhvers konar fyrirmynd á þessu sviði, hef ég orðið vör við. Margar konur segjast hafa hugsað til mín þegar þær fóru í uppskurð, ég hafi lifað þetta af, gegnt mínum störfum og lifað mínu lífi. Það hafi gefið þeim kraft til að takast á við þessa baráttu, því glíma við svona sjúkdóm er alltaf mikil barátta. Krabbamein var mikið feimnismál á þeim tíma sem ég gekk í gegnum þetta. Það hefur breyst alveg gífurlega og mörg félög starfandi sem styðja konur sem lenda í þessum hremmingum og vinna frábært starf. Andlega hliðin er svo mikilvæg, að missa ekki móðinn en halda sönsum, varðveita lífskraftinn hið innra með sér," segir Vigdís.

„Meðal þess sem ég lærði af öllu þessu ferli er að það á alltaf að tala um sjúkdóma. Aldrei að bera sig svo vel að maður tali ekki um þá. Það er líka mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það tekur tíma að sætta sig við hlutina. Þú verður að sættast við það sem þú færð ekki breytt en það getur tekið tíma. Hjá mér var þetta alltaf í bakþankanum fyrstu árin. Ég gat aldrei alveg lokað á þá hugsun að ég væri með krabbamein. Og líklega hef ég alla tíð síðan verið meira eða minna merkt af þessu. Að sjálfsögðu. Þess vegna hefur mér alltaf fundist það skylda mín að styðja þetta málefni og hjálpa eins og ég hef getað. Öðrum konum er mikill styrkur að því að vita að við erum margar sem höfum komist í gegnum þetta. Ég get heldur ekki neitað því að þessi lífsreynsla styrkti mig andlega. Ég varð að vera sterk til þess að fara í gegnum þetta og naut þess síðar."

## VONIN

Veiztu
að vonin er til
hún vex
inn í dimmu gili
og eigir þú leið
þar um
þá leitaðu
í urðinni
leitaðu
á syllunum
og sjáðu
hvar þau sitja
lítil og veikbyggð
vetrarblómin
lítil og veikbyggð
eins og vonin.

*Þuríður Guðmundsdóttir.*
*Aðeins eitt blóm, 1969.*



# Gott fyrir gott

Stúlkurnar í hönnunarfyrirtækinu Fær-ID eru aftur komnar af stað með átaksverkefnið sitt Gott fyrir gott, sem er bleik slaufa í formi nammihlaups. Hlaupið er framleitt af Nóa-Siríus fyrir Fær-ID og rennur allur ágóði af sölu vörunnar til Krabbameinsfélags Íslands.

Bleika slaufan hefur hingað til einkum verið þekkt sem skart til styrktar baráttunni gegn krabbameinum hjá konum. Í hugmynd Fær-ID, sem unnin var af Herborgu Hörpu Ingvarsdóttur og Þórunni Hannesdóttur, var markmiðið að búa til vöru sem höfðaði til annars og stærri markhóps en nælan, og niðurstaðan af þeirra samstarfi varð bleik nammislaufa sem verður til sölu til októberloka.

Varan kallast Gott fyrir gott. Það eru fáir á móti því að fá sér (nammi)gott fyrir gott (málefni). Gottið er með ávaxtabragði og er án litarefna. Litnum á hlaupinu er náð fram með lit frá náttúrunnar hendi úr grænmetis- og ávaxtasafa, t.d. kirsuberjum. Hver 100 gramma poki er seldur á 500 krónur og eru sölustaðir um allt land: N1, Háma, Iða, Mál og menning, Pósturinn, Skeljungur, Debenhams, Samkaup-Strax, Samkaup-Úrval, Nettó, Kaskó og Melabúðin.

Fyrirtækjum gefst einnig kostur á að kaupa 15 gramma poka fyrir viðskiptavini sína og starfsfólk. Litlu pokarnir koma í kössum sem eru eitt kílógramm að þyngd (um 66 einingar) og er verðið á þeim 5.000 krónur.





Katrín, Valur og Kristín hjá fyrirtækinu Íslandsmót sjá um bleika boðið í Hörpunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bleika konukvöldið verður í Hörpu og Hofi

Bleika konukvöldið verður haldið á tveimur stöðum í ár.

Miðvikudagskvöldið 26. október 2011 verður Bleikt konukvöld haldið í Hofi á Akureyri. Þetta er í fyrsta sinn sem Bleika konukvöldið verður sett líka af stað á Akureyri og er það fyrir tilstuðlan verkefnastjóra Hofsins, Láru Sóleyjar.

Fimmtudagskvöldið 27. október 2011 mun um eitt þúsund konum gefast kostur á að koma á konukvöld í Hörpunni. Ýmiss konar skemmtun verður í boði en unnið er hörðum höndum að því að útbúa fjölbreytta dagskrá. Þetta er þriðja árið í röð sem konukvöldið er haldið til að ljúka árveknis- og fjáröflunarátakinu Bleiku slaufunni. Tilgangurinn með Bleika konukvöldinu er að eiga góða og skemmtilega kvöldstund en ekki síst að hvetja til árvekni gegn krabbameinum hjá konum.

Það eru þau Valur, Katrín og Kristín hjá fyrirtækinu Íslandsmót sem sjá um viðburðastjórnunina. „Við höfum fylgst með átaki Krabbameinsfélagsins í gegnum árin og okkur finnst mikill heiður að því að annast Bleika konukvöldið í ár. Það verður einstaklega gaman að setja upp viðburðinn í Hörpu,“ segja skipuleggjendurnir. „Fjölbreytt dagskrá með fjölda landsfrægra listamanna svo sem tónlistarfólki og dönsurum verður í boði en við viljum ekki kynna dagskrána strax en hún verður auglýst sérstaklega þegar nær dregur.“

Boðið verður sérstaklega auglýst á vefsíðunum www.krabb.is og www.facebook.com/bleikaslaufan en í fyrra komust færri að en vildu.



Lára Sóley heldur bleikt kvennakvöld í Hofi á Akureyri. MYND/HEIÐA.IS




**● BLEIKUR OKTÓBER Í BYKO** BYKO-verslanirnar styðja við átakið Bleiku slaufuna með því að gefa 10% af söluandvirði yfir 300 slaufumerktra vara til Krabbameinsfélagsins í október.

„Þetta er liður hjá okkur í að vekja athygli á Bleiku slaufunni, árveknis- og fjáröflunarátaki Krabbameinsfélagsins í þágu kvenna. Um leið viljum við undirstrika að byggingavöruverslanir eru ekki bara fyrir karla, konur kunna líka að bora í vegg og taka ríkan þátt í að halda heimilinu við og fegra,“ segir Ingi Þór Hermannsson, markaðsstjóri BYKO.

Slaufumerktar vörur má finna í flestum deildum BYKO og má þar nefna málningu, borvélar, rafmagnstæki, ljós, flísar, parkett, blöndunartæki og hefilbekki svo dæmi séu tekin.

**● SÁPA TIL STYRKTAR KRABBAMEINSFÉLAGINU** Mjöll-Frigg selur handsápu til styrktar Krabbameinsfélaginu í október. Um er að ræða bleika fljótandi handsápu með blómalykt. Sápan er fáanleg í öllum helstu verslunum.

„Það skiptir okkur hjá Mjöll-Frigg miklu máli að leggja góðu málefni lið og við völdum að styrkja Krabbameinsfélagið og verkefnið Bleiku slaufuna,“ segir Gréta Björg Blængsdóttir, sölu- og markaðsstjóri fyrirtækisins.

Af hverjum bleikum handsápubrúsa af tegundinni Opera handsápa með blómailmi renna 30 krónur til Krabbameinsfélags Íslands.






Guðrún Sigurjónsdóttir var formaður Samhjálpar kvenna í áratug.

# Með lífið að láni

● Guðrún Sigurjónsdóttir hjúkrunarfræðingur hefur bæði greinst með brjóstakrabbamein og ristilkrabbamein. Hér greinir hún frá reynslu sinni af báðum krabbameinum.

Sú staðreynd að hægt sé að fá krabbamein aftur – og það í annað líffæri – hafði alls ekki hvarflað að mér þegar ég veiktist snemma árs 2009.

Ég fékk brjóstakrabbamein árið 1989, þá 42 ára gömul. Ég átti þrjú börn á aldrinum 14-22 ára. Greining og meðferð var mér afar erfið, reynsla mín af brjóstakrabbameini var eingöngu sú að amma mín lést úr sjúkdómnum þegar ég var unglingur og fylgdi ég henni í því ferli. Við tókum saman Hafnarfjarðarstrætó inn á Landspítala þar sem amma fór í geislameðferð á brjóst og holhönd. Hún brann illa af geislunum og notaði mjúka bómullardulu til að troða inn í brjóstahaldarann. Hún átti í töluverðum erfiðleikum með að hafa barminn jafnan, en hún var peysufatakona og vildi ætíð vera sjálfri sér til sóma. Hún lést fjórum árum eftir að hún greindist.

Ég var viss um að ég hlyti sömu örlög og amma mín, fengi ekki að fylgja börnum mínum inn í fullorðinsárin og fengi alls ekki að sjá ófædd barnabörn. Ég bað almættið að gefa mér tíma – og ég hlaut bata.

Aðdragandinn að greiningu seinna krabbameinsins, ristilkrabbameins, var allur annar. Í fyrra skiptið var ég alfrísk þegar ég fann hnút í brjósti, en í seinna sinnið var ég býsna veik, slöólítil og slöpp. Ég hafði samt ekki fundið fyrir neinum breytingum á meltingunni. Ristilkrabbameinið er svo lúmskt. Ég tók þessari greiningu með jafnaðargeði, enda hafði almættið gefið mér tuttugu dásamleg ár.

Að loknum rannsóknum var hluti ristilsins fjarlægður. Krabbameinið hafði ekki sáð sér, en vegna stærðar æxlisins þótti öruggara að fara í lyfjameðferð. Kúrarnir voru átta og tóku þeir tvær vikur hver með viku hvíld á milli. Ég þoldi lyfið nokkuð vel og vann allan tímann meðan á lyfjameðferðinni stóð. Auk þess var ég að ljúka meistaranámi í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri og mátti því alls ekki vera að því að leggjast í veikindi. Ég álít að hver og einn verði að halda sér eins mikið í gangi og heilsan leyfir.

Nú er heilsan prýðisgóð og ég nýt lífsins í ríkum mæli. Ég þakka áfram fyrir hvern dag, enda hef ég lært af reynslunni að við erum með lífið að láni og eigum að njóta daganna.

# Fjölbreytt starfsemi um land allt

Innan Krabbameinsfélags Íslands eru 23 svæðafélög og níu stuðningshópar á landsvísu, með um 9.400 félagsmenn.

Þjónustuskrifstofur eru sjö; á Akranesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Reyðarfirði, Selfossi og í Reykjanesbæ.

Í stuðningshópum Krabbameinsfélagsins er fólk sem vinnur að sameiginlegum verkefnum í þeim tilgangi að efla eigin bjargráð og annarra. Félagar stuðningshópanna halda úti öflugri jafningjafræðslu.




**STUÐNINGSHÓPARNIR:**

- Góðir hálsar, stuðningshópur um krabbamein í blöðruhálskirtli.
- Krabbameinsfélagið Framför, hópur sem leggur áherslu á auknar rannsóknir á sviði krabbameins í blöðruhálskirtli.
- Ný rödd, samtök fólks sem hefur misst raddbönd vegna krabbameins.
- Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess.
- Ristilfélagið, samtök fólks með krabbamein í ristli og endaþarmi.
- Samhjálp kvenna, samtök til stuðnings konum sem greinast með brjóstakrabbamein.
- Stómasamtökin, samtök þeirra sem hafa farið í stómaaðgerðir.
- Stuðningshópur kvenna með krabbamein í eggjastokkum.
- Styrkur, samtök krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra.

*Nánari upplýsingar um starfsemi aðildarfélaganna eru á vefsíðu Krabbameinsfélagsins, www.krabb.is*

**● BLEIKUR POKI** Krabbameinsfélag Íslands og Plastprent undirrituðu samstarfssamning á dögunum er lýtur að stuðningi Plastprents við Bleiku slaufuna og Krabbameinsfélagið með sölu á bleikum pokum. Samningurinn felur í sér að allur ágóði af sölu pokans rennur óskiptur til stuðnings Krabbameinsfélaginu í baráttunni gegn krabbameinum hjá konum.

Bleiki pokinn verður til sölu hjá Plastprenti frá 1. september til 31. október. Allar nánari upplýsingar veitir söludeild Plastprents.



**● NUDD TIL STYRKTAR KRABBAMEINSFÉLAGINU** Heilsulindin Sóley Natura Spa, sem er á Hótel Natura við Reykjavíkurflugvöll, ætlar að styrkja Krabbameinsfélag Íslands í tilefni af Bleiku slaufunni í október með því að láta 10% af öllu nuddi renna til félagsins.

Ýmiss konar nudd er í boði svo sem heilsunudd eða klassískt vöðvanudd, íþróttanudd, sogæðanudd og svæðanudd. Þegar farið er í nudd í heilsulindinni er innifalið í verðinu aðgangur að sundlaug, gufubaði, þurrgufu og heitum potti. Sóley Natura Spa er tilvalinn staður til að slaka á og njóta lífsins og þar eru eingöngu notaðar vörur frá Sóley Organics. Allar nánari upplýsingar um nudd og aðra meðferð í Sóley Natura Spa má finna hér: http://soleynaturaspa.is/






**● BÍLAR SKARTA BLEIKU** Leigubílar Hreyfils/Bæjarleiða keyra nú í fimmta sinn með bleikt merki á toppnum í stað þess gula. Þessi samvinna leigubílastöðvarinnar og Krabbameinsfélagsins er orðinn fastur liður í októberátakinu undir merkjum bleiku slaufunnar.

Tíu krónur af hverri ferð frá Hreyfli/Bæjarleiðum renna til Krabbameinsfélagsins auk þess sem bílstjórarnir selja Bleiku slaufuna til styrktar félaginu. Mikil samkennd ríkir í þessu verkefni hjá leigubílstjórunum sem margir hverjir leggja mikinn metnað í að selja slaufurnar og fá jafnvel fjölskyldumeðlimi til að aðstoða við söluna til að styrkja málefnið.

Leigubílarnir munu skarta bleika merkinu í tvo mánuði og styrkja þá Krabbameinsfélagið í leiðinni en salan á slaufunum stendur einungis í tvær vikur.

**● ÍÞRÓTTATOPPAR TIL STYRKTAR KRABBAMEINSFÉLAGINU** Sportís hefur gert tveggja ára samning við Krabbameinsfélag Íslands þar sem ein tegund af Casall-íþróttatoppum er seld til styrktar félaginu. Renna 20% af sölu þess topps til félagsins.

Topparnir verða merktir Bleiku slaufunni. Þeir verða til sölu í öllum verslunum sem selja Casall-vörurnar og má þar nefna verslanir Lyfju, Útilífs og allar helstu íþróttaverslanir landsins.

„Við erum mjög stolt af því að vera með í Bleiku slaufunni og vera styrktaraðilar Krabbameinsfélags Íslands. Þannig getum við lagt hönd á plóg í baráttunni gegn krabbameinum sem kemur svo víða við," segir Kristinn Kristjánsson, sölustjóri hjá Sportís. Sportís hyggur á enn frekari stuðning við Krabbameinsfélagið.





# LAGERFELD Á SJÁVARBOTNI

**Tískusýning Karls Lagerfeld fyrir Chanel á tískuvikunni í París vakti verðskuldaða athygli. Helst þó fyrir umgjörðina enda flutti Lagerfeld áhorfendur undir sjávarborðið og fyrirsæturnar sýndu klæðnaðinn umkringdar skeljum og sjávarverum. Að sjávarbotninn var líkari ísilögðum breiðum norðurpólsins truflaði engan en litirnir í línu Chanel voru í takt við það, fölbleikir, hvítir, silfraðir og drapplitir.**



Söngkonan Florence Welch söng í sjávarríki Lagerfelds meðan fyrirsæturnar sýndu það nýjasta í vor- og sumarlínu Chanel fyrir næsta ár. NORDICPHOTOS/GETTY



# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

## Loksins komnir !

Haldararnir sem læknar mæla með.
Verð 6.990 kr

Ynja UNDIRFATAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

## NÝ SKARTGRIPASENDING

Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.

Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.

Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
Erum á Facebook.com/glitehf

GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

www.glit.is

## Velúrgallar

Innigallar fyrir konur á öllum aldri.
Stærðir S - XXXL

Ný sending

SNYRTIVÖRUVERSLUNIN GLÆSIBÆ
S. 568 5170

## Kíktu við ný hádegisverðatilboð

Italiano Pizzeria

Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345

## www.tomstundahusid.is

**Lampar með stækkunargleri í úrvali.**
Tómstundahúsið, Nethyl 2,
sími 587-0600

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

## Myndavélakerfi til leigu

Vaktaðu fyrirtækið með fullkomnum myndavélum:

- Fjarskoðun
- Einfalt
- Öruggt

Verð frá aðeins 7.200.- kr á mánuði, án vsk.

**Procam • www.hobbystore.is • S: 867 7866 & 533 2121**

## Allt á einum stað

| | |
|---|---|
| BREMSUVIÐGERÐIR | HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA |
| BREMSUKLOSSAR | RAFGEYMAÞJÓNUSTA |
| SPINDILKÚLUR | OLÍS SMURSTÖÐ |
| ALLAR PERUR | BÓN OG ÞVOTTUR |

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA**
**SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066**

## S-29 Kaffi Hús

*Afmælisveislur *Bekkjarpartí
*Smárétta-Pinnaveisla *Saumaklúbbar

Corner Laugavegur & Snorrabraut 29 S: 861 2319/511 3032
info@4thfloorhotel.is www.4thfloorhotel.is

## BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510

TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

## BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS

**S. 587 1350**

## Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

## BROTAFL

STEINSÖGUN - BORUN - BROT

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

## Startarar og alternatorar

*Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvéla.*
*Varahluta og viðgerðaþjónusta, gerum föst verðtilboð í viðgerðir*

*55ár í þjónustu við bíleigendur!*

Ljósboginn ehf **Bíldshöfða 14 sími 553-1244**
ljosboginnehf@simnet.is

## HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

## 2K VERKTAKAR

- HELLULAGNIR
- DRENLAGNIR
- JARÐVEGSSKIPTI
- LÓÐALÖGUN
- RÁÐGJÖF

*Tilboð þér að kostnaðarlausu !*
**Pétur S. 699 3090 • tvok@internet.is**

## Lok á heita potta

*Áklæði úr sterkum pvc segldúk til í 3 litum.*

*Upplýsingar gefur Kristinn í síma 899-7663 eða tjalda@simnet.is*

## LP VERK ehf.

BYGGINGAFÉLAG

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar

Allar almennar húsaviðgerðir!

**698 6738**
www.lp-verk.is

Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

## Gabriel demparar í 40 ár

Gabriel

GS varahlutir

Bíldshöfða 14 • Rvk • S. 567 6744 • gsvarahlutir.is

## Bílaviðgerðir

Almennar viðgerðir – smurþjónusta
Jeppabreytingar – Járnsmiði – Tölvukerfi

Sími: 517 4524 Viðarhöfða 6

## CMT sagarblöð og fræsitennur

CMT ORANGE TOOLS

Ásborg vélar og verkfæri

Smiðjuvegi 11 S 5641212

## XPRENT

-merkir allt!

**Umhverfismerkingar.**
**Bíla- og gluggamerkingar.**
**Hentar t.d. fyrirtækjum, stofnunum og heimilum.**

Xprent - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

## FJARÐARBÓLSTRUN ehf

Sími 864 - 4188

Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.

Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

## Hraði + Action = Sönn skemmtun

*Sjóveiki **nei**. Bara stuð. Vinnuhópar. Vinahópar.*

SeaSafari.is ☎ 861 3840 Reykjavík

## Frábær GSM myndavél og öryggiskerfi

Hægt er að tengja 10 skynjara við myndavélina. Sendir myndir í símann eða á e-mail.

Dalvegur 16b s: 554-2727

Hugna.is

verð frá kr. 48.346

# Alla fimmtudaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

## Bílar til sölu



M. Benz jeppi B54E árg '00. Ek. 114 þ. Sjálfs., bensín. Ný dekk, vatnskassi og fl. Verð 2,3 m. Uppl. í s. 660 9802.



Til sölu Dodge Caravan árg.'00, ek. 144 þús. 7 manna, nýtt í bremsum. Sk. '12. V. 600 þús. Uppl. í s. 844 0952 e. kl 16.



Mercedes-Benz GLK 350 4MATIC árg 2010. Eins og nýr, ekinn 34.þús.km. Hvítur, dökkt leður 19" felgur glæsilegur bíll. Verð 7.790.þús. Uplýsingar í síma 845-4345.




50% ódýrara eldsneyti með metan breytingu. Engin útborgun. Greiðist með rekstrarsparnaði! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - S. 5522000.



Mitsubishi Carisma '98, 1,6 L, ssk. Ek. 190 þús. Verð 490 þús. S. 897 9252

Toyota Corolla XLI'97 tjónaður á h.framhorni, bíllinn er skoðaður í akfæru ástandi, ek. 140.000, nýr rafgeymir og ný dekk. Verð 100.000,- S:696 1324.

## 0-250 þús.

VW Polo '96 árgerð, 1400 vél til sölu. Ekinn 160 þúsund. 3 eigendur frá upphafi. Farinn í honum bremsuslöngur og bremsurör. Fæst á ódýrt. Tilboð óskast í síma 697 7447.



**Ódýr jepplingur !!!**
Kia Sportage 4x4 árg '96, ekinn 204þús, beinskiptur, bensín, skoðaður 2012, ný vetrardekk, lítur vel út og mjög góður í akstri, tilboðsverð aðeins 250 þús. s: 659-9696

## 250-499 þús.



**Toppbíll á Tilboðsverð**
Nissan Primera 2.0 árg. '98, ekinn 190þús. beinskiptur, ný skoðaður bíll í mjög góðu ástandi, ásett verð 420þús, Tilboðsverð aðeins 290þús. s: 659-9696.



**Toppbíll**
MMC Carisma árg '98, ekinn aðeins 140þús, ný skoðaður 2012, beinskiptur, nýleg dekk, frábær bíll í góðu standi, Tilboðsverð aðeins 350þús, uppl í s: 659-9696

## 500-999 þús.



**TILBOÐ FÆST Á 750 ÞÚS. SJÁLFSSKIPTUR DISEL.**
HYUNDAI H-1 STAREX 4X4 TURBO DISEL,árgerð 2000, ek.175 þús,sjálfskiptur,7 manna með fjórum kapteinstólum,hátt og lágt drif,stigbretti! ofl.frábær ferðabíll sem kemst allt! verð 950 þús, TILBOÐ FÆST Á 750 ÞÚS. STGR s. 841 8955.



**TILBOÐ 750 þús!**
SUBARU LEGACY WAGON 4x4 árgerð 2003 ek.205 þús. sjálfskiptur, ný góð heilsársdekk, cd,skoðaður 2012, hálfleðraður,filmur, lítur vel út, mjög góður bíll ásett verð 950 þús TILBOÐ 750 ÞÚS! s.841 8955

## 2 milljónir +



Nissan Navara árg. '06. Ek. 140 þ. Nýr mótor í 140 þ. hjá IH. Beinsk., 6 gíra. Í topp standi. Verð 2.450 þús. S. 774 6457.

## Bílar óskast

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659-9696

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Jeppar



Toyota Land Cruiser 120GX SJSK, Árg 2004 ekinn 120 þ.km Ný heilsársdekk, krókur Ásett verð 4.290.000.- Uppl í s. 825 2000

## Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hópferðabílar



Til sölu Jonckeere 1626, 43 farþega sími 618 3101/fjallabp@gmail.com

## Tjaldvagnar

Camplet tjaldvagn til sölu. Verð 125 þús. Uppl. í síma 699 4329

## Mótorhjól

Til sölu Husaberg 550 FE árgerð 2005. Lítið keyrt og vel með farið hjól. Verð 460 000. Upplýsingar í síma 6603537.

## Vespur




**TILBOÐ Í NOKKRA DAGA !**
Flottar stórar 50cc bensín vespur í svörtu (2 stk) og bláu (1 stk) á 12" og 13" dekkjum. Box aftan á og þjófavörn fylgja frítt með. VERÐ ÁÐUR 279.000 VERÐ NÚNA: 199.000. Þú sparar 79.000. Qpsinport S: 567 1040 Laugarvegur 168

**Qpsinport**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 14 til 17 mánudaga til föstudaga.**

## Vinnuvélar



LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR OG VÖRUBÍLAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is




## Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

## Bátar

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 772 0614 & 661 5270

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, H1, Santa Fe, Trooper, Freelander, Impreza 97, Baleno, Caddy 98-02, Polo 97-99, Matiz, Mondeo 98. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Viðgerðir

**Bílaviðgerðir**
Tek að mér að lagfæra bíla og fara með í skoðun. Uppl. í s 893 3475.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 eða 699 6069.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf., Sigurður 896-5758, siggi@litidmal.com

Málarameistari getur bætt við sig verkum. Kristján 692-5735

## Garðyrkja









## Tilkynningar

Sveitarfélagið ÁRBORG

Skipulags- og byggingardeild

### Endurskoðað aðalskipulag Árborgar 2010-2030

Bæjarstjórn Árborgar hefur samþykkt tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Árborgar 2010- 2030. Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar í Ráðhúsi Árborgar frá 9.desember 2010 til 6.janúar 2011. Athugasemdarfrestur var til 20.janúar 2011 og bárust sjö athugasemdir og einn undirskriftarlisti frá 21 einstaklingi, auk 10 athugasemda/umsagna frá umsagnaraðilum.Bæjarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína.

Athugasemdir gáfu tilefni til minniháttar breytinga á tillögunni, og hefur hún verið send Skipulagsstofnun, sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu tillögunnar.

Þeir sem þess óska geta nálgast athugasemdir, undirskriftalista, og umsagnir ásamt nánari upplýsingum um tillöguna á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Árborgar að Austurvegi 67 Selfossi.

Framkvæmdastjóri Árborgar.

### DEILISKIPULAGSBREYTINGAR Í SVARTSENGI

Auglýsingar

Grindavíkurbær

Breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Svartsengi
Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Grindavíkurbær breytingar á deiliskipulagsáætlunum:

A. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Bláa lónið. Í breytingunni felst að skilgreindar eru tvær borholur vestan til á svæðinu, lagnaleið fyrir affallsvökva frá Bláa lóninu að þeim og skipulagssvæðið er stækkað til vesturs og norðurs.

B. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði og reit undir þjónustustofnanir. Í breyt ingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur fyrir dælustöð, aðkomuvegur að dælustöð, lagnaleið fyrir þrýstilögn, skipulagssvæði stækkað til norðurs og nýtingarhlutfall aukið.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, frá 7. október 2011 til og með 22. nóvember 2011. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu Grindavíkurbæjar, www.grindavik.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega á bæjarskrifstofurnar til skipulags- og umhverfissviðs eða á netfangið ingvar@grindavik.is, eigi síðar en 22. nóvember 2011. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

**Ingvar Þór Gunnlaugsson**
**Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs**




## Sumarbústaðir



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**
Gistiaðstaða f. 10-15 manns. Helgarleiga 60þús. sun-föst 5 nætur 75þús . Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á www.sumarhus.edicypages.com

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu gott 70fm iðnaðarhúsnæði á Dalvegi 16c í Kópavogi. 90-100 þús. á mánuði auk tryggingar. Sími 699 4185

## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**

**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.**

**Í símaskrá ja.is undir;**

**geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**

**Upplýsingar 897 1731 klettar@heimsnet.is**

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Vetrargeymsla fyrir ferðavagna!**
Bílar, húsbílar, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og fl. Upphitað húsnæði, Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

## Gisting

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Dags- og vikuleigu.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**

**sími 896 4661**

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kokkur**
**Vantar kokk eða vanan matreiðslumann.**
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt veitingahús**

**Fjarðarbakarí**

**Óskar eftir starfsmanni til afgreiðslu í verslun okkar að borgarholtsbraut 19 Kópavogi. Starfsmaður þarf að vera stundvís, snyrtilegur og reyklaus**
**Umsóknir sendist á sjofn@fjardarbakari.is**

Vélavörð vantar á Blíðu SH 277 sem rær á beitukóng frá Stykkishólmi Umsóknir og nánari upplýsingar í síma 661 8133 eða senda póst á garpursh@simnet.is

**Viðgerðarmaður**
Rútufyrirtæki óskar eftir manni vönum viðgerðum. Uppl. í s. 892 3102.

**Bónstöð**
Starfsmaður með rútupróf óskast á bónstöð. Um blandaða vinnu við þrif og akstur er um að ræða. Uppl. í síma 860 0761 á milli 13 - 17

Fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu leitar af öflugum söluráðgjöfum til starfa sem fyrst. Mikið af verkefnum framundan. Uppl. í síma 618 5700 Þorgils

Frú Berglaug Veitingahús Laugarvegi óskar eftir vönum starfsmanni í eldhús. Uppl. veitir Gísli í síma 692 0446.

Óskum eftir röskum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöð hjá Bílkó. Frekari uppl. gefur Guðni í S. 618 0560.

Óska e. að kaupa góðan dráttarbíl með palli. Uppl.í s:8660471

## Atvinna óskast

Karlmaður óskar eftir að komast á samning hjá húsasmíðameistara. Gísli 690 1207.

Stýrimaður óskar eftir plássi á sjó. S. 868 7522.

Karlmaður óskar eftir atvinnu. Upplýsingar í síma 848 9096 kl. 16-19

## Viðskiptatækifæri

**Ertu 40 ára eða eldri ?**
Leitum eftir jákvæðu samstarfsfólki við markaðssetningu á hinni eilífu æsku. LifeWave hefur slegið í gegn á heimsvísu. www.lw-global.com/is eða 564 5959.

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Er einhver velviljaður tilbúin að lána mér 240.000 á lágum vöxtum. Upplýsingar um greiðsluform í s. 868 9887.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Konur í ævintýraleit. Það er mikið um nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra á Rauða Torginu Stefnumót. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar hlusta á augl. kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

## Atvinna

*ProMarin AS is a marine engineering company located on the island of Smøla on the northwest coast of Norway. The company was established in 2001 and has specialized in design of work boats and minor fishing vessels.*

**Due to increasing demand for our services we are seeking**

# Naval architect / Designer

**Work tasks:**

- Design and drawing.
- Cutting files.
- Stability calculations.
- Calculation of strength.

**We offer:**

- Independent work.
- Competitive conditions.

**Leisure activities:**

- Great opportunities for outdoor life.
- Cultural activities.

Visit **www.smolakommune.no** for more information about the community.
Application with CV to be sent to info@promarin.no before 20.11.2011. For more information contact Kåre Flataukan on telephone +47 715 43 180.

ProMarin
Marine design & engineering

ProMarin AS, Stornes, N-6570 Smøla, Norway.
Tel: +47 715 43 180 – info@promarin.no, www.promarin.no

Sérhæfð vörudreifing

Við bjóðum upp á klæðskerasniðnar lausnir í vörudreifingu fyrirtækja.
Hagstæð, örugg og gæðavottuð þjónusta.



Hafðu samband til að fá nánari upplýsingar í síma 585 8300 eða 585 8330.

Póstdreifing - Suðurhraun 1
210 Garðabær - Sími 585 8300
www.postdreifing.is

Póst dreifing



BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** brennt vín, **6.** tveir eins, **8.** andmæli, **9.** námsgrein, **11.** vörumerki, **12.** frárennsli, **14.** fyrirmynd, **16.** skóli, **17.** samræða, **18.** skelfing, **20.** gyltu, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hljóta arf, **3.** öfug röð, **4.** frelsarinn, **5.** skjön, **7.** rafstraumur, **10.** æxlunarkorn, **13.** stefna, **15.** skraut, **16.** dá, **19.** nudd.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** romm, **6.** rr, **8.** nei, **9.** fag, **11.** ss, **12.** afrás, **14.** mótíf, **16.** ma, **17.** tal, **18.** ógn, **20.** sú, **21.** knús.
**LÓÐRÉTT:** **1.** erfa, **3.** on, **4.** messías, **5.** mis, **7.** rafmagn, **10.** gró, **13.** átt, **15.** flúr, **16.** mók, **19.** nú.



## Kolkrabbar og hákarlar

Signý Kolbeinsdóttir, vöruhönnuður, teiknar ævintýraheima Tulipop. Hún segir sjö ára gamlan son sinn vera sinn helsta ráðgjafa þegar komi að hönnun og sækir innblástur sinn meðal annars til sjávarlífvera á borð við kolkrabba og hákarla.




FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN


# Niðurgangur

**BAKÞANKAR**
Sigríðar Víðis Jónsdóttur



Það er eitthvað algjörlega klikkað við það hver önnur algengasta dánarorsök ungra barna er. Niðurgangspestir og ofþornun. Númer eitt er lungnabólga, númer tvö niðurgangur.

**HÉR** á ég auðvitað ekki við íslensk börn heldur börn á heimsvísu. Enda eru öll heimsins börn jú eins að innan. Og öll heimsins börn fá inn á milli niðurgangspestir, líka börn á Íslandi. Munurinn er sá að í fleiri löndum en færri eiga börn sem veikjast á hættu að fá ekki viðhlítandi meðferð. Missa vökva út úr líkamanum, missa nauðsynleg sölt, þorna upp – láta á endanum lífið.

**BÖRN** sem fá ítrekað niðurgang eiga í ofanálag á hættu að verða vannærð. Vannærð börn hafa minni mótstöðu en vel nærð börn og eru líklegri til að veikjast á ný af niðurgangi. Vandinn bítur í skottið á sér og úr verður eitruð blanda. Það er grundvallaratriði að grípa inn í og rjúfa vítahringinn.

**OG ÞAÐ** er hægt. Á hverjum degi, hverri mínútu, látast börn af ástæðum sem vel væri hægt að koma í veg fyrir. Lausnirnar eru þekktar, ástandið mætti fyrirbyggja. Í því ljósi verður enn fáránlegra en ella að árið 2011 látist aragrúi barna úr niðurgangi. Halló! Langflest barnanna eru yngri en tveggja ára. Þau yngstu eru alltaf þau sem eru mest berskjalda.

**EINU** sinni dóu 5 milljónir barna árlega eftir að hafa verið með niðurgang, núna „bara“ 1,5 milljónir. Það er með öðrum orðum hægt að bæta ástandið. Aukin meðvitund um hreinlæti, sápuþvott og mikilvægi hreins vatns hefur meðal annars skipt sköpum. Færri börn hafa sýkst. Hjálpargögn eins og vatnsbindandi sölt hafa líka gert kraftaverk við meðhöndlun þeirra sem þegar eru orðin veik. Söltin gera að verkum að þau ná að halda í vatnsbúskapinn í líkamanum. Einn pakki af söltum með nauðsynlegum steinefnum kostar innan við tíkall.

**ÞAÐ** er vel hægt að breyta hlutum eins og að á hverju ári hrynji börn um víða veröld niður úr jafnfáránlegum hlut og niðurgangi. Þangað til að það hefur verið stöðvað er ástandið óviðunandi. Sumt er ekkert voðalega flókið.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




NÝR 8BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULL BÚÐ AF FARTÖLVUM • NÝ SJÓÐANDI HEIT MÓDEL • ÓTRÚLEG TILBOÐ
TS11
NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA
119.900
ProBook
99.900
SENDUM FRÍTT
TS11
SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA
149.900
30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
LS11
149.900
DOT.S3
59.900
X series
MÖGNUÐ FARTÖLVA
179.900
15 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
7750G
134.900
PlayTa
19.900
EEEPC
44.900
305U1A
89.900
Q15R
119.900
L755D
119.900
10.1"TAB
99.900
MacBook
187.900
USB GLINGUR
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
TÖLVUTEK
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# SVEITASÆLA Í BÓNUS FIMMTUDAG-SUNNUDAGS




698 KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR




1995 KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR




698 KR. KG

BÓNUS FERSK KJÚKLINGALÆRI




598 KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR




695 KR. KG

FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR




298 KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR




998 KR. KG

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR




359 KR. 1/2 KG.

LÍFRÆNAR AKURSELS
GULRÆTUR 500 GRÖMM




998 KR. KG

FERSKUR ÚRB. GRÍSAHNAKKI




798 KR. KG

FERSKT ALI GRÍSAHAKK



298 KR. 1 KG

ÍSLENSKIR TÓMATAR 1 KG.




598 KR. KG

FERSKUR GRÍSABÓGUR



SÖLUFÉLAG GARÐYRKJUMANNA
GRAND SALAT 198 KR.



129 KR. 350G

ÍSLENSK AGÚRKA 350 G.



145 KR. KG

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR

## FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELLEFU

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## SVEITASÆLA Í BÓNUS FIMMTUDAG-SUNNUDAG

NÝTT Í BÓNUS




**FULLELDUÐ ÍSLENSK KJÖTSÚPA**

*ÞARF AÐEINS AÐ HITA !*

**998 KR.** 1. LTR.




**1459** KR.KG




**1495** KR.KG

**FERSKT SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI** - MINNA BEIN MEIRA KJÖT



**1398** KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBALÆRI *I.FLOKKUR***



**1598** KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSINN LAMBAHRYGGUR**




**895** KR. KG

**ÍSLANDSLAMB HAUSTSLÁTRUN 2011**
**FROSINN HÁLFUR LAMBASKROKKUR**



**998** KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSINN LAMBABÓGUR / FRAMP.**



**3598** KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBAFILLET**



**1398** KR. KG

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS : ***GRILL***
**JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI**



**759** KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ SÚPUKJÖT 1 FL.**



**579** KR.KG    **498** KR.KG

**SS ÓSOÐIÐ SLÁTUR**

LIFRARPYLSA 579 KR.KG    BLÓÐMÖR 498 KR.KG.



**298** KR. KG

**FROSIN LAMBAHJÖRTU**



**259** KR. KG

**FROSIN LAMBALIFUR**




**298** KR. DS

***GAMALDAGS SVEITAKÆFA***
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
GERÐ ÚR KINDAKJÖTI ***ÁN MSG***
MAGN 250 GRÖMM



**995** KR. KG

SKAGFIRSKUR
**SVEITABITI 17% OSTUR**




**298** KR. 250G

**BÓNUS FETAOSTUR**

## FIMMTUDAGUR *OPNUM KLUKKAN ELLEFU*

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is

**ÁRLEG TÓNLEIKARÖÐ TRÍÓS REYKJAVÍKUR** hefur göngu sína í 22. sinn í Hafnarborg, sunnudaginn 9. október klukkan 20. Á tónleikunum koma fram Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Peter Máté píanóleikari, sem bæði eru meðlimir Tríós Reykjavíkur. Sérstakur gestur verður Sigurður Ingvi Snorrason klarínettuleikari.

## Pleasure Principle í Kling og Bang

Norræn samsýning um samtímamálverk opnar í Kling og Bang galleríi á morgun klukkan átta. Þrír listamenn taka þátt í sýningunni sem ber heitið The Pleasure Principle, Birgir Snæbjörn Birgisson frá Íslandi, Marcus Eek frá Svíþjóð og Jukka Korkeila frá Finnlandi. Sýningarstjóri er Mika Hannula sem einnig er finnskur. Samsýningar listamannanna vera raunar tvær, sú síðari í Stokkhólmi vorið 2012. Þetta eru nátengdar samsýningar þar sem sjónum er beint að samtímamálverkinu, möguleikum þess og takmörkunum. Sýningin stendur til 6. nóvember.



## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**28.09.11 - 04.10.11**



**1** Gamlinginn sem skreið út... kilja - Jonas Jonasson



**2** Flugan sem stöðvaði stríðið - Bryndís Björgvinsdóttir



**3** Órólegi maðurinn - kilja - Henning Mankell



**4** Frönsk svíta - Iréne Némirovsky



**5** Þræðir valdsins - Jóhann Hauksson



**6** Einn dagur - kilja - David Nicholls



**7** Ríkisfang: Ekkert - Sigríður Víðis Jónsdóttir



**8** Skúli skelfir rokkar - Francesca Simon




**9** Radley-fjölskyldan - kilja - Matt Haig



**10** Einar Áskell - Allsnægtarpokinn - Gunnilla Bergström

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**SÓMI ÞJÓÐAR** Hópurinn að baki Glámu, nýju leikverki sem frumsýnt er í kvöld. Frá vinstri: Bjartur Guðmundsson, sýningarstjórinn Bryndís Ingvarsdóttir, Hilmir Jensson, Tryggvi Gunnarsson, leikstjóri og höfundur verksins, og Guðrún Bjarnadóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sögur sem þarf að segja

**Tryggvi Gunnarsson er höfundur og leikstjóri Glámu, leikrits sem frumsýnt verður í Norðurpólnum í kvöld. Hann segir hið óvænta leika stórt hlutverk í sýningunni.**

Þrír vinir koma saman á síðsumarkvöldi til að skemmta sér. Sveitarómantíkin ræður ríkjum, glösin eru full og framtíðin er björt. Fjórði gesturinn bætist í hópinn, óboðinn. Grímuklæddur byrjar hann að segja sögur. Sögur sem þarf að segja, en væru ef til vill betri ósagðar. Uppgjör milli vina, og í leiðinni íslenskur þjóðarrembingur, er óumflýjanlegt. Á þessa leið er umfjöllunarefni Glámu, nýs leikverks eftir Tryggva Gunnarsson sem frumsýnt er í kvöld klukkan 19 í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi.

Tryggvi, sem útskrifaðist frá Academi for Scenekunst í Noregi á síðasta ári, leikstýrir einnig verkinu og er Gláma hans fyrsta verkefni í atvinnuleikhúsi. Leikur er í höndum þeirra Hilmis Jenssonar, Guðrúnar Bjarnadóttur og Bjarts Guðmundssonar, sem ásamt Tryggva mynda hópinn Sómi þjóðar. „Við í hópnum kynntumst fyrir mörgum árum í Stúdentaleikhúsinu en fórum svo hvert í sína áttina í nám. Þegar við hittumst aftur ákváðum við að láta reyna á þennan hóp, þar sem allir hafa mismunandi sýn á hlutina en fá þó að segja sína skoðun. Svo tek ég, sem leikstjóri, lokaákvarðanir,“ segir Tryggvi. „Vonandi er Gláma fyrsta verkefnið okkar af mörgum sem hópur,“ bætir hann við.

Tryggvi útskýrir að í verkinu sé unnið töluvert með þjóðernishyggju, enda þyki öllum hópnum afskaplega vænt um Ísland. „Þó fer dálítið í taugarnar á okkur þessi hugsunarháttur að við Íslendingar séum betri en aðrir og eigum skilið að fá endalausa sénsa. Við reynum að gera eitthvað nýtt, en á sama tíma vísum við mikið í fyrstu íslensku leikhúsverkin. Þar voru oft á ferð gríðarmiklar hugmyndir og heimspekipælingar, en til að slíkt gengi ofan í Íslendinga þurfti oft að setja verkin í sveitarómantíkurbúning. Ástarþríhyrningurinn, fátæki vinnumaðurinn, ríka bóndadóttirin og allar þessar erkitýpur. Við notum þær til að horfa á okkur sjálf og gagnrýna.“

Leikstjórinn segir sýninguna öðru fremur sprottna upp úr þörf aðstandenda til að búa til leikhús á eigin forsendum um hluti sem skipta þá máli. Þeir hafi þó ávallt að leiðarljósi að hafa gaman af hlutunum. „Við leikum okkur með ýmsa hluti sem koma ekki upp í hugann á mörgum þegar talað er um listrænt og alvarlegt leikhús. Hið óvænta leikur stórt hlutverk,“ segir Tryggvi. kjartan@frettabladid.is




# Er bankinn að þurrausa þig?



# Er komið að síðasta dropa?

## Svona reiknar bankinn út lánið



Ágæti viðskiptavinur.

Alþingi samþykkti í desember 2010 breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sem kveða á um endurútreikning lána með ólögmætri gengistryggingu. Það er mat Landsbankans hf. að neðangreint lán kveði á um slíka gengistryggingu. Í samræmi við ákvæði laganna hafa eftirstöðvar lánsins verið endurútreiknaðar miðað við lægstu óverðtryggðu vexti sem Seðlabanki Íslands birtir sbr., 10. gr. sömu laga.

| Lán nr. | Eftirstöðvar fyrir endurútreikning | Eftirstöðvar eftir endurútreikning* | Lækkun eftirstöðva |
|---|---|---|---|
| | 75.564.294 kr. | 40.057.170 kr. | 46,99% |

*Endurútreikningur lánsins miðast við 15.08.2011.

Eftirstöðvar eftir endurútreikning mynda nýjan höfuðstól lánsins. Skilmálar lánsins, aðrir en skilmálar um vexti og gengistryggingu, haldast óbreyttir.

Þar sem breytingarnar á láninu hafa verið framkvæmdar í samræmi við ákvæði vaxtalaga þarf ekki að gera skriflegan viðauka við lánið og mun Landsbankinn senda greiðslutilkynningu á næsta gjalddaga í samræmi við framangreint.

Landsbankinn býður upp á leiðir til að lækka greiðslubyrði eftir að endurútreikningur hefur farið fram. Nánari upplýsingar er að finna á vef Landsbankans, landsbankinn.is. Einnig veitir tengiliður þinn í bankanum ráðgjöf og aðstoð.

Lánið tekið desember 2006: **36.000.000,-**

Alls greiðslur til Landsbanka Íslands september 2011: **19.766.439,-**

Réttar eftirstöðvar: **16.122.561,-**

Eftirstöðvar eftir endurútreikning Landsbanka Íslands: **40.057.170,-**

Ágreiningur á milli lántakenda og banka: **23.934.609,-**

## Er þetta réttlæti?

## Er hagnaður bankanna fólginn í þínu tapi?

Félag áhugamanna um réttmætt skuldauppgjör

Vilt þú leggja málefninu lið? Hafðu þá samband: skuldauppgjor@gmail.com

# Skemmtilegur draumur

Dans ★★★★

**Fullkominn dagur til drauma**

Höfundur: Anton Lachky. Flytjandi: Íslenski dansflokkurinn.



*Fullkominn dagur til drauma* er fyndið verk á dramatískum nótum. Í því teflir Anton Lachky saman meira en hundrað ára gamalli hádramatískri kaþólskri kirkjutónlist, sálumessum Verdis og Cherubini og gamansömum nútímadansi. Þessa blanda heppnast með ólíkindum vel og á þeim 60 mínútum sem verkið stendur er það aðeins rétt í einum kafla í fyrri hluta verksins sem maður fær á tilfinninguna að tónlistin beri dansinn ofurliði. Höfundurinn notar einnig þögnina á áhrifaríkan hátt. Þegar dansinn fer út fyrir þann ramma sem tónlistinni hæfir dregur tónlistin sig hreinlega í hlé tilbúin að láta til sín taka þegar hennar er þörf.

Líkamstjáningin í verkinu er mjög sterk. Dansararnir nota ekki aðeins búkinn á mjög ýktan og krefjandi hátt heldur spilar andlitstjáningin stórt hlutverk sem og röddin, þó ekki sem texti heldur sem hljóð sem verða eins og viðbót við líkamstjáninguna sjálfa. Orð Lachky um að dansararnir séu eins og teiknimyndafígúrur sem hann síðan vinnur með lýsa verkinu vel. Allir sem horft hafa á Tomma og Jenna vita að það þarf engan texta eða skýringar með því sem er að gerast í samskiptum þeirra félaga, líkaminn, andlitið og hljóðin sem fylgja segja allt sem segja þarf.

Uppbygging verksins gerir ráð fyrir því að hver dansari fái að njóta sín í sólóparti auk þess að koma fram í dúetti/um. Hópurinn var samt aldrei langt undan og voru allir á sviðinu nánast allan tímann. Hópatriðin sem komu inn á milli þá ekki síst í dramatískustu hlutum tónlistarinnar voru mjög flott og sýndu hvað hópurinn var vel samstilltur. Búningarnir gerðu hópatriði líka flott. Einfaldar svartar buxur og mismunandi blússur og skyrtur í fallegum litum voru mjög smart. Lýsingin var þannig gerð að maður tók ekki eftir henni sem slíkri sem í mínum huga þýðir að hún hafi passað algjörlega við það sem fram fór á sviðinu.

Hannes Þór Egilsson fór á kostum sem aðalfígúra verksins. Atriðin hans, oftast með Þyrí Huld Árnadóttur og Cameron Corbett en einnig með öllum hópnum, voru eins og rauði þráðurinn í verkinu og héldu því á einhvern hátt saman. Tilburðir Hannesar minntu á Rowan Atkinson í Mr. Bean og Johnny English en líka á karlinn í *Línunni*. Cameron fékk einnig að spreyta sig á leikrænni útfærslu líkamstjáningarinnar og tókst það mjög vel. Hann gat hæglega rennt sér á milli kröftugra danshreyfinga og táningarríks látbragðs. Þyrí Huld Árnadóttir, nýútskrifaður dansari frá LHÍ, lék einnig stórt hlutverk í verkinu, líkamsfærni hennar er með ólíkindum og stíllinn sérstakur. Vonandi eiga áhorfendur ÍD eftir að sjá hana oft í Borgarleikhúsinu. Frammistaða annarra dansara í verkinu var líka mjög til fyrirmyndar. Hópurinn sem samanstóð af nokkrum nýjum og efnilegum dönsurum auk þeirra eldri og reyndari var greinilega í fantaformi og virtust dansararnir hafa gaman af sýningunni.

Verkið *Fullkominn dagur til drauma* er í sjálfu sér sára einfalt. Höfundur leikur sér með sérkenni og færni dansaranna og skapar út frá henni skemmtileg atriði sem tengjast saman í eina heild þó vart sé hægt að tala um eiginlega frásögn eða framvindu. Uppátæki dansaranna vöktu oft á tíðum kátínu áhorfenda, leikur þeirra að hreyfingum var líka aðdáunarverður. Verkið krafðist mikillar líkamlegrar færni af öllum þátttakendum og bauð áhorfendum upp á nýjungar í hreyfistíl. Það er góð leið hjá danshöfundum að miða dansskópun sína við þann flokk sem unnið er með hverju sinni. Þó það sé líka mikilvægt fyrir atvinnudansara eins og dansara dansflokksins að takast á við margbreytilegan hreyfiforða og form.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**Niðurstaða:** Einfalt verk, skapað utan um færni dansaranna sjálfra, vel unnið og skemmtilegt. Ef mann langar að hlæja á danssýningu þá er Fullkominn dagur til drauma svarið.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 06. október**

**→ Tónleikar**

**19.30 Sinfóníuhljómsveit Íslands** setur hátíðina Norræna músíkdaga með tónleikum í Hörpu. Leikin verða verk ungra norrænna tónskálda, meðal annars eftir Einar Torfa Einarsson. **Miðaverð er frá kr. 2.000 til kr. 3.500.**

**20.00** Veglegir tónleikar með **Bubba og Sólskuggunum** í Háskólabíói. Miðaverð er kr. 4.400.

**20.00** Brahmstónleikar Birnu Hallgrímsdóttur bæjarlistamanns í Seltjarnarneskirkju. Tónleikarnir eru liður í Menningar- og listahátíð Seltjarnarness.




**20.00 Hljómsveitin Eldberg** heldur útgáfutónleika í Tónlistarskóla FÍH, Rauðagerði 27. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** 25 ára afmælis- og útgáfutónleikar **Greifanna** í **Austurbæ**. Sérstakir gestir eru Felix Bergson og Bergþór Pálsson. Miðaverð er kr. 3.900.

**20.00 Of Monsters and Men** heldur tvenna útgáfutónleika í kvöld í Gamla bíói. Þeir fyrri hefjast kl. 20 og þeir seinni kl. 22. **Miðaverð er kr. 2.000.**

**20.00** Félag heyrnarlausra heldur tónleika í Langholtskirkju. Meðal tónlistarmanna sem koma fram eru Sigrún Hjálmtýsdóttir, Egill Ólafsson, Páll Rósinkranz, Kór Langholtskirkju og Táknmálskórinn. Tónlistin er jafnframt flutt á táknmáli. **Miðaverð er kr. 2.500.**

**20.30 Páll Óskar** og **Jón Ólafsson** spila og spjalla í Hofi. Miðaverð er kr. 3.200.

**20.30** Eyjólfur Kristjánsson heldur tónleika í Hafnarkirkju á **Hornafirði.** Miðaverð er kr. 2.000.

**20.30 Blágresi**, **Bjartmar Guðlaugsson** og **Einar Már Guðmundsson** rit-


Sigurvegarar velja Sci-MX

Líkami&Lífsstíll óskar KR innilega til hamingju með Íslands-og bikarmeistaratitlana.




Líkami&Lífsstíll

Sporthúsið | Kópavogi | sci-mx.is | thinnlikami.is | 571 7000

Sci-MX®
NUTRITION

Hágæða evrópsk fæðubótarefni

höfundur halda tónleika á Café Rósenberg. Miðaverð er kr. 1.000.

**21.00** **Mugison** heldur tónleika á Græna hattinum. Miðaverð er kr. 2.500.



**21.00** **Samúel Jón Samúelsson Big Band** leikur á Faktorý. DJ-Lucky sér um upphitun. Hluti af tónleikaröðinni Funk í Reykjavík. Miðaverð er kr. 2.000.

**21.00** **Jón Jónsson** og **Klassart** koma fram á tónleikaröðinni Rafmagnslaus á Norðurpólnum. Tónleikarnir fara fram í Norðurpólnum á Sefgörðum 3. Miðaverð er kr. 1.500.

**21.30** Hljómsveitirnar **We Made God** og **Silent Roar** leika á Fimmtudagsforleik í Hinu Húsinu. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** **Agent Fresco** spilar órafmagnað í tónleikaröðinni gogoyoko Wireless á Hvítu perlunni. **Miðaverð er kr. 1.500.**

**22.00** Bítladrengirnir Blíðu leika á tónleikum á **Ob-La-Dí Ob-La-Da**, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### → Leiklist

**19.00** Sómi þjóðar frumsýnir Gálmu, nýtt íslenskt leikverk, í **Norðurpólnum**, Sefgörðum 3. Verkið er eftir Tryggva Gunnarsson, sem sömuleiðis leikstýrir. **Miðaverð er kr. 1.800.**

**20.00** Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands sýnir Á botninum í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13. **Miðaverð er kr. 1.500.**

**22.00** **Pörupiltar** og **tvíeykið Viggó og Víóletta** sýna leiksýninguna Uppnám í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.900.

### → Lesum blöðin saman

**17.30** Viðburðurinn **Lesum blöðin saman** fer fram á 5. hæð í aðalsafni Borgarbókasafns. Aðgangur er ókeypis.

### → Heimildamyndir

**17.00** **Konfúsíusarstofnunin** Norðurljós sýnir heimildarmyndina Í ríki græna gullsins frá árinu 2010 í Odda 101 í Háskóla Íslands. Aðgangur er ókeypis.

### → Tónlist

**22.00** **Breakbeat.is** spilar á Prikinu.

**22.00** DJ Two Step Horror stjórnar tónlistinni á **Bakkusi.**

**22.00** DJ Benni spilar á **Vegamótum.**

**22.00** DJ Kollster þeytir skífum á **Barböru.**

**22.00** Trúbadorarnir **Sváfnir** og **Halli** halda uppi stuðinu á Hressó.

### → Listamannaspjall

**20.00** Ósk Vilhjálmsdóttir og Hlynur Helgason ræða við gesti um Tígrisdýrasmjör, innsetningu Óskar sem nú stendur yfir í **A-sal Hafnarhússins.**

### → Fyrirlestrar

**20.00** Signe Kongebro frá teiknistofunni **Henning Larsen Architects** í Kaupmannahöfn heldur fyrirlestur í Norræna húsinu.

### → Fótbolti

**18.45** U21 landslið Íslands tekur á móti Englendingum á Laugardalsvelli í undankeppni **EM U21 landsliða 2013.**

### → Eldri borgarar

**10.00** **Korpúlfarnir** standa fyrir pútti á Korpúlfsstöðum kl. 10 og postulínsmálun og tréútskurði kl. 13 í Listasmiðjunni á Korpúlfsstöðum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Andrea Gylfadóttir leikstýrir óperu hjá leikfélaginu Peðinu

Andrea Gylfadóttir stígur sín fyrstu skref sem leikstjóri í óperunni Bjarmaland – rísandi land sem leikfélagið Peðið setur upp á Gallery-bar á Hverfisgötu 46. Tilefnið er árleg öl- og menningarhátíð barsins, sem hefst í dag og lýkur á sunnudag.

Þetta er sjötta leikár Peðsins og tólfta uppfærsla þess. Það var áður starfandi á Grand Rokki. Andrea semur einnig tónlistina við verkið í samvinnu við leikhópinn, sem telur yfir tuttugu manns. „Það er búið að vera mjög skemmtilegt að vinna þetta. Ég hef gert músík fyrir þau áður, tekið þátt í fjögurra manna uppfærslu,“ segir Andrea.

„Hún er spaugileg, má segja,“ segir hún um nýju óperuna. „Þetta er bara skemmtistund. Það gefst ekki langur tími til æfinga á svona dæmi. Þetta gerist á bar og það eru alls konar týpur sem slæðast inn á barinn og ræða málin með skemmtilegum söngstíl.“

Í grunninn er óperan ástarsaga af fólki í greiðsluaðlögun. Inn í hana spinnast bótasvikarar, listunnendur, sauðfjárbændur og fleiri persónur. Höfundur er Jón Benjamín Einarsson, sem hefur samið flest verk Peðsins í gegnum árin. Aðeins tvær sýningar verða á óperunni. Sú fyrri verður á laugardagskvöld kl. 20 og sú síðari á sunnudaginn kl. 16.30. **- fb**



**LEIKSTÝRIR ÓPERU** Andrea Gylfadóttir leikstýrir óperunni Bjarmaland – rísandi land eftir Jón Benjamín Einarsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ómar hyllir íslenska tóna

**Fyrsta fimmtudag hvers mánaðar mun Morgunþátturinn Ómar á útvarpsstöðinni X-inu 977 hylla íslenska tónlist. Ómar Eyþórsson, umsjónarmaður þáttarins, mun einungis leika íslenska tónlist, gamla og nýja, frá klukkan 7 til 11 og verður ýmis fróðleikur látinn fylgja með. Morgunþátturinn Ómar er á dagskrá alla virka morgna.** **- fb**



**ÓMAR EYÞÓRSSON**




FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR

# FARTÖLVUR

NÝJAR VÉLAR • SÝNINGARVÉLAR • NOTAÐAR VÉLAR

# RÝMINGARSALA

Kr. 34.990 - 39.990 - 44.990 - 49.990 - 54.990 - 59.990 - 69.990 - 79.99

ASUS TOSHIBA msi acer ASUS TOSHIB

ÓTRÚLEG FARTÖLVU-VERÐ!

TAKMARKAÐ MAGN

KOMDU STRAX!

NOKKUR VERÐDÆMI

- Allt að 60% afsláttur
- Yfir 60 gerðir á brjáluðum afslætti
- 10" frá 34.990
- Toshiba 13" með150.000 kr. afslætti
- Intel i5 frá 79.900
- 15,6" frá 49.990
- Intel Sandybridge frá 99.990
- Windows 7 Professional vélar frá 79.990
- Fjölbreytt útlit - 10 mismunandi litir
- Með Intel örgjörva frá 34.990
- Spjaldtölvur með allt 28% afslætti

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ – TAKMARKAÐ MAGN!

FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR

# FARTÖLVUR

NÝJAR VÉLAR • SÝNINGARVÉLAR • NOTAÐAR VÉLAR

# RÝMINGARSALA

89.990 - 99.990 - 109.990 - 119.990 - 129.990 - 139.990 - 149.990

msi acer ASUS TOSHIBA msi acer

AÐEINS Í FIMM DAGA

ALLAR YFIRFARNAR

OPIÐ 9-18 Í DAG
Í NÓATÚNI 17

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 SÍMI 414 1700
GLERÁRGÖTU 30 SÍMI 414 1730
MIÐVANGI 2-4 SÍMI 414 1735
HAFNARGÖTU 90 SÍMI 414 1740
AUSTURVEGI 34 SÍMI 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 SÍMI 414 1750



BJÖRK



EVANESCENCE

## > Í SPILARANUM

Björk - Biophilia
Einar Scheving - Lands míns föður
Felix Bergsson - Þögul nóttin
Mastodon - The Hunter
Evanescence - Evanescence

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Sex tíma langt lag

Bandaríska furðusveitin The Flaming Lips hefur safnað yfir tveimur milljónum króna með því að taka upp sex klukkustunda langt lag með Sean Lennon, syni Bítilsins Johns Lennon. Allur ágóði af laginu rennur til mannúðarsamtaka í heimaborg hljómsveitarinnar, Oklahoma, og til tónlistarháskóla í borginni.

Aðdáendur Flaming Lips voru hvattir til að gefa um tólf þúsund krónur hver í söfnunina og fyrir vikið las Sean Lennon upp nöfn þeirra í laginu. Að sögn söngvarans Wayne Coyne mun söfnunin fækka heimilislausum dýrum í Oklahoma og verða til þess að fjárfest verður í tækjabúnaði fyrir háskólann. Það sem gerir þetta nýja sex klukkustunda lag enn skrítnara er að aðeins verður hægt að hlusta á það í gegnum nýtt leikfang, Strobo Trip, sem verður selt á heimasíðu The Flaming Lips.



**WAYNE COYNE** Nýjasta lag The Flaming Lips er sex klukkustunda langt.



## > PLATA VIKUNNAR

Mugison - Haglél
★★★★
„Það eru minni læti á Haglèli en oft áður hjá Mugison, en frábær flutningur og fullt af góðum lagasmíðum." - tj

## TÓNNINN GEFINN
### Trausti Júlíusson



# *Þegar Marvin hitti Floyd …*

Nýlega skaut plata upp kollinum á netinu sem var sögð innihalda áður óheyrðar upptökur sem Marvin Gaye og Pink Floyd gerðu saman á því tímabili sem Marvin bjó í Belgíu og var nýbúinn að klára samninginn sinn við Motown. Á plötunni, sem heitir því sniðuga nafni Requiem for a Dream, eru átta lög sem eru soðin saman úr tónlist Floyds og Marvins.

Sagan sem fylgir plötunni er auðvitað bull þó að einhverjir hafi greinilega gleypt við henni, enda ekki alltaf gott að átta sig á því hvað er satt og hvað er logið á netinu. Platan er dæmi um samsuðuplötur sem eru algengar eftir að snillingurinn Dangermouse bjó til The Grey Album úr Hvíta albúmi Bítlanna og Svarta albúminu hans Jay-Z árið 2004. Sú útgáfa var merkileg fyrir margra hluta sakir, m.a. vegna þess að með henni var helgislepjan máð af hljóðritunum Bítlanna sem fram að því höfðu ekki einu sinni verið fáanlegar í stafrænu formi.



**BRÆÐINGUR** Samsuðuplötur eru algengar í dag. Á Svörtu gulli mætast Wu-Tang og Jimi Hendrix.

Requiem for a Dream er dæmi um vonda samsuðuplötu. Útkoman er hreinn hryllingur fyrir aðdáendur þessara listamanna. En aðrar nýlegar samsuðuplötur eru betri. Ég nefni tvær. Annars vegar er það Black Gold, sem blandar saman tónlist Wu-Tang Clan og Jimi Hendrix, og hins vegar 13 Chambers með Wugazi. Engin verðlaun fyrir að giska á að þar er blandað saman tónlist Fugazi og Wu-Tang. Það voru Cecil Otter og Swiss Andy, tveir upptökustjórar frá miðvesturríkjunum, sem bjuggu til Wugazi, en breski tónlistarkennarinn og upptökumaðurinn Tom Caruana gerði Black Gold. Hann er duglegur í samsuðubransanum og gerði m.a. Enter The Magical Mystery Chambers í fyrra, en nafnið segir allt um það hverja þar er verið að spyrða saman …

Bæði 13 Chambers og Black Gold eru skemmtilegar plötur og greinilegt að orkan í ofurröppurum Wu-Tang passar ágætlega við rokktónlist, hvort sem það er Hendrix-grúvið eða lætin í Fugazi.




# Afkastamikið ólíkindatól

**Þrettánda hljóðversplata Ryan Adams, Ashes & Fire, kemur út í næstu viku. Hann hefur sagt skilið við hljómsveitina The Cardinals og vill einbeita sér að sólóferlinum.**

Bandaríski kántrírokkarinn Ryan Adams gefur út sólóplötuna Ashes & Fire í næstu viku. Hún var tekin upp í hljóðverinu Sunset Sound Factory í Hollywood og upptökustjóri var Glyn Johns sem hefur á löngum ferli starfað með Bítlunum, Bob Dylan, The Clash, The Who og The Rolling Stones. Á meðal gesta á plötunni eru söngkonan Norah Jones og Benmont Tench, sem hefur spilað með Tom Petty and the Heartbreakers.

Ryan Adams, sem verður 37 ára í nóvember, hefur margoft verið tilnefndur til Grammy-verðlaunanna á ferli sínum. Hann kemur frá borginni Jacksonville í Norður-Karólínu. Fyrsta alvöru hljómsveitin hans var Whiskeytown sem var undir sterkum áhrifum frá kántrítónlist. Hún gaf út þrjár plötur þar á meðal Strangers Almanac sem fékk mjög góðar viðtökur. Eftir að sveitin hætti gaf Adams út sína fyrstu sólóplötu, Heartbreaker, árið 2000. Hún seldist frekar lítið en sú varð ekki raunin með þá næstu, Gold, sem kom út ári síðar. Fyrsta smáskífulagið New York, New York, naut vinsælda og Adams varð þekkt nafn innan tónlistarheimsins.

Eftir að hafa gefið út þrjár sólóplötur til viðbótar, þar á meðal Rock N Roll þar sem Melissa Auf der Maur úr The Smashing Pumkins og Billie Joe Armstrong voru gestir, stofnaði Adams hljómsveitina The Cardinals sem hafði spilað með honum á tónleikaferðum. Eftir að hafa gefið út nokkrar plötur með henni ákvað Adams nýverið að hefja sólóferilinn aftur.

Adams er mjög afkastamikill tónlistarmaður því á frekar stuttum ferli hefur hann gefið út þrettán hljóðversplötur. Hann hefur einnig daðrað við ýmislegt fleira og þykir mikið ólíkindatól. Hann gerði eigin útgáfu af lagi Oasis, Wonderwall, og fékk fyrir það Grammy-tilnefningu. Hann var upptökustjóri plötunnar Songbird með Willie Nelson og gaf á síðasta ári út þungarokksplötuna Orion hjá eigin útgáfufyrirtæki, Pax-Am. Adams tók einnig upp eigin blúsútgáfu af plötu The Strokes, Is This It, sem aldrei hefur verið gefin út. Jafnframt hefur hann gefið út tvær bækur og hyggur á útgáfu þeirrar þriðju á næsta ári.

Nýja platan Ashes & Fire hefur fengið góðar viðtökur. Breska tímaritið Q gefur henni fjórar stjörnur og segir að Adams sé í sínu besta formi í langan tíma.

freyr@frettabladid.is



**AFKASTAMIKILL** Ryan Adams hefur verið mjög afkastamikill á ferli sínum og gefið út þrettán hljóðversplötur.

NORDICPHOTOS/GETTY

## LAGALISTINN

Vikuna 29. september. - 05. oktober 2011

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters And Men | *Little Talks* |
| ▲ | 2 | Adam Levine / Christ. Aguilera | *Moves Like Jagger* |
| ▼ | 3 | Mugison | *Stingum af* |
| ▶ | 4 | Jón Jónsson | *Wanna Get It* |
| ▶ | 5 | Elín Ey / Pétur Ben | *Þjóðverjinn* |
| ▲ | 6 | Adele | *Set Fire To The Rain* |
| ▲ | 7 | Bubbi Morthens | *Slappaðu af* |
| ▲ | 8 | Bruno Mars | *Merry you* |
| ▶ | 9 | Red Hot Chilli Peppers | *Adventures Of Rain Dance* |
| ▲ | 10 | Coldplay | *Paradise* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 29. september - 05. oktober 2011

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ✱ | 1 | Mugison | *Haglél* |
| ▼ | 2 | Of Monsters And Men | *My Head Is an Animal* |
| ▲ | 3 | HAM | *Svik, harmur og dauði* |
| ▼ | 4 | Helgi Björns & reiðm. vindanna | *Ég vil fara uppí sveit* |
| ▼ | 5 | Jón Jónsson | *Wait For Fate* |
| ✱ | 6 | Felix Bergsson | *Þögul Nóttin* |
| ▲ | 7 | Úr söngleik Borgarleikhússins | *Galdrakarlinn í Oz* |
| ▼ | 8 | Valdimar | *Undraland* |
| ▼ | 9 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▶ | 10 | Adele | *21* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is


MUGISON
á ferð um landið!
október
6. fimmtudagur: Græni Hatturinn AKUREYRI
~~7. föstudagur: Græni Hatturinn AKUREYRI : UPPSELT~~
8. laugardagur: Síldarminjasafn Íslands SIGLUFIRÐI
9. sunnudagur: Sauðárkrókskirkja SAUÐÁRKRÓKI
20. fimmtudagur: Bæjarbíó HAFNARFIRÐI
21. föstudagur: Ráðhúsið ÞORLÁKSHÖFN
22. laugardagur: Bíóhöllin AKRANESI
23. sunnudagur: Keflavíkurkirkja KEFLAVÍK
nóvember
3. fimmtudagur: Húsavíkurkirkja HÚSAVÍK
4. föstudagur: Sláturhúsið EGILSSTÖÐUM
5. laugardagur: Rauða torgið NESKAUPSTAÐ
6. sunnudagur: Pakkhúsið HÖFN Í HORNAFIRÐI
10. fimmtudagur: Laugarhóll BJARNARFIRÐI Á STRÖNDUM
11. föstudagur: Edinborg ÍSAFIRÐI
12. laugardagur: Sjóræningjahúsið PATREKSFIRÐI
13. sunnudagur: Hótel Stykkishólmur STYKKISHÓLMI
MUGISON hagléł
Hertz
N1
EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd
KIMI records
Miðar á WWW.MUGISON.IS (beint af býli)

**> TINNI LOFAR GÓÐU**

Steven Spielberg og Peter Jackson hafa hleypt í loftið nýrri stiklu úr kvikmyndinni um myndasöguhetjuna Tinna. Stiklan var frumsýnd á vefsíðu msn.com í gær og lofar verulega góðu en hún verður ein af jólamyndum þessa árs.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Járnhnefar og ástarleit

Að venju er af nægu að taka í kvikmyndahúsum borgarinnar um helgina. Killer Elite, kvikmynd úr smiðju Sigurjóns Sighvatssonar, verður frumsýnd eins og kemur fram hér annars staðar og svo er vert að minnast á þær þrjár íslensku kvikmyndir sem nú eru sýndar: Sóleyjar, hrafnar og myrra, Eldfjall Rúnars Rúnarssonar og svo þriðja Sveppa-myndin.

Kvikmyndin Real Steel hefur verið auglýst sem ein „óvæntasta“ mynd ársins hér á landi. Sennilega eiga kvikmyndamógúlarnir við að myndin sé einn óvæntasti smellur ársins. Myndin fær enda 7,1 á imdb.com og 62 prósent gagnrýnenda eru jákvæð í hennar garð samkvæmt rottentomatoes.com. Myndin segir frá Charlie Kenton, uppgjafa hnefaleikakappa, sem verður að horfa á eftir stöðu sinni í hringnum þegar vélmennnabardagar verða vinsælir í náinni framtíð. Hann fær hins vegar eitt tækifæri til viðbótar þegar honum býðst að þjálfa slíkan hnefaleika-járnhaug. Aðalhlutverkin í myndinni eru í höndum Hughs Jackman og Evangeline Lilly.

What's Your Number er rómantísk gamanmynd með þeim Chris Evans og Önnu Faris. Hún segir frá leit Ally að besta fyrrverandi kærasta sínum enda er stúlkan orðin leið á því að eignast alltaf nýjan bólfélaga í hverri viku. Ally ákveður að fá aðstoð hjá nágranna sínum Colin en sá er óforbetranlegur kvennabósi.



**Í GÓÐUM GÍR** Hugh Jackman leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Real Steel sem fengið hefur prýðilega dóma en hún verður frumsýnd um helgina.

# Leitað að Gaga

Sjónvarpsstöðin Lifetime hyggst gera kvikmynd um líf og störf bandarísku söngkonunnar Stefani Germanotta, betur þekktri sem Lady Gaga. Lifetime hefur þegar auglýst eftir leikkonu til að leika söngkonuna en Gaga verður ekkert tengd kvikmyndagerðinni. Myndin verður byggð á bókinni Poker Face: The Rise and Rise of Lady Gaga eftir Maureen Callahan sem kom út fyrir rúmu ári. - fgg



**Í SJÓNVARP** Ævi Lady Gaga verða gerð skil í kvikmynd sjónvarpsstöðvarinnar Lifetime.






# Kom þægilega á óvart

**Sigurjón Sighvatsson frumsýndi á þriðjudagskvöld nýjustu kvikmynd sína, The Killer Elite. Myndin skartar Jason Statham og Clive Owen í aðalhlutverkum auk goðsagnarinnar Roberts De Niro sem Sigurjón segir vera fagmann fram í fingurgóma.**

The Killer Elite er dýrasta óháða kvikmyndin sem framleidd var í Bandaríkjunum í ár. Myndin er byggð á bók sir Ranulphs Fiennes, The Feather Men, sem kom út 1990 og olli töluverðu fjaðrafoki í Bretlandi. Fram að því höfðu bresk stjórnvöld aldrei viljað staðfesta tilvist hinna svokölluðu SAS-sveita sem leika lykilhlutverk í Killer Elite. Myndin segir frá leigumorðingjanum Danny sem ákveður að hætta störfum og koma sér fyrir í ástralskri sveit. Hann er hins vegar dreginn aftur inn í hringiðuna þegar samstarfsfélaga hans er rænt af olíufursta sem þyrstir í hefnd en þrír synir hans voru drepnir af liðsmönnum SAS-sveitanna.

Það vakti mikla athygli þegar Fréttablaðið greindi frá því að Sigurjón hefði fengið Robert De Niro til að leika reynsluboltann Hunter í Killer Elite. Ekki þarf að hafa mörg orð um feril De Niro, orðurnar fyrir afrekin á hvíta tjaldinu eru ansi margar og hann er almennt talinn vera einn fremsti kvikmyndaleikari sinnar kynslóðar. „Hann kom þægilega á óvart. Maður hafði heyrt sögur af því að hann væri erfiður í samstarfi en það var alls ekki raunin. Hann tengdi mjög vel við fólkið, var verulega vel undirbúinn og hann var líka ánægður með hvernig hann leit út í myndinni, það er ágætt að vera 68 ára og halda sér svona ungum við hliðina á Clive Owen og Jason Statham, einni helstu hasarmyndastjörnu nútímans.“



**VEL UNDIRBÚINN** Robert De Niro var mikill fagmaður á tökustað og var gríðarlega vel undirbúinn. Hann nýtti hverja mínútu til að lesa eða æfa atriði að sögn Sigurjóns Sighvatssonar, framleiðanda Killer Elite sem verður frumsýnd um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að sögn Sigurjóns er De Niro ekki maður margra orða. „Hann er atvinnumaður og þegar maður er búinn að vera svona lengi í þessum bransa eins og hann þá gera menn ekki hlutina nema gera þá vel. Hann setti ekki miklar kröfur á tökustað en nýtti hverja mínútu. Ef hann var ekki í tökum þá var hann að lesa bækur um leigumorðingja og hegðun þeirra eða um þetta tímabil.“

Sigurjón og De Niro virðast hafa náð ágætlega saman því framleiðandinn á viðræðum við leikarann um að leika í annarri mynd undir stjórn Gary McKendry, þeim sama og leikstýrði Killer Elite. „Þeir náðu vel saman og það skiptir miklu máli. McKendry var auðvitað mjög stressaður þegar hann talaði við De Niro í fyrsta skipti og þurfti að svara þrjátíu til fjörutíu spurningum. De Niro var hins vegar mjög ánægður með hann.“

Myndin heitir Joseph and the Girl og er endurgerð á franskri glæpamynd af svokallaðri heist-gerð. Þetta er ekki eina samstarfið sem hefur komið út úr Killer Elite því Sigurjón og Clive Owen hafa einnig áhuga á að gera mynd saman.

freyrgigja@frettabladid.is

# Örkin hans Nóa á hvíta tjaldið

Bandaríski leikstjórinn Darren Aronofsky hefur fengið Paramount-kvikmyndaverið til að fjármagna næstu kvikmynd sína, Noah. Eins og nafnið gefur til kynna fjallar myndin um Nóa og þær miklu byrðar sem Guð Gamla testamentisins leggur á hann þegar honum er falið að byggja örk og bjarga öllum tegundum jarðar undan syndaflóðinu. Myndin mun að öllum líkindum kosta minnst 130 milljónir dollara í framleiðslu og er gert ráð fyrir að tökur hefjist strax á næsta ári.

Verkefnið hefur verið lengi í bígerð en leikstjórinn ræddi það fyrst árið 2007 við kvikmyndatímaritið Empire. Hins vegar hefur gengið erfiðlega að fá kvikmyndaverin til að fjármagna það, þar til nú. „Síðan í barnæsku hef ég verið heillaður af sögunni um Nóa og ferðalagi fjölskyldu hans. Sagan hefur verið mörgum mikill innblástur og mig langar virkilega til að sýna ástríðu Nóa á hvíta tjaldinu.“ Aronofsky hefur einnig lýst því yfir að hann vilji hafa myndina eins raunverulega og hægt er. „Hún verður ekki á gamansömum nótum eins og tíðkast hefur um Nóa-myndir heldur verður hún meira í ætt við vísindaskáldsögu.“

Aronofsky er sennilega einhver frumlegasti leikstjóri Hollywood um þessar mundir. Kvikmyndir hans hafa hlotið einróma lof gagnrýnenda en á ferilskrá hans eru meðal annars The Black Swan, The Wrestler og Requiem for a Dream. - fgg



**SPENNANDI** Það verður forvitnilegt að sjá hvernig Aronofsky tekst að koma örkinni hans Nóa á hvíta tjaldið.


HJÓNABANDSSÆLA
Með Eddu Björgvinsdóttur
og Þórhalli (Ladda) Sigurðssyni
eftir Michele Riml
„Eftir undirtektum áhorfenda að dæma getur leikurinn átt eftir að lifa lengi“
- Jón Viðar DV
GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS
Miðasala á www.gamlabio.is eða á www.midi.is
Fös. 7 okt - Uppselt
Lau. 8 okt - Uppselt
Sun. 9 okt - Örfá sæti laus
Lau. 15 okt - Örfá sæti laus
Sun. 16 okt
Fim. 20 okt



**24 ÁRA ALDURSMUNUR** er á hinni 41 árs gömlu Mariuh Carey og hinum 17 ára Justin Bieber. Þau tóku nýlega upp smellinn All I Want for Christmas Is You, sem Carey gerði frægt árið 1994. Lagið kemur út á jólaplötunni hans.

Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE IMAGE
Klapparstíg 29 • Sími 551 3010




FUDGE IMAGE
Hárgreiðslustofan Klapparstíg

25% AF JOHN FRIEDA HÁRVÖRUM Í OKTÓBER
Lyfjaval APÓTEK





**SKEMMTU SÉR VEL** Frá vinstri: Leikararnir Atli Rafn Sigurðarson, Björn Hlynur, Walter Grímsson og Vignir Rafn ásamt Tinnu Dögg, kærustu Atla Rafns, voru hress á Kex Hostel.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# FJÖR Á OKTÓBER-FEST Á KEXINU

**Þýskur andi sveif yfir Kex Hostel á þriðjudaginn þegar Októberfest hófst þar með pompi og prakt. Bjórinn flæddi í sérstökum Kex-bjórkrúsum sem sumir gestanna áttu erfitt með að lofta enda tóku þær einn lítra af bjór. Klæðnaður barþjónanna á Kex var við hæfi, en strákarnir voru í hnésíðum smekkbuxum og stúlkurnar í sérhönnuðum kjólum. Hátíðin stendur til 9. október, en stórt tjald hefur verið sett yfir portið þar sem gestir láta fara vel um sig á langborðum. Fótboltakappinn fyrrverandi Ásgeir Sigurvinsson opnaði partíið með því að drekka fyrsta bjórinn, en hann spilaði fótbolta í Þýskalandi við góðan orðstír.**



**FÓTBOLTAKAPPAR** Þeir Ásgeir Sigurvinsson, Helgi Már Björgvinsson og Ríkharður Daðason mættu á Októberfest, en Ásgeir fékk þann heiður að drekka fyrsta bjórinn.



**GLÖÐ Í BRAGÐI** Hjónin Ása Finnsdóttir og Jóhannes Long drukku úr sérhönnuðum Kex-glösum.



**GAMAN** Hanna Magnúsdóttir, Guðrún Svavarsdóttir, Inga Rún og Sigurborg Guðmundsdóttir höfðu það gott.



**SKÁLUÐU** Þær Klara Arndal og Thelma Halldórsdóttir brostu breitt.

SKÓ MARKAÐUR
Góðir skór á börnin



St. 20-27 kr. 6.495.-
St. 28-35 kr. 6.995.-
St. 20-27 kr. 6.495.-
St. 28-35 kr. 6.995.-
Opið virka daga 11-18 laugardag 11-16
www.xena.is
xena
Grensásvegur 8
Nýbýlavegur 12
Sími 517 2040

## Tómas býður Yoko

„Yoko verður í bænum. Hún er velkomin ef hún vill koma," segir Tómas Tómasson, Stuðmaður og tónlistarstjóri Ob-La-Dí Ob-La-Da. Tónleikar verða haldnir á skemmtistaðnum kl. 22 á laugardaginn í tilefni 71 árs afmælis Bítilsins Johns Lennons. Yoko Ono er einmitt væntanleg til landsins, enda spilar hún í næstu viku á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves með hljómsveitinni The Plastic Ono Band.

Hópur tónlistarmanna stígur á svið á Ob-La-Dí, eða Gunnar Þórðarson, Andrea Gylfadóttir, Þórður Árnason, Björgvin Ploder, Bítladrengirnir blíðu, Helga Völundardóttir, Kormákur Bragason og Gísli Helgason sem spilar lag sitt Lennon á blokkflautu.



**TÓMAS TÓMASSON** Tónlistarstjóri Obladí Oblada hefur boðið Yoko Ono, ekkju Johns Lennon, á Ob-La-Dí Ob-La-Da.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Of fullur til að ræna

Vandræðagemlingurinn Pete Doherty verður ekki ákærður fyrir rán sem átti sér stað í Þýskalandi fyrr á þessu ári. Samkvæmt lögreglunni var hann of ölvaður til að geta átt þátt í ráninu.

Forsaga málsins er sú að Doherty var staddur í Þýskalandi að leika í kvikmyndinni Confessions of a Young Contemporary. Hann braut rúðu í hljóðfæraverslun í ölæði og hefur viðurkennt það. Í kjölfarið var hljóðfærum og geisladiskum stolið úr versluninni og eigendur verslunarinnar sökuðu hann opinberlega um að eiga hlut að máli.

En heppnin er með Doherty því saksóknari málsins hefur fellt niður málið á hendur söngvaranum þar sem lögreglan segir að hann hafi verið of fullur til að stela á þessu tiltekna kvöldi.

Doherty sat nýlega inni fyrir að vera með kókaín undir höndum og hefði getað fengið allt að fimm ára dóm, hefði hann verið ákærður og sakfelldur fyrir ránið í Þýskalandi.



**BYTTA** Pete Doherty braut rúðu í Þýskalandi í ölæði og lenti næstum því í miklu veseni.


LAGERSALA 6. - 9. október
66° NORÐUR
KRAKKAR
MAGNI parka
ÁÐUR: 24.500 kr. NÚ: 12.000 kr.
Einnig í appelsínugulu
KRAKKAR
BALDUR jakki
ÁÐUR: 9.800 kr. NÚ: 3.800 kr.
Fleiri litir
KRAKKAR
BRAGI heilgalli
ÁÐUR: 17.500 kr. NÚ: 8.000 kr.
KRAKKAR
ANDVARI húfa
ÁÐUR: 4.900 kr. NÚ: 2.500 kr.
50 - 70% afsláttur
Húfur & vettlingar
500 - 2.500 kr.
Einnig í rauðu
DÖMUR
LAUGAVEGUR dúnkápa
ÁÐUR: 33.000 kr. NÚ: 15.000 kr.
KRAKKAR
ANDVARI jakki
ÁÐUR: 18.500 kr. NÚ: 6.000 kr.
DÖMUR/HERRAR
GLYMUR softshell jakki
ÁÐUR: 38.500 kr. NÚ: 12.000 kr.
DÖMUR
FROST peysa
ÁÐUR: 18.800 kr. NÚ: 7.500 kr.
Faxafen 12, 108 Reykjavík: Fim. - fös. 9 - 18 I Lau. 11 - 16 I Sun. 12 - 16
Glerárgata 32, 600 Akureyri: Fim. - fös. 9 - 18 I Lau. 11 - 16

# Of seint í rassinn gripið

Tónleikar ★★

**Paul Young**

Eldborgarsalur Hörpu 4. október

Hvað hefur Paul Young fram að færa í dag? Þjónar nokkru hlutverki að flytja inn löngu útbrunna eitís-jálka til að draga gömlu smellina á flot í enn eitt skiptið? Væri tímanum (og peningunum) betur varið í að kynna sér nýjustu þróun í dægurheiminum? Allt eru þetta gildar spurningar sem þó voru víðsfjarri huga undirritaðs þegar hann skundaði glaðbeittur í Hörpu á þriðjudagskvöld, staðráðinn í að lyfta sér rækilega upp með einni af æskuhetjunum og með hina víðfrægu þá-þrá að vopni. Illu heilli brást téður Paul Young grundvallarskyldu sinni að mestu: að sjá til þess að tónleikagestirnir skemmtu sér. Líklega bjuggust fáir við að hann fyndi upp hjólið og Young virtist jafn reiðubúinn og áhorfendur að gera sitt besta, en það var hreinlega ekki nógu gott.

Strax í upphafslaginu, Joy Division-standardinum Love Will Tear Us Apart af fyrstu plötu Young frá 1983, varð ljóst að margir yrðu fyrir vonbrigðum með kvöldið. Söngvarinn virkaði stirður í flestum sínum aðgerðum. Raddböndin hafa greinilega orðið fyrir miklum skakkaföllum í tímans rás (eins og dyggir lesendur Æskunnar og Bravo-blaðanna þýsku fóru ekki varhluta af á níunda áratugnum) og danskir undirleikararnir renndu sér vélrænt og fullkomlega ástríðulaust í gegnum dagskrána, þótt trymbillinn Anika hafi á köflum sýnt góða takta í bakröddum. Í þriðja laginu, Wherever I Lay My Hat (That‘s My Home), þar sem Young hljómaði rámur og næstum falskur, gengu fyrstu áhorfendurnir úr salnum, sýnilega brugðið, en þeim átti eftir að fjölga.

Þótt umskipti yfir í órafmagnað sett um miðbikið hafi tekist ágætlega (flutningur spánnýja lagsins Angel var til að mynda með þeim betri á tónleikunum) var salurinn nánast steindauður lengst framan af og lítið bólaði á gagnkvæmum straumum milli listamanns og gesta. Undantekningin var fámennur hópur kvenna á fremsta bekk sem fagnaði hverju lagi ógurlega og skríkti jafnframt af gleði þegar Young kastaði einu af fjölmörgum svitablautum handklæðum út í sal.

Í raun var það ekki fyrr en undir blálokin sem söngvarinn náði sér á einhvers konar strik og fór vel með „hittarana“ Come Back and Stay og Everytime You Go Away. Þá tóku áhorfendur líka við sér, sungu með og skemmtu sér væntanlega margir. Í uppklappinu (kurteisi íslenskra tónleikagesta hlýtur að teljast til fyrirmyndar) hljómaði rödd Young loks eins og hún tilheyrði fagmanni, en skaðinn var skeður. Því miður, vegna þess að Paul Young kemur fyrir sem hinn mesti öðlingur, jarðbundinn og lítillátur. Það er ekki nóg, eins og sýndi sig í Hörpu.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Eitísgoðið Paul Young náði sér ekki á strik fyrr en í blálokin en þá var skaðinn að mestu skeður.



**VONBRIGÐI** Paul Young gekk illa að sinna þeirri grundvallarskyldu sinni að skemmta áhorfendum í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

ÞRÆLMÖGNUÐ SPENNUMYND Í ANDA BOURNE MYNDANNA
TAYLOR LAUTNER ABDUCTION
12 LÚXUS midi.is

• 10 ÁRA AFMÆLI •
10 ÁRA GÖMUL VERÐ
Almennt verð 800 kr. Börn 450 kr.
3D sýningar 1.000 kr. Lúxus 1.700 kr.
Á ALLAR SÝNINGAR Í SMÁRABÍÓI TIL OG MEÐ 10. OKT!

ELDFJALL 14 LÚXUS
RAUÐHETTA 2 3D L midi.is

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| RAUÐHETTA 2 2D ÍSL.TAL | KL. 4 - 6 | L |
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 4 - 6 | L |
| ELDFJALL | KL. 5.45 | L |
| ELDFJALL LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ABDUCTION | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| ABDUCTION LÚXUS | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 8 - 10.10 | L |
| WARRIOR | KL. 10.20 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 3.30 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL.3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 6 | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 8 - 10.15 | 7 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| PROJECT NIM | KL. 6 - 8 | L |
| LE HAVRE | KL. 6 - 10 | L |
| BOBBY FISCHER | KL. 8 - 10 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 6 | L |
| ABDUCTION | KL. 10 | 12 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

ABDUCTION 12
RAUÐHETTA 2 3D L
★★★ K.I. - Pressan.is JOHNNY ENGLISH REBORN 7
COLOMBIANA 16
STRUMPARNIR L

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| ABDUCTION | 8 og 10.15 |
| RAUÐHETTA 2 - 3D | 6 - ISL TAL |
| JOHNNY ENGLISH | 6, 8 og 10.15 |
| COLOMBIANA | 8 og 10.15 |
| STRUMPARNIR - 3D | 6 - ISL TAL |

SAMBÍÓIN
SLÚÐURFRÉTTIR DAGSINS SAMbio.is

MAGNAÐUR ÞRILLER
NOTHING SPREADS LIKE FEAR
CONTAGION
★★★★ ★★★★

FORSÝND Í KVÖLD
kl. 8 og 10:40 í Egilshöll og Álfabakka (einnig í VIP) og 10 í Kringlunni
REAL STEEL

Drive
LION KING
JOHNNY ENGLISH REBORN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| REAL STEEL Forsýning | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| REAL STEEL Forsýning Luxus VIP | kl. 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| CONTAGION | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 5:50 | 2D | L |
| JOHNNY ENGLISH | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| DRIVE | kl. (5:50 vip) - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 2D | 7 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CONTAGION | kl. 10:10 | 12 |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 8 | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 8 | L |
| 30 MINUTES OR LESS | kl. 10:10 | 14 |

SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| REAL STEEL | kl. 8 - 10:40 | 2D | L |
| THE LION KING m/ísl tali | kl. 5:30 | 3D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 5:30 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CONTAGION | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE KITCHEN Leikrit í Beini útsendingu frá nat. theater London | kl. 6 | | L |
| REAL STEEL Forsýning | kl. 10 | 2D | 12 |
| CONTAGION | kl. 8 - 10 | 2D | 12 |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 5:50 | 2D | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| THE LION KING - 3D ótextuð M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGUR LJÓNANNA 3D | kl. 6 | L |
| CONTAGION | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | L |
| HRAFNAR SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 8 | L |
| SHARK NIGHT | kl. 10:10 | 16 |




BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FIMMTUDAGUR: MASTERCLASS: RÚNAR RÚNARSSON 20:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00, 22:00 ■ SVÍNASTÍAN 18:00, 20:00, 22:00 ■ THORS SAGA 18:00, 20:00 ■ Á ANNAN VEG 22:00 ■ ANDLIT NORÐURSINS 18:00
ÍSLENSKUR TEXTI. ENGLISH SUBTITLES.

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!

Svínastían
með Noomi Rapace
*****
Þ.Þ. Fréttatíminn

Thors saga
Frá Thor Jensen til Björgólfs Thors

JÓN OG SÉRA JÓN

# Heilsudeildin

**byggtogbúið**
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

## NÝ DEILD MEÐ VÖRUM FYRIR BETRI HEILSU OG VELLÍÐAN

**RAKATÆKI & LOFTHREINSIR**
Verð áður ............ 29.850
Tilboðsverð ......... 26.865
Þú sparar .............. 2.985

**SOEHNLE BAÐVOG** – 37%
Verð áður .............. 7.999
Tilboðsverð ........... 4.999
Þú sparar .............. 3.000

**NUDDPÚÐI SHIATSU** – 20%
Verð áður ............ 17.950
Tilboðsverð ......... 14.360
Þú sparar .............. 3.590

**AIRFREE LOFTHREINSITÆKI**
Verð áður ............ 49.700
Tilboðsverð ......... 44.730
Þú sparar .............. 4.970

**NUDDSESSA SHIATSU** – 20%
Verð áður ............ 23.750
Tilboðsverð ......... 19.000
Þú sparar .............. 4.750

**NUDDSESSA SÆNSKT NUDD** – 20%
Verð áður ............ 36.750
Tilboðsverð ......... 29.400
Þú sparar .............. 7.350

**BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLIR** – 20%
Verð áður .............. 7.499
Tilboðsverð ........... 5.999
Þú sparar .............. 1.500

**BEURER HITAMÆLIR** – 20%
Verð áður .............. 5.999
Tilboðsverð ........... 4.799
Þú sparar .............. 1.200

**BAKVERKJABELTI** – 20%
Verð áður .............. 9.999
Tilboðsverð ........... 7.999
Þú sparar .............. 2.000

**NUDDTÆKI GEISLAHITI** – 30%
Verð áður .............. 9.950
Tilboðsverð ........... 6.950
Þú sparar .............. 3.000

**A&D SKREFAMÆLIR** – 37%
Verð áður .............. 7.999
Tilboðsverð ........... 4.999
Þú sparar .............. 3.000

**HITATEPPI HÁLS & BAK** – 25%
Verð áður .............. 9.999
Tilboðsverð ........... 7.499
Þú sparar .............. 2.500

HEILSU DAGAR LÝKUR Á SUNNUDAG

• RAKATÆKI • LOFTHREINSITÆKI • NUDDSESSUR • NUDDPÚÐAR • NUDDTÆKI • VENJULEGAR BAÐVOGIR • STAFRÆNAR BAÐVOGIR • BAÐVOGIR MEÐ FITUPRÓSENTUMÆLI • HITATEPPI • BAKBELTI • HITAMÆLAR • SALTKRISTALSLAMPAR • DAGLJÓSA-LAMPAR • SKREFMÆLAR • BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLAR • FÓTANUDDTÆKI • HITABLÁSARAR • VIFTUR • NÁLARSTUNGUTEPPI • BAKVERKJABELTI OG FLEIRA OG FLEIRA

# Vinsælu nafnakönnurnar

ÞÝSK GÆÐAVARA SÍÐAN 1901

HANDMÁLAÐAR KERAMIK KÖNNUR • MÁ SETJA Í UPPÞVOTTAVÉL

50% AFSLÁTTUR

Yfir 400 nöfn
Verð áður :1.499
Verð nú 749

**1 KRÓNA**
bollinn með eftirtöldum nöfnum.
Fyrstir koma fyrstir fá

Afi Oddur • Alex Óli • Alla • Allan • Allý • Alma Birna • Amma Díana • Anna Marý • Arilíus • Arnar Burkni • Begga • Betsý • Dalrós Hulda • Díana Rún • Eddi • Eldur • Elín Hulda • Elísa Dröfn • Eva Ýr • Friðný • Gimmi • Grímsi • Guðrún Rósa • Hanna Sigrún • Harpa Lind • Heiðar Þór • Hera Líf • Hjalli • Hlíf Þorbjörg • Hugrún Elfa • Hössi • Jón Hafsteinn • Jón Þorvaldur • Jónberg • Kolbrún Sjöfn • Konný • Magga Sonja • Magnþór • Marit • Rakel Rut • Rebekka Rán • Rósa María • Sigga Ólafs • Sigrún Alda • Siguróli • Sissi • Solla • Steina • Steini • Steinvör • Sveinborg • Þorgils afi • Ölver

Ingi
Erla

**byggtogbúið**
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

# sport

sport@frettabladid.is



**ÞÓR/KA** er úr leik í Meistaradeild kvenna í fótbolta eftir sex marka tap, 2-8, í síðari leiknum á móti Turbine Potsdam í Þýskalandi í gær. Arna Sif Ásgrímsdóttir og Diane Caldwell skoruðu mörkin en Turbine Potsdam vann 14-2 samanlagt og mætir sigurvegaranum úr viðureign Vals og Glasgow City í 16 liða úrslitum. Valskonur taka á móti skosku meisturunum á Vodafonevellinum klukkan 16.00 í dag. Liðin gerðu 1-1 jafntefli í fyrri leiknum og Valur á því góða möguleika að komast áfram.



**Í LAUGARDALNUM** Pearce á æfingu enska liðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stuart Pearce:

## Vanmetið að spila með U-21

**FÓTBOLTI** U-21 lið Íslands mætir í dag jafnöldrum sínum frá Englandi í undankeppni EM 2013 á Laugardalsvelli. Leikurinn hefst klukkan 17.30.

Stuart Pearce er þjálfari enska liðsins og segir það yfirleitt vanmetna reynslu sem leikmenn öðlist með því að spila með U-21 landsliðum sínum. „Ég er 100 prósent klár á því,“ sagði Pearce á blaðamannafundi í gær og var afdráttarlaus í sínu svari.

Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 liðsins, lenti í ýmsum árekstrum í aðdraganda EM U-21 liða í Danmörku í sumar vegna leikmanna sem voru einnig valdir í A-landsliðið. Pearce hefur einnig mátt glíma við sama vandamál, rétt eins og líklega flestir þjálfarar U-21 liða heimsins.

„Ef þessir strákar ætla að ná árangri í framtíðinni með sínum landsliðum verða þeir að skilja hvernig það er að spila á stórmótum í knattspyrnu,“ sagði Pearce, sem hafði aldrei kynnst því að spila á stórmóti áður en hann spilaði með Englandi á HM 1990.

„Það er gríðarleg pressa sem fylgir því að spila leiki á stórmótum og það tók mig um fjóra leiki að róa taugarnar. Fyrir mig var þetta mjög erfið tilhugsun á sínum tíma og ég vil að mínir strákar renni ekki jafn blint í sjóinn og ég gerði þá,“ bætti Pearce við, en ítarlegt viðtal má finna við hann á íþróttavef Vísis. **- esá**

# Er sagan að endurtaka sig?

**Fram vann í gær sinn þriðja leik í röð í N1-deild karla. Það gerðist síðast leiktíðina 2005-06 að Fram vann fyrstu þrjá leiki sína. Þá varð liðið Íslandsmeistari. Liðið í ár lofar góðu. FH vann síðan góðan sigur á Val í Kaplakrika.**

**HANDBOLTI** „Ég ætla ekkert að hugsa út í hvort við verðum aftur Íslandsmeistarar núna eins og síðast þegar liðið byrjaði svona vel. Þetta er skemmtileg staðreynd engu að síður,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, eftir fjögurra marka sigur, 31-27, á Akureyri í gær. Fram er því enn með fullt hús á toppnum og liðið virkar illviðráðanlegt.

Framarar léku ekkert sérstaklega vel í gær en þó nógu vel til þess að leggja laskað lið Akureyrar að velli. Magnús Erlendsson lokaði marki Fram er á þurfti að halda og Róbert Aron Hostert skoraði stórkostleg mörk í sókninni.

Fram-liðið er ótrúlega vel mannað og sterkir leikmenn að komast í gang. Fram er líklega með mestu breiddina í deildina og haldi Einar vel á spöðunum gæti Fram-liðið gert verulega góða hluti í vetur.

„Við erum á jörðinni þó svo að við gleðjumst yfir góðri byrjun. Ég hef alltaf sagt að við séum með gott lið og þetta lið getur náð góðum árangri. Við ætlum samt ekki að fara fram úr okkur,“ sagði Einar jarðbundinn en hann henti gaman að því að aðrir væru að vanmeta hann sem þjálfara þegar Fram var aðeins spáð fjórða til fimmta sæti deildarinnar fyrir mót.

„Við lítum vel út og að klára Akureyri án þess að spila eins vel og við hefðum viljað er styrkleikamerki. Við ætlum að byggja á hverjum sigurleik og læra um leið af þeim mistökum sem við gerum,“ sagði Einar en þurfa önnur lið ekki að fara að bera sig saman við Fram-liðið sem virðist vera besta lið landsins í dag?

„Þetta mót verður út og suður og við eigum örugglega eftir að tapa í vetur. Það verður gaman að sjá hvernig við höndlum það.“

Fáir höfðu trú á Akureyrarliðinu í gær enda sterkir menn meiddir og óþekktir leikmenn að spila. Þeir sýndu þó að breiddin er meiri en margur heldur. Leiddu leikinn lengi vel og með smá meira átaki hefði liðið getað fengið eitthvað úr leiknum. Fram-liðið var þó einfaldlega númeri of sterkt fyrir Akureyri í gær.



**SIGURREIFUR** Hinn líflegi þjálfari Fram, Einar Jónsson, fagnar hér marki í gær. Einar er að gera flotta hluti með Fram-liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Fall er fararheill hjá FH

Vörn og markvarsla gerðu það að verkum að við náðum að sigla fram úr,“ sagði Baldvin Þorsteinsson, leikmaður Íslandsmeistara FH, eftir 29-27 sigur á Val í Kaplakrikanum í gær. Gríðarlegt jafnræði var með liðunum alveg fram undir miðjan seinni hálfleikinn.

FH-ingar náðu á tveggja mínútna kafla í seinni hálfleiknum að halda jöfnu tveimur mönnum færri og stuttu eftir það sigu þeir fram úr. Munurinn var í fyrsta sinn þrjú mörk í 23-20 og eftir það var sigur heimamanna aldrei í hættu.

„Valsmenn eru góðir og við vissum að þetta yrði erfitt og það er því mjög gott að ná sigri. Við spiluðum gríðarlega vel síðasta stundarfjórðunginn og hristum þá frá okkur,“ sagði Baldvin.

FH-ingar hafa nú unnið tvo leiki í röð eftir tap í fyrstu umferð. „Eigum við ekki að segja að fall sé fararheill. Það var mjög mikilvægt fyrir okkur að ná þessum sigri hérna,“ sagði Baldvin.

Ragnar Jóhannsson var markahæstur hjá FH en markahæsti leikmaður Vals, Orri Freyr Gíslason, var mjög svekktur eftir leikinn. „Það var fimm mínútna kafli þar sem við skitum á okkur og spiluðum eins og hálfvitar. Við vorum mikið betri í 55 mínútur að mínu mati. Mér fannst við flottir í sókninni nánast allan leikinn en þessi kafli skemmdi fyrir okkur,“ sagði Orri. **- hbg, egm**

## ÚRSLIT

*N1-deild karla:*

**Fram-Akureyri 31-27 (16-16)**
Mörk Fram (skot): Róbert Aron Hostert 8 (14), Sigurður Eggertsson 6 (10), Jóhann Gunnar Einarsson 4 (10), Ægir Hrafn Jónsson 3 (3), Einar Rafn Eiðsson 3/1 (5/2), Halldór Jóhann Sigfússon 2 (2), Ingimundur Ingimundarson 2 (3), Matthías Berhöj Daðason 1 (2), Stefán Baldvin Stefánsson 1 (1), Jóhann Karl Reynisson 1 (1).
Varin skot: Magnús Gunnar Erlendsson 12 (27/2) 44%, Sebastían Alexandersson 2 (14) 14%.
Hraðaupphlaup: 7 (Jóhann 3, Stefán, Matthías, Ægir, Ingimundur).
Fiskuð víti: 2 (Ægir, Stefán).
Utan vallar: 2 mínútur.
Mörk Akureyrar (skot): Oddur Gretarsson 8/3 (8/3), Bjarni Fritzson 7 (12), Guðmundur Hólmar Helgason 4 (11), Geir Guðmundsson 3 (6), Guðlaugur Arnarsson 3 (4), Hlynur Elmar Matthíasson 1 (2), Bergvin Gíslason 1 (4).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 9 (37/2) 24%.
Hraðaupphlaup: 10 (Bjarni 4, Oddur 2, Guðmundur, Hlynur, Guðlaugur, Geir).
Fiskuð víti: 3 (Oddur 2, Bjarni).
Utan vallar: 10 mínútur.

**FH-Valur 29-27 (12-13)**
Mörk FH (skot): Ragnar Jóhannsson 7 (10), Atli Rúnar Steinþórsson 5 (7), Andri Berg Haraldsson 4/3 (4/3), Örn Ingi Bjarkason 5 (9), Hjalti Pálmason 3 (4), Ólafur Gústafsson 3 (8), Baldvin Þorsteinsson 2/1 (4/1), Halldór Guðjónsson 1 (2), Ari Magnús Þorgeirsson 0 (1).
Varin skot: Daníel Freyr Andrésson 7, Sigurður Örn Arnarson 1.
Hraðaupphlaupsmörk: 3 (Ragnar 2, Baldvin)
Fiskuð víti: 4 (Atli Rúnar 2, Ólafur, Ragnar).
Utan vallar: 4 mínútur
Mörk Vals (skot): Orri Freyr Gíslason 7 (8), Anton Rúnarsson 6 (10), Finnur Ingi Stefánsson 5 (7), Sturla Ásgeirsson 5/1 (6/1), Magnús Einarsson 2 (3), Sigfús Sigurðsson 1 (1), Atli Már Báruson 1 (2), Valdimar Fannar Þórsson 0 (2).
Varin skot: Hlynur Morthens 15/1
Hraðaupphlaupsmörk: 2 (Orri, Sturla)
Fiskuð víti: 1 (Orri)
Utan vallar: 2 mínútur.

**NÆSTU LEIKIR:**

| | |
|---|---|
| Í dag kl 19.30: | Grótta-Haukar |
| Sunnudag kl. 15.45: | HK-Afturelding |
| **13. október:** | |
| Haukar-Akureyri | kl. 18.30 |
| Valur-Fram | kl. 19.30 |
| HK-FH | kl. 19.30 |

*Meistaradeild kvenna:*

**Turbine Potsdam-Þór/KA 8-2**
Arna Sif Ásgrímsdóttir og Diane Caldwell skoruðu mörk norðanstúlkna. Potsdam vann rimmu liðanna 14-2 samanlagt.

*Þýski handboltinn:*

**Fuchse Berlin-TuS N-Lubbecke 33-26**
Alexander Petersson skoraði sex mörk fyrir Berlin í leiknum.

**Balingen-Kiel 21-31**
Aron Pálmarsson spilaði ekki með Kiel að þessu sinni vegna meiðsla. Kiel er í efsta sæti deildarinnar en Berlin er í öðru sæti.
Alfreð Gíslason er þjálfari Kiel en Dagur Sigurðsson þjálfar Berlinarliðið.


LYFJA
– Lífið heil
+15% afsláttur
Af öllum stærðum af
Nicotinell Fruit
Gildir út október

www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju


Kolbeinn Sigþórsson spilar ekki meira á þessu ári:

## Ökklabrotinn og úr leik



**FÓTBOLTI** Landsliðsframherjinn Kolbeinn Sigþórsson spilar ekki meiri fótbolta á þessu ári eftir að í ljós kom að hann er með brotið bein í ökkla. Kolbeinn meiddist í leik gegn Groningen um helgina.

Eftir því sem fram kemur á heimasíðu Ajax er um álagsbrot að ræða.

Þetta er mikið áfall fyrir Kolbein, sem og Ajax, enda hefur hann verið í frábæru formi. Hann hefur verið í byrjunarliðinu frá því í fyrsta leik og slegið rækilega í gegn.

Því miður fyrir Kolbein er þetta ekki í fyrsta skipti sem hann lendir í erfiðum meiðslum, en hann var lengi frá á sínum tíma hjá AZ Alkmaar. **- esá**


Láttu Draumaeldhúsið þitt verða að veruleika með HTH
Veldu réttu innréttinguna fyrir heimilið þitt.
HTH er hágæða dönsk framleiðsla og þú hefur tvo valkosti!
1) SÉRPANTAÐ OG SAMSETT

INNRÉTTINGAR Í
• ELDHÚS
• BAÐHERBERGI
• ÞVOTTAHÚS
SKÁPAR Í ÖLL HERBERGI
SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
2) LAGERVARA OG ÓSAMSETT
5 ÁRA ÁBYRGÐ Á VÖRU OG VIRKNI
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-15
12 MÁNAÐA VAXTALAUS STAÐGREIÐSLULÁN
Persónuleg og góð þjónusta
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · 2. HÆÐ · REYKJAVÍK · SÍMAR 530 2819 / 530 2821 · www.hth.dk
Viltu að við hönnum sérstaklega fyrir þig nýju eldhús- eða baðinnréttinguna – án greiðslu?
Viltu fá faglegar ráðleggingar við endurnýjun innréttinga og svo pottþétt verðtilboð?
Endilega komdu þá í heimsókn!

# ASSA RX WEB aðgangskerfi að öruggari framtíð




**Það er hagkvæmt og ótrúlega einfalt að setja upp eða skipta yfir í ASSA RX WEB aðgangskerfi og lyklar verða óþarfir. Búnaðurinn fær orku úr rafhlöðum sem endast mjög lengi.**

- Enginn hugbúnaður eða leyfisgjöld (hugbúnaður í stjórnboxi)
- Stjórnandi getur unnið með kerfið hvar sem er í gegnum internetið, engin þörf á netþjóni.
- Allt að 16 hurðir, þar af 12 með þráðlausum ASSA Aperio nándarlesurum (ekki er þörf á hefðbundnum raflögnum).
- Verulegur sparnaður við lagnavinnu og óþarfi að breyta hurðum eða dyrakörmum á nokkurn hátt ef notaðir eru Aperio nándarlesarar.







VÉLAR & VERKFÆRI

SKÚTUVOGUR 1 C • 104 REYKJAVÍK • SÍMI: 550 8500 • FAX 5508510 • WWW.VV.IS

Fiton/SÍA

## BESTIR Í SUMAR

### *Besti leikmaðurinn*

**(Lágmarkið er einkunn fyrir 10 leiki)**

| | |
|---|---|
| **1. Daníel Laxdal, Stjörnunni** | **6,68** |
| 2. Hannes Þór Halldórsson, KR | 6,64 |
| **3. Matthías Vilhjálmsson, FH** | **6,62** |
| 4. Rasmus Christiansen, ÍBV | 6,55 |
| **5. Ómar Jóhannsson, Keflavík** | **6,50** |
| 5. Kjartan Henry Finnbogason, KR | 6,50 |
| **5. Andrés Már Jóhannesson, Fylki** | **6,50** |
| 8. Haukur Páll Sigurðsson, Val | 6,47 |
| **8. Tryggvi Guðmundsson, ÍBV** | **6,47** |
| 10. Guðmundur Reynir Gunnarss., KR | 6,45 |
| **11. Þórarinn Ingi Valdimarsson, ÍBV** | **6,43** |
| 12. Grétar Sigfinnur Sigurðsson, KR | 6,36 |
| **12. Óskar Örn Hauksson, KR** | **6,36** |
| 14. Guðjón Pétur Lýðsson, Val | 6,29 |
| **14. Finnur Ólafsson, ÍBV** | **6,29** |
| 16. Bjarni Guðjónsson, KR | 6,29 |
| **17. Óskar Pétursson, Grindavík** | **6,26** |
| 18. Eiður Aron Sigurbjörnsson, ÍBV | 6,25 |
| **19. Jesper Holdt Jensen, Stjörnunni** | **6,23** |
| 20. Gunnleifur Gunnleifsson, FH | 6,23 |
| **21. Samuel Hewson, Fram** | **6,20** |
| 21. Srdjan Rajkovic, Þór | 6,20 |
| **23. Garðar Jóhannsson, Stjörnunni** | **6,19** |
| 23. Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni | 6,19 |
| **23. Jóhann Laxdal, Stjörnunni** | **6,19** |
| 26. Skúli Jón Friðgeirsson, KR | 6,18 |
| **26. Ingvar Jónsson, Stjörnunni** | **6,18** |

### *Toppmenn félaganna tólf*

**Breiðablik**

| | |
|---|---|
| **1. Dylan Jacob Macallister** | **6,09** |
| 2. Kristinn Steindórsson | 6,05 |
| **3. Ingvar Þór Kale** | **6,00** |
| 4. Kristinn Jónsson | 5,83 |
| **5. Guðmundur Kristjánsson** | **5,81** |

**FH**

| | |
|---|---|
| **1. Matthías Vilhjálmsson** | **6,62** |
| 2. Gunnleifur Gunnleifsson | 6,23 |
| **3. Ólafur Páll Snorrason** | **6,11** |
| 4. Björn Daníel Sverrisson | 6,11 |
| **5. Atli Guðnason** | **6,11** |

**Fram**

| | |
|---|---|
| **1. Samuel Hewson** | **6,20** |
| 2. Steven Lennon | 6,00 |
| **3. Ögmundur Kristinsson** | **5,86** |
| 4. Halldór Hermann Jónsson | 5,76 |
| **5. Sam Tillen** | **5,76** |

**Fylkir**

| | |
|---|---|
| **1. Andrés Már Jóhannesson** | **6,50** |
| 2. Ingimundur Níels Óskarsson | 5,75 |
| **3. Gylfi Einarsson** | **5,71** |
| 4. Albert Brynjar Ingason | 5,68 |
| **5. Fjalar Þorgeirsson** | **5,58** |

**Grindavík**

| | |
|---|---|
| **1. Óskar Pétursson** | **6,26** |
| 2. Robbie Winters | 5,86 |
| **3. Ólafur Örn Bjarnason** | **5,77** |
| 4. Alexander Magnússon | 5,76 |
| **5. Jóhann Helgason** | **5,71** |

**ÍBV**

| | |
|---|---|
| **1. Rasmus Christiansen** | **6,55** |
| 2. Tryggvi Guðmundsson | 6,47 |
| **3. Þórarinn Ingi Valdimarsson** | **6,43** |
| 4. Finnur Ólafsson | 6,29 |
| **5. Eiður Aron Sigurbjörnsson** | **6,25** |

**Keflavík**

| | |
|---|---|
| **1. Ómar Jóhannsson** | **6,50** |
| 2. Haraldur Freyr Guðmundsson | 6,07 |
| **3. Guðmundur Steinarsson** | **5,86** |
| 4. Jóhann Birnir Guðmundsson | 5,75 |
| **5. Andri Steinn Birgisson** | **5,74** |

**KR**

| | |
|---|---|
| **1. Hannes Þór Halldórsson** | **6,64** |
| 2. Kjartan Henry Finnbogason | 6,50 |
| **3. Guðmundur Reynir Gunnarsson** | **6,45** |
| 4. Grétar Sigfinnur Sigurðsson | 6,36 |
| **5. Óskar Örn Hauksson** | **6,36** |

**Stjarnan**

| | |
|---|---|
| **1. Daníel Laxdal** | **6,68** |
| 2. Jesper Holdt Jensen | 6,23 |
| **3. Garðar Jóhannsson** | **6,19** |
| 3. Jóhann Laxdal | 6,19 |
| **5. Halldór Orri Björnsson** | **6,19** |

**Valur**

| | |
|---|---|
| **1. Haukur Páll Sigurðsson** | **6,47** |
| 2. Guðjón Pétur Lýðsson | 6,29 |
| **3. Halldór Kristinn Halldórsson** | **6,00** |
| 4. Matthías Guðmundsson | 5,89 |
| **5. Atli Sveinn Þórarinsson** | **5,86** |

**Víkingur**

| | |
|---|---|
| **1. Mark Richard Rutgers** | **5,82** |
| 2. Björgólfur Takefusa | 5,57 |
| **3. Magnús Þormar** | **5,36** |
| 4. Halldór Smári Sigurðsson | 5,36 |
| **5. Kristinn Jóhannes Magnússon** | **5,00** |

**Þór**

| | |
|---|---|
| **1. Srdjan Rajkovic** | **6,20** |
| 2. Atli Sigurjónsson | 6,06 |
| **3. Janez Vrenko** | **5,95** |
| 4. Sveinn Elías Jónsson | 5,90 |
| **5. Gunnar Már Guðmundsson** | **5,68** |

### *Slakasti leikmaðurinn*

| | |
|---|---|
| **Magnús Páll Gunnarsson, Víkingi** | **3,90** |
| Hörður Sveinsson, Val | 4,47 |
| **Jóhann Þórhallsson, Fylki** | **4,58** |
| Gunnar Einarsson, Víkingi | 4,60 |
| **Helgi Sigurðsson, Víkingi** | **4,62** |
| Ray Anthony Jónsson, Grindavík | 4,64 |
| **Davíð Þór Ásbjörnsson, Fylki** | **4,70** |
| Walter Hjaltested, Víkingi | 4,71 |
| **Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, FH** | **4,77** |
| Kristján Hauksson, Fram | 4,77 |
| **Hörður Bjarnason, Víkingi** | **4,81** |
| Kristinn Jens Bjartmarsson, Víkingi | 4,82 |
| **Sigurður Egill Lárusson, Víkingi** | **4,83** |
| Dávid Disztl, Þór | 4,88 |
| **Baldur Ingimar Aðalsteinsson, Víkingi** | **4,88** |
| Viktor Jónsson, Víkingi | 4,91 |

# Þetta lofar góðu fyrir framhaldið

**Daníel Laxdal, fyrirliði Stjörnunnar, er leikmaður ársins í Pepsi-deildinni að mati Fréttablaðsins, en hann var efstur í einkunnagjöf okkar í sumar. Daníel segir að leikmenn Stjörnuliðsins hafi bara hlegið að slæmum spám fyrir mót og verið jafnframt staðráðnir í að sýna að þeir væru hörku fótboltalið.**

**FÓTBOLTI** Daníel Laxdal og félagar í Stjörnunni slógu enn á ný í gegn í Pepsi-deildinni í sumar og náðu besta árangri félagsins í efstu deild. Stjörnumenn skemmtu áhorfendum með fögnunum í fyrra en í ár voru þeir með skemmtilegasta og markahæsta liðið og fögnin voru nú orðin frétt gærdagsins í Garðabænum.

Fyrirliðinn Daníel Laxdal fór fyrir sínum mönnum og átti frábært tímabil, en góð spilamennska þessa fjölhæfa 25 ára leikmanns skilaði honum efsta sætinu í einkunnagjöf Fréttablaðsins.

„Ég er sáttur við mína spilamennsku. Ég var ekki alveg nógu ánægður með mig á síðasta ári en mér fannst ég stíga upp núna eins og flestir gerðu í Stjörnuliðinu,“ segir Daníel, en liðið setti nýtt félagsmet með því að ná fjórða sætinu og var aðeins hársbreidd frá því að komast í Evrópukeppni.

„Ég held að allir Stjörnumenn geti verið sáttir við að enda í fjórða sæti þótt það hafi verið svolítið svekkjandi að hafa ekki náð þessu Evrópusæti þarna í lokin,“ segir Daníel. Hann er ánægður með markakónginn Garðar Jóhannsson, sem lýsti því yfir eftir lokaleikinn að nú ætlaði Stjarnan að verða Íslandsmeistari á næsta ári.

„Þetta lofar góðu fyrir framhaldið. Ég hefði ekkert á móti því að vinna dolluna næsta sumar en það er fínt að hafa ákveðin markmið. Við verðum að halda þessu áfram á næsta ári,“ segir Daníel.

Stjörnumenn voru sterkir á lokasprettinum og náðu í þrettán stig út úr síðustu sex leikjum sínum, en undanfarin tvö tímabil hafði liðið aðeins náð í samtals fimm stig (í tólf leikjum) út úr síðustu sex umferðunum.

**Sýndu þroskamerki í sumar**

„Við höfðum alltaf fengið nóg og hætt í seinni umferðinni. Við sýndum núna að við erum orðnir miklu stöðugri sem lið og við vildum allir meira en að vera við miðju eða fyrir neðan miðju. Liðið sýndi klárlega þroskamerki í sumar,“ segir Daníel, en slæmur lokasprettur í fyrra átti örugglega mikinn þátt í því að spekingar töldu að blaðran væri sprungin og spáðu Stjörnunni aðeins 10. sæti.

„Við hlógum bara að þessu. Það er betra að vera spáð svona neðarlega og koma á óvart en öfugt. Við vildum bara sýna að við erum hörku fótboltalið og mér fannst við gera það í sumar,“ segir Daníel.

Stjarnan varð aðeins áttunda félagið í efstu deild til að brjóta fimmtíu marka múrinn á einu tímabili, en Stjörnumenn skoruðu 51 mark í leikjum 22. „Allur þessi sóknarleikur bitnar stundum á vörninni því við fáum allt of mörg mörk á okkur. Ef við náum að laga það mega hin liðin fara að passa sig,“ segir Daníel.

**Líður best í vörninni**

Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, var óhræddur við að færa Daníel til á vellinum í sumar. „Ég var á miðjunni, bæði djúpur og framarlega, og svo var ég farinn á kantinn. Það var orðið svolítið mikið flakk. Mér líður langbest í miðri vörninni,“ segir Daníel og viðurkennir að leikmenn Stjörnuliðsins þurfi ákveðið frjálsræði til að njóta sín. „Bjarni þekkir vel inn á okkur og við inn á hann. Það er mikil orka sem býr í okkur og það kemur best í ljós inni á vellinum. Við erum villtir og úti um allt á vellinum,“ segir Daníel. Hann segir langflesta leikmenn liðsins vera góða vini og það skili sér í liðsstemningunni.

„Við erum mjög flottur hópur og ég held að það sé mjög auðvelt að koma inn í Stjörnuliðið. Ég held líka að besta klefastemningin á landinu sé hérna í Stjörnuklefanum,“ segir Daníel. Mikilvægt sé að Stjörnuliðið bæti við sig til þess að geta stigið næsta skref. „Við þyrftum að fá allavega tvo mjög sterka leikmenn til að styrkja liðið og þá verðum við til alls líklegir á næsta ári,“ sagði Daníel að lokum.

Daníel hafði betur í baráttunni við KR-inginn Hannes Þór Halldórsson og FH-inginn Matthías Vilhjálmsson, sem komu í næstu sætum í einkunnagjöf blaðamanna Fréttablaðsins í sumar. Hér á síðunni má sjá betur efstu menn í einkunnagjöfinni, en þar má finna lista af ýmsu tagi.

ooj@frettabladid.is



**SÁ BESTI Í PEPSI-DEILD KARLA 2011** Daníel Laxdal í leik á móti Grindavík í sumar, en hann var valinn maður leiksins í báðum Grindavíkurleikjunum í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Besti miðjumaður deildarinnar

| | |
|---|---|
| **1. Matthías Vilhjálmsson, FH** | **6,62** |
| 2. Haukur Páll Sigurðsson, Val | 6,47 |
| 3. Þórarinn Ingi Valdimarsson, ÍBV | 6,43 |
| 4. Guðjón Pétur Lýðsson, Val | 6,29 |
| 5. Finnur Ólafsson, ÍBV | 6,29 |
| 6. Bjarni Guðjónsson, KR | 6,29 |
| 7. Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni | 6,19 |
| 8. Jóhann Laxdal, Stjörnunni | 6,19 |
| 9. Björn Daníel Sverrisson, FH | 6,11 |
| 10. Atli Sigurjónsson, Þór | 6,06 |



### Besti varnarmaður deildarinnar

| | |
|---|---|
| 1. Daníel Laxdal, Stjörnunni | 6,68 |
| **2. Rasmus Christiansen, ÍBV** | **6,55** |
| 3. Guðmundur Reynir Gunnarsson, KR | 6,45 |
| 4. Grétar Sigfinnur Sigurðsson, KR | 6,36 |
| 5. Skúli Jón Friðgeirsson, KR | 6,18 |
| 6. Haraldur Freyr Guðmundsson, Keflavík | 6,07 |
| 7. Halldór Kristinn Halldórsson, Val | 6,00 |
| 8. Magnús Már Lúðvíksson, KR | 6,00 |
| 9. Janez Vrenko, Þór | 5,95 |
| 10. Tommy Nielsen, FH | 5,88 |



### Besti sóknarmaður deildarinnar

| | |
|---|---|
| **1. Kjartan Henry Finnbogason, KR** | **6,50** |
| 2. Tryggvi Guðmundsson, ÍBV | 6,47 |
| 3. Garðar Jóhannsson, Stjörnunni | 6,19 |
| 4. Atli Guðnason, FH | 6,11 |
| 5. Ólafur Páll Snorrason, FH | 6,11 |
| 6. Kristinn Steindórsson, Breiðabliki | 6,05 |
| 7. Sveinn Elías Jónsson, Þór | 5,90 |
| 8. Matthías Guðmundsson, Val | 5,89 |
| 9. Guðmundur Steinarsson, Keflavík | 5,86 |
| 10. Robbie Winters, Grindavík | 5,86 |



### Besti markmaður deildarinnar

| | |
|---|---|
| **1. Hannes Þór Halldórsson, KR** | **6,64** |
| 2. Ómar Jóhannsson, Keflavík | 6,50 |
| 3. Óskar Pétursson, Grindavík | 6,26 |
| 4. Gunnleifur Gunnleifsson, FH | 6,23 |
| 5. Srdjan Rajkovic, Þór | 6,20 |
| 6. Ingvar Jónsson, Stjörnunni | 6,18 |
| 7. Ingvar Þór Kale, Breiðabliki | 6,00 |
| 8. Ögmundur Kristinsson, Fram | 5,86 |
| 9. Haraldur Björnsson, Val | 5,75 |
| 10. Fjalar Þorgeirsson, Fylki | 5,58 |



### Besti ungi leikmaður deildarinnar

**(Leikmenn fæddir 1990 og síðar)**

| | |
|---|---|
| **1. Þórarinn Ingi Valdimarsson, ÍBV** | **6,43** |
| 2. Jóhann Laxdal, Stjörnunni | 6,19 |
| 3. Björn Daníel Sverrisson, FH | 6,11 |
| 4. Atli Sigurjónsson, Þór | 6,06 |
| 5. Kristinn Steindórsson, Breiðabliki | 6,05 |
| 6. Kristinn Jónsson, Breiðabliki | 5,83 |
| 7. Gísli Páll Helgason, Þór | 5,62 |
| 8. Jóhann Helgi Hannesson, Þór | 5,59 |
| 9. Andri Rafn Yeoman, Breiðabliki | 5,50 |
| 10. Magnús Þórir Matthíasson, Keflavík | 5,50 |



### Besti öldungur deildarinnar

**(Leikmenn fæddir 1979 og fyrr)**

| | |
|---|---|
| **1. Tryggvi Guðmundsson, ÍBV** | **6,47** |
| 2. Bjarni Guðjónsson, KR | 6,29 |
| 3. Gunnleifur Gunnleifsson, FH | 6,23 |
| 4. Tommy Nielsen, FH | 5,88 |
| 5. Guðmundur Steinarsson, Keflavík | 5,86 |
| 6. Robbie Winters, Grindavík | 5,86 |
| 7. Freyr Bjarnason, FH | 5,80 |
| 8. Ólafur Örn Bjarnason, Grindavík | 5,77 |
| 9. Jóhann Birnir Guðmundsson, Keflavík | 5,75 |
| 10. Gylfi Einarsson, Fylki | 5,71 |



LAZBOY®

HÚSGAGNAHÖLLIN

# LA-Z-BOY DAGAR!

## LÁTTU FARA VEL UM ÞIG Í VETUR!



NÚNA **50%** AFSLÁTTUR

**79.990**

**FULLT VERÐ: 159.990**

**STANLEY**
La-z-boy stóll. Hvítt leður. B:80 D:85 H:105 cm.

*Hinn eini sanni!*

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY.

LA-Z-BOY er brautryðjandi í hönnun á amerískum hvíldarstólum. LA-Z-BOY stóllinn hefur skapað sér sérstöðu í gegnum tíðina og eru nú til margar mismunandi gerðir sem stöðugt er verið að þróa og gera enn betri.

LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

**Tilboðin gilda til 17. október 2011**

NÝTT! **NÝTT!** NÝTT!



**239.990**

**FULLT VERÐ:299.990**

LAZBOY®

**RYAN** La-z-boy sófi. Svart eða brúnt áklæði. B:219 D:83 H:102 cm.

NÚNA **25%** AFSLÁTTUR



**89.990**

**FULLT VERÐ: 119.990**

LAZBOY®

**RYAN** La-z-boy stóll. Brúnt eða svart áklæði. B:102 D:83 B:92 cm

NÚNA **25%** AFSLÁTTUR



**59.990**

**FULLT VERÐ: 79.990**

LAZBOY®

**ANDERSON** La-z-boy stóll. Brúnt, svart eða natur áklæði. B:80 D:85 H:100 cm.

NÝTT! **NÝTT!** NÝTT!



**99.990**

**FULLT VERÐ: 119.990**

LAZBOY®

**MISTIQUE** La-z-boy stóll. Brúnt, svart eða natur áklæði. B:92 D:70 H:100 cm.



**129.990**

**FULLT VERÐ: 159.990**

LAZBOY®

**RIALTO** La-z-boy stóll. Hvítt, svart eða brúnt leður. B:80 D:90 H:100 cm.



**119.990**

**FULLT VERÐ: 169.990**

LAZBOY®

**GRAND PINNACLE** La-z-boy stóll. Svart eða brúnt leður. B:84 D:98 H:109 cm.

EXPO • www.expo.is

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10-18 • Laugardaga 12-18 • Sunnudaga 13-17

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**284** **SJÓBIRTINGAR** veiddust í Straumunum í Borgarfirði í sumar. Auk birtinganna veiddust **333** **LAXAR** á svæðinu.

## FLUGAN



Supertinsel er urriðafluga, ættuð frá Finnlandi. Svo skæð þykir hún þar í landi að hún er víða bönnuð.

Supertinsel hefur reynst fantalega vel bæði í staðbundinn urriða en einnig í sjóbirting og sjóbleikju. Þá heyrðust veiðisögur úr Rangám og víðar í haust þar sem Supertinsel kom við sögu.

**UPPSKRIFT**

**Öngull -** Legglangur
**Tvinni -** Svartur UNI 6/0
**Vængur -** Silfurlitaðir flashabouþræðir
**Kviður -** Rautt ullarband, burstað í flóka
**Yfirvængur -** Svart ullarband, burstað í flóka, teygt niður með hliðum.
**Haus -** Þung keila



**RANGÁRFLÚÐIR** Eins og oft áður er Ytri-Rangá aflahæst. Þar er enn veitt með góðum árangri. MYND/LAX-Á

Laxveiðinni lýkur senn:

## Eitt albesta veiðisumarið

Nú er laxveiði lokið í sumar í allflestum ám og línur að skýrast. Enn er veitt í Rangánum, auk minni áa eins og Affallinu, Tungufljóti og Vatnsá.

Þorsteinn Þorsteinsson á Skálpastöðum, sem haldið hefur utan um veiðitölur árum saman, segir sumarið hafa verið gott. Hins vegar skekki metveiði síðustu ára myndina nokkuð.

Met hafa fallið, eins og í Breiðdalsá og Jöklu en ár á Norðausturog Austurlandi koma vel út. Eins er ljóst að umhverfisslys hefur orðið í Skógá við eldsumbrotin í fyrra en veiðin þar er hrunin. Helst kvarta menn undan því að smálaxagöngur hafi ekki skilað sér en meðalþyngd veiddra laxa lítur út fyrir að vera há víða.

- shá

# Birtingurinn nýtur vafans

**Leigutaki Eldvatns í Meðallandi hefur tekið upp veiða/sleppa fyrirkomulag við sjóbirtingsveiði í ánni. Hann segir sjóbirtinginn svo sérstakan stofn að vatnakerfi á Suðurlandi mættu falla undir Vatnajökulsþjóðgarð.**

Eldvatn í Meðallandi er frá fornu fari fræg sjóbirtingsá. Pétur Pétursson er leigutaki árinnar og hefur yfirfært veiða/sleppa fyrirkomulag úr annarri frægri veiðiá sem hann hefur með höndum, eða Vatnsdalsá. Hugmyndafræðin er sú sama. Að byggja upp sjálfbæran náttúrulegan stofn án meiri háttar inngripa.

„Þetta er sérstakur stofn á þessu svæði öllu sem ég vil meina að megi ekki að hrófla við. Ástæðan er sú sjóbirtingsstofninn íslenski er sennilega sá elsti í heimi. Hann er þess vegna kenndur við ísöld," segir Pétur.

Pétur tók ána á leigu árið 2009. Hann telur mikla möguleika vera fyrir hendi við uppbyggingu sjóbirtings í ánni. Áin sé fræg fyrir stóra sjóbirtinga og þeim vill hann fjölga með því að gefa veiddum fiski annað tækifæri til að ná þeirri stærð sem náttúran býður og vill ekki byggja upp stofninn með seiðasleppingum. „Ég vil að náttúran sjái um þetta sjálf. Það þarf kannski að hjálpa til við hrygningarsvæði, sem eru ekki nægilega góð.

Það er hægt að laga, að mínu mati, án þess að trufla náttúruna."

Mjög skiptar skoðanir eru um sleppingar á veiddum fiski, og á það bæði við um lax og silung. Pétur lítur hins vegar þannig á að ef tekið er of mikið af stofni sem er seinvaxinn og býr ekki við þeim mun betri hrygningarog uppvaxtarskilyrði þá komi alltaf að því að hann lætur undan síga. „Það vil ég fyrirbyggja með þessari aðferðafræði."

Pétur bendir á að Eldvatnið, og systurár þess í Skaftafellssýslum, séu í túnjaðri Vatnajökulsþjóðgarðs og þar liggi tækifæri. „Ég sé fyrir mér að allt þetta svæði ætti að vera hluti af þjóðgarðinum með þessum sjóbirtingsstofni sem þarna er. Ég er ekki einn um þá hugmynd að stofna á þessu svæði verndarsjóð villtra sjóbirtinga sem færi saman við hugmyndina um þjóðgarðinn."

Pétur veltir því upp að á einhverjum tímapunkti hafi virðingin fyrir silungsstofnunum á Íslandi farið fyrir lítið. Allt snúist um laxinn, einhverra hluta vegna, og laxaseiðum hafi verið „sprautað út í ólíklegustu ár", án þess að mikill tími hafi verið tekinn í það að kanna hversu vel áin væri undir slíkt búin.



**ELDVATN** Áin er töluvert vatnsfall og á upptök sín í uppsprettum og lækjum í Eldvatnshrauni. Hún er víða ægifögur þar sem hún kvíslast til sjávar. MYND/PÉTUR



**BOLTAFISKUR** Franskur veiðimaður með um tíu punda sjóbirting í haust. MYND/PÉTUR

Pétur hefur þó ekki áhyggjur af því að stofnar silungs muni hverfa.

„Veiði sveiflast á milli tímabila. Menn reyndu að halda jafnri veiði milli ára með seiðasleppingum, en það hefur aldrei tekist. Sveiflur í lífríkinu eru eðlilegar og hugmyndin er ekki endilega sú að veiða endilega miklu meira. Frekar að gera þetta náttúrulegt og ég held að stór hluti af íslenskum fluguveiðimönnum aðhyllist þessa hugmyndafræði nú orðið."

Í Eldvatni hefur veiði sveiflast mikið á milli ára, hvað sem því veldur.

Gullöldin var í kringum 1970 en árið 1974 voru skráðir til bókar þúsund fiskar. Þeir voru hins vegar aðeins 70 árið 1991. Áin gaf 252 birtinga í fyrra og er þá ótalin bleikja og lax sem alltaf veiðist töluvert af í þessu magnaða vatnsfalli.

svavar@frettabladid.is



Allt í myrkri?

Snemma morguns dreifa um 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu heim til lesenda.

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu þarf lýsing að vera til staðar og aðkoma að póstlúgu í lagi.

Höfum útiljósin kveikt.

Með fyrirfram þökk,

Póstdreifing

Sími: 585 8300 www.postdreifing.is

Umhverfisráðuneyti leyfir veiðar á 31.000 rjúpum þennan veturinn:

# Færri rjúpur og færri veiðidagar

Meira en helmingi færri rjúpur verða veiddar í vetur en í fyrra. Umhverfisráðherra hefur fallist á ráðleggingar Náttúrufræðistofnunar um að 31.000 fuglar verði veiddir á níu dögum í október og nóvember. Miðað við fjölda veiðimanna er gert ráð fyrir að hver skjóti um sex fugla.



**ELVAR ÁRNI LUND**

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að rannsóknir leiði í ljós að veiðistofn rjúpu hér á landi sé nú aðeins 350.000 fuglar, en síðustu ár hefur stofninn verið áætlaður 810 til 850 þúsund.

Um er að ræða reglubundna sveiflu í stofnstærð og er gert ráð fyrir að stofninn nái lágmarki árin 2015 til 2018.

Elvar Árni Lund, formaður Skotvís – félags skotveiðimanna, segir í samtali við Fréttablaðið að sátt ríki að mestu um þessar aðgerðir.

„Það fyrirkomulag að ráðherra skuli ákvarða um þessi mál á hverju ári er hins vegar ekki í takt við það sem við viljum, það er meiri samfella milli ára."



**STYTTA VEIÐITÍMANN** Rjúpnaveiðitímabilið hefur verið stytt um helming og gerir umhverfisráðuneytið ráð fyrir að einungis 31.000 fuglar verði veiddir þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann segist ekki skilja hvers vegna ekki sé hægt að marka stefnu í þessum málum til nokkurra ára.

„Dagarnir sem við fáum ættu þó að duga og það er gott að þeim sé dreift til að álagið verði ekki of mikið á svæðin og fuglinn."

Elvar segir að flestir ættu að ná að skjóta sér í jólamatinn. En hvað með hann sjálfan?

„Já, já. Eins og ég er alinn upp við."

- þj


NIVEA
pure & natural
COLOURS
Pure & Natural litalínan inniheldur 95% náttúruleg innihaldsefni og hentar jafnvel viðkvæmri húð. Litalínan inniheldur nærandi efni þ.m.t. lífrænt grænt te, fræolíu úr granateplum og argan- olíu sem er lykil innihaldsefni. Allir litir eru innblásnir úr náttúrunni og draga fram þína náttúrulegu fegurð.
95% of natural origin
BLUSH
EYE SHADOW
POWDER
VOLUME SHINE WONDERBALM
Falleg gloss sem gefa mikinn gljáa í mörgum litum
NÝTT!
NIVEA
GRANDIOSE
TÆLANDI AUGNHÁR MEÐ Max Volume GRANDIOSE MASKARANUM
Meiri þykkt, aðskilur augnhárin fullkomlega
• Klessist ekki
• Mótar augnhárin
• Hámarks þykkt
HAGKAUP
Ein ferð betra verð




**> Stöð 2 kl. 20.15**

## Heimsréttir Rikku

Rikka verður á sínum stað á Stöð 2 í kvöld og matreiðir ljúffenga rétti frá framandi löndum. Að þessu sinni fær hún innblástur frá Marokkó og á matseðlinum er ilmandi mintute, tagine-lambaskanki með sveskjum og apríkósum, þúsund og einnar nætur kúskús og kanilappelsínur.

**VIÐ TÆKIÐ** **JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR** **FERÐAST ÚT Í GEIM**

# *Sjónvarpsþættir sem skreppa saman*

Í heimi þar sem manns eigin litla tilvera er miðpunktur alls er undarlegt að upplifa alla plánetuna sem ögn. Einhvern tímann, fyrir nærri þrjátíu árum, lærði ég hvað pláneturnar í sólkerfinu heita en síðan þá hefur framför geimvisku verið nær engin. Sólin er heit, heimurinn endar hvergi, svarthol er samanþjappaður óendanleiki og það litla sem bæst hefur við vitneskjuna er að heill hellingur af geimrusli þvælist fyrir gervihnöttum.

Þættir BBC um sólkerfið á RÚV voru því eins og blaut tuska. Jörðin – ein af milljörðum hnatta í sólkerfi sem er eitt af að minnsta kosti meira en 225 sólkerfum því alltaf er verið að uppgötva ný og ný sólkerfi (ef ég náði punktunum rétt). Að líf sé á jörðinni er svo mikil tilviljun að mati margra geimvísindamanna, að það getur það varla verið tilviljun.



Eftir þessar síðustu vikur á ferð um geiminn með BBC var líðanin eins og frjálst fall og því hálf kærkomið að vera dreginn inn í agnarlitlar tilverur sjónvarpsins aftur.

Matreiðsluþættir í afgirtum eldhúsum hafa slegið á víðáttufælnina og ég hef náð góðri lendingu í gömlu nokkurra hektara tilverunni heima í stofu. Um leið hefur allt þetta stóra minnkað og orðið hálf þorpslegt í nýtilfundnu alheimssamhengi. X Factor, er eins og notalegt spilakvöld í félagsheimili þar sem nánir fjölskyldumeðlimir keppa sín á milli í karókí. Og Útsvar eins og fínasta eldhúspartí. Alheimurinn hefur stækkað, jörðin minnkað og sjónvarpið með.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Blátt blóð á rauðum sandi **23.15** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Gurra grís** (13:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (15:52)
**17.36 Mókó** (1:52)
**17.41 Fæturnir á Fanneyju** (14:39)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (6:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Nigella í eldhúsinu** (5:13) (Nigella: Kitchen)
**20.40 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (6:8) (Mundi vondi fatahönnuður)
**21.10 Scott og Bailey** (1:6) Bresk þáttaröð um lögreglukonurnar Rachel Bailey og Janet Scott í Manchester sem rannsaka snúin morðmál.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (97:114) (Criminal Minds V) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Lífverðirnir** (Livvagterne) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Trading Places**
**10.00 Pink Panther II**
**12.00 Gosi**
**14.00 Trading Places**
**16.00 Pink Panther II**
**18.00 Gosi**
**20.00 I Love You Beth Cooper**
**22.00 Year One**
**00.00 The Lodger**
**02.00 Lions for Lambs**
**04.00 Year One**
**06.00 Frost/Nixon**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (1:175)
**10.15 The Mentalist** (16:23)
**11.00 The Whole Truth** (1:13)
**11.50 Gilmore Girls** (15:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Astronaut Farmer**
**14.45 Ameríski draumurinn** (6:6)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (13:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Næturvaktin**
**19.50 Ástríður** (8:12)
**20.15 Heimsréttir Rikku** (7:8) Nýr og glæsilegur þáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að taka fyrir í hverjum þætti þjóð sem á sér ríkulega matarhefð. Hún fræðir okkur um uppruna ýmissa rétta og kennir okkur að matreiða þá á einfaldan og aðgengilegan hátt.
**20.50 The Closer** (11:15)
**21.35 The Good Guys** (11:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni. Félagi hans, Dan, er bæði drykkfelldur og slóði en heldur starfi sínu hjá lögreglunni vegna hetjudáðar sem hann framdi mörgum árum áður.
**22.25 Sons of Anarchy** (11:13)
**23.10 Spaugstofan**
**23.40 Harry's Law** (5:12)
**00.25 The Killing** (2:13)
**01.10 Game of Thrones** (7:10)
**02.05 Bonfire of the Vanities**
**04.05 Mirrors**
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.35 Spænsku mörkin**
**18.30 Ísland U21 - England U21 BEINT** Landsleikur Íslands og Englands í undankeppni EM hjá U21 árs landsliðum.
**21.00 EAS þrekmótaröðin**
**21.30 Einvígið á Nesinu**
**22.20 Ísland U21 - England U21**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Bolton - Chelsea**
**18.10 Blackburn - Man. City**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12**
**21.25 Football League Show**
**21.55 Goals of the Season 2000/2001**
**22.50 Sunderland - WBA**
**00.40 Fulham - QPR**

## EXTRA

**19.45 The Doctors** (128:175)
**20.30 In Treatment** (50:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Borgarilmur** (7:8)
**22.25 Cougar Town** (12:22)
**22.50 Grey's Anatomy** (1:22)
**23.40 True Blood** (11:12)
**00.30 Satisfaction** (4:10)
**01.40 Ástríður** (8:12)
**02.05 Týnda kynslóðin** (7:40)
**02.35 In Treatment** (50:78)
**03.00 The Doctors** (128:175)
**03.45 Fréttir Stöðvar 2**
**04.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Nýtt útlit** (4:12) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (4:12) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Life Unexpected** (5:13) (e)
**16.40 Friday Night Lights** (7:13) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Real Housewives of Orange County** (14:17)
**19.00 Game Tíví - OPIÐ** (4:14)
**19.30 Being Erica - OPIÐ** (7:12)
**20.10 Rules of Engagement** (23:26)
**20.35 30 Rock** (6:23) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda.
**21.00 Hæ Gosi** (2:8) Sprenghlægilegir en um leið óþægilegir gamanþættir um bræðurna Börk og Víði og fólkið í lífið þeirra. Gleðiganga samkynhneigðra í Færeyjum tók óvænta stefnu í síðasta þætti en nú hefst alvara lífsins þar sem Börkur og Víðir eru bakvið lás og slá.
**21.30 House** (5:23) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Þegar ungabarn með lifrabilun á í erfiðleikum með andardrátt verða House og félagar að grandskoða sjúkrasögu beggja foreldra.
**22.20 Leverage** (15:16)
**23.05 Jimmy Kimmel**
**23.50 CSI: Miami** (1:24) (e)
**00.40 Whose Line is it Anyway?**
**01.05 Smash Cuts** (36:52) (e)
**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Justin Timberlake Open (3:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Justin Timberlake Open (4:4) **15.50** PGA Tour - Highlights (35:45) **16.45** Inside the PGA Tour (40:45) **17.10** Justin Timberlake Open (4:4) **20.00** The Open Championship Official Film 2011 (1:1) **21.00** Frys.com Open (1:4) **00.00** ESPN America

## N4

**18.15** Að norðan

## BBC entertainment

**11.35** Fawlty Towers **12.05** 'Allo 'Allo! **12.30** 'Allo 'Allo! **13.00** The Inspector Lynley Mysteries **13.45** The Inspector Lynley Mysteries **14.35** Keeping Up Appearances **15.05** Keeping Up Appearances **15.35** 'Allo 'Allo! **16.05** 'Allo 'Allo! **16.30** Fawlty Towers **17.00** Fawlty Towers **17.35** The Inspector Lynley Mysteries **18.25** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** How Not to Live Your Life **21.50** Skavlan **22.40** The Graham Norton Show **23.25** Top Gear **00.20** Live at the Apollo

## DR 1

**12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Den travle by **14.30** Fandango **15.00** Hercule Poirot **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv: Kongerigets Kager **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Gintberg på kanten **18.30** Et liv uden stoffer **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Kæft, trit og knus **20.30** Familien Hughes **21.20** Elskerinder **22.10** Lisa goes to Hollywood **04.00** Molly Monster

## NRK 1

**12.00** Nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Valpekullet **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Snakkis **15.25** Verdensarven **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Solgt! **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Sigrid søker selskap **21.00** Kveldsnytt **21.15** Trygdekontoret **21.50** Siffer **22.20** Brennpunkt

## SVT1

**11.55** Radio Nord **13.30** Skattjägarna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Landet Brunsås **15.00** Hübinette **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Niklas Mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** En andra chans **19.30** Hundra procent bonde **20.00** Debatt **20.45** Livet som hund **21.30** På väg till Malung **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Rapport **23.05** Barn till varje pris? **00.00** Flugor

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Kolgeitin

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

LYFJA
– Lifið heil

Klár fyrir veturinn?




+15% afsláttur Hóstamixtúrur og Paratabs

Gildir til 20. október

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 56364 09/11


„Enga verðtryggingu, takk.“
Tinna Björk Baldvinsdóttir, 38 ára.
Nú getur þú tekið óverðtryggt íbúðalán til 25 eða 40 ára með föstum 6,45% vöxtum til fimm ára.
Kynntu þér málið á arionbanki.is.
Hvað skiptir þig máli?
arionbanki.is – 444 7000
Arion banki

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Ég á marga uppáhaldssjónvarpsþætti. Þar á meðal Entourage, sem gefur nokkuð góða mynd af bransanum í LA og er léttur og skemmtilegur. Seinfeld, einstaklega vel skrifaðir þættir sem aldrei brunnu út og svo bæði Breaking Bad og Dexter, mjög frumlegir og grátbroslegir þættir. Get ekki gert upp á milli þeirra.“*

Andrea Brabin, eigandi Eskimó umboðsskrifstofunnar.

# Fordæmir vinnubrögð norsks rithöfundar

„Það er ekki rétt sem hún segir að Björk hafi vitað af bókinni,“ segir Guðmundur Gunnarsson, faðir Bjarkar Guðmundsdóttur og fyrrverandi formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, um bókina Bli Björk eftir norska rithöfundinn Mette Karlsvik.

Karlsvik sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að hún drægi það í efa að Björk hefði ekki vitað af útgáfu bókarinnar. Guðmundur segir að hann hafi hitt Karlsvik nokkrum sinnum og talað við hana. „Hún kom hingað til lands og var að fjalla um afleiðingar hrunsins og baráttuna um náttúruna. Það var undir þeim formerkjum sem við spjölluðum saman. Í restina sagði hún mér að hún væri að byrja að skrifa skáldsögu og að ég væri í einu hlutverki í þeirri sögu,“ segir Guðmundur, en Karlsvik bauð honum að lesa yfir handritið á bókinni áður en hún fór í prentun, sem hann neitaði. „Ég vildi ekki hafa nein afskipti af því og get ekki skipt mér af því hvernig rithöfundar finna karaktera í skáldsögur sínar,“ segir Guðmundur og bætir við að ef hann hefði lesið bókina yfir hefði hann verið orðinn ábyrgur fyrir innihaldinu.




**FORDÆMIR VINNUBRÖGÐIN** Guðmundur Gunnarsson er ósáttur við skáldsögu um dóttur sína.

„Á engu stigi málsins kom fram nafnið Björk. Í einum póstinum frá Karlsvik sagði hún reyndar að það væri gaman að koma til Reykjavíkur því hún væri svo hrifin af Björk.“

Guðmundur sendi Mette Karlsvik bréf í gær þar sem hann segist ekki sáttur við vinnubrögð hennar. „Ég er ekki að fordæma bókina sem slíka en ég fordæmi vinnubrögðin. Ég hef grun um að hún sé að búa til deilu við okkur Björk til að fá auglýsingu fyrir bókina, en því markmiði er þá náð.“

Mette Karlsvik sendi bæði Björk og Guðmundi afsökunarbeiðni í gær þar sem hún biðst velvirðingar á því að hafa haldið því fram að Björk vissi um bókina og að hún hafi ekki verið nógu skýr um verkefnið í samskiptum sínum við Guðmund og James, aðstoðarmann Bjarkar. **- áp**










## HERA HILMARSDÓTTIR: VEKUR ATHYGLI Í LONDON

# Landaði hlutverki í stórmynd með Keiru Knightley

Leikkonan Hera Hilmarsdóttir hefur landað hlutverki í stórmyndinni Önnu Kareninu, sem skartar þeim Jude Law og Keiru Knightley í stærstu hlutverkunum.

Þar að auki leikur Hera stórt hlutverk í sjónvarpsþáttaröðinni World Without End, sem meðal annars verður sýnd í Bretlandi, Kanada, Þýskalandi og Bandaríkjunum, en meðal leikara í henni eru Miranda Richardson, Ben Chaplin og Cynthia Nixon, best þekkt fyrir leik sinn í Sex & the City.

„Ég hef verið mikið í tökum að undanförnu, aðallega í Ungverjalandi þar sem sjónvarpsserían er tekin,“ sagði Hera þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Hera var að ljúka námi í leiklist við hinn virta London Academy of Music and Dramatic Arts, eða LAMDA eins og hann er alla jafna kallaður, en fékk hlutverkið í sjónvarpsþáttunum skömmu fyrir útskrift. Hún flaug þess í stað beint til Ungverjalands og dvaldi þar við tökur. „Ég var á hóteli með öllum leikurunum og lærði alveg heilmikið af því,“ segir Hera hógvær.

En stóra dæmið er án nokkurs vafa hlutverkið í Önnu Kareninu. Myndin er byggð á samnefndri bók Leo Tolstoj og verður mikið búningadrama, en tökur hjá Heru byrja í nóvember. Leikstjóri myndarinnar er Joe Wright, sem hefur gert kvikmyndir á borð við Atonement og Pride & Prejudice en leikstýrði síðast Cate Blanchett og Eric Bana í Hanna. Hera leikur konu að nafni Varya, sem leikkonan segir ekki vera stórt hlutverk, hún fái þó að segja nokkrar línur. Hera hefur tekið virkan þátt í undirbúningnum og leikstjórinn Wright sækir mikið í leikhúsið í vinnu sinni; til að mynda fór allur hópurinn saman í æfingabúðir og þar voru teknir nokkrir leikir, meðal annars nafnaleikir. „Leikstjórinn er þannig að það skiptir engu máli hversu stór stjarnan er, allir eru með.“ Sem þýddi að Jude Law og Keira Knightley voru meðal þátttakenda þótt vissulega hafi flestir þekkt nöfn þeirra. „Menn voru fljótir að gleyma nöfnum hinna í tökuliðinu,“ segir Hera og hlær.





**MEÐAL STÓRLEIKARA**
Hera Hilmarsdóttir hefur verið önnum kafin eftir að námi hennar í LAMDA lauk. Hún fékk stórt hlutverk í sjónvarpsþáttaröðinni World Without End og landaði nýlega hlutverki í stórmyndinni Önnu Kareninu sem byggir á samnefndri bók Leo Tolstoj og skartar Jude Law og Keiru Knightley í aðalhlutverkum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hera, sem verður 23 ára í desember, er komin með umboðsmann og hyggst reyna að hasla sér völl í Bretlandi. Leikkonan er nú nýflutt til Norður-Lundúna og búin að koma sér ágætlega fyrir. Hún segist þó ætla að finna sér einhverja fína íbúð eftir áramót, hún hafi bara ekki haft neinn tíma til þess. „Og svo kem ég heim um jólin.“

**freyrgigja@frettabladid.is**

# Þrjátíu tíma þrautaganga

„Hér eru allir mjög vinalegir. Ólíkt þeim Rússum sem ég hef hitt,“ segir leikarinn Víkingur Kristjánsson í léttum dúr, en hann var staddur í borginni Norilsk í Síberíu þegar Fréttablaðið náði í hann.

Vesturport sýnir Hamskiptin í Norilsk í kvöld. Ferðalagið til borgarinnar gekk ekki þrautalaust fyrir sig og tók um þrjátíu tíma. Á meðal þeirra sem eru í ferðalaginu með Víkingi eru Selma Björnsdóttir, Elva Ósk Ólafsdóttir, Kristján Franklín og hinn sænski Mattias Lech.

Hópurinn flaug fyrst frá Keflavík til Lundúna, þaðan til Moskvu og loks til Norilsk — eða svo héldu þau. „Þar sem flugstjóri og flugþernur flugfélagsins Aeroflot tala svo hrikalega vonda ensku vissum við ekki fyrr en við vorum komin úr vélinni og inn í flughöfnina að við vorum alls ekki í Norilsk,“ segir Víkingur.

Þau voru sem sagt stödd í borginni Surgut, um þúsund kílómetrum frá áfangastað. „Aðra tilraun átti að gera að aðflugi í Norilsk þegar veður lægði,“ segir Víkingur. „Í Surgut biðum við í fjóra tíma. Þá var aftur haldið út í vél og lagt af stað. Við lentum á réttum flugvelli tveimur og hálfum tíma seinna í ekki eins fallegan bæ.“ **- afb**



**LANGT FERÐALAG** Víkingur, Selma og Vesturportshópurinn eru stödd í borginni Norilsk í Síberíu og sýna þar Hamskiptin í kvöld.

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

# Fullt hús af flottum vörum



**Fullt af flottum leggingsbuxum,**
**Verð 1.999,- - 5.990,- stærðir XS-XL"**

**Galatic Flash maskari,**
lengir og þykkir augnhárin
Verð 999,-





**Hettupeysa**
Verð 3.999,-
**Gallabuxur,**
til í nokkrum litum
Verð 3.999,-



**Ponity Kjóll**
Stærðir S/M og M/L Verð 5.990,-
**Þykkar leggings** 3.999,-
**Hælaskór**
Stærðir 36-41 Verð 4.999,-

**Hettupeysa,**
til í nokkrum litum
Stærðir XS-XL Verð 7.990,-

**Hettupeysa,**
til í nokkrum litum
Stærðir XS-XL Verð 7.990,-
**Þykkar leggings**
stærðir XS-XL Verð 3.999
Skór Stærðir 37-41
Verð 9.990,-

**Síð hettupeysa,** til í nokrum litum
Stærðir XS-XL Verð 7.990,-
**Þykkar leggings**
stærðir XS-XL Verð 3.999
**Skór**
stærðir 37-41 Verð 9.990,-

**Síð hettupeysa,**
til í nokrum litum
Stærðir XS-XL
Verð 7.990,-

**Síðerma bolur**
með hettu Stærðir S/M og M/L Verð 5.990,-
**Glansleggings**
Stærðir XS- XL
Verð 3.999

**Peysa**
Verð 4.999
Leggings
Verð 5.990,-



**Vollaré augnskuggi,**
í öllum litum og gerðum
Verð 799,-



**Úlpa "saiko"**
Stærðir XS-XXL
Verð 7.990,-



**Jakkaföt "Business Class"**
stærðir 46-64
Verð 17.990,-

**Síðerma bolur "hound"**
stærðir S-L Verð 4.290,-
**Gallabuxur**
Verð 4.999,- 17.990,-

**Prjónuð golla**
Stærðir 16-26 Verð 7.990,-
**Kjóll**
Stærðir 16-26 Verð 7.990,-

**Golla og bolur saman**
Stærðir 16-26 Verð 6.990,-
**Harem buxur**
Stærðir S/M og M/L Verð 2.999,-




**GULA HÚSIÐ**
**FAXAFENI 8**



**Butterfly augnskuggar,**
í öllum litum og gerðum.
Verð frá 999,-

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

**ÓDÝRT & GOTT**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



NOVA
LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Popp og kók hjá Sigurjóni

Kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson bauð til sérstakrar forsýningar á Hollywood-myndinni Killer Elite í Háskólabíói á þriðjudagskvöld. Það var þétt setinn bekkurinn í Stóra salnum og var myndinni mjög vel tekið. Svo vel að klappað var í lok sýningarinnar. Gestir máttu reyndar alveg vera þakklátir, enda hafði Sigurjón boðið öllum upp á bæði pitsur og popp og kók. Meðal gesta í salnum voru kvikmyndaleikstjórarnir Reynir Lyngdal og Ragnar Bragason, sambýlismennirnir Steinþór Helgi Arnsteinsson og Atli Bollason, rapparinn Poetrix, Benedikt Erlingsson leikari og Einar Már Guðmundsson rithöfundur. Auk þeirra voru mættir til leiks Magnús Gylfason knattspyrnuþjálfari, Jón Gunnar Geirdal markaðsmaður, Ingvar Þórðarson kvikmyndaframleiðandi og **Sigurður Hall** kokkur.



### Tobba Marínós til umræðu í Hæstarétti

**Brynjar Níelsson**, hæstaréttarlögmaður og formaður Lögmannafélagsins, vekur iðulega athygli fyrir framgöngu sína. Í gær varð engin undantekning þar á. Þá vitnaði Brynjar í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti í nýjasta þátt fjölmiðlakonunnar Tobbu Marínós á Skjá einum. Hann gerði þó ekki ráð fyrir því að dómarar hefðu endilega séð þáttinn sem um ræddi. Þættir Tobbu hafa greinilega vakið mikla athygli þrátt fyrir að fáir þættir hafi ratað í loftið hingað til. **- hdm, þeb**



## Mest lesið VÍSIR

1. Snörp hrina í Kötlu
2. Innlendar níðingssíður sýna íslenskar stúlkur
3. Boltadómurinn gæti haft áhrif á Íslandi
4. Finnst svona ekki eiga að líðast
5. Fjölskylda hinnar myrtu í áfalli





